














# FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað

**18. ágúst 2012**
193. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Breyti ekki venjunum

*Gylfi Þór Sigurðsson hefur miklar væntingar til tímabilsins með Tottenham.*

**fótbolti 18**

## Þótti sérviskulegur

*Sigurður P. Sigmundsson er meðal frumkvöðla í langhlaupum hérlendis.*

**hlaup 26**

## Dramatískt haust



*Litadýrðin og munstrin halda áfram í hausttískunni.*

**tíska 34**

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Háskólar | Fólk | Atvinna







**FRELSIÐ PUSSY RIOT!** Á annað hundrað manns komu saman við rússneska sendiráðið í Garðastræti í gær til þess að sýna hljómsveitinni Pussy Riot stuðning. Konurnar þrjár, sem skipa sveitina, hafa verið sakfelldar fyrir guðlast og óspektir í kirkju í Moskvu. Þjóðarleiðtogar víða um heim fordæma dóminn. **Sjá síðu 6** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Margir selja málverkin sín eftir hrunið

**Mikil breyting hefur orðið á listaverkamarkaðnum á Íslandi síðan haustið 2008. Framboð á ódýrari verkum hefur aukist mjög og verð lækkað. Eitthvað er um að fólk fjárfesti í listaverkum, en þó minna en áður.**

**VIÐSKIPTI** Framboð á íslenskum málverkum hefur aukist mjög á síðustu árum. Um leið hafa málverkin hríðfallið í verði og dæmi eru um að verið sé að selja verk á uppboðum fyrir einungis helming af verðmati.

Eitthvað er um að efnafólk fjárfesti í dýrari málverkum, en að sögn Tryggva Friðrikssonar, eins eigenda Gallerís Foldar, er það ekki nægilega mikið og mun minna en fyrir árið 2008. „Fólk er vissulega að selja málverkin sín í mun meiri mæli,“ segir Tryggvi. „En það er alltaf skortur á úrvalsmálverkum. Þau seljast fyrr og verðið á þeim hefur ekki lækkað.“

Með úrvalsmálverkum er til dæmis átt við listaverk eftir „gömlu meistarana“ eins og Kjarval, Ásgrím Jónsson, Svavar Guðnason, Louisu Matthíasdóttur, Gunnlaug Scheving, Guðmundu Andrésdóttur og fleiri. Sum verk eftir þau geta selst á meira en fjórar milljónir króna í dag.

Gallerí Fold hefur staðið fyrir uppboðum á málverkum á netinu í eitt ár og segir Tryggvi það hafa breytt miklu. Á síðasta ári seldi galleríið 1.600 myndir á uppboðum, þar af 600 á netinu. Árið 2010 voru um þúsund myndir seldar, einungis á beinum uppboðum.

„Netið hefur breytt markaðnum alveg rosalega, það er ótrúlegt,“ segir hann. „Maður af gamla skólanum eins og ég hafði enga trú á því að það munaði svakalega miklu að hafa netið.“

Þá hefur dregið mjög úr beinni sölu í galleríum. „Það er bara brot af því sem það var fyrir hrun og mjög hægur bati þar á.“



> Fólk hefur verið að tína allt til og endurmeta hvað það á og skoða hvað það á til að koma því í verð.
>
> **VIKTOR SMÁRI SÆMUNDSSON**
> EIGANDI STÚDÍÓS STAFNS

Viktor Smári Sæmundsson, eigandi listaverkasölunnar Stúdíós Stafns, tekur undir orð Tryggva og segir sölu á dýrari verkum hafa dregist verulega saman eftir hrun, þó hún hafi verið að glæðast undanfarna mánuði. Þá sé framboð á ákveðnum verkum orðið mun meira, sem verði til þess að þau falla í verði.

„Fólk hefur verið að tína allt til og endurmeta hvað það á og skoða hvað það á til að koma því í verð,“ segir Viktor. „En það er oft verið að láta þessi verk fara á hálfvirði miðað við matsverð. Ef menn ætla að eignast gott listaverkasafn verða þeir að hafa auga fyrir því sem heldur sér í verði. Oft þarf næmt auga eða sérfræðing í það.“

Viktor tekur einnig eftir annarri breytingu sem átti sér stað við hrunið er varðar listaverk og sölu.

„Fólk hugsar betur um listaverkin sín og vill halda þeim heilum. Það er mikið meira að gera í viðgerðum á verkum,“ segir hann. „Fólk hugsar betur um hlutina sína og vill að þeir séu í lagi. Ætli það sé ekki eitt af því jákvæða við hrunið.“

**- sv**





Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Júlíu

Póstdreifing

Póstdreifing | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabær | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

100Mb/s internet
fyrir 1.995 kr.
hringdu.is/ljos
Hringdu – Það er ódýrara
LJÓSLEIÐARINN

ENNEMM / SÍA / NM53456



## SPURNING DAGSINS



*Kári Steinn, er ekki líka gott að hlaupa með stein í skónum?*

Nei, nei. Ég er alveg steinhættur því.

Kári Steinn Karlsson maraþonhlaupari gaf í gær tíu hollráð fyrir þá sem ætla að taka þátt í Reykjavíkurmaraþoninu. Eins og mönnum er eflaust kunnugt hljóp hann með stein í skónum í maraþonhlaupinu á Ólympíuleikunum í Lundúnum.

Talsmaður Reykjavíkurborgar um ákall Portusar eftir lægri fasteignagjöldum:

# Ekki hægt að lækka gjöld fyrir Hörpu

**STJÓRNSÝSLA** Reykjavíkurborg getur ekki gefið Hörpu afslátt af fasteignagjöldum eins og Pétur J. Eiríksson, stjórnarformaður Portusar, eignarhaldsfélags Hörpu, kallaði eftir í Fréttablaðinu fyrr í vikunni. Þetta segir aðstoðarmaður borgarstjóra.

Árleg fasteignagjöld Hörpu eru 380 milljónir, en áætlanir rekstrarfélagsins gerðu ráð fyrir að greiða um 180 milljónir árlega.

„Álagning fasteignagjalda er ekki geðþóttaákvörðun,“ segir S. Björn Blöndal, aðstoðarmaður borgarstjóra, í samtali við Fréttablaðið. „Þar gengur eitt yfir alla. Harpa er mjög stórt hús sem borgar fasteignagjöld í samræmi við það.“

Mismunurinn milli áætlana og þess sem svo varð, skýrist af því að miðað var við svokallað rekstrarvirði og vísað í fordæmi Smáralindarinnar.

Björn segir að það vinnulag hafi verið borið undir yfirfasteignamatsnefnd sem skar úr um að slíkt væri ekki heimilt. „Þess vegna er álagningin með þessum hætti. Það má líka taka fram að á öllum stigum málsins bentu fulltrúar borgarinnar á að afar ólíklegt væri að þetta stæðist.“



**HARPA** Styr hefur staðið um rekstur Hörpu, en árleg fasteignagjöld eru rúmlega tvöfalt hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Pétur sagði í vikunni að ef ekki næðust samningar um að létta fasteignagjöldum af Hörpu gætu eigendur hússins, ríki og borg, þurft að taka yfir reksturinn.

Björn sagði engar slíkar viðræður hafa átt sér stað.

„Ég sé ekki að það bæti neitt að ríki og borg taki þetta yfir. Verkefnið er nú að sjá hvort hægt sé að gera breytingar á rekstrinum til að loka þessu gati sem er. Við þurfum að vinna í því núna.“ - þj

Sjálfstæðismenn vilja breyta:

# Elliheimili fái leyfi til vínsölu

**STJÓRNSÝSLA Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í borgarráði Reykjavíkur hafa lagt til að reglum um vínveitingaleyfi verði breytt þannig að á heimilum fyrir aldraða verði leyft að selja áfengi.**

**Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að forstjóri Hrafnistu í Reykjavík vildi fá vínveitingaleyfi fyrir kaffistofuna.**

**Leggja fulltrúar Sjálfstæðisflokksins til að reglum um vínveitingaleyfi í íbúðahverfum verði breytt en aðrar reglur gilda um þau hverfi en til dæmis miðbæinn. Flest dvalarheimilin í Reykjavík eru í íbúðahverfum. Því er lagt til að elliheimili geti sótt um undanþágu frá reglum um vínveitingaleyfi í íbúðahverfum.** - bþh

Hitabylgja vekur grasplöntur:

# Enn mælast háar frjótölur

**HEILBRIGÐISMÁL** Frjótölur í Reykjavík hafa verið háar undanfarna daga vegna hlýinda og þurrka. Hlýindin hafa opnað blóm nokkurra grastegunda sem spretta seint og ná ekki að dreifa frjókornum öll sumur, segir á vef Náttúrufræðistofnunar.

Í ágúst má alltaf reikna með svona toppum syðra en þeir standa venjulega aðeins í fáa daga. Fólk með grasofnæmi finnur fyrir þessu jafnvel þó frjótölur verði sjaldan mjög háar svona síðsumars. - shá

## UMHVERFISMÁL

**Skothylkin ekki skilin eftir**

Olís, Skotvís og Umhverfisstofnun munu á komandi veiðitímabili standa fyrir hvatningarátaki meðal veiðimanna um að taka með sér tóm skothylki af veiðislóð. Veiðimenn eru hvattir til að sýna náttúru Íslands þá virðingu sem hún á skilið.

# „Þið mynduð skilja Gretti betur en ég“

**Svissneskur íslenskunemi er farinn að skilja okkar ylhýra mál eftir þriggja vikna nám. Hann hafði reyndar nokkuð forskot því hann kann fornílsensku. Hann myndi hins vegar hóa í Íslending ef Grettir Ásmundarson kæmi að spjalla.**

**FÓLK** Silvio Zinsstag hefur lært fornílsensku og lesið Íslendingasögurnar á frummálinu. Hann situr nú á skólabekk í Háskólasetri Vestfjarða og lærir nútímaíslensku.

Svarið kom blaðamanni á óvart þegar hann spurði af hverju Svisslendingur tæki sig til og lærði fornílsensku.

„Það var bara mjög hagkvæmt fyrir mig. Já, já,“ bætir hann við þegar hann verður þess var að blaðamaður er orðlaus.

„Ég var að læra fornensku í Englandi og þá kom alltaf einhver tenging við rit sem voru á fornílsensku. Menn voru því sífellt að tala um þau en enginn var fær um að lesa þau svo það er mjög hagkvæmt fyrir mig að getað lesið frumheimildirnar. Til dæmis eru atriði í Bjólfskviðu sem einnig koma fyrir í Grettissögu.“

Þar með hefur talið borist að uppáhalds Íslendingasögu Zinsstag. „Grettir er svo heillandi sögupersóna,“ segir hann. „Grettir er persóna sem menn hrífast af en um leið vekur hann hjá manni ugg. Hann gat verið tilfinninganæmur, hann var til dæmis skáldhneigður en svo á hann sér óslípaðri hliðar eins og alþjóð veit.“

En þá vaknar spurningin, ef Grettir stykki nú fram með málfar síns tíma á munni, hvor myndi skilja hann betur: Íslendingur sem einungis talar nútímaíslensku eða Zinsstag, sem menntað hefur sig í fornílsensku? „Þið ættuð að skilja hann betur. Til dæmis er mikið af íslenskum orðsamböndum, fyrr og nú, sem þið berið meira skynbragð á en einhver sem lært hefur einungis af bókinni.“



**SILVIO ZINSSTAG Á ÍSAFIRÐI** Ásamt því að læra nútíma-íslensku situr hann nú námskeið í Gísla sögu Súrssonar enda ekki annað hægt á meðan á Vestfjarðadvölinni stendur. MYND/BJÖRN INGI GUÐNASON

> Grettir er persóna sem menn hrífast af en um leið vekur hann hjá manni ugg.
>
> SILVIO ZINSSTAG ÍSLENSKUNEMI

Zinsstag hefur einungis lært nútímaíslensku í þrjár vikur en segist þó farinn að skilja Íslendingana að mestu. „Það er að segja ef talað er hægar en sem nemur tólf tungusnúningum á sekúndu,“ segir hann kankvís. „En ég á erfiðara með það að tala. Þar kemur málfræðivitund mín sér illa en meðan ég tala hef ég allar málfræðireglurnar í hausnum svo mér vefst tunga um tönn.“

Zinsstag er einnig tónlistarmaður og þegar hann er spurður að því hvernig hann hyggist nýta sína fornílsensku lætur hann lítið uppi en þó ætti það ekki að koma á óvart ef við heyrum í svissneskum tónlistarmanni í framtíðinni flytja tónverk þar sem okkar ylhýra kemur við sögu. jse@frettabladid.is



**ELDUR Í ÞAKI** Fjölmenni fylgdist með snörum handtökum slökkviliðsmanna í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eldur í þaki íþróttahúss:

# Þak Fellaskóla skemmdist í eldi

**BRUNI Eldur logaði í þaki íþróttahúss Fellaskóla rétt eftir klukkan 19 í gærkvöldi. Eldurinn kom upp í þaki yfir búningsklefa kvenna, sem er í tengibyggingu á milli íþróttahúsa við skólann.**

**Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðinu voru vaktaskipti þegar tilkynning barst um eldinn og því var hægt að senda væna sveit í Breiðholtið. Auðvelt var að ráða niðurlögum eldsins og voru flestir slökkviliðsmenn farnir af svæðinu fyrir klukkan átta.**

**Svo virðist sem upptök eldsins hafi verið utanhúss. Töluverðar skemmdir urðu á þaki hússins. Fellaskóli verður settur á miðvikudaginn í næstu viku.** - bþh

## NÁTTÚRA

**Mýrdalsjökull skalf**

Jarðskjálfti varð við Austmannsbungu í Mýrdalsjökli síðdegis í gær. Hann mældist 3,8 stig. Nokkrir minni skjálftar fylgdu í kjölfarið en skjálftanna varð ekki vart í mannabyggð. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands var skjálftinn mjög grunnur. Þá er jafnvel búist við því að það hlaupi í árnar undan jöklinum og verða þær vaktaðar næstu daga.


## Sjálfstyrkingarnámskeið fyrir einhleypa



Á námskeiðinu er unnið að sátt og öryggi í samskiptum hvort sem stefnt er á leit að heppilegum maka, vinum eða almennt bættum tengslum við sjálfan sig og aðra. Lögð er áhersla á að kenna þátttakendum aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar sem nýta má til aukinnar sáttar við sjálfan sig, auk þess sem farið er vel í samskiptatækni, samskiptamynstur og leiðir til að takast á við erfið samskipti við aðra.

**Námskeiðið hefst 4. september og stendur yfir í tíu vikur, alls 20 klst.**

Stjórnendur námskeiðs eru dr. Gyða Eyjólfsdóttir og Sóley D. Davíðsdóttir sálfræðingar. Nánari upplýsingar um námskeiðið og umsagnir fyrri þátttakenda má finna á www.salarafl.is og www.kms.is en skráning og fyrirspurnir fara fram á salarafl@salarafl.is og kms@kms.is

Sálarafl KMS


Danskur grasafræðingur taldi 116 tegundir túnfífla á Íslandi á stríðsárunum:

# Telja sjaldgæfasta blómið héðan

**NÁTTÚRA** Skoskir grasafræðingar hafa í rannsóknum sínum komist að því að eitt sjaldgæfasta blóm landsins, sem er að finna á eyjunni Hirta við vesturströnd Skotlands, hafi sennilega borist frá Íslandi. Bæði er talið koma til greina að fræ hafi borist með fuglum þó það sé ekki útilokað að komur víkinga til landsins fyrr á öldum geti skýrt tilkomu þess, segir í frétt BBC. Blómið er ekki sjaldgæft hér, enda um túnfífil að ræða.

Túnfífillinn hefur verið skilgreindur sem nýbúi í flóru Skotlands og skýrður Taraxacum pankhurstianum til heiðurs þarlendum fræðimanni.

Túnfíflinum er ekki gefinn sérstakur gaumur meðal fræðimanna hér en Starri Heiðmarsson, fagsviðsstjóri grasafræði hjá Náttúrufræðistofnun, segir að danskur grasafræðingur, Christiansen að nafni, hafi fjallað um túnfífla á Íslandi í grein árið 1942. Christiansen telur 116 tegundir túnfífla vaxa á Íslandi. Ein þeirra tegunda sem Christiansen fann er Taraxacum faeroense en þá tegund telja skosku vísindamennirnir skyldasta blóminu á Hirta, að sögn Starra.

Í riti sínu lýsir Christiansen túnfíflum á Íslandi í smáatriðum; Taraxacum egilstadirense, Taraxacum akranesense, Taraxacum vestmannicum, Taraxacum skutustadirense, svo dæmi séu nefnd og segja nöfnin nokkra sögu um hvar Daninn bar niður við rannsóknir sínar. - shá



**TÚNFÍFILL AF ÓÞEKKTRI TEGUND** Fáir hafa hugmynd um að greindar hafa verið 116 tegundir af túnfífli hér á landi. Þær eru sennilega fleiri.



Kringlan
Opið 10–18
Skóla-
dagar
Nú er skólastemning í Kringlunni.
Skólatöskur, stílabækur, ilmandi strokleður, skólafötin, brenniboltar og allt hitt sem þarf til að læra og leika sér.
Skóladagar
Kr. 2.500.-
Krónur Tvöþúsundogfimmhundruðkrónur
Ef keypt er fyrir 10.000 krónur eða meira
Kaupmenn í Kringlunni
Reykjavík 16.ágúst 20 12
Ávísunin gildir sem 2.500 kr. innborgun í völdum verslunum Kringlunnar frá 16. – 29. ágúst 2012.
Ekki er hægt að nota fleiri en eina ávísun fyrir hver kaup, gildir ekki af tilboðsvörum eða með öðrum tilboðum.
Sjá verslanir á bakhlið >
Mundu eftir ávísuninni!
Verslaðu fyrir 10.000 kr. eða meira og fáðu 2.500 kr. afslátt.*
* Í völdum verslunum Kringlunnar
NIEDERLANDE
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is | facebook.com/kringlan.is

## GENGIÐ 17.08.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 119,24 | 119,80 |
| Sterlingspund | 187,26 | 188,18 |
| Evra | 147,39 | 148,21 |
| Dönsk króna | 19,791 | 19,907 |
| Norsk króna | 20,077 | 20,195 |
| Sænsk króna | 17,761 | 17,865 |
| Japanskt jen | 1,5000 | 1,5088 |
| SDR | 179,90 | 180,98 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 206,8445

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Blóðbað í tengslum við verkfallsaðgerðir námuverkamanna í Suður-Afríku vekur hörð viðbrögð:

# Lögreglan skaut tugi námuverkamanna

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** „Lögregla, hættu að skjóta eiginmenn okkar og syni“ stóð á spjaldi sem eiginkonur námuverkamanna í Suður-Afríku báru í gær.

Þær efndu til mótmæla eftir að tugir námuverkamanna höfðu látið lífið í átökum við lögregluna utan við Lonmin-platínunámuna, sem er skammt frá bænum Marikana.

Átökin hófust á föstudaginn fyrir viku, eftir að námuverkamennirnir fóru í verkfall til að krefjast betri kjara. Um tíu námuverkamenn höfðu fallið í átökum fram á miðvikudag, en þá gripu lögreglumenn til vopna og skutu 34 menn til bana, auk þess sem 78 særðust.

Blóðbaðið gekk fram af landsmönnum og Jacob Zuma forsætisráðherra hraðaði sér heim frá Mósambík, þar sem hann var staddur á ráðstefnu. Hann sagðist hneykslaður á þessu „tilgangslausa ofbeldi“ eins og hann orðaði það.

Námuverkamennirnir í Lonmin hafa búið við kröpp kjör, fengið lág laun og margir búið í hrörlegum kofum. Sum barna þeirra þjást af langvinnum sjúkdómum vegna mengunar frá leku skolpræsakerfi. **- gb**



**NÁMUVERKAMENN Í BARDAGAHUG** Þeir syngja og dansa vopnaðir sveðjum og bareflum utan við Lonmin-námuna rétt hjá bænum Marikana í Suður-Afríku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**RÁÐGÁTA** Lítið er vitað um af hverju ungur maður stökk inn í tígrisdýrabúrið þar sem hann var drepinn. NORDICPHOTOS/AFP

Rannsókn á mannsláti lokið:

## Dauði í tígrisdýrabúri veldur heilabrotum

**DANMÖRK Rannsókn á láti ungs manns í tígrisdýrabúrinu í dýragarðinum í Kaupmannahöfn fyrr í sumar er lokið án þess að málsatvik séu að fullu skýr.**

**Maðurinn, sem var tvítugur, braust inn í dýragarðinn í skjóli nætur í júní og fór rakleiðis að tígrisdýrabúrinu þar sem hann hitti fyrir þrjá tígra. Hann fannst svo morguninn eftir, látinn af völdum bitsárs á hálsi.**

**Við krufningu fundust ummerki um hassneyslu, en ekkert sem gat skýrt hvað manninum hafði gengið til með athæfi sínu.** - þj

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Níræður sviptur ökuleyfi**

Lögreglan á Suðurnesjum stöðvaði bifreið í gær, þar sem grunur lék á ölvunarakstri. Bílnum var ekið yfir á öfugan vegarhelming, þannig að bifreið sem kom úr gagnstæðri átt þurfti að hægja á sér og víkja. Ökumaðurinn, tæplega níræður karlmaður, var ölvaður. Hann var handtekinn og sviptur ökuréttindum.

# Þurfa ekki handaband til að færa vald

**Minni formfesta er um yfirfærslu valds þegar ráðherrar fara utan en í tilfelli forseta Íslands. Einn forsetaúrskurður nægir ótímabundið til sjálfvirkrar yfirfærslu til staðgengils forsætisráðherra. Önnur ráðuneyti hafa frjálsari hendur.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvaða reglur gilda um staðgengla fyrir ráðherra sem staddir eru erlendis?

Nokkur umræða hefur verið í fjölmiðlum um yfirfærslu forsetavalds haldi forseti utan. Það að handhafar forsetavalds fylgi forseta út að brottfararhliði og handsali gjörninginn er töluvert formlegra en þegar ráðherrar fara af landi brott.

Samkvæmt upplýsingum frá forsætisráðuneytinu gilda þó sérstakar og formlegri reglur um forsætisráðherra en aðra ráðherra. Við ríkisstjórnarskipti er gefinn út forsetaúrskurður þar sem tveir staðgenglar eru tilteknir sem taka sjálfkrafa við í fjarveru forsætisráðherra.

Í tilfelli Jóhönnu Sigurðardóttur er um að ræða í fyrsta lagi Steingrím J. Sigfússon og svo Össur Skarphéðinsson.

Ef svo ber við að hvorugur þeirra er á landinu, þarf sérstakan forsetaúrskurð um staðgengil. Tillaga berst forseta sem hann samþykkir og svo er gjörningurinn bókaður í málaskrá forsætisráðuneytisins.

Hvað varðar aðra ráðherra er ferlið óformlegra. Þurfi ráðherra að yfirgefa landið er honum frjálst að velja sér staðgengil. Ráðuneyti þess sem heldur utan sendir forsætisráðuneyti tilkynningu um að ráðherra verði fjarverandi og hver muni leysa hann af hólmi í fjarveru hans.

Skiptin eru svo bókuð á næsta fundi ríkisstjórnar ef svo hittir á.



**RÍKISRÁÐSFUNDUR Á BESSASTÖÐUM** Sú venja að handhafar forsetavalds fylgi forseta á flugvöllinn þegar hann fer utan er mun formlegra ferli en þegar ráðherrar ríkisstjórnarinnar fara af landi brott.

### Skiptar skoðanir um fylgd með forseta

Fyrirkomulag yfirfærslu forsetavaldsins hefur verið í umræðunni undanfarið. Að forminu til felur það í sér að handhafi forsetavalds fylgir forseta á Keflavíkurflugvöll og fer með honum í gegnum öryggisskoðun og að brottfararhliði. Í fréttum RÚV hefur meðal annars komið fram að forsætisráðherra hefur lagt til að fylgd handhafa verði lögð af, en forsetaembættið hafi lagst gegn þeim hugmyndum.

Í yfirlýsingu frá forsetaskrifstofu segir að handaband við brottför forseta sé það form sem tryggi best að enginn vafi liggi á stað og stund við breytingar á forsetavaldi. Ekki sé hægt að haga „þessum grundvallarþætti stjórnskipunarinnar“ á annan hátt nema með breytingu á stjórnarskrá eða að fram komi haldbærar tillögur um aðra tilhögun sem tryggi örugga yfirfærslu.

Þannig er talsvert minni formfesta tengd yfirfærslu ráðherravalds en forsetavalds. Ráðherrar þurfa til að mynda ekki að hittast og þaðan af síður að handsala yfirfærsluna. Raunar er handabandið við yfirfærslu forsetavalds frekar táknrænt en nauðsynlegt og valdið færist í raun sjálfkrafa þegar forseti yfirgefur landið.

Samkvæmt upplýsingum frá forsætisráðuneytinu hefur sú staða komið upp að forseti yfirgefi landið í embættiserindagjörðum, án fylgdar og án þess að staðfesta yfirfærslu með handabandi við annan handhafa forsetavaldsins, til dæmis ef enginn hinna síðarnefndu á heimangengt.

**thorgils@frettabladid.is**

Áskorun frá öryrkjum:

## Samningur SÞ verði lögfestur

**FÉLAGSMÁL** Stjórn Öryrkjabandalags Íslands skorar á Alþingi að lögfesta samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þetta var samþykkt á aðalstjórnarfundi bandalagsins í fyrradag.

Samningurinn var undirritaður af Íslands hálfu árið 2007. Öryrkjabandalagið telur nauðsynlegt að lögfesta hann einnig eins og gert var við Mannréttindasáttmála Evrópu. „Þannig tryggjum við mannréttindi fyrir alla í raun,“ segir í fréttatilkynningu.

Bandalagið vill lögfesta samninginn nú þegar en hins vegar telur það einnig þörf á því að endurskoða íslenska þýðingu samningsins. Þar er „bæði um að ræða hreinar rangfærslur og misskilning á hugtakinu fötlun“, segir í fréttatilkynningunni. **- bbi**

Gengisvísitalan um 207 stig:

## Krónan hefur styrkst töluvert

**VIÐSKIPTI** Gengi krónunnar hefur styrkst um hátt í ellefu prósent á síðustu fimm mánuðum og hefur ekki verið sterkara síðan í byrjun síðasta árs. Mikil árstíðarsveifla er í gengi krónunnar og því líklegt að hún muni veikjast aftur með haustinu.

Þetta kemur fram í morgunkorni Greiningardeildar Íslandsbanka. Gengisvísitala krónunnar fór hæst í rúm 229 stig undir lok mars en var í gær um 207 stig sem er hátt í ellefu prósenta styrking á tæpum fimm mánuðum.

Mest hefur styrkingin orðið síðustu vikurnar en frá því í byrjun júlí hefur hún styrkst um sjö prósent. **- jms**






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**MARAÞON OG MENNING** Dagurinn verður líklega einn sá allra líflegasti í Reykjavík enda yfir 10.000 manns sem taka þátt í maraþoninu og að því loknu tekur við hin margrómaða menningarnótt. Veðrið mun án efa hjálpa til við að gera daginn góðan.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 32° |
| Basel | 30° |
| Berlín | 28° |
| Billund | 28° |
| Frankfurt | 29° |
| Friedrichshafen | 31° |
| Gautaborg | 25° |
| Kaupmannahöfn | 25° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 29° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 26° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 21° |
| París | 33° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 18° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*


Vodafone óskar þér góðrar skemmtunar á Menningarnótt
Deildu upplifun þinni með #Menningarnótt á Instagram og þú gætir unnið Samsung Galaxy SIII. Allar myndirnar, glæsileg flugeldasýning og Tónaflóð eru í beinni útsendingu á Menningarnæturrásinni nr. 196 í Vodafone Sjónvarpi.
Þín ánægja er okkar markmið
Vodafone er einn af aðalstyrktaraðilum Menningarnætur
HVÍTA HÚSIÐ/SIA

## KJÖRKASSINN



*Ætlar þú að fylgjast með ensku deildinni í knattspyrnu í vetur?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 32,8% |
| NEI | 67,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Skiptir það þig máli hvar þú kaupir matvörur?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Fjármálaráðherra lagði til við ríkisstjórn að ESA yrði stefnt fyrir EFTA-dómstólinn:

# Oddný vill höfða mál gegn ESA

**STJÓRNSÝSLA** Oddný G. Harðardóttir, fjármálaráðherra, vill höfða mál gegn eftirlitsstofnun EFTA (ESA) vegna sölu á byggingum í Keflavík til Verne Global, sem rekur þar gagnaver. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöld.

ESA komst að þeirri niðurstöðu í síðasta mánuði að Verne hefði hlotið ríkisaðstoð í gegnum kaupin á byggingum á gamla varnarsvæðinu á Miðnesheiði árið 2008. Sagði stofnunin söluvirði bygginganna hafa verið lægra en það sem ESA taldi hafa verið markaðsvirði þeirra.



ODDNÝ G. HARÐARDÓTTIR

Á ríkisstjórnarfundinum í gærmorgun kynnti Oddný tillögu um að Ísland höfðaði mál gegn ESA fyrir EFTA-dómstólnum.

Úrskurður ESA í júlí var á þann veg að 220 milljóna króna mismun þyrfti ríkið að endurheimta frá Verne. Auk þess þyrfti ríkið að fá því sem næmi fasteigna- og gatnagerðargjöldum sem Reykjanesbær hefur veitt Verne undanþágu frá.

Fjármálaráðuneytið sendi frá sér tilkynningu í júlí. Þar segir að við meðferð málsins hjá ESA hafi íslensk stjórnvöld gert hreint fyrir sínum dyrum og sýnt fram á hvernig staðið var að sölunni. Það var gert í gegnum opið söluferli. Byggingar voru seldar hæstbjóðanda sem var Verne Global.

Fréttastofa Stöðvar 2 segir aðra ráðherra ekki hafa gert athugasemd við tillöguna. Því er líklegt að málið verði útkljáð fyrir EFTA-dómstólnum. **- bþh**

Háskólinn í Reykjavík:

# Aldrei fleiri nýnemar við HR

**MENNTUN Í haust hefja um þrettán hundruð nýnemar nám við Háskólann í Reykjavík. Ari Kristinn Jónsson, rektor skólans, setti skólann á fimmtudag en hópurinn sem hefur nám við skólann í haust er sá stærsti frá stofnun skólans árið 1998.**

**Mest fjölgar nýnemum í tölvunarfræðideild og í tækni- og verkfræðideild. Það helst hugsanlega í hendur við að atvinnulífið hefur kallað eftir tæknimenntuðu fólki.** **- bþh**

# Tveggja ára fangelsi fyrir gjörning í kirkju í Moskvu

**Þrjár konur úr rússnesku pönksveitinni Pussy Riot voru dæmdar í tveggja ára fangelsi. Þær hlógu við dómsuppkvaðninguna. Fjöldi fólks var handtekinn fyrir utan dómsalinn. Mótmæli víða í borgum Evrópu.**

**RÚSSLAND** Marina Syrova, dómari í Moskvu, var þrjár klukkustundir að lesa upp dómsúrskurð yfir þremur konum úr pönkhljómsveitinni Pussy Riot.

Þær höfðu efnt til uppákomu í helstu kirkju rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar í Moskvu í febrúar síðastliðnum, þar sem þær fluttu svokallaða pönkbæn með ákalli til Maríu meyjar um að koma Vladimír Pútín frá.

Pútín var þá forsætisráðherra, en var tveimur vikum síðar kosinn forseti Rússlands á ný.

Niðurstaða dómarans var sú að konurnar þrjár hafi gerst sekar um óspektir á almannafæri og ættu fyrir vikið að dúsa tvö ár í fangelsi. Fimm mánaða gæsluvarðhaldsvist telst þó hluti afplánunarinnar.

„Konurnar létu stjórnast af trúaróvild og hatri,“ segir í úrskurði dómstólsins. Þær hafi með þessu sýnt trúuðu fólki lítilsvirðingu og þar að auki ætlað sér að „koma virðingarleysi sínu á framfæri, ekki aðeins við prestana og gesti í kirkjunni, heldur við aðra borgara sem ekki voru viðstaddir í kirkjunni.“

Hundruð mótmælenda söfnuðust saman fyrir utan dómsalinn og voru tugir þeirra handteknir, þar á meðal Garrí Kasparov skákmeistari og fleiri leiðtogar rússneskra stjórnarandstöðuhópa.

Víða um heim var efnt til mótmæla við rússnesk sendiráð meðan á réttarhöldunum stóð, þar á meðal hér í Reykjavík.

Meðal þeirra sem tóku þátt í mótmælum við rússneska sendiráðið í Berlín var Marianne Birthler, kona sem bjó í Austur-Þýskalandi og tók þar þátt í andófshreyfingu gegn stjórnvöldum: „Ég man þá tíma þegar við vorum í stjórnarandstöðu,“ segir hún. „Þau boð sem bárust frá útlöndum voru okkur mjög mikilvæg. Við vissum að það sem við vorum að gera naut viðurkenningar og að það var til fólk sem var tilbúið til að styðja okkur og fylgjast með því hvað yrði um okkur. Þetta er ástæðan fyrir því að við erum hér núna.“

Í Barcelona á Spáni komu tugir mótmælenda saman í litskrúðugum fötum, sungu og dönsuðu við lög Pussy Riot fyrir utan kirkjuna Sagrada Familia.

Og í Úkraínu notuðu fjórar konur keðjusög til að saga niður stóran trékross á aðaltorgi höfuðborgarinnar Kiev: „Krossinn er tákn kúgandi trúarfordóma sem ýta undir einræði. Nú vilja þeir sem tilbiðja krossinn stinga saklausum í fangelsi,“ sögðu þær.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**PUSSY RIOT Í RÉTTARSAL** Þær Yekaterina Samutsevich, Maria Alekhina og Nadezhda Tolokonnikova í glerbúri í réttarsalnum í Moskvu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

## Gleðigöngur bannaðar í heila öld



Á síðasta ári sóttu samkynhneigðir um leyfi til Moskvuborgar um að fá að halda gleðigöngur árlega næstu hundrað árin. Borgaryfirvöld vísuðu umsókninni frá sér og gáfu jafnframt út bann við göngum samkynhneigðra, sem á að gilda í heila öld. Í júní síðastliðnum staðfesti héraðsdómur í Moskvu þetta bann, og í gær staðfesti hæstiréttur borgarinnar svo bannið. Nikolaí Alexejev, þekktasti baráttumaður Rússlands fyrir réttindum samkynhneigðra, ætlar nú með málið til Mannréttindadómstólsins í Strassborg. Mannréttindadómstóllinn dæmdi rússnesk stjórnvöld árið 2010 til að greiða sektir fyrir að banna göngur samkynhneigðra árin 2006 til 2008.



**VARHUGAVERT** Þörungar eitra skelfisk hluta úr ári. MYND/KARL

Tínsla er varhugaverð:

# Kræklingur úr Hvalfirði getur valdið eitrun

**MATVÆLI** Matvælastofnun varar við neyslu á kræklingi sem safnað er í Hvalfirði. Sýni af sjó sem voru tekin í Hvalfirði í lok síðustu viku, til greiningar á eitruðum þörungum, leiddu í ljós að dynophysis-þörungar sem geta valdið eitrun voru yfir viðmiðunarmörkum.

Á heimasíðum Matvælastofnunar og Hafrannsóknastofnunar má sjá upplýsingar frá niðurstöðum vöktunar á eitruðum þörungum á nokkrum stöðum við landið. Neytendum, sem ætla að tína krækling, er bent á kynna sér niðurstöðurnar áður en lagt er af stað í slíka ferð. **- shá**

## MENNTAMÁL

### Allir fá vonandi skólavist

Allir undir átján ára hafa fengið skólavist í menntaskólum landsins og býst menntamálaráðherra við því að allir eldri nemendur fái einnig inni í skóla. Framhaldsskólar hafa því uppfyllt lögbunda skyldu sína um að veita öllum undir átján ára aldri skólavist.






Fjórir mótmælendur segjast hafa verið kærðir til lögreglu vegna mótmæla í júlí:

# Mótmæli við sendiráð Rússa

**LÖGREGLUMÁL** Um 150 manns tóku þátt í mótmælum við rússneska sendiráðið í Garðastræti í gær vegna réttarhaldanna yfir rússnesku pönksveitinni Pussy Riot. Um hádegisbil voru meðlimir Pussy Riot dæmdir í tveggja ára fangelsi fyrir helgispjöll í rússnesku rétttrúnaðarkirkjunni í Moskvu.

Fjórir mótmælendur við sendiráðið sögðust í gær hafa verið kærðir til lögreglu vegna sambærilegra mótmæla við sendiráðið í júlí í sumar þar sem rússneski fáninn var dreginn niður og Pussy Riot-hetta dregin að húni. Sá verknaður kann að varða við 95. grein hegningarlaga sem fjallar meðal annars um refsingu við því að smána erlenda þjóð.

Stefán Eiríksson lögreglustjóri sagði í samtali við Fréttablaðið að mótmælendurnir fjórir hefðu aðeins verið boðaðir til skýrslutöku í næstu viku.

„Við fengum engin skrifleg gögn en það var óeinkennisklæddur lögreglumaður sem sagði okkur það að við hefðum verið kærðar. Í rauninni vitum við ekkert meira,“ segir María Lilja Þrastardóttir sem er ein þeirra sem segist sæta kæru vegna mótmæla. Hún kveðst telja að rússneska sendiráðið standi ekki að baki kærunni heldur íslenska ríkið.

Stefán segir fyrirhugaða skýrslutöku vegna atviksins sem varð í júlí. „Þau voru bara boðuð til skýrslutöku í næstu viku. Það er það eina sem átti sér stað,“ sagði Stefán um samskipti lögreglumannsins og mótmælendanna. Spurður hvort mótmælendunum hefði verið sagt að þeir hefðu verið kærðir segir Stefán: „Nei, ekki eftir því sem ég best veit.“ **- bþh**



**FRELSIÐ PUSSY RIOT** Margir komu saman til að mótmæla mannréttindabrotum í Rússlandi. Lögregla var með mikinn viðbúnað og Garðastrætinu var lokað að hluta. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# ENN EINN MISSKILNINGURINN

## BÍLL MEÐ SHELL V-POWER EYÐIR Í RAUN 6 KR. MINNA EN SAMI BÍLL MEÐ BENSÍNI FRÁ N1. OFAN Á ÞAÐ BÆTIST AFSLÁTTUR MEÐ KORTUM OG LYKLUM.

Niðurstöður mælinga tveggja óskyldra og óháðra aðila á Íslandi staðfesta að **bíll með Shell V-Power eyðir 2,4% minna** en sami bíll með bensíni frá N1. Bíll með hefðbundnu bensíni frá Orkunni eyðir hins vegar jafnmiklu og bíll með bensíni N1.

Bensín hjá **N1**

Venjulegt bensín hjá **Orkunni**

2,4% betri nýting **Shell V-Power**

Mælingarnar voru gerðar á tímabilinu apríl – júní 2012 af **Torfa K. Karlssyni, vistaksturskennara**, annars vegar og **Ólafi Kr. Guðmundssyni, dómara í Formúlu 1**, hins vegar. Þær fóru fram í logni við íslenskar aðstæður, en aldrei í rigningu eða á blautum vegi. Nánar á **skeljungur.is/vpower**.




**Kort og lyklar Orkunnar og Skeljungs gilda jafnt á bensínstöðvum Orkunnar og Shell.**

skeljungur.is

Skeljungur

**FORNLEIFAFRÆÐI:** Keppast við sjóinn um sögu lands

# Sandurinn geymir en sjórinn tekur

**Verbúðir á Gufuskálum, sem líklegast eru frá 15. öld, varpa nokkru ljósi á umfang fiskveiða þess tíma. Lilja Pálsdóttir er nýlega komin úr leiðangri þaðan og krossleggur nú fingur og vonar að sjórinn verði ekki búinn að taka mikið til sín þegar hún kemur þar með lið sitt næsta sumar. Sandur lá víða yfir minjunum sem gerir það að verkum að þær hafa varðveist furðuvel þar sem Ægir nær ekki til.**

Lilja segir að ef ekki hefði verið spyrnt við fótum myndi sjórinn taka verbúðina á Gufuskálum á Snæfellsnesi á innan við fjórum árum. Verið er að rannsaka eina nú en fleiri eru á svæðinu. „Ég vona bara að hann verði ekki búinn að hrifsa mikið til sín þegar við förum þangað aftur á næsta ári,“ segir hún. „Ég tel að hún sé frá 15. öld og ég byggi það á aldursgreiningu úr sárunum þar sem sjórinn er að brjóta úr tóftinni. En ég get ekki fullyrt það fyrr en ég fæ aldursgreiningar innan úr henni sjálfri. Þær munu liggja fyrir í vetur.“



LILJA PÁLSDÓTTIR

Þó sjórinn sæki á minjarnar þá leggja náttúruöflin líka til óvæntan liðsauka við varðveisluna. „Það sem er mjög sérstakt þarna er að veggirnir hafa varðveist vel og standa háir,“ segir hún. „Það er náttúrulega mikið sandfok þarna og hefur verið í gegnum aldirnar þannig að af öllum líkindum hefur verbúðin fyllst af sandi mjög fljótlega eftir að hætt var að nota hana og sandurinn hefur haldið vel við hana.“

En svo nýtist líka hin nýjasta tækni vel en notaður hefur verið flugdreki sem festa má myndavél við sem síðan smellir af með stuttu millibili. Þannig hefur rannsóknarmönnum tekist að fá loftmyndir af verbúðinni sem sýna herbergjaskipan afar vel og eins það hvernig sjórinn brýtur landið.

Fjallað var um þessa rannsókn í síðasta hefti Archaeology Magazine og þar kemur fram að líklegast hafi verið á svæðinu 154 grjótbyrgi sem talin eru hafa verið nýtt sem birgðageymslur. Það er til merkis um hve umfangsmikil verstöð var þar á sínum tíma.

jse@frettabladid.is



**LOFTMYND ÚR FLUGDREKANUM** Flugdrekinn og myndavélin gera rannsóknarmönnum kleift að fá þessa heildarsýn yfir verbúðina. MYND/SIGURÐUR UNNAR EINVARÐSSON



**GRJÓTBYRGI** Hugsanlegt er að þessi grjótbyrgi hafi verið birgðageymslurnar á athafnasvæðinu. MYND/FORNLIEFASTOFNUN ÍSLANDS



**FÓLK VIÐ VINNU Í VERBÚÐINNI** Fornleifafræðingar vinna í kappi við Ægi að grafa upp verbúðir á Gufuskálum. Sú sem verið er að rannsaka nú er líklegast frá fyrri hluta 15. aldar. Um miðja þá öld hófst mikið kuldaskeið sem gerði landbúnað örðugan og fiskinn því þýðingarmeiri. MYND/FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS



**VERBÚÐIN VIÐ VÖRINA** Verbúðin hefur líklegast fyllst af sandi fljótlega eftir að hún lagðist af. Það gerir það að verkum að hún hefur varðveist afar vel. MYND/FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

www.volkswagen.is




Volkswagen Tiguan

**Frelsi til að ferðast**

Volkswagen Tiguan sportjeppi eyðir aðeins 5,8 l á hverja 100 km.

Das Auto.

Opið í dag frá kl. 12-16

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA


skólaritföng
skólaföt
skólatöskur
...og auðvitað nestið í skólann
Allt í skólann
í einni ferð
Bolur st. XXXS-S
1.999
Bolur st. 7/8-15/16
2.999
Hettupeysa st. 122-176
TILBOÐ 2.999
fullt verð 4.999
Bolur st. 128-176
1.999
Úrval af sundtöskum
Southwest Bound Taska
3.899
JEVA
Skólatöskurnar
ÓDÝRASTAR Í HAGKAUP
samkvæmt DV 15. ágúst
Strokleður
8
Yddari
99
Ritfangasett
99
Mappa
99
Pennaveski í úrvali
24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Eiðistorg & Akureyri
Gildir til 20. ágúst.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Olíufélögin vilja græða mikið af peningum:

## Óvirðing

Hermann Guðmundsson, fyrrverandi forstjóri olíurisans N1, kastaði blautri tusku framan í íslenska neytendur í viðtali við Viðskiptablaðið síðastliðinn fimmtudag. Þar er haft eftir Hermanni að eldsneytisverð verði alltaf eins hátt og markaðurinn leyfi vegna þess að „menn vilja hafa þessa arðsemi“ í geiranum. Hann bætti við að „jafnvel þótt stjórnendur N1 hafi gert sér grein fyrir því að félagið hefði burði til þess að lækka verðið þá bar okkur líka skylda til þess að virða ákveðið ástand sem var á markaðnum, þ.e. að félögin voru misvel sett“. Hermann rökstyður líka skort á eðlilegri samkeppni með því að markaðsráðandi staða stóru olíufélaganna geri það að verkum að þau megi helst ekki keppa! „Það þarf að ganga varlega um þennan garð og af einhverri virðingu,“ segir Hermann.

SKOÐUN

Þórður Snær Júlíusson

thordur@frettabladid.is



En virðing fyrir of mikilli skuldsetningu samkeppnisaðila og vilji til að „hafa þessa arðsemi“ eru ekki boðleg rök fyrir því að hlunnfara neytendur. Hermann sendi reyndar frá sér yfirlýsingu stuttu eftir að viðtalið birtist þar sem hann sagðist hafa verið að skírskota til tímans eftir hrun, þegar enn átti eftir að þurrka út skuldahala olíufélaga með töfrasprota fjárhagslegrar endurskipulagningar til að gera þau rekstrarhæf. Engu máli skiptir hins vegar hvaða tímabil hann á við. Viðmótið og viljinn er engu að síður jafn ógeðfellt.

Það er heldur ekki eins og olíufélögin séu á flæðiskeri stödd. Í maí síðastliðnum greindi Fréttablaðið frá því að fjórir stærstu eldsneytissalar landsins hefðu selt vörur fyrir samtals 18,3 milljörðum króna meira á árinu 2011 en þeir gerðu árið á undan. Heildarvelta N1, Olís, Skeljungs og Atlantsolíu í fyrra var 125,6 milljarðar króna. Tvö félaganna hafa birt uppgjör fyrir árið 2011. N1 hagnaðist um 4,5 milljarða króna og Skeljungur um 629 milljónir króna.

Íslendingar þekkja olíusamráð vel, enda gerðust þrjú stærstu olíufélög landsins sek um víðtæk brot á því sviði á árunum 1993 til ársins 2001. Vegna þessa hafa þau greitt skaðabætur til fjölmargra aðila. 1,5 milljarða króna sekt, sem samkeppnisyfirvöld lögðu á þau, var reyndar felld niður í mars síðastliðnum vegna þess að annmarkar höfðu verið á meðferð málsins á stjórnsýslustigi. Sakamál sem höfðað var gegn forstjórum félaganna þriggja fékk auk þess ekki efnislega meðferð vegna þess að fyrirkomulag í lögum um meðferð svona mála var ekki nógu skýrt. Þeir voru því ekki dæmdir fyrir hlutdeild sína í brotum sem fyrirtækin sem þeir stýrðu frömdu, eins og Hæstiréttur hefur margstaðfest með dómum. Ekki er hins vegar efast um að brotið var gegn neytendum, fyrirtækjum og opinberum stofnunum sem voru í viðskiptum við olíufélögin.

Lögmaður Samkeppniseftirlitsins sagði enda fyrir dómi í mars síðastliðnum að „um er að ræða langvíðamesta og alvarlegasta brot gegn samkeppnislöggjöfinni sem hefur verið upplýst hér á landi“.

Og nú, miðað við orð Hermanns, virðist lítið hafa breyst. Í landi eins og Íslandi, sem er dreifbýlt og án boðlegra almenningssamgangna, neyðast neytendur hins vegar til að versla við þessi félög. Og sætta sig við að eldsneytiskaup verða sífellt stærra hlutfall af heildarútgjöldum heimila. Á sama tíma og menn í bransanum „vilja þessa arðsemi“ og umgangast hver annan „af einhverri virðingu“. Sú virðing nær ekki til neytenda.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

:fá+ HEILBRIGÐISSKÓLINN
FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

**Getum bætt við nemendum á lyfjatæknabraut og heilbrigðisritarabraut**

Nokkur pláss eru enn laus á heilbrigðisritara- og lyfjatæknabraut Fjölbrautaskólans við Ármúla.

**Nánari upplýsingar veita:**

Bryndís Þóra Þórsdóttir kennslustjóri lyfjatæknabrautar, netfang: binna@fa.is og
Kristrún Sigurðardóttir kennslustjóri heilbrigðisritarabrautar, netfang: run@fa.is




AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Hægara kýlt en pælt



ÞORSTEINN PÁLSSON

Hægara pælt en kýlt er skáldsaga eftir Magneu J. Matthíasdóttur. Nú, meir en þrjátíu árum eftir útkomu bókarinnar, er einfaldasta ráðið til að lýsa heimi íslenskra stjórnmála að snúa heiti hennar við. Engu er nefnilega líkara en þar sé hægara kýlt en pælt.

Fyrir nokkrum vikum samþykktu ráðherrar VG, þar sem þeir sátu við ríkisstjórnarborðið í Stjórnarráðshúsinu, samningsmarkmið Íslands í peningamálum fyrir viðræðurnar við Evrópusambandið. Þar er því lýst yfir að Ísland stefni að upptöku evru svo fljótt sem aðstæður leyfa. Þessari skýru stefnuyfirlýsingu er beint til tuttugu og sjö aðildarríkja sambandsins. Um hana var fyrirvaralaus eining í ríkisstjórn.

Eftir þingræðisreglunni bera allir þingmenn stjórnarflokkanna pólitíska ábyrgð á þessari ákvörðun.

Um síðustu helgi stóðu ráðherrar VG utan veggja Stjórnarráðsins og lýstu því yfir að rétt væri að endurmeta umsókn Íslands vegna óróa í peningamálum á evrusvæðinu. Um leið ítrekuðu þeir andstöðu sína við aðild og upptöku evru. Þetta lýsti grundvallarágreiningi stjórnarflokkanna í sama máli.

Annað hvort eru ráðherrar VG að segja ósatt sitjandi innan veggja Stjórnarráðsins eða standandi utan þeirra. Útilokað er að færa gild rök að því að þeir segi satt í báðum tilvikum. Verkurinn er hins vegar sá að enginn veit hvor afstaðan er sönn. Þessi óvissa um sannsögli er annars vegar trúnaðarvandi sem VG á við kjósendur sína. Hins vegar er hún trúnaðarvandi Íslands gagnvart ríkjum Evrópusambandsins og kemur öllum við.

## Hægara pælt en kýlt

Forsætisráðherra brást við þessu síðasta útspili ráðherra VG á þann veg að um þetta þyrfti ekki að tala því að þeir væru bundnir við það sem skrifað stendur í sáttmála flokkanna. Þetta er í sjálfu sér rökrétt svar en þýðir samt að forsætisráðherra þykir hægara að kýla andófið út af borðinu en að pæla í stöðu málsins með samstarfsflokknum og þjóðinni.

Morgunblaðið er í pólitískri forystu gegn aðildinni. Því þótti hægara að nota þessa óeiningu sem átyllu fyrir þeim boðskap að kýla ætti umsóknina út af borðinu fremur en að pæla í dýpri rökum sem lúta að framtíðarhagsmunum landsins. Því má segja að alvöru hugmyndafræðilega leiðsögn skorti bæði með og á móti aðild.

Vegna sérstakra aðstæðna var á sínum tíma breið samstaða um að kýla á ákvörðun um aðild að Atlantshafsbandalaginu. Röksemdafærslan gagnvart þjóðinni kom að mestu eftir á. Ákvörðunin var eigi að síður reist á traustri hugmyndafræði sem enn heldur gildi sínu og er raunar helsta ástæðan fyrir nánara Evrópusamstarfi.

Þegar kom að inngöngu Íslands í Fríverslunarsamtökin höfðu pælingar átt sér stað í langan tíma og rökræða við þjóðina. Sama var uppi á teningnum þegar ákvörðun var tekin um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu. Evrópusambandsumsóknin verður heldur ekki kýld ofan í þjóðina. Allan samningstímann þarf að pæla í hugmyndafræðinni með fólkinu í landinu, rökræða þróun mála í Evrópu og setja í samhengi við íslenska hagsmuni og skýra innbyrðis ágreining þeirra sem mynda ríkisstjórnina því hann hefur áhrif bæði inn á við og út á við. Þetta er hlutverk forsætisráðherra.

## Hvers kyns pælingar?

Í þessu samhengi er einnig athyglisvert að forsætisráðherra hefur heldur ekki gert nokkra tilraun til að ná samstöðu um þá breytingu á stjórnarskrá sem nauðsynleg er svo að ljúka megi samningum. Það vantar enn þær stjórnskipulegu leikreglur sem fara á eftir við afgreiðslu málsins. Þar eru ýmis álitamál uppi. Engin efnisleg umræða hefur farið fram um þau.

Eigi að vinna aðildarmálinu fylgi er nauðsynlegt að byggja brýr yfir til atvinnulífsins. Forsætisráðherra hefur hins vegar lagt megináherslu á að kýla höfuðatvinnugrein þjóðarinnar og virðist hafa tapað þeirri öflugu samstöðu sem var með verkalýðshreyfingunni um málið. Í aðdraganda síðustu kosninga kýldi forsætisráðherra Framsóknarflokkinn frá sér sem þó varði stjórnina á þeim tíma og studdi aðild.

Allir vita að tvíhliða fríverslunarsamningur við Kína er ósamrýmanlegur Evrópusambandsaðild. Þegar forsætisráðherra Kína kom í opinbera heimsókn nýlega lagði forsætisráðherra ofurkapp á að slíkur samningur yrði undirritaður áður en botn fæst í Evrópuviðræðurnar. Hvaða skilaboð voru send með því?

Hvers konar pælingar liggja að baki þeirri afstöðu sem þessi dæmi sýna? Trúir forsætisráðherra að ekki þurfi að samhæfa aðgerðir ríkisstjórnarinnar á öllum sviðum til að vinna svo stóru máli fylgi, sem aðild að Evrópusambandinu er, og ljúka því? Hefur hann aldrei hugleitt hvað þarf til að fá þjóðina með?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Menningarnótt í Landsbankanum

**Landsbankinn hefur verið** máttarstólpi Menningarnætur frá upphafi.
Í ár verður fjölbreytnin í fyrirrúmi í Landsbankanum í Austurstræti 11.
Við bjóðum til menningarveislu – verið velkomin.

## Dagskrá

**12.00 Listaverkaganga** með Aðalsteini Ingólfssyni listfræðingi.

» **12.00** Fyrsta ganga
» **13.00** Önnur ganga
» **14.00** Þriðja ganga

**15.00 Gunni og Felix ásamt Sprota**
Gunni og Felix skemmta börnum á öllum aldri og fá Sprota í heimsókn.

**15.30 Nótan**
Þrjú glæsileg atriði af Nótunni, uppskeruhátíð tónlistarskólanna, sem haldin var í Hörpu í vor.

» **Tónlistarskóli Seltjarnarness**
Klarinettutríó flytur jiddísk þjóðlög.
» **Tónlistarskólinn í Reykjavík**
Strengjakvartett eftir Mendelssohn.
» **Suzukiskólinn í Reykjavík**
Sóley Smáradóttir á fiðlu.

**16.30 Sóli Hólm**
Skemmtikrafturinn og eftirherman Sólmundur Hólm verður með uppistand og tekur lagið eins og honum er einum lagið.

**17.00 Valdimar**
Tónlistarmaðurinn Valdimar flytur sín þekktustu lög við undirleik Björgvins Ívars Baldurssonar gítarleikara.

**Felix Bergsson** kynnir dagskrá. **Stefán Már Magnússon** gítarleikari leikur á milli atriða.



**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

AF NETINU

## Að lifa lífinu til fulls …



Ég verð að viðurkenna að áður en ég varð þingmaður velti ég ekki mikið fyrir mér þeim aðstæðum sem við sem samfélag bjóðum mörgu fötluðu fólki upp á og hafði litla innsýn inn í veruleika margra sem þurfa aðstoð við athafnir daglegs lífs vegna fötlunar. Hann var fjarri mínum reynsluheimi. Ég er með tvo fætur sem hafa meira að segja tvisvar náð að hlaupa 21 kílómetra, hendur sem geta gert ýmislegt og haus sem virkar svona nokkurn veginn – yfirleitt. Og oftast tekst mér að gera það sem mig langar til án aðstoðar. En sumir þurfa aðstoð og hana eiga þeir að fá.

Eitt það dýrmætasta við þingmannsdjobbið er að maður fær innsýn í ýmsa hluti sem maður fengi annars ekki og aðstæður fólks sem voru manni áður huldar eða framandi. Og stundum getur maður lagt til breytingar til góðs, jafnvel byltingarkenndar grundvallarbreytingar, eða lagst á plóginn til að framkvæma eitthvað sem skiptir sköpum fyrir fullt af fólki og eykur lífsgæði þess svo um munar.

www.margrettryggva.is

**Margrét Tryggvadóttir**




**Nánari upplýsingar um samkeppnina er að finna á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is**

# Er duna jarðarstríð. Um Ísland í Evrópu

Evrópumál



**Árni Páll Árnason**
alþingismaður

Í síðustu greinum hef ég rakið ávinninginn af þátttöku Íslands í evrópskri efnahagssamvinnu, frá aðild okkar að EES-samningnum, en líka fjallað um hversu vanbúið íslenskt efnahagslíf var til að ganga inn í fullkomlega frjálst viðskiptaumhverfi þegar EES-samningurinn tók gildi. En til að bæta gráu ofan á svart var fjármálakerfi heimsins að taka stakkaskiptum á sama tíma. Reglur um fjármálakerfið voru rýmkaðar um allan heim og tækniframfarir gerðu viðskipti miklu auðveldari og einfaldari. Fullt frelsi til fjármagnsflutninga á hinum evrópska markaði skapaði óteljandi ný tækifæri. Fyrir vikið margfölduðust viðskiptin milli ára, hvort sem talið var í fjölda samninga eða í fjármunum sem skiptu um hendur. Þessi nýja veröld hrundi með fjármálakreppunni 2008. Ísland varð harkalegar úti í fyrstu hrinu þeirra hamfara en flest önnur ríki, en enn sér ekki fyrir endann á því tjóni sem fjármálakreppan mun valda. Stjórnmálamenn um öll lönd játa að þeir hafi ekki skilið til fulls eðli fjármálamarkaða eða gereyðingarmátt þeirra. Eitt er þó ljóst: Okkur mistókst að geyma okkar dýra land og halda því fjarri vígaslóð er þessi jarðarstríð dundu yfir, svo vísað sé til þjóðhátíðarljóðs Huldu eins og í heiti þessarar greinar.

Hið opna hagkerfi Evrópu gerði okkur varnarlaus í aðdraganda fjármálakreppunnar. Ég hef í síðustu grein rakið hversu vanbúin við vorum til að leggja sjálfstætt mat á íslenskar þarfir á alþjóðlegum markaði, enda með enga reynslu af frjálsu markaðshagkerfi. Áherslan meðal aðildarríkja ESB var á opið hagkerfi og hugmyndir um einhvers konar hagvarnir voru almennt litnar hornauga og tengdar einangrunarhyggju og tollmúrum fyrri áratuga. Allar sérlausnir hefðu þurft að byggja á efnislegri og rökstuddri greiningu á séreðli íslenskra markaða og það er augljóst að henni gat aldrei verið fyrir að fara þegar hvorki voru til íslenskir markaðir né greining á hegðun á þeim. Líklega höfðum við því hvorki sjálfstraust eða né efnislegar forsendur til að útbúa hugmyndir um séríslenskar lausnir á þeim tíma.

Almennt má segja að í hinu evrópska fjórfrelsi hafi falist djúpstætt vanmat á þeim hættum sem gætu skapast af samspili frjáls innri markaðar með fjármálaþjónustu yfir landamæri og áframhaldandi tilvist sjálfstæðra gjaldmiðla og þess að stuðningur við banka og eftirlit með þeim og umgjörð innstæðutrygginga væri á ábyrgð hvers ríkis um sig. Í þessum veikleikum lágu orsakir Hrunsins að stóru leyti og sumir þessara veikleika hafa valdið Írum og nú Spánverjum gríðarlegum erfiðleikum. Íslenska hrunið var því ekkert séríslenskt, þótt smæð íslenska hagkerfisins og veikleiki krónunnar hafi valdið því að þessar hættur ollu fyrr tjóni og meira tjóni hér á landi en annars staðar.

Með innri markaðinum urðu gjaldmiðlar vörur – rétt eins og korn eða olía eða hvað annað sem gengur kaupum og sölum á markaði. Skyndilega varð almenningi mögulegt, án vandkvæða, að kaupa gjaldmiðil – ekki til að nota til kaupa á vöru eða þjónustu, heldur til að veðja á verðþróun hans eða njóta vaxtakjara viðkomandi ríkis. Við supum seyðið af þessu á árunum fyrir hrun, þegar vaxtastig hér var hærra en í Evrópu og fjármálafyrirtæki um alla Evrópu buðu viðskiptavinum að njóta íslenskra vaxtakjara með kaupum á krónueignum. Þessi viðskipti voru jafnvel á færi einstaklinga sem gátu keypt krónur eða eignir í krónum með íslenskum vöxtum í heimabankanum sínum. Afleiðingin varð gríðarlegt innflæði erlends gjaldeyris sem styrkti gengi krónunnar, bjó til innistæðulausan kaupmátt og lækkaði verðbólgutölur. Vandinn var bara að þegar harðnaði á dalnum vildu allir út á sama tíma og gjaldeyrismarkaðurinn hrundi. Þess vegna eru hér gjaldeyrishöft og þess vegna eru hér fastar aflandskrónur.

Við þennan vanda bættist annar alvarlegur ágalli. Vegna smæðar hagkerfisins, sveiflna gjaldmiðilsins og líklega líka rótgróinna efasemda Íslendinga um ágæti erlendrar fjárfestingar var lítið um beina erlenda fjárfestingu hér á landi í kjölfar EES-samningsins, nema í áliðnaði. Þess í stað nýtti íslenskt atvinnulíf hið nýfengna frelsi til öflunar fjármagns til að taka lán. En þá liggur áhættan öll hjá Íslendingum: Ef gengi krónunnar fellur hækka erlendu lánin og vaxa innlendum fyrirtækjum hratt yfir höfuð. Ef harðnar á dalnum hækka vextir. Hrunið sýnir betur en nokkuð annað hversu varhugavert það er að byggja efnahagsuppbyggingu alfarið á lánsfé. Umsvifameiri bein erlend fjárfesting hér á landi hefði aukið á efnahagslegan stöðugleika, greitt frekar fyrir tækniþróun í íslensku atvinnulífi og ekki farið svo glatt úr landi. Hækkun fjármagnskostnaðar vegna gengisbreytinga eða ytri aðstæðna hefði lent á hinum erlendu fjárfestum.

Öll vitum við svo hvernig aðdragandi hrunsins leiddi í ljós miklar veilur á því regluverki sem gilti um fjármálastarfsemi á innri markaðnum. Íslensku bankarnir höfðu engan lánveitanda til þrautavara sem gat séð þeim fyrir alþjóðlega nothæfum gjaldmiðli og því voru engin bjargráð möguleg eftir að fyrsti stóri íslenski bankinn féll. Innstæðutryggingakerfið reyndist of veikburða fyrir banka með starfsemi víða um lönd, jafnvel þótt það hefði verið útbúið í fullu samræmi við hið evrópska regluverk.

Allir þessir áhættuþættir eru enn hluti af innri markaðnum og ekki hafa verið útbúnar leiðir til að takast á við þá nema að litlu leyti. Við erum nú í vari fyrir þeim, vegna gjaldeyrishaftanna, en verðum á ný berskjölduð fyrir þeim þegar höftum verður aflétt. Sú staðreynd kallar á að við metum upp á nýtt hvort og þá hvernig við getum lifað með þessum ágöllum og útbúið annað hvort fjölþjóðlegar eða innlendar hagvarnir sem gera okkur kleift að skapa opið, en varið, hagkerfi. Getum við það með áframhaldandi veru í EES eða færir aðild að ESB okkur ríkari möguleika til að reka hér opið og varið hagkerfi? Um það ræði ég í næstu grein.

# Ekkert heimili í Grikklandi farið í þrot vegna hækkunar lána

Efnahagsmál



**Bolli Héðinsson**
hagfræðingur

Sem svar við efnahagsþrengingum og til að stuðla að þróun hagkerfa sinna hefur fjöldi Evrópulanda leitað eftir aðild að Evrópusambandinu (ESB) sem leið út úr erfiðleikum sínum. Finnar, sem brugðu á það ráð eftir efnahagshrunið 1990, eru þar nærtækt dæmi. Því hlaut það að vera ein þeirra leiða sem kom til álita fyrir Íslendinga eftir efnahagshrunið 2008. Ekkert annað þarf að búa þar að baki, engin landráð eða svik, heldur aðeins það að kanna hvort leið sem aðrar þjóðir hafa farið gæti reynst heppileg fyrir Íslendinga. Ástæður aðildarviðræðna við ESB eru ekki flóknari en þessar.

Þó erfiðleikar séu hjá fjölda ríkja í Evrópu, hvort sem þau nota evru eða sterlingspund, þá er líka allt í stakasta lagi hjá fjölda annarra ríkja sem einfaldlega hafa kunnað fótum sínum forráð. Nægir hér að nefna Holland, Lúxemborg, Finnland, Austurríki auk Þýskalands. Þar verður almenningur ekki var við neina „evrukreppu“, lífið gengur sinn vanagang. Vandkvæði þeirra þjóða sem ratað hafa í vandræði upp á síðkastið er ekki vegna gjaldmiðilsins sem þær nota heldur eingöngu vegna þess að þær hafa ekki haft hagfræði hinnar hagsýnu húsmóður að leiðarljósi og hafa lifað á lánum um efni fram. Það kann ekki góðri lukku að stýra hvorki í rekstri heimila né þjóðfélaga.

Í síðustu kosningum í Grikklandi hvarflaði ekki að Grikkjum að þeir væru betur komnir án evrunnar enda höfnuðu þeir þeirri leið að skipta yfir í annan gjaldmiðil. Þeir hafa áttað sig á að ef þeir hafna evrunni þá gerir það stjórnvöldum eingöngu hægar um vik að skerða kjör almennings, fela lífskjaraskerðinguna með gengisfellingu og fresta því að takast á við hinn raunverulega vanda sem fólginn er í vanhæfum ríkisstjórnum. Ekki eitt einasta heimili og ekki eitt einasta fyrirtæki hefur farið í þrot á Grikklandi, Írlandi, Spáni eða öðrum Evrópulöndum vegna þess að lán til þeirra hafa hækkað. Á Íslandi er hækkun lána helsta ástæða þess að heimili og fyrirtæki hafa farið í þrot og það má eingöngu rekja til íslensku krónunnar. Heimili og fyrirtæki í áðurnefndum löndum eiga í erfiðleikum vegna þess að tekjur þeirra hafa rýrnað en þeir erfiðleikar eiga einnig við hér á landi svo hækkun lána gerir Íslendingum enn erfiðara fyrir en öðrum Evrópuþjóðum.

### Aðlögun að umheiminum

Ísland hefur verið í aðlögun að umheiminum allt frá því það öðlaðist sjálfstæði. Aðlögun að upplýsingakerfum Sameinuðu þjóðanna, Alþjóða gjaldeyrissjóðsins og fjölda alþjóðastofnana. Eitt mesta samræmingarátak („aðlögun“) hófst þegar Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu. Þar fer fram t.d. samræming aðferða sem beitt er við styrkveitingar sem auðveldar upplýsingagjöf og þar með samanburð á alþjóðavísu. Getur slíkt verið nema af hinu góða hvort sem menn í meinbægni sinni vilja kalla það „aðlögun“ eða eitthvað annað?

Innan Sjálfstæðisflokksins eru þær raddir háværari sem andsnúnar eru aðildarviðræðum við ESB heldur en þær sem styðja aðildarviðræðurnar. En hvernig er það með Sjálfstæðisflokkinn, skuldar forysta hans flokksmönnum ekki skýringu á því hvers vegna hann, einn systurflokka sinna í Evrópu, er andsnúinn aðild að ESB? Hvað skyldi það vera sem er svona sérstakt og öðruvísi á Íslandi en hjá öðrum þjóðum? Hvað er það „versta“ sem gæti hent að mati þeirra sem ekki vilja halda áfram aðildarviðræðum við ESB? Að þjóðinni lítist svo vel á aðildarsamning að hún samþykki í allsherjaratkvæðagreiðslu að ganga í ESB?

# Alltaf lágt verð



**BEDROLLER 20 L**
Með loki og á hjólum svo það er auðvelt að rúlla undir rúmið. Silfur, 60 x40 cm. Verð pr. stk 1.390,-

**2 STK. 2.495,-**



**SAMANBRJÓTANLEGUR KASSI 35 L**
35 l, grár. 49 x 35,5 x 23,5 cm.
Verð pr. stk 970,-

**2 STK. 1.795,-**



| KASSI | |
|---|---|
| 20 L 60 x 40 x 14 cm. | 1.195,- |
| 35 L 60 x 40 x 20 cm. | 1.395,- |
| 60 L 60 x 40 x 32 cm. | 1.895,- |
| LOK | |
| 40 x 30 cm. | 599,- |
| 60 x 40 cm. | 845,- |
| FERÐAKASSI | 6.995,- |

**GRÁIR PLAST-KASSAR.**
Margar stærðir og gerðir.
Hægt að stafla.
T.d. 18L 40 x 30 x 22 cm.

**995,- !**



SmartStore

**SMARTSTORE CLASSIC 15**
Plastkassi með loki. 40 x 30 x 19 cm.
Glær eða dökkgrár.
Verð pr. stk. 995,-

**2 STK. 1.795,-**



SmartStore

**SMARTSTORE CLASSIC 31**
Plastkassi með loki. 50 x 39 x 25 cm.
Glær, svartur eða dökkgrár.
Verð pr. stk 1.995,-

**2 STK. 3.545,-**



SmartStore

**SMARTSTORE CLASSIC 50**
Með loki. Gagnsær eða dökkgrár.
50 x 39 x 41 cm.
Verð pr. stk. 3.290,-

**2 STK. 5.995,-**



SmartStore

**SMARTSTORE CLASSIC 35**
Með loki og hjólum. Gagnsær.
72 x 40 x 20 cm.
Verð pr. stk. 3.490,-

**2 STK. 6.295,-**



SmartStore

**SMARTSTORE CLASSIC 70**
Plastkassi með loki og hjólum.
72 x 40 x 39 cm. Glær, svartur eða dökkgrár. Verð pr. stk 3.995,-

**2 STK. 7.745,-**



**GEYMSLUBOX**
Úr gráu plasti. 120 x 52 x 54 cm.
Viðhaldsfrítt.

**6.995,-**

Kids club®



Krakkar, maurinn mætir á svæðið í BAUHAUS á laugardaginn frá kl 12-17.

## Geymsludagar í... BAUHAUS®

Við hjá BAUHAUS bjóðum gríðarlegt úrval af euro-plastkössum í öllum stærðum og gerðum, sem henta vel ef þörf er á endurskipurlagningu í barnaherberginu, geymslunni nú eða t.d. bara undir matvæli í útileguna.... Við erum einnig með margar gerðir af viðhaldsfríum geymslu-boxum sem sem henta vel fyrir garðverkfærin og sessur... hvar annarstaðar en í BAUHAUS getur þú látið koma þér stöðugt á óvart... með alveg hreint mögnuðu vöruúrvali.

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 16. ágúst til og með sunnudagsins 19. ágúst 2012. Gildir á meðan birgðir endast.

# BAUHAUS®

GÆÐI | ÞJÓNUSTA | GJAFVERÐ | VÖRUÚRVAL




Við bjóðum
góða þjónustu

REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDSBANKA

Íslandsbanki,
stoltur stuðningsaðili í 15 ár



Íslandsbanki óskar öllum hlaupurum í Reykjavíkurmaraþoni og Latabæjarhlaupi Íslandsbanka góðs gengis og vonar að þið eigið ánægjulegan og eftirminnilegan dag.

## Dagskrá

**08.40** Maraþon, hálfmaraþon og boðhlaup
**09.35** 10 km hlaup
**11.45** Upphitun fyrir skemmtiskokk
**12.00** Skemmtiskokk 3 km




**13.30** Blá leið fyrir 6-8 ára
**13.40** Gul leið fyrir 5 ára
**13.45** Gul leið fyrir 4 ára
**13.50** Gul leið fyrir 3 ára
**13.55** Gul leið fyrir 2 ára

Þau sem hlaupa með kerrur og vagna eru beðin að fara aftast í hverjum ráshópi.

Klukkan 14.20 hefst skemmtidagskrá á sviði í suðurenda Hljómskálagarðsins.






### Heitum á vini og vandamenn

Það er enn hægt að heita á alla sem hlaupa til góðs á hlaupastyrkur.is

Íslandsbanki

ENNEMM / SIA / NM53362




# Eignavandinn

Stjórnmál



**Friðrik Jónsson**
ráðgjafi hjá Alþjóðabankanum

Skilgreiningar skipta máli og einnig frá hvaða hlið menn horfa á vandamál sem við er að etja. Undanfarin ár hefur verið tíðrætt um skuldavandann, bæði heima á Íslandi og erlendis. Skuldavanda má hins vegar skilgreina líka sem eignavanda. Skuld eins er eign annars, í samræmi við reglur hins tvöfalda bókhalds.

Ef skipt er um sjónarhól og horft er á efnahagsvanda dagsins í dag sem eignavanda gætu áherslur og lausnir breyst að einhverju leyti. Skuldavandi kallar á að finna leiðir til þess að skuldarinn greiði skuldir sínar, eða þá einhver annar fyrir hans hönd ef hann er ekki borgunarmaður sjálfur. Við eignavanda er brugðist við á annan hátt.

### Hugmyndafræði áhættuleysis

Ein af syndum nútíma fjármálakerfis er hugmyndafræði áhættuleysis fjármagnseigenda. Að hægt sé að „hedga“ sig í bak og fyrir þannig að sá sem stundar lánastarfsemi er í raun alltaf stikkfrí – án áhættu – og geti ávaxtað sitt pund sama hvað.

Á Íslandi kristallast þessi hugmyndafræði í verðtryggingunni. Hún leyfði, og beinlínis hvatti til, ábyrgðarlausrar hegðunar fjármálafyrirtækja á fasteignalánamarkaði og ýtti undir mestu fasteignabólu Íslandssögunnar. Í kjölfar hrunsins er mottóið fyrst og fremst það að þær skuldir skuli innheimtast. Skiptir þá engu máli hvort ábyrgðarlaust var lánað, að verðtryggingarhlutinn hefur vaxið fram úr hófi vegna þess að ábyrgðarleysi lánveitendanna sprengdi upp verðbólguna, að vextir umfram verðbólgu voru alltaf fullrausnarlegir og allt uppleggið var byggt á sandi.

Nei, skuldarinn skal borga. Með margföldum margföldurum vaxta, vaxtavaxta og verðtryggingar. Dugi það ekki til skal húsið tekið. Dugi það ekki til, skal allt annað tekið. Dugi það ekki til, er kallað eftir ríkisstyrk. Kapítalismi og frjálst markaðshagkerfi á ekki að virka svona.

### Bjargvættirnir afskriftir, verðbólga og skattar

Eignavandi eins og við er að glíma í dag – fyrst og fremst tengdur peningalegum eignum – hefur við eðlilegt markaðsástand þrjár leiðir til lausnar: í gegnum afskriftir, með aukinni verðbólgu og/eða í gegnum skattkerfið.

Afskriftir geta farið fram með ýmsum hætti, allt frá samningum milli aðila að gjaldþroti skuldara. Millilausnir með aðkomu stjórnvalda eins og 110% leiðin er tilbrigði við samningaleið. Ef bókfærð peningaleg eign í formi lána eða skuldabréfa stenst ekki, þá er eðlilegt að afskrifa. Það verða fyrirtækin, heimilin og einstaklingarnir að gera í sínu bókhaldi, og sama á við um fjármálafyrirtækin. Ennþá er hins vegar haldið á bókunum „eignum“ sem engan veginn standa undir sér.

Við aukna peningaprentun, hvort heldur sem á vegum hins opinbera eða prívatsins, er við því að búast að sá hluti hennar sem ekki byggir á undirliggjandi verðmæta- eða virðisauka hagkerfisins valdi verðbólgu. Verðbólga er í reynd ekkert annað en eðlileg afleiðing efnahagslegrar framúrkeyrslu án innstæðu. Hin séríslenska skilyrðislausa verðtrygging – trygging án nokkurs fyrirvara – hefur ýtt undir, og ýtir enn, undir hömluleysi umfram efni í lánveitingum. Sérstaklega var þetta áberandi í innrás bankanna á húsnæðislánamarkaðinn fyrir hrun. Markaðsmódel þeirrar innrásar beinlínis byggði á samspili verðtryggingar og fasteignaverðs – aukin lán leiddu til hærra verðs sem hækkaði höfuðstól veittra lána.

Í kjölfar hrunsins er verðtryggingin ein af ástæðum þess að ekki hefur verið þorandi að leyfa hagkerfinu að leiðrétta sig sjálft. Það myndi opinbera það að kerfið er fullkomlega ósjálfbært. Það er sorglegt að ekki sé til staðar pólitískt hugrekki á Alþingi til að afnema verðtrygginu, eins einfalt mál og það nú er í núverandi umhverfi gjaldeyrishafta. Ekki þarf meira til en lagasetningu sem bannar verðtryggingu (eða takmarkar hana verulega) og innkalla í kjölfarið öll verðtryggð skuldabréf í skiptum fyrir óverðtryggð (eða fyrir beinharða peninga, fersk prentaða).

Skattkerfinu má líka beita – með mun róttækari hætti en hingað til hefur verið gert – til þess að leiðrétta þá skekkju sem er í hagkerfinu eftir hrun. Ákvörðunin um 100% tryggingu allra innstæðna með pólitískri yfirlýsingu í miðju hruni var hugsanlega bæði skiljanleg og að einhverju leyti réttlætanleg. Hins vegar hefði í kjölfarið mátt beita einskiptiskattlagningu á móti til að greiða fyrir kostnaðinn vegna tryggingarinnar og til að greiða annan kostnað vegna hrunsins – bæði augljósan og þann sem átti eftir að koma í ljós. Innstæðuskattur, stórtækur eignaskattur og skuldabréfaskattur hefðu getað komið til greina. Slík einskiptisskattlagning hefði verið bæði skiljanleg og ásættanleg strax í kjölfar hrunsins.

> Afskriftir geta farið fram með ýmsum hætti, allt frá samningum milli aðila að gjaldþroti skuldara. Millilausnir með aðkomu stjórnvalda eins og 110% leiðin er tilbrigði við samningaleið. Ef bókfærð peningaleg eign í formi lána eða skuldabréfa stenst ekki, þá er eðlilegt að afskrifa.

### Er tíminn runninn út?

En tíminn er líkast til að renna út hvað varðar róttækar aðgerðir í efnahagsmálum. Kreppan er búin segja stjórnvöld og stjórnarandstaðan tekur hálfgildings undir og heldur því fram að hún væri ennþá meira búin ef hún væri við völd…!

En áfram lifa þær í kerfinu, ósjálfbæru peningaeignirnar í íslenskum krónum í höndum aflandskrónueigenda, jöklabréfaeigenda, eigenda ríkisskuldabréfa, lífeyrissjóða og húsnæðisbréfa. Einblínt er á dagsgengi krónunnar í viðjum hafta og ímyndað sér að þessar froðueignir séu sambærilegar við peningaeignir í alvöru gjaldmiðlum. Tímabundin túristasveifla nappar Seðlabankann sofandi á verðinum og ímyndunarveikin nær hámarki í hærra gervigengi löngu ónýts gjaldmiðils.

En það kemur að skuldadögum. Hvaða svigrúm verður til róttækra aðgerða þá?

# Fyrir hönd Valkosta

Samfélagsmál



**Þóra Huld Magnúsdóttir**
sálfræðingur

Í þessari grein viljum við vekja athygli á nýstofnuðum samtökum sem bera nafnið Valkostir – Samtök um úrræði við ótímabærum þungunum, og heimasíðu samtakanna http://www.valkostir.is.

Samtökin voru stofnuð þann 6. apríl í Reykjavík og í stjórn Valkosta sitja fjórar konur. Við erum Melkorka Mjöll Kristinsdóttir lögfræðinemi, Lilja Írena Guðnadóttir kennari, Þóra Huld Magnúsdóttir sálfræðingur og Sunna Kristrún Gunnlaugsdóttir leikskólakennari. Markmið okkar í samtökunum er að vinna að því að finna fleiri lausnir fyrir þungaðar konur en fóstureyðingu og vekja athygli á þeim. Við viljum með þessu móti reyna að styðja ófrískar konur í erfiðri aðstöðu, svo það verði þeim auðveldara að ganga með börnin sín.

Margar íslenskar konur virðast standa frammi fyrir ótímabærri þungun ár hvert. Á hverju ári eru framkvæmdar tæplega 1.000 fóstureyðingar á Íslandi. Ein af hverjum fimm þungunum endar með fóstureyðingu. Að svona margar konur telji sig ekki geta gengið með og eignast börnin sín ætti að vera okkur öllum umhugsunarefni. Því miður virðast ekki allar konur fá þann stuðning sem þær þurfa á að halda til að geta haldið áfram meðgöngunni. Og sumar tala um pressu frá maka, ættingjum, vinum og jafnvel félagsráðgjafa og/eða læknum um að velja einn valkost umfram annan – til dæmis fóstureyðingu frekar en að eignast barnið eða gefa það til ættleiðingar. Okkur finnst það umhugsunarvert að konur séu að velja fóstureyðingu vegna utanaðkomandi þrýstings. Það er ekki val, ekki frelsi. Og þess vegna höfum við ákveðið að beina sjónum okkar að öðrum valkostum og öðrum leiðum en fóstureyðingu, í þeim tilgangi að aðstoða þennan hóp kvenna.

Á heimasíðunni http://www.valkostir.is er meðal annars hægt að finna upplýsingar um hvers konar aðstoð konur eiga rétt á að fá frá sínu sveitarfélagi, kjósi þær að ganga með og eignast börnin sín. Upplýsingar um aðstoð sem hægt er að fá frá einstaklingum og félagasamtökum og upplýsingar um valkostinn ættleiðingu. Þar að auki höfum við komið á fót eins konar stuðningsneti fyrir konur sem þurfa á aðstoð og ráðgjöf að halda. Sú ráðgjöf fer fram í gegnum tölvupóst, á netfanginu radgjof@valkostir.is. Með þessu móti viljum við reyna að hjálpa öllum þeim þunguðu konum sem eru í vafa um hvað þær eiga að gera, veita þeim upplýsingar um hvaða valkostir eru fyrir hendi ef þær ákveða að klára meðgönguna og hvers konar aðstoð þær hafi möguleika á að fá. Það ríkir 100% trúnaður, og öllum fyrirspurnum er svarað eins fljótt og auðið er.

Þeir sem hafa áhuga á að skrá sig í samtökin eða verða að liði á einhvern hátt, geta sent okkur línu á netfangið valkostir@valkostir.is. Einnig er hægt að nálgast okkur á facebook https://www.facebook.com/groups/333382636698912/. Allir eru velkomnir í hópinn sem styðja markmið hans. Við störfum óháð pólitískum skoðunum og trúarsannfæringu.

# Aftur í Skólann



**50% AFSLÁTTUR**

**SPORTSKÓR**
Flottir sportskór á frábæru verði!
Stærðir: 24-33.

FULLT VERÐ: 3.995

**1.995**

**FRÁBÆRT VERÐ!**



B812444546

PLUS
ÞÆGINDI & GÆÐI

BOGAFÆTUR FYLGJA MEÐ

DREAMZONE™

Miðlungs | Dönsk gæðaframleiðsla | 10 ár dýna Ábyrgð | 2 ár áklæði Ábyrgð
Pokagormar | Smáir BONELL gormar | Svampur | Yfirdýna

**PLUS B12 JUBILÆUM BOXDÝNA**
Miðlungsstíf dýna með 250 pokagormum pr. $m^2$ í efra lagi. Innifalið í verði er 4 sm. þykk og góð yfirdýna. Slitsterkt áklæði úr bómull/polyester. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri furu. Bogafætur fylgja með. Stærð: 120 x 200 sm.

DÝNA STÆRÐ: 120 X 200 SM.

**49.950**



**SPARIÐ 4.000**

**OSCAR SKRIFBORÐSSTÓLL**
Skrifborðsstóll með innbyggðri gaspumpu sem tryggir stiglausa hæðarstillingu. Hægt að rugga.
Litur: Svartur.

3620022

FULLT VERÐ: 9.995

**5.995**



Price Star

**BERGEN SÆNG OG KODDI**
Góð sæng, fyllt með 1000 gr. af polyesterholtrefjum.
Sængin er sikksakksaumuð.
Stærð: 135 x 200 sm.

4106100

SÆNG + KODDI

SÆNG OG KODDI

**5.995**

**SPARIÐ 10.000**



3620019

**MARK SKRIFBORÐSSTÓLL**
Hægt að rugga.
Litur: Svartur.

FULLT VERÐ: 24.950

**14.950**



110300390
588389220
110500560
110271040
110300190
110340050
110100200
DB7290630

VERÐ FRÁ:

**99**

**RITFÖNG FYRIR SKÓLANN - FRÁBÆR VERÐ!**
Yddari 199 Pennar 6 stk. í pakka 199 Litlir merkipennar 6 stk. í pakka 199 Límstifti 3 stk. í pakka 99 Strokleður 3 stk. í pakka 99 Minnisblöð í litum 4 búnt í pakka 199 HB blýantar 10 stk. í pakka 199 Reiknivélar verð frá 299 Pennaveski 299

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

# Breyti ekki venjum mínum

**Gylfi Þór Sigurðsson,** landsliðsmaður og nýr leikmaður Tottenham, vonast eftir að verða í brennidepli í dag þegar Lundúnaliðið mætir Newcastle í fyrsta leik tímabilsins. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við Gylfa í landsliðsskreppitúr til Íslands í vikunni.

Þetta hefur verið langt undirbúningstímabil, leikmennirnir hafa beðið lengi eftir fyrsta leikdegi og ég held að allir séu tilbúnir í slaginn. Það ríkir mikil spenna í herbúðum Tottenham og væntingarnar eru miklar," segir landsliðsmaðurinn Gylfi Þór Sigurðsson sem skrifaði undir samning við enska stórliðið Tottenham í byrjun síðasta mánaðar. Enska úrvalsdeildin hefst í dag og sækir Lundúnaliðið Newcastle heim í fyrsta leik. Gylfi gekk til liðs við Tottenham í kjölfar frábærs gengis hjá Swansea eftir áramót, en þar var hann lánsmaður frá þýska liðinu 1899 Hoffenheim.

Gylfi lék með íslenska landsliðinu í vináttuleiknum gegn Færeyjum á Laugardalsvellinum í vikunni. Leikar fóru 2-0 fyrir Ísland, en viðureignin var liður í undirbúningi liðsins fyrir undankeppni HM sem fram fer í Brasilíu eftir tvö ár.

**Bestur í golfi í Tottenham**

*Þú hefur væntanlega í mörg horn að líta þegar þú kemur til landsins, hvort sem er til að spila landsleiki eða í frí?*

„Ég neita því ekki að ég er oft dálítið upptekinn í Íslandsheimsóknunum. Dagskráin í kringum landsleikina er stíf, en þegar ég fæ frídaga reyni ég oftast að nýta þá til að slappa af. Nú fékk ég að koma til Íslands tveimur dögum fyrr en áætlað var og nýtti þá til að heimsækja fjölskyldu og vini. Ég fylgist vel með FH og fer á alla leiki sem ég kemst á með liðinu þegar ég er á landinu. Svo finnst mér líka gott að fara upp í sumarbústað og spila golf."

*Þú ert mikill golfáhugamaður?*

„Já, ég spila mjög mikið golf. Úti í London spila ég eins mikið golf og ég get þegar mér gefst tími til. Það eru margir frábærir vellir á Englandi, sérstaklega á London-svæðinu og gaman að spila þar."

*Hverjir eru helstu golf-félagar þínir í London?*

„Ég spila mikið við Eggert Gunnþór Jónsson, félaga minn í landsliðinu og leikmann Wolves, sem býr í Mið-Englandi og er því ekkert allt of langt frá mér. Hann var betri en ég í fyrra en ég tók mig á og vann hann nýlega í fyrsta skipti. Svo spilaði ég við nokkra af Tottenham-strákunum í æfingaferðinni okkar til Bandaríkjanna í síðasta mánuði og á eftir að spila mun meira með þeim."

*Hver er bestur í golfi í Tottenham?*

„Ætli ég verði ekki að taka það á mig. Ég vann þá alla og vonandi heldur það áfram þannig."

**Villas-Boas virkar vel á mig**

*Hvað gerirðu af þér í frístundum á Englandi annað en að spila golf?*

„Annað en að kenna Eggert Gunnþóri golf, meinarðu? Í rauninni reyni ég bara að slappa sem mest af. Leiktímabilið er svo langt og álagið svo mikið að maður þarf á því að halda að taka því rólega. Reyndar koma mjög oft gestir til okkar og þá gerum við eitthvað með þeim."

*Kanntu vel við þig í stórborginni?*

„Já, mjög vel. Ég bjó auðvitað lengi í Reading [Gylfi gekk til liðs við Reading sextán ára gamall árið 2005 og bjó þar meira og minna til ársins 2010 þegar hann var seldur til Hoffenheim] sem er í fjórutíu mínútna fjarlægð frá London og þekki svæðið mjög vel, sem er þægilegt. London er auðvitað risastór borg en ég er farinn að ná áttum í kringum æfingasvæði Tottenham í norðurhluta London. Ég bý í um fimmtán mínútna fjarlægð frá æfingasvæðinu á mjög góðum stað. London er líka það sunnarlega að veðrið er fínt miðað við England. Það snjóar að minnsta kosti minna í London en í Newcastle."

**Bestu kantmenn í deildinni**

*Hvernig metur þú frammistöðu þína í æfingaleikjum Tottenham í Bandaríkjunum í síðasta mánuði, þar sem þú skoraðir meðal annars sigurmarkið gegn New York Red Bulls?*

„Bandaríkjaferðin var mjög góð að mörgu leyti. Ég fékk að spila mikið, í raun meira en ég bjóst við í svona æfingaferð, og mér gekk vel og er sáttur. Í svona ferðum erum við strákarnir líka saman alla daga og öll kvöld og kynnumst því betur en þegar við hittumst tvo til þrjá tíma í senn á æfingasvæðinu og æfingarnar skila sér vel."

*Ertu farinn að finna fyrir því hver staða þín í liðinu verður í vetur?*

„Nei, í raun ekki, því þegar tímabilið hefst kemst meiri rútína á skipulagið. Við spilum auðvitað rosalega marga leiki, í deildinni, tveimur bikarkeppnum og Evrópudeildinni, svo það verður einhver rótering á mannskapnum en það er erfitt að segja til um það nákvæmlega hvar mín staða verður í liðinu. Hópurinn hjá Tottenham er mjög góður og flestir hafa spilað í bestu deildum heims í mörg ár."

*Hlakkar þú sérstaklega til að spila með einhverjum ákveðnum leikmönnum?*

„Já, en ef ég nefni einn þyrfti ég strax að nefna annan og svo koll af kolli. Það er gaman að spila með þeim flestum."

*Og þar á meðal kantmönnum liðsins, væntanlega?*

„Já, við erum með tvo af allra bestu kantmönnunum í deildinni, þá Gareth Bale og Aaron Lennon. Þeir eru báðir öskufljótir og það verður gaman að spila með þeim í vetur. Þjálfarinn, André Villas-Boas, virkar líka mjög vel á mig. Hann stóð sig frábærlega hjá Porto og þótt hlutirnir hafi ekki alveg gengið upp hjá honum hjá Chelsea hef ég trú á að hann læri af því og hann er mjög ákveðinn í að allt gangi upp hjá Tottenham."

**Eðlilegt að velja Tottenham fram yfir Liverpool**

*Fyrr í sumar áttu sér stað miklar vangaveltur varðandi ástæður þess að þú valdir að ganga til liðs við Tottenham en ekki Liverpool, sem einnig hafði borið víurnar í þig. Hvað réði þeirri ákvörðun að velja Tottenham?*

„Ég held að það segi sig í rauninni sjálft þegar litið er á þessi tvö lið og gengi þeirra síðustu árin. Tottenham er með heimsklassahóp."

*Ein af sögusögnunum gerði ráð fyrir að ástæðan fyrir því að þú valdir Tottenham væri sú að þú ert mikill stuðningsmaður Manchester United og gætir þess vegna ekki hugsað þér að spila fyrir erkifjendur þess liðs. Er eitthvað hæft í því?*

„Ég heyrði af ýmsum sögusögnum í sumar en var lítið að velta mér upp úr þeim. Stuðningur minn við Manchester United kemur málinu ekkert við heldur tók ég þessa ákvörðun fyrir sjálfan mig á knattspyrnulegum grundvelli."

*Brendan Rodgers, sem þjálfaði þig hjá Swansea, er tekinn við Liverpool og þekkir þig vel sem leikmann, en slíkt var ekki uppi á teningnum með André Villas-Boas. Telurðu að það hafi verið áhætta að fara til Tottenham?*

„Nei, alls ekki. Ég spjallaði við hann áður en ég skrifaði undir og vissi hvað hann var að hugsa. Tottenham er risastór klúbbur með frábæra sögu, ég hef fulla trú á sjálfum mér og þetta er engin áhætta."

**Læt ekki athyglina trufla mig**

*Fyrsti leikur Íslands í undankeppni HM 2014 fer fram þann 7. september gegn Noregi á Laugardalsvelli. Nú tala ýmsir um að drátturinn í riðilinn virðist hagstæður fyrir Ísland og afar raunhæfur möguleiki sé á sæti í aðalkeppninni í Brasilíu. Ertu sammála því?*

„Ég held að enginn af okkur leikmönnunum sé feiminn við að segja að við ætlum okkur upp úr þessum riðli. Það er markmiðið, en það verður erfitt því riðillinn er erfiður þótt í honum séu engar stórþjóðir í knattspyrnuheiminum. Norðmenn eru alltaf erfiðir, svissneska landsliðið er mjög gott og Slóvenar eru alltaf mjög tæknilega góðir. Það verður sérstaklega erfitt að spila við Slóvena úti. En þetta verður spennandi og skemmtilegur riðill. Vonandi náum við að byrja vel og þá er allt hægt í þessu."

*Hingað til hefur farið það orð af þér að þú sért hinn fullkomni atvinnumaður, að þú sért mættur fyrstur á æfingar, farir síðastur, hugsir vel um líkamann og leggir gríðarlega hart að þér við ýmsar aukaæfingar. Á þetta enn við rök við styðjast?*

„Já. Ég fer ekkert að breyta mínum venjum, því það eru þessir hlutir sem hafa hjálpað mér að ná svona langt."

*Finnurðu fyrir því að vera orðinn þekkt andlit og fyrirmynd margra íslenskra barna?*

„Ég fann líka fyrir því að fólk þekkti mig úti á götu hjá Swansea, en auðvitað hefur það aukist mjög eftir að ég kom til Tottenham. Ég kippi mér ekkert upp við þessa athygli og læt hana ekki fara í taugarnar á mér, enda er ég ekki eins og David Beckham sem kemst ekki út í búð án þess að vera eltur."

*Hvaða búðir kemstu helst út í?*

„Til dæmis Marks & Spencer eða Waitrose. Ég finn líka fyrir því að mörg íslensk ungmenni líta á mig sem fyrirmynd og reyni að standa mig vel í því hlutverki. Mér líður ágætlega með það, enda fylgir þetta starfinu."

*Og hvernig fer svo leikurinn gegn Newcastle í dag?*

„Eigum við ekki að segja að við vinnum 2-1 á útivelli? Ég skora sigurmarkið."



**HORFIR FRAM Á VIÐ** Gylfi segir mikilvægt að nýta frítíma sinn í að slaka vel á, enda leikjaálagið mikið í ensku úrvalsdeildinni. „Við spilum auðvitað rosalega marga leiki, í deildinni, tveimur bikarkeppnum og Evrópudeildinni, svo það verður einhver rótering á mannskapnum en það er erfitt að segja til um það nákvæmlega hver mín staða verður í liðinu. Hópurinn hjá Tottenham er mjög góður og flestir hafa spilað í bestu deildum heims í mörg ár," segir hann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

"Ég fann líka fyrir því að fólk þekkti mig úti á götu hjá Swansea, en auðvitað hefur það aukist mjög eftir að ég kom til Tottenham."

Toys"R"Us

IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

# 20% AFSLÁTTUR
# AF ÖLLUM SKÓLATÖSKUM




Tilboðin gilda til og með 19.08.2012. VSK er innifalinn í verði.
Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.

**AKUREYRI:** Glerártorg, sími 461 4500 ★ **GRAFARVOGUR:** Blikastaðavegur, sími 585 0600 ★ **KÓPAVOGUR:** Smáratorg, sími 550 0800

# Undir hvers annars áhrifum

Systkinin **Margrét Kristín, Sölvi** og **Elsa María Blöndal** eru líkari inn við beinið en kann að virðast við fyrstu sýn. Þessu komst ***Hólmfríður Helga Sigurðardóttir*** að þegar hún saup á kaffi með þeim á einu heitasta síðkvöldi sumarsins 2012.



**ÓFLOKKANLEG TÓNLISTARSYSTKINI** Þau Elsa María, Magga Stína og Sölvi tilheyra ólíkum tónlistarsenum, en eru þó öll undir sömu áhrifunum þegar vel er að gáð. Led Zeppelin og önnur bönd sem voru á fóninum heima hafa haft mikil áhrif á þau öll, en þau eru ekki síður undir áhrifum af hvert öðru. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Systkinin Sölvi og Elsa María Blöndal munu ef að líkum lætur hefja rúnt sinn um viðburði menningarnætur á Óðinstorgi í dag. Þar mun eldri systir þeirra, Margrét Kristín, sem flestir kalla Möggu Stínu, koma fram á farandtónleikum sem haldnir verða til heiðurs lagahöfundinum Ingibjörgu Þorbergs, í tilefni þess að hún verður 85 ára á þessu ári. „Ég ætla að syngja Man ég þinn koss, sem er mjög þekkt í hennar flutningi, og lagið Nú ertu þriggja ára, sem er mjög fallegt lag,“ segir Magga Stína, gefur okkur smá tóndæmi og rifjar lagið upp fyrir viðstöddum. Magga Stína getur svo slegið tvær flugur í einu höggi og séð yngri systkini sín bæði tvö spila á sama sviðinu, sem þau hafa reyndar aldrei gert áður.

Undir hatti tónleikaraðarinnar Undiröldunnar, sem haldin hefur verið í Kaldalóni í Hörpu í vetur, verður í þetta sinn blásið til tónleika á útisviði við Hörpu á milli klukkan 17 og 19.30. Þar koma nokkur nýleg bönd fram, þar á meðal Dream Central Station, sem Elsa María syngur með, og Halleluwah, nýjasta gæluverkefnið hans Sölva. „Við spiluðum einmitt í Hörpu á Undiröldunni í vetur og það var mögnuð reynsla. Hljóðkerfið er æðislegt, allt öðruvísi en litlar rokkhljómsveitir eiga að venjast, sem eru vanar að spila á börum þar sem allir eru fullir og kerfið lélegt. Með Undiröldunni hefur það sem er underground verið dregið upp á yfirborðið, sem er frábært, því undiröldumúsíksenan á Íslandi er stór og öflug,“ segir Elsa María.

### Systkini eins og einbirni

Þau systkinin hafa öll verið áberandi í íslenskri tónlistarsenu, en tilheyra ólíkum stefnum. Með flokkunarmiða á lofti mætti tengja Elsu Maríu við rokk, Sölva við rapp og Möggu Stínu við nýbylgju, en það er þó alltof mikil einföldun til að vera réttlætanlegt. Þau passa líka illa í flokka, þegar betur er að gáð.

**Sölvi:** „Margir verða voðalega hissa þegar þeir heyra að við séum systkini. Það skýrist kannski af því að það er svo langt á milli okkar. Við erum fjögur systkini og það eru sjö ár á milli okkar allra. Mamma segir stundum að við séum öll eins og einbirni. Við sem eldri erum segjum þá alltaf: „Sérstaklega Elsa!“.

**Elsa María:** „Þau vilja meina að ég sé dekurbarnið í fjölskyldunni. Það er náttúrlega haugalygi…“

**Magga Stína:** „Ég kalla þau tvö nú stundum dekurtvistinn. Þetta segi ég sem annað tveggja þjáningarfullra eldri systkina.“

**Elsa María:** „Við eigum líka eldri bróður, Hauk. Hann fór ekki út í tónlist, heldur er hann doktor í eðlisfræði.“

**Magga Stína:** „Hann er listamaður á því sviði!“

> Margir verða voðalega hissa þegar þeir heyra að við séum systkini. Það skýrist kannski af því að það er svo langt á milli okkar. Við erum fjögur systkini og það eru sjö ár á milli okkar allra. Mamma segir stundum að við séum öll eins og einbirni.

### Djúp ást á Zeppelin

Foreldrar systkinanna fjögurra eru Sólveig Hauksdóttir, leikkona og kennari með meiru, og Haraldur S. Blöndal, prentmyndasmiður og kennari til margra ára. Þrátt fyrir að foreldrarnir hafi sjálfir ekki lagt fyrir sig tónlistina var hún alltumlykjandi í æsku systkinanna. Móðir þeirra gerði tilraunir til að senda þau öll í hljóðfæranám og faðirinn er forfallinn músíkáhugamaður.

**Sölvi:** „Pabbi eignaðist fyrsta geislaspilarann á Íslandi.“

**Elsa María:** „Ertu að meina það?! Djö#%"# töffari! Ég er alltaf að komast að einhverju nýju…“

**Magga Stína:** „Það tók svona hálftíma fyrir þennan geislaspilara að opnast, lokast og byrja að spila.“

**Sölvi:** „Ég lét sérstaklega kaupa fyrir mig geisladisk í útlöndum sem hét Pet Shop Boys, til að geta spilað í honum. Annars man ég best eftir vínylnum.

Rolling Stones, Canned Heat og auðvitað Led Zeppelin. Þeir höfðu stórkostleg áhrif á mig og urðu þess valdandi að ég fór að læra á hljóðfæri.“

**Magga Stína:** „Þeir höfðu líka mikil áhrif á mig. Fyrsta platan sem ég eignaðist var með þeim.“

**Elsa María:** Ég hef líka djúpar tilfinningar til Led Zeppelin. En þetta er að sumu leyti öðruvísi með mig, því mitt tónlistaruppeldi fór að mestu leyti í gegnum Sölva og Möggu Stínu. Ég fór í gegnum allan skalann, hlustaði á pönk 7, 8, 9 ára gömul og svo tók hiphop við. Ég fékk það beint í æð frá Sölva sem unglingur. Ég tók Beastie Boys alveg inn að hjartanu.“

**Sölvi:** „Svo fann Elsa sína hillu og síðan fór það sem hún hefur verið að hlusta á að hafa áhrif á mig. Hún kynnti mig fyrir böndum eins og Suicide og Silver Apples.“

### Uppskeruhátíð í haust

Í september er fyrsta plata Dream Central Station væntanleg, en það er hljómsveit Elsu Maríu og Hallbergs Daða Hallbergssonar, sem gerði garðinn frægan með hljómsveitinni Jakobínurínu. „Það er Hallberg sem semur músíkina. Hann fékk mig til að syngja þrjú lög á plötunni, sem endaði með því að ég söng alla plötuna með honum, en það eru svo fjórir aðrir strákar með okkur í bandinu. Þetta er villt rokk og ról og við spilum inn á fegurðina í myrkrinu. Við Hallberg vinnum vel saman, ég skil hann, hann skilur mig og okkur þykir gaman að búa til skandal.“

Haustið verður viðburðaríkt hjá Elsu, því ekki aðeins kemur platan hennar út í september, heldur mun hún þá jafnframt taka þátt í gerð bíómyndarinnar The Secret Life of Walter Mitty, sem Ben Stiller fer með aðalhlutverkið í. Elsa er útskrifuð úr fatahönnun við Listaháskóla Íslands. Reynsla hennar þaðan mun líkast til nýtast henni í næsta verkefni. „Það kom upp í fangið á mér, fyrir fallega tilviljun, að ég fékk stöðu sem aðstoðarmanneskja í búningadeild í bíómyndinni. Það er mjög gaman, því það hefur löngum blundað með mér áhugi á búningahönnun. Ég er að vinna með Helgu Stefánsdóttur og er þegar búin að læra heilan helling. Þetta verður mikill skóli.“

### Megas var erfiðasta verkið

Það má búast við því að við fáum að heyra ýmislegt nýtt úr smiðju Sölva og Möggu Stínu næstu mánuðina, nú þegar Sölvi er aftur kominn á stjá og Magga Stína er tiltölulega útskrifuð úr tónsmíðum við Listaháskóla Íslands. Elsa María segist hins vegar ekki hafa lagt sig eftir því að semja tónlist, enda kunni hún því ágætlega að túlka lög annarra. Þá kemur vangavelta frá stóru systur:

**Magga Stína:** „Já, en hvenær býr maður til tónlist? Ég hef reynslu af því að búa til mína eigin tónlist en ekki síður af því að túlka tónlist annarra. Það er náttúrulega bara sköpun í sjálfu sér. Það að nálgast hluti sem aðrir hafa gert er ekki lítill vandi. Maður ber svo mikla virðingu fyrir sköpunarverki annarra.“

Hún hefur heldur ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur í þeim efnum, gaf meðal annars út heila plötu með sinni túlkun af lögum Megasar árið 2006, en þar af voru þrjú útgefin. Sú plata opnaði eyru undirskrifaðrar fyrir ljóðum Megasar, sem skila sér svo fallega í gegnum mjúka rödd og túlkun söngkonunnar.

**Elsa María:** „Ég heyri þetta oft, að fólk hafi lært að taka á móti Megasi með þessari plötu.“

**Magga Stína:** „Mikið þykir mér vænt um að heyra þetta. Þetta var eitt erfiðasta verk sem ég hef unnið. Megas var heimilisvinur hjá okkur og svo kynntist ég honum upp á nýtt þegar ég varð fullorðin. Það var mikið tilfinningalegt ferli að fara í gegnum þessa plötu.“

### Dökkt og sjúkt en samt hresst

Undanfarin ár hefur Sölvi verið búsettur í Stokkhólmi, eða allt frá því að hljómsveitin hans, Quarashi, lagði upp laupana árið 2005. Hann er hagfræðingur og fær launin sín greidd frá seðlabanka Svíþjóðar, sem styrkir hann til doktorsnáms. „Ég hélt ég væri hættur í tónlist, því ég lagði hana alveg til hliðar þegar ég flutti til Svíþjóðar. Þegar Quarashi kom svo saman aftur á síðasta ári, og við héldum meðal annars tíu þúsund manna tónleika á Hellu, þá gerðist eitthvað. Frá því að strákurinn minn fæddist svo fyrir fimm mánuðum fóru mér að detta alls konar lög í hug aftur.“

Áður en Sölvi stofnaði Quarashi, þegar hann var 21 árs, hafði hann spilað með þó nokkrum pönksveitum. „Ég spilaði hundrað sinnum í Norðurkjallara MH, en ég fann mig samt aldrei í hljómsveitum, fyrr en ég fékk að ráða öllu! Ég er auðvitað að ýkja… En sannleikurinn liggur þarna inni á milli línanna.“

**Magga Stína:** Sölvi er magnaður maníubolti. Svona kjarnorkusprengjusmiður. Hann er fæddur leiðtogi og alltaf á leiðinni eitthvert. Þess vegna er svo lógískt hvernig tónlist hann hefur alltaf verið í. Hún er eins og beint framhald af hans innsta kjarna.“

**Elsa María:** „Þannig upplifi ég hann líka. Það er engin leið að stöðva hann.“

Hið nýja verkefni hans, Halleluwah, vinnur hann með Agli „Tiny“ Thorarensen, félaga sínum úr Quarashi. Þeir hafa gefið frá sér eitt lag, K2R. „Við Tiny vinnum vel saman. Hann semur textana, skapar konseptið og ég kem með hljóðheiminn. Konseptið er svolítið dökkt og sjúkt, en samt hresst. Ef þetta væri bíómynd værum við að tala um „early“ Tarantino.“

**Magga Stína:** „Svona fallegur dúkkuleikur og svo allt í einu sagar einhver af sér höndina?“

**Sölvi:** „Já, eða Reykjavíkurnætur ársins 2012, kannski, svona fyrst við vorum að tala um Megas.“



Help us build the next-generation pharmaceuticals company

# We are looking for a Senior Creative Designer to join our global Communication & Branding Team

The Senior Creative Designer will be responsible for creating new pharmaceutical product brands (OTC brands) and bringing them to life through the entire creative process, as well as working in various corporate branding projects. The position will be based in Alvogen's Icelandic office.

## RESPONSIBILITIES

- Create and bring new brand concepts to life
- Create innovative designs consistent with brand style guidelines
- Develop Over-the-Counter (OTC) packaging from concept through to production, from label development and design to printing
- Create print designs, educational pieces and marketing material
- Design concepts for web pages, email-templates, presentations and newsletters

## THIS IS WHAT WE ARE LOOKING FOR

We are looking for a team player who excels in blank-page ideation and concept development (both individually & collaboratively), as well as world-class production. In addition to being conceptual in thinking, the Senior Creative Director must have an exceptional talent with at least five years of experience. Experience creating web wireframes and concepts is a big plus. We need a proactive and highly motivated individual with a solid foundation in multiple disciplines including printing, packaging, branding, typography and web design.

## YOU

- Have a big heart
- Confident and capable of juggling multiple projects simultaneously
- Strong communication, leadership, and team-work skills
- Willing to walk the extra mile to succeed
- Want to set new standards
- Have a sense of humor, maturity, vision and curiosity

## WE

- Foster an environment where people can flourish and achieve their full potential
- Are not afraid to follow an unbeaten path in our efforts to continuously do better
- Encourage and reward innovative thinking
- Are on an exciting journey to create the next-generation generics company
- Work hard and expect the same from you

## THIS IS HOW TO APPLY

If you feel you are a strong candidate, submit a file or a link to your portfolio. Be sure to include brief descriptions of your involvement with each project featured to:
halldor.kristmannsson@alvogen.com

**Alvogen is a multinational, privately-owned pharmaceuticals company,** focused on complex generic pharmaceutical products. The company is committed to building the next-generation generics company through the strategic selection of products, partners and markets, and the utilization of an effective consolidated global supply chain. **Robert Wessman** is the Chairman and CEO of Alvogen and leads its global expansion.

Alvogen has offices around the world, from Bangalore to Bulgaria, but regardless of where we are, we nurture our values and a positive working environment **by hiring street-smart, innovative, local people** who share our competitive spirit and passion to stand out and succeed.

Alvogen

www.alvogen.com

FÍTON / SÍA FI043226

# VINSÆLUSTU FARTÖLVURNAR OKKAR




acer

## INTEL ÖRGJÖRVI OG STÓR 640GB DISKUR

**Acer A5349-B814**

**Mjög góð kaup fyrir fartölvu sem hentar vel í alla hefðbundna tölvuvinnslu. Intel Dual Core örgjörvi, mun stærri harður diskur en í sambærilegum fartölvum eða 640GB. 4GB vinnsluminni og Windows Home Premium**

**79.990**




## LÍTIL OG NETT Í FJÓRUM LITUM

acer

**Acer One D270**

Fyrirferðalítil og flott fartölva. 10,1" fartölva með Intel Atom örgjörva. 1GB vinnsluminni og 320GB harður diskur.

**49.990**

## HARMAN KARDON HLJÓMUR

10,1"



TOSHIBA **Toshiba NB520-125/12C**

10,1" með Harman Kardon hátölurum og frábærum hljóm. Með „Sleep and music" er hægt að hafa slökkt á tölvunni en nota sem hátalara fyrir iPod eða síma og með „Sleep and Charge" er hægt að hlaða símann af tölvunni. Kemur í tveimur flottum litum.

**64.990**




## INTEL PENTIUM

TOSHIBA

**Toshiba C850-131**

Ein af okkar vinsælustu fyrir skólann og heimilið. Hagstætt verð fyrir 15,6" fartölvu með Intel Pentium B950 örgjörva, 4GB minni og 500GB hörðum diski. Windows 7 Home Premium.

**89.990**

## 6GB MINNI OG 640GB DISKUR

15,6"



TOSHIBA **Toshiba SAT C855-18C**

Kemur í flottum rauðum lit með Intel Pentium Dual Core örgjörva, 6GB vinnsluminni og stórum 640GB diski. Windows 7 Home Premium.

**99.990**

## NÝJASTA KYNSLÓÐ AMD




TOSHIBA

**Toshiba SAT L850D-11M**

Kemur með nýjustu kynslóð af AMD A6 örgjövanum, 4400M og AMD HD7520G grafíkkjarna. Kemur í flottum lit og með 1600MHz DDR3 vinnsluminni. 6,5 klst. rafhlöðuending.

**99.990**




Opið í verslunum um allt land á laugardag frá 11-16 og 13-17 á sunnudag á Suðurlandsbraut

**6 VERSLANIR UM ALLT LAND**

**0% VEXTIR Í ALLT AÐ 12 MÁNUÐI**

# MEIRA ÚRVAL Á LÆGRA VERÐI!

**OPIÐ ALLA HELGINA**
Á SUÐURLANDSBRAUT

## TOSHIBA




### ÓTRÚLEGT VERÐ FYRIR i7 IVY BRIDGE

**Toshiba L850-1FF**
Kraftmikill Intel Core i7 örgjörvi úr nýjustu kynslóð örgjörva – Ivy Bridge. Öflugt 2GB HD 7670 leikjaskjákort, 8GB minni og 500GB harður diskur.

**149.990**




### acer NVIDIA GEFORCE SKJÁKORT

**Acer AV5-571**
Öflug grafík og vinnsla með Intel Core i3 örgjörva og 1GB nVidia GeForce GT 620M skjákorti. 4GB vinnsluminni og 320GB harður diskur.

**99.990**




### INTEL CORE i5 IVY BRIDGE

**TOSHIBA** Toshiba Satellite L850-1CX
Með Intel Core i5 3210M örgjörvanum og bættri skjástýringu með Intel HD4000 og DirectX11. 4GB 1600MHz DDR3 minni sem er stækkanlegt í 16GB, 640 GB harður diskur, 2x USB 3 tengi og HDMI til að tengja við sjónvarp og hljómtæki.

**129.990**

### 4 KJARNA AMD A10




**TOSHIBA**
**Toshiba L855D-104**
Hrikalega öflug fartölva með 3.1GHz A10 AMD 4 kjarna örgjörva, HD 7660 leikjaskjákort, 8GB minni og stórum 750GB hörðum diski.

**139.990**




### 17,3" MEÐ AMD A6

**TOSHIBA** Toshiba SAT C870D-10C
Frábær kaup fyrir þá sem vilja stóran og góðan skjá. AMD A6-4440 Dual Core örgjörvi, 6GB vinnsluminni og 640GB diskur.

**119.990**



### TVÖFALT VINNSLUMINNI

MacBook Pro ZOMT
Glæný 13" Macbook Pro með nýjustu kynslóð af Intel i5 örgjörvanum, háhraða USB tengi og Thunderbolt. Við bjóðum hana með 8GB vinnsluminnis í stað 4GB.

**229.990**



tl.is

**TÖLVU LISTINN**

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |




**11. JÚNÍ** Þegar framkvæmdir hófust voru liðin þrettán ár frá því hugmyndin að framkvæmdunum kom fyrst fram. Stíflurnar sem verða rifnar hafa lokað fyrir gönguleið laxa, skjadda, síldar, styrju og fleiri tegunda í hartnær tvær aldir. Stofnarnir eru allir svo gott sem horfnir. MYND/PRRP



**GREAT WORKS-STÍFLAN** Lokið verður við að rífa Great Works-stífluna að mestu leyti á næstu vikum. Þrátt fyrir að tvær stíflur verði rifnar þá tapar orkufyrirtækið sem átti þær engu af rafmagnsframleiðslu sinni sökum þess að aðrar orkustöðvar verða endurbættar.



**BIÐINNI LOKIÐ** Um aldir gekk Penobscot-ættbálkurinn í gnægtabúr náttúrunnar. Því lauk þegar stíflurnar voru byggðar. Það var því táknræn athöfn þegar reykur af tóbaki og jurtum var látinn leika um steypuvirkið áður en vélarnar tóku til óskiptra málanna.



**VEAZIE-STÍFLAN** Liggur niður við árósa Penobscot-árinnar og hefur lokað nær alveg fyrir göngur laxa síðan 1835. Allur lax sem þó gengur í ána hefur verið fangaður í gildrur við þessa stíflu áður en hann er fluttur upp á hrygningarsvæðin á vörubílum.

# Lokatilraun til bjargar laxinum

Stærsta verkefni við endurheimt vistkerfis í bandarískri sögu er hafið með niðurrifi tveggja stíflumannvirkja í **Penobscot-ánni**. Í fyrsta skipti í nær 200 ár nær fiskur að ganga upp á hrygningarsvæði sín. Um samvinnuverkefni orkufyrirtækja, stjórnvalda og almennings er að ræða. ***Svavar Hávarðsson*** kynnti sér framgang verkefnis sem leggur línuna í umhverfisvernd upp á nýtt.

Hinn 11. júní síðastliðinn var morgunfriðurinn við Penobscot-ána í Maine-ríki í Bandaríkjunum rofinn af nokkrum stórvirkum vinnuvélum. Vélarnar skriðu ein eftir annarri út í árfarveginn og klukkan átta stundvíslega var tönnum þeirra læst í voldugan steypumúr Great Works-stíflunnar og niðurrif hennar hafið. Þegar vatnið byrjaði að sytra í gegnum múrinn markaði það upphafið að viðamestu aðgerð í endurheimt vistkerfis í bandarískri sögu og niðurstaða áralangrar baráttu umhverfisverndarsinna og almennings.

### Til fyrirmyndar

Verkefnið, The Penobscot River Restoration Project (PRRP), hefur vakið mikla athygli í Bandaríkjunum (BNA), og reyndar víða um heim. Ástæðan er einfaldlega sú að verkefnið er talið setja ný viðmið í því hvernig staðið er að niðurrifi stíflumannvirkja sem þessara, en framkvæmdirnar eru unnar í fullri sátt allra hagsmunaaðila. Áður en yfir lýkur munu tvær stíflur verða rifnar og fullkomnir fiskvegir verða byggðir við tvær aðrar. Fiskvegir við fjórar stíflur til viðbótar verða endurgerðir. Aðgerðin opnar fiski 1.600 kílómetra leið frá sjó upp í efstu stöðuvötn. Aðrar raforkustöðvar verða aftur á móti gerðar hagkvæmari í rekstri og orkuframleiðsla mun í versta falli standa í stað – sérfræðingar útiloka ekki að hún aukist umtalsvert.

### Fáein þúsund

Í nær tvær aldir hafa fjölmargar stíflur í Penobscot-ánni komið í veg fyrir að fiskur nái til bestu hrygningarsvæða á vatnasviðinu. Penobscot, en vatnasvið hennar er eitt það víðfeðmasta í BNA, hafði fram að iðnbyltingu risastofna um ellefu sjógöngufiska, en nú eru þeir allir ekki nema svipur hjá sjón. Laxinn er oftast nefndur á nafn enda í útrýmingarhættu og löngu liðin tíð að hann sé veiddur á stöng eða í önnur veiðarfæri. Bandaríska haf- og loftslagsstofnunin (NOAA) gengur svo langt að segja verkefnið síðasta möguleikann til að endurheimta stórar göngur af villtum Atlantshafslaxi í Bandaríkjunum öllum; að verkefnið sé lokatilraun til að endurheimta Atlantshafslaxinn.

Heimildir greina frá því að laxagöngurnar í Penobscot hafi numið um og yfir 100.000 fiskum ár hvert. Undanfarna áratugi hafa veiðst tugir, stundum nokkur hundruð laxar, í gildrur við neðstu stífluna í ánni, Veazie-stífluna, sem verður rifin strax og framkvæmdum við Great Works lýkur. Á síðasta ári voru þeir reyndar 3.100 laxarnir sem voru fangaðir í gildrur við Veazie-stífluna, sem var það langmesta í áratugi og gerir stofninn þann stærsta í BNA, eins sárgrætilegt og það er. Allur lax er keyrður um langa leið upp á hrygningarsvæðin sem hefur skilað því að laxinn í ánni er ekki horfinn með öllu. Nú standa vonir til þess að sjálfbær hrygningarstofn geti náð að verða tíu til tólf þúsund laxar innan nokkurra ára.

### 1835

Sögulega er styrjustofn árinnar ekki síður mikilvægur auk bæði urriða og regnbogasilungs. Skjaddi, sem er síldfiskur sem hrygnir í ferskvatni, er síður nefndur hérna megin Atlantsála þar sem fiskurinn þekkist lítt. Hann er hins vegar algengur með Atlantshafsströnd Norður-Ameríku, allt frá Nýfundnalandi til Flórída. Um stórvaxinn fisk er að ræða, gómsætan mjög og eftirlæti fjölmargra stangveiðimanna á þessum slóðum. Stofn skjadda í Penobscot er hins vegar líka svo gott sem horfinn, enda er fiskgengur hluti árinnar nú aðeins um fáeinir kílómetrar, en rétt norðan við borgina Bangor stendur Veazie-stíflan, sem var byggð árið 1835, einu ári á eftir Great Works. Bygging þessara tveggja stíflna markaði endinn á fiskgöngum upp ána, þó löngu fyrr hafi stíflur, stórar sem smáar, verið byggðar ofar á vatnasviðinu og telja á annað hundrað enn í dag í Penobscot og ótal hliðarám þessa mikla fljóts.

### Eitt skref í einu

Niðurrif Great Works er aðeins fyrsta skrefið – Veazie-stíflan verður rifin næst. Þetta þýðir að tvær stærstu hindranirnar verða að baki, en einnig verða fiskvegir byggðir töluvert ofar í ánni, við Milford- og Howland-stíflurnar. En steypan og fiskurinn segja aðeins brotabrot af sögunni því verkefnið er aðeins einn þráður margslunginnar sögu.

> **3.100**
> Laxar fangaðir í gildrur 2011 og fluttir með vörubílum á hrygningarsvæðin

Forsögu verkefnisins má rekja til ársins 1999 þegar orkufyrirtækið PPL, sem á höfuðstöðvar í Pennsylvaníu, keypti fjölmargar stíflur í Penobscot af fyrirtækinu Bangor Hydro Electric. Stjórnendur PPL vissu af reynslu annarra orkufyrirtækja að þeirra beið flókin skriffinnska við leyfisveitingar og kröfur um endurbætur mannvirkja, að ógleymdum átökum við umhverfissinna sem um árabil höfðu krafist þess að stíflurnar yrðu rifnar. Í stað alls þessa ákvað yfirstjórn fyrirtækisins að fara aðra leið og hafði samband við fulltrúa Penobscot-þjóðflokksins, frumbyggja svæðisins, og aðra sem barist höfðu gegn virkjunum og orkuframleiðslu við ána. Til að gera langa sögu stutta náðist samkomulag um að orkufyrirtækið myndi selja nokkrar stíflur til niðurrifs gegn því að raforkuframleiðsla sex orkustöðva yrði aukin. Skipulags- og eftirlitsyfirvöld í Maine skrifuðu upp á samkomulagið 2004. Átta ár liðu hins vegar áður en fyrsti steypumolinn var hreyfður úr stað. Ástæðan var fjármögnun uppkaupanna og framkvæmda.

### 7,5 milljarðar

Stofnaður var sjóður vegna verkefnisins, The Penobscot River Restoration Trust (PRPT). Ljóst var frá upphafi að verkefnið myndi kosta umtalsverða fjármuni. Eftir langa þrautagöngu keypti sjóðurinn fyrrnefndar stíflur af PPL fyrir 24 milljónir Bandaríkjadala, en féð kom bæði frá hinu opinbera, sjóðum og frá almenningi. Þrautaganga var það, því ólíkt PPL þurfti sjóðurinn að verða sér úti um fjölda leyfa frá Maine-ríki og alríkisstjórninni. Að því loknu þurfti að fjármagna framkvæmdina sjálfa og lokareikningurinn hljóðar upp á 62 milljónir Bandaríkjadala – 7,5 milljarða íslenskra króna. Söfnun fjárins er lokið og mönnum því ekkert að vanbúnaði.

### Fólkið

Daginn sem hafist var handa við að rífa Great Works-stífluna var haldin stutt athöfn við ána. Ken Salazar, innanríkisráðherra Bandaríkjanna, var einn þeirra sem þar hélt tölu. Mál sitt hóf hann á því að tilkynna 2,5 milljóna dollara framlag stjórnvalda til verkefnisins. Einnig vakti hann athygli á því að þrátt fyrir að þungamiðja verkefnisins væri niðurrif þá væri honum hugstæð sú uppbygging sem í því felst. Verkefnið, sem tekur nokkur ár í heild, skapar mörg hundruð störf. Þegar til framtíðar er litið er mat sérfræðinga að störfin sem skapast muni skipti þúsundum, aðallega í ferðaþjónustu. Þá er litið til þess að stórir stofnar fiska í Penobscot muni hafa víðtæk áhrif á nærliggjandi svæði. Það er nefnilega svo að fiskistofnarnir allir taldir saman eru svo stórir að þeir hafa áhrif á fæðuframboð í Maine-flóa og viðkomu annarra tegunda þar, og svo koll af kolli. Reyndar ganga menn svo langt að segja að þetta „litla“ verkefni hafi ruðningsáhrif sem eiga sér vart hliðstæðu, hvert sem litið er.

### Loksins

En það var annar maður en ráðherrann Salazar sem vakti mesta athygli við athöfnina við Great Works-stífluna þennan dag. Áin hefur alltaf verið hluti af landi frumbyggjanna sem bera nafn hennar. Í 10.000 ár leitaði Penobscot-ættbálkurinn í gnægtahorn náttúrunnar og lifði á fiskveiðum að mestum hluta. Því lauk árið sem Veazie-stíflan var byggð, eins og höfðingi ættbálksins Kirk Francis minnti á. Hann sagði mikilvægi þessarar framkvæmdar ekki síst liggja í því að frumbyggjar svæðisins endurheimta það sem þeim er kærast – og kannski möguleikann til að endurheimta glatað stolt í leiðinni. Barátta þeirra fyrir að endurheimta fyrri landkosti á svæðinu hófst nefnilega árið 1835, 164 árum áður en PPL, orkufyrirtækið bandaríska, sá sér leik á borði við að losna við skriffinnskuna í kringum umsvif þess í Penobscot.

# Samspil **lífeyris** og **almannatrygginga**

- Við samanburð á kjörum lífeyrisþega á **almennum** og **opinberum vinnumarkaði** verður að taka tillit til **almannatrygginga.**

- Greiðslur ellilífeyris frá **Tryggingastofnun** eru verulegur hluti af lífeyriskjörum Íslendinga og þannig fær fólk á **almennum vinnumarkaði** hluta lífeyrisgreiðslna sinna úr **ríkissjóði.**

- Eins og myndin sýnir, fá lífeyrisþegar úr **opinberu sjóðunum** almennt **hærri greiðslur** úr lífeyrissjóðum og þar af leiðandi **lægri** frá **Tryggingastofnun**. Þeir sem fá greitt úr **almennu lífeyrissjóðunum** fá hins vegar **hærri greiðslur** frá **Tryggingastofnun**. Falin **skuldbinding ríkissjóðs** vegna sjóðfélaga **almennu lífeyrissjóðanna** er því umtalsverð.

- **Opinberir starfsmenn** fá allt að **30% lægri laun** á starfsævinni en greidd eru fyrir **sambærileg störf** á **almennum vinnumarkaði**. Lífeyriskjör vega ekki upp þann mun.

**Anna og Bjarni** greiða hvort um sig af launum sínum **í lífeyrissjóð í 38 ár.**

| | Anna<br>A-deild LSR | Bjarni<br>Almennur sjóður | Munur |
|---|---|---|---|
| **Mánaðarlaun** | 350.000 kr. | 350.000 kr. | 0% |
| **Framlag launþega** | 14.000 kr. | 14.000 kr. | 0% |
| **Framlag vinnuveitanda** | 40.250 kr. | 28.000 kr. | –30,4% |
| **Samtals framlag í lífeyrissjóð** | 54.250 kr. | 42.000 kr. | –22,6% |

Þegar kemur að töku lífeyris búa þau ein (ekki á elliheimili) og hafa aðeins tekjur úr sínum lífeyrissjóði og frá Tryggingastofnum.

38 ár

| | Anna | Bjarni | Munur |
|---|---|---|---|
| **Tekjur úr lífeyrissjóði** | 252.700 kr. | 195.500 kr. | –22,6% |
| **Tekjur frá TR** | 27.000 kr. | 58.600 kr. | +117,0% |
| **Alls tekjur** | 279.700 kr. | 254.100 kr. | –9,2% |
| **Skattar** | 59.300 kr. | 49.000 kr. | –17,4% |
| **Ráðstöfunartekjur eftir skatt** | 220.400 kr. | 205.100 kr. | –6,9% |

Munurinn á ráðstöfunartekjum Önnu og Bjarna verður nánast enginn ef þau flytja á elliheimili.

Heimild: Skýrsla Talnakönnunar hf. **Samspil almannatrygginga, lífeyris frá lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna, lífeyris frá almennum lífeyrissjóðum og skatta** Reykjavík 2011 og **Oddur S. Jakobsson** hagfræðingur KÍ.

Bandalag háskólamanna | BSRB | KENNARASAMBAND ÍSLANDS

# Bylting frá því sem áður var

**Þegar Sigurður P. Sigmundsson sást hlaupa í vegarköntum á áttunda áratugnum þótti það sérviskulegt. Nú eru allir úti að hlaupa. Sigurður á sinn þátt í því, hann hefur verið óþreytandi að þjálfa og aðstoða við skipulagningu langhlaupa og er nýbúinn að halda erindi hjá fyrirtæki í borginni í tilefni Reykjavíkurmaraþons þegar hann mætir í viðtal við *Gunnþóru Gunnarsdóttur*.**

Þessi vika fyrir Reykjavíkurmaraþonið er alltaf dálítið skemmtileg hjá mér, það vill svo vel til að ég er í sumarfríi enda stíla ég upp á það,“ segir Sigurður P. Sigmundsson hagfræðingur glaðlega meðan hann fær sér sæti. Sigurður er meðal frumkvöðla í langhlaupum hérlendis, átti Íslandsmet í maraþoni í þrjátíu ár og það síðasta, frá Berlín 1985, var ekki slegið fyrr en eftir 26 ár. Margir leita til hans eftir góðum ráðum nú þegar þúsundir eru í þann veginn að taka á sprett.

„Þegar Reykjavíkurmaraþonið byrjaði árið 1984 voru þátttakendur 214, þar á meðal nokkrir útlendingar, og þótti alveg gríðarlega flott. Áður höfðu um tveir tugir Íslendinga hlaupið maraþon, án þess að æfa reglubundið. Nú eru þeir hátt í tvö þúsund, fólk á öllum aldri og af báðum kynjum. Þetta hefur byggst upp jafnt og þétt, sérstaklega eftir síðustu aldamót,“ segir Sigurður um þróun hlaupsins. Hann kveðst fagna því hversu hreyfing sé orðin almenn í dag hvort sem hún sé í formi hlaupa, hjólreiða, fjallganga eða annars og segir fólk líta á hana sem lífsgæði. „Ég er oft fenginn til að leiðbeina fólki um hreyfingu og þegar ég spyr það um tilganginn kveðst það vilja eiga þess kost að upplifa ævintýri eins og að ganga á Esjuna með vinnufélögum eða skreppa á Hornstrandir með fjölskyldunni. Mér finnst þetta alveg frábært og mikil bylting frá því sem áður var. Upp úr 1980 voru líkamsræktarstöðvar fáar en eru nú við aðra hverja götu. Við þá sem ekki eru byrjaðir að hreyfa sig vil ég segja; Það er aldrei of seint að byrja og það er engin ástæða til að hræðast það verkefni að taka þátt í almenningshlaupum. Það skemmtilega við Reykjavíkurmaraþonið er líka að þar er gott tækifæri til að láta gott af sér leiða í þágu góðra málefna.“

### Hlustaði á íþróttafréttirnar í sveitinni

Sigurður starfar sem sviðsstjóri fjármála- og rekstarsviðs hjá Vinnumálastofnun og er með afbrigðum frísklegur í fasi af 54 ára manni að vera. Hann kveðst í æsku hafa verið sveitastrákur. „Ég átti heima á Hörgslandi á Síðu til 12 ára aldurs. Foreldrar mínir voru ekki í íþróttum heldur kviknaði áhuginn hjá mér af sjálfu sér þegar ég var krakki. Ég fór að fylgjast með íþróttafréttum og sat hugfanginn við útvarpið þegar Örn Eiðsson fjallaði um afrek merkra íþróttamanna í þáttum sínum. Var innan við tíu ára þegar ég pantaði kennslubók um frjálsíþróttir sem Vilhjálmur Einarsson hafði gefið út í félagi við Gabor Simony, ungverskan þjálfara sem var hér á landi um tíma. Árið 1970 var haldið fyrsta héraðsmót Ungmennasambands V-Skaftafellssýslu og ég sigraði í fjórum greinum af fimm í flokki 13 ára og yngri. Það hvatti mig áfram.“

Til Hafnarfjarðar flutti Sigurður haustið 1969 og fór að taka þátt í fótbolta og handbolta en um sextán ára aldurinn voru frjálsíþróttirnar, sérstaklega hlaupin, komin í forgang. „Ég fann fljótlega að lengri hlaup áttu vel við mig og iðkaði þau á vegarköntum í nágrenni Hafnarfjarðar. Það þótti nokkuð skrítið því fáir voru að hlaupa í þá daga og skilningurinn á því sem ég var að gera ekkert sérlega mikill. Fólk var hissa á að ég skyldi ekki bara vera í boltaíþróttunum.“

Sigurður hljóp sitt fyrsta maraþon 1981 í Reykjavík, þá 24 ára, og þakkar Edinborg í Skotlandi það að hann hafi orðið þokkalegur maraþonhlaupari, þangað fór hann í háskólanám í hagfræði haustið 1978. „Ég kynnist mörgum hlaupurum í Edinborg, allt annarri aðstöðu og allt öðrum anda en hér. Þar þótti sjálfsagt að leggja mikið á sig og keppa um hverja helgi,“ segir hann. Hann kveðst hafa hlaupið Wolverhampton-maraþon á síðasta vetri sínum í skólanum árið 1982 á tímanum 2:27,03 og bætt þar með eigið Íslandsmet frá árinu áður í Reykjavík sem var 2:31,33 klukkustundir. „Síðan bætti ég Íslandsmetið á hverju ári, árið 1983 hljóp ég á 2:23,43 í New York, vorið 1984 var tími minn 2:21,20 í London og svo náði ég tímanum 2:19,46 í Berlín haustið 1985. Það met toppaði Kári Steinn Karlsson í fyrra á sama stað. Þú undrast kannski hvers vegna ég man alla þessa tíma en við þurftum að setja á okkur alla millitíma þegar ég var að hlaupa. Þá voru menn ekkert með Garmin-tæki eins og núna, heldur var maður eins og tölva og varð að muna allt.“

### Þekktar sögur um blautar buxur

Þegar Sigurður kom úr hagfræðináminu kveðst hann hafa verið fullur af krafti og áhuga á að efla langhlaup hérlendis og meðal annars átt dálítinn þátt í að móta Reykjavíkurmaraþonið. „Þá var veruleikinn allt annar en núna, engin hlaupabretti, engir stígar utan vega og enginn íþróttavöllur með gerviefnum,“ rifjar hann upp. „Mér fannst sjálfsagt að skila minni reynslu bæði til míns íþróttafélags, FH, og víðar og hef verið að gera það með því að þjálfa fólk og fræða auk þess að vinna innan Frjálsíþróttasambandsins að framkvæmd hlaupa. Þetta hef ég gert með mjög glöðu geði og það gefur mér mikið til baka enda hef ég kynnst mörgu skemmtilegu fólki gegnum hlaupin.“ Hann ætlar þó ekki að spretta úr spori í dag. „Ég hef ekki tekið mikinn þátt í hlaupum síðustu átta ár en er alltaf að segja einhverjum til og verð bara á hliðarlínunni.“

Skyldi Sigurður hafa lent í að hlaupa með stein í skónum langar leiðir? „Ég man ekki eftir því í maraþonhlaupi en í hálfmaraþoni losnaði hjá mér skóreim og ég þurfti að stoppa,“ svarar hann. Fleiri smáatriði við lokaundirbúning langhlaupa ber á góma. „Það er vandasamt að undirbúa mataræðið rétt,“ tekur hann fram. „Menn þurfa að gæta þess að drekka helst ekki seinna en 50 mínútum áður en hlaupið er ræst, þá ná menn að skila þeim vökva af sér. En það eru til þekktar sögur um blautar buxur og ljósmyndarar hafa á stórmótum eins og Ólympíuleikum og heimsmeistaramótum svolítið vakað yfir slíkum óhöppum.“

### Er að vinna í forgjöfinni

Á seinni árum kveðst Sigurður hafa snúið sér að golfinu. „Ég er að vinna í forgjöfinni og er kominn niður í fjórtán en draumurinn er að komast undir tíu,“ segir hann brosandi og bætir við að í golfinu séu margir gamlir frjálsíþróttamenn og hlauparar og eins spili hann oft með Einari bróður sínum. Sigurður er nefnilega elstur átta systkina og kveðst hafa drifið þrjá bræður sína með sér í íþróttirnar, þar á meðal Einar sem keppti fyrir Íslands hönd í 400 og 800 metra hlaupum. „Íþróttaáhuginn hefur tengt okkur bræður vel saman,“ segir hann og er í lokin spurður hvort hlaupagenin hans hafi erfst áfram. „Ég á fjögur börn en þau hafa ekki lagt keppnisíþróttir fyrir sig. Elsta dóttirin, Hrund, 29 ára, hefur hins vegar stundað crossfit um árabil og er bæði með einkaþjálfarapróf og BA í íþróttafræði frá HR. Diljá 18 ára og Karítas 16 ára voru töluvert í íþróttum þegar þær voru yngri, svo á ég 20 mánaða strák, Hrannar Pétur, sem er mjög sprækur og ég segi stundum í gríni að honum sé ætlað að ná Íslandsmetinu í maraþonhlaupi aftur í fjölskylduna. Aldrei að vita þar sem mamma hans, Valgerður Heimisdóttir, er líka hlaupari og varð önnur kvenna í 55 kílómetra Laugavegshlaupinu í júlí síðastliðnum.“

## Þátttakendur af 61 þjóðerni í ár

Aldrei hafa einstaklingar af jafn mörgum þjóðernum verið skráðir til leiks og í ár miðað við forskráningu, þeir eru af 61 þjóðerni. Erlendir þátttakendur Reykjavíkurmaraþons hafa heldur aldrei verið fleiri, eða 1.617. Í maraþon, hálfmaraþon og tíu kílómetra hlaup eru þegar skráðir fleiri en tóku þátt í þeim vegalengdum í fyrra en þá var sett þátttökumet í þessum vegalengdum. 10.387 manns hafa forskráð sig í hlaupið í ár og það er líka met.









**SIGURÐUR PÉTUR** Man ekki til að hafa hlaupið með stein í skónum langar leiðir en í hálfmaraþoni losnaði skóreim og hann þurfti að stoppa.

# SKÓLABÓKARDÆMI UM LÁGT VERÐ

**HP Envy Sleekbook**
**15.6" Beats Audio™**

- AMD Dual-Core A6-4455M 2.6GHz
- 8GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 500GB SATA-II 5400RPM diskur
- 15.6'' HD LED Glossy 16 / 9 1366x768
- AMD Radeon HD 7500G
- 4 cell rafhlaða allt að 8.0 tímar



**LENDIR 29. ÁGÚST**

**Alvöru hátalarar Beats Audio™**
**Örþunn aðeins 20mm**
**8 klst rafhlöðuending**

LISTAVERÐ ~~179.999~~

# 139.999;-

---

**Fujitsu Lifebook AH531**



**TIL Á LAGER**

- Intel Core i5-2450M 3.1GHz (Turbo) 3MB
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 320GB SATA 5400RPM diskur
- 15.6'' HD LED Glossy 16 / 9 1366x768
- 1GB NVIDIA GeForce GT 525M skjákort
- 6 cell rafhlaða allt að 7,3 tímar

**Intel 3.1 Ghz Turbo örgjörvi**
**1GB NVidia skjákort**
**7.3 klst rafhlöðending**

LISTAVERÐ ~~149.999~~

## 109.999;-

---

**HP Probook 4535S skólapakki**



**TIL Á LAGER**

**TASKA OG MÚS FYLGJA**

- AMD A6 3420M 2.4GHz Turbo
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 750GB SATA-II 5400RPM diskur
- 15.6'' HD LED Glossy 16 / 9 1366x768
- AMD/ATi Radeon HD 6480G skjástýring
- 6 cell rafhlaða allt að 6.0 tímar
- Windows 7 Professional 64-bit

**750gb diskur**
**6.0 klst rafhlöðending**
**Windows 7 Pro**

LISTAVERÐ ~~139.999~~

## 109.999;-

---

**HP Pavilion 11.6 BEATS**

- AMD E-series 1,4 GHz
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 500GB SATA-II 5400RPM diskur
- 11.6'' HD LED Glossy 16 / 9 1366x768
- AMD Radeon HD 7310
- 6 cell rafhlaða allt að 9.5 tímar
- Windows 7 Home 64-bit



**Beats audio**
**9.5 klst rafhlöðuending**

**TRYGGÐU ÞÉR EINTAK**

## 99.999;-

---

**HP Folio 13.3 Ultrabook**

- Intel Core i5 1.6Ghz
- 4GB DDR3 1333MHz vinnsluminni
- 128GB SSD háhraða diskur
- 13.3'' HD LED Glossy 16 / 9 1366x768
- Baklýst lyklaborð (nordic)
- 6 cell rafhlaða allt að 9.0 tímar
- Windows 7 Professional 64-bit



**TRYGGÐU ÞÉR EINTAK**

**Draumavélin frá HP**
**128GB SSD**

LISTAVERÐ ~~259.999~~

## 199.999;-

---

**Búðin.is**

**Lágt verð!**
Búðin.is er eingöngu á netinu. Það skilar sér í lægri rekstrarkostnaði og getum við því boðið lægra verð.

**Greiðslumöguleikar**
Fjöldi greiðslumöguleika er í boð. Staðgreiðsla, kortagreiðsla raðgreiðsla. Þú velur

**Skilaréttur**
Að sjálfsögðu. Það eru 14 daga skilaréttur frá því að þú hefur fengið vöruna í hendur.

**Ábyrgð**
Búðin.is notast aðeins við viðurkennd þjónustu- og viðgerðarverkstæði. Ábyrgð á raftækjum og tölvubúnaði eru 2 ár.

**Þægindi**
Hægt er að fá vöruna senda heim að dyrum eða sækja hana á einhvern 70 afgreiðslustaða Póstsins um land allt.



# Haust & vetur

**10.000 kr.** afsláttur á völdum dagsetningum.

STRENDUR • SKÍÐI • BORGIR



## Sala haust- og vetrarferða í fullum gangi!

Heimsferðir bjóða nú sérstakan 10.000 króna bókunarafslátt á völdum dagsetningum í haust- og vetrarferðirnar. Takmarkaður fjöldi sæta er í boði á þessum kjörum.

## Tenerife

í haust og vetur

**Villa Adeje Beach**

**Frá 93.900 kr.** í 7 nætur með allt innifalið

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2–11 ára, í íbúð með allt innifalið.

Netverð m.v. 2 fullorðna í studio-íbúð með allt innifalið kr. 117.600 á mann. Sértilboð 27. september í 7 nætur.



## Kanarí

í allan vetur

**Roque Nublo**

**Frá 119.900 kr.** í 14 nætur

**30.000 kr. afsláttur**

Netverð m.v. 2 fullorðna í íbúð með einu svefnherbergi. Sértilboð 5. desember í 14 nætur.



ENNEMM / SIA • NM53745 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

# Skíðaveisla

## í Austurríki - Flachau - Zell am See - Lungau

Heimsferðir bjóða beint morgunflug til Salzburg, skammt frá bestu skíðasvæðum Austurríkis. Í ár bjóðum við m.a. skíðaparadísina Flachau sem er í miðju Ski-amadé svæðisins auk okkar vinsælu skíðaferða til til Zell am See, Lungau o.fl. Kynntu þér framboð okkar á skíðaferðum og sannfærstu um að það er glæsilegra og á betri kjörum en gengur og gerist.

**Frábært verð**
Skihotel Speiereck
**Frá 96.900 kr.** í 7 nætur með hálfu fæði
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2–11 ára, í fjölskylduherbergi.
Netverð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 112.400 á mann. 19. janúar í 7 nætur.



# Costa del Sol



Síðustu sætin
í haust

**Frábært verð**
Griego Mar
**Frá kr. 93.900**
í 8 nætur með allt innifalið
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2–11 ára, í fjölskylduherbergi.
Netverð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 112.800 á mann, 11. september í 8 nætur.





Síðustu sætin
í haust

Marinem Karaca Resort
**Frá 119.600 kr.** í 11 nætur með allt innifalið
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2–11 ára, í fjölskylduherbergi.
Netverð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 159.900 á mann. 24. ágúst í 11 nætur.

# Tyrkland



# Benidorm

**Frábært verð**
Carlos I
**Frá kr. 105.900**
í 14 nætur með fullu fæði
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2–11 ára, í fjölskylduherbergi.
Netverð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 139.900 á mann, 28. ágúst í 14 nætur.



# Alicante



frá
**14.900**
21. og 28. ágúst til Alicante

Skráðu þig í netklúbb Heimsferða á **heimsferdir.is**

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

**Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**

Heimsferðir





# Leifar af síldarsögu

***Stefán Karlsson*** ljósmyndari var á ferð í Ingólfsfirði á Ströndum og heillaðist af formum mannvirkjanna á Eyri sem vitna um mikinn stórhug en eru nú í niðurníðslu.

Við Ingólfsfjörð á Ströndum standa minjar um mikinn stórhug. Geir Thorsteinsson, Beinteinn Bjarnason og Ingólfur Flygenring stofnuðu fyrirtækið Ingólf hf. árið 1942 og hófu byggingu síldarbræðslu á Eyri. Til þess fengu þeir Helga Eyjólfsson byggingameistara, sem áður hafði reist stórar verksmiðjur í Djúpuvík á Ströndum og Hjalteyri við Eyjafjörð.

Um þetta leyti veiddist mikil síld, meðal annars í Húnaflóa, þaðan var stutt af miðunum inn á Ingólfsfjörð.

Verksmiðjan á Eyri tók til starfa sumarið 1944 og bræddi það sumar eitt hundrað þúsund mál síldar. En sælan var skammvinn því strax næsta ár dró úr veiðum og eftir sumarið 1952 fékkst ekkert hráefni til bræðslu á Ingólfsfirði.

Nú eru kríur einu íbúarnir á þessu forna athafnasvæði og þær láta ferðamenn af sér vita.












La Manga Felipe ★★★★★

# Sláðu í gegn **á Spáni**

Fimm funheitir spænskir áfangastaðir sem uppfylla allar óskir golfarans. Innifalið er flug með sköttum, frítt fyrir golfsettið, gisting í 7 eða 12 nætur með hálfu fæði (morgunverði og kvöldverði)*, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.

Verð frá, á mann í tvíbýli: **148.900 kr.** 7 og 12 daga ferðir í boði.

**Frítt fyrir golfsettið**
**Akstur til og frá flugvelli**
**Golfkennsla í boði**



La Sella ★★★★★



Bonalba ★★★★★



Oliva Nova ★★★★★



Skelltu þér til La Sella
4.–11. október með
**Loga Bergmann**



La Manga Las Lomas ★★★★



Fararstjórar í golfferðum WOW ferða eru: Björn Eysteinsson, Sigurpáll G. Sveinsson og Jón Karlsson.

## Framlengdu golfsumarið með WOW ferðum

Fjölmargar ferðir í boði á flottustu golfvelli á Spáni. Farðu inn á wowferdir.is eða hringdu í síma 590 3000 fyrir bókanir eða frekari upplýsingar. Flogið er með WOW air í dagflugi, með miklu sætaplássi og nóg af brosi um borð.

wowferdir.is

WOW FERÐIR

WOW ferðir | Höfðatún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | wowferdir.is | wowferdir@wowferdir.is

*Eingöngu morgunverður í boði á La Manga.



**Í SKOSKA ÞINGHÚSINU** Hér er Lama Yeshe, þriðji frá vinstri í neðri röð, í skoska þinginu fyrr í sumar, en sá fimmti er Dalai Lama. Þarna í Holyrood var saman kominn hópur forsvarsmanna hinna ýmsu trúarbragða.



**VIÐ HUGLEIÐSLU** Hér eru þeir Choden og ábótinn Lama Yeshe við hugleiðslu í Skotlandi. Sá síðarnefndi er væntanlegur hingað til lands á næsta ári en hann var hér einnig á ferðinni gósenárið 2007. MYND/GUNNAR L. FRIÐRIKSSON

# Sektarkenndin er gagnslaus

Hversdagsálagið getur kostað fórnir sem Íslendingar eru vanir að færa. Ábótinn **Lama Yeshe Losal Rinpoche** frá Tíbetbúddaklaustri á Skotlandi minnti Íslendinga á að sitthvað er hagvöxtur og hugarró þegar hann kom hingað gósenárið 2007 en hann er væntanlegur hingað til lands aftur á næsta ári. Hann bar boðskapinn fyrir *Jón Sigurð Eyjólfsson* blaðamann fyrir skemmstu.

Lama Yeshe Losal Rinpoche kom til Íslands árið 2007 þegar landsmenn stóðu í þeirri trú að smjör drypi af hverju strái. Nú er Hugleiðslu- og friðarmiðstöðin að undirbúa aðra Íslandskomu Rinpoche á næsta ári. En þó ástand landsmanna verði þá allt annað en í gósentíðinni fyrir hrun þá verða skilaboð tíbeska ábótans þau sömu enda hafa þau staðið af sér tuggur tímans í þúsund ár.

„Ég man að fólkið sagði mér að hagvöxtur væri með því allra mesta í heiminum, þegar ég kom árið 2007, en það fer ekki alltaf saman hagvöxtur og hugarró því fólk sagðist vera þreytt af mikilli vinnu og álagi,“ rifjar hann upp.

### Ekki bera á bálköst þjáningarinnar

En hvað hafði hann að segja við hrelldan nútímamanninn? „Hvert sem við förum færum við samfélaginu nokkuð veganesti. Búddismi er ekki bókstafstrú, þannig að við erum ekkert að halda því fram að við séum hinir einu sannleiksberar heimsins.

Það sem við gerum hins vegar er að kenna fólki að virkja hugann. Fólk er mjög framsækið nú á dögum. Það vinnur mikið en er síðan ósköp niðurdregið að dagsverki loknu. Við kennum því að feta slóð kærleikans, fyrirgefningarinnar, samkenndar og umburðarlyndis. Og til þess að kunna fótum sínum þar forráð er mikilvægt að láta alla dómhörku lönd og leið.

Þessi slóð er farsæl fyrir hvern sem er, hvort sem hann er búddisti eður ei. Flestir telja sig vera vel gáfum gæddir og það er því ekki úr vegi að beita þeim gáfum til þess að auka friðsæld en bera ekki eldivið á sársaukabál heimsins.

Við verðum að finna hugarró og kærleika gagnvart þeim sem nálægt okkur standa og eins velþóknun á þeim verkefnum sem standa fyrir dyrum í hinu daglega lífi. Ef þú fetar þessa slóð þá kemur það sér einkar vel fyrir þá sem nálægt þér standa en þegar við erum í sífelldu stressi skapast hætta á því að við særum samferðarfólk okkar með orðum og æði. Svo ég mun reyna að hvetja Íslendinga til þess að feta þessa slóð þegar ég kem í Hugleiðslu- og friðarmiðstöðina.“

### Fyrsta Tíbetmunkaklaustrið á Vesturlöndum

Lama Yeshe býr í Skotlandi og er ábóti í tíbetska klaustrinu Samyé Ling en bróðir hans, Akong Tulku Rinpoche, kom því á laggirnar. Þeir bræður flúðu heimaland sitt, rétt eins og Dalai Lama, árið 1959 þegar Kínverjar brutu á bak aftur uppreisn heimamanna sem þá höfðu lotið kínverskri herstjórn í níu ár. Lama Yeshe var þá á táningsaldri og komst hann við illan leik til Indlands. Þar dvaldi hann um nokkurt skeið í flóttamannabúðum en síðan komst hann til mennta og vann síðar fyrir háttsetta Tíbetmunka. Árið 1969 tóku þeir bræður sig hins vegar til og héldu til Skotlands þar sem þeir komu fyrrnefndu klaustri á koppinn en það er fyrsta Tíbetmunkaklaustrið til þess að líta dagsins ljós í hinum vestræna heimi.

### Allt mannkynið er fjölskylda

Nú ferðast hann um víðan heim og kennir hugleiðslu og fótaforráð á lendum hugans. Hann gleymir þó ekki átthögum sínum og reynir að fara reglulega til Tíbets að hjálpa þar til. Hann sá á eftir foreldrum sínum og tveimur systrum þegar hann lagði á flótta og sá hann foreldra sína aldrei síðar en systur hans búa enn í Tíbet. „En þar sem ég er Lama er það afar erfitt að fá landvistarleyfi svo ég er ekki í miklu sambandi við Tíbet,“ segir hann.

Orðið lama er komið úr hans móðurmáli og er því stundum líkt við orðið guru sem margir kannast við en það kemur úr sanskrít. En hvað fylgir því að vera lama? „Í Tíbetbúddisma tökum við á okkur vissar skuldbindingar. Við skuldbindum okkur til þess að hugsa aldrei um okkur sjálfa af eigingirni því öll okkar andlega og líkamlega orka á fyrst og fremst að þjóna mannkyninu en ekki okkar þrám. Við tileinkum okkur hugleiðslu og ábyrga lifnaðarhætti. Að vera lama þýðir það að þú getur ekki gift þig og stofnað fjölskyldu enda lítum við svo á að mannkynið allt sé stóra fjölskyldan okkar. Og hvert sem við förum berum við boðskapinn um kærleika og samkennd.“

### Kínverjar reisa líka Tíbetmunkaklaustur

En það gengur á ýmsu í þessari stóru fjölskyldu sem byggir þennan heim. Það hlýtur að vera erfitt að horfa á erlendan her taka yfir land sitt enda hefur heyrst hljóð úr öllum heimshornum vegna yfirgangs Kínverja í Tíbet. Hvaða hug ber Lama Yeshe Losal Rinpoche til Kínverja? Ber hann ekki í brjósti þá þrá að Tíbet verði einhvern daginn frelsað undan þessum yfirgangi? „Eins og ég sagði þá berum við, sem erum lama, boðskap um kærleika og samkennd. Sá boðskapur breytist ekkert þó þú missir land þitt og hrekist á brott. Við segjum að fólk verði að fyrirgefa, ekki hefna. Svo við erum ekki uppteknir af því hver fer með stjórnartauma í Tíbet. Við einbeitum okkur að kennslunni og til að undirstrika þetta bendi ég á að við höfum fjölmarga kínverska nemendur víða um veröld. Þó Kínverjar hafi á sínum tíma jafnað Tíbetmunkaklaustur við jörðu í Tíbet þá eru aðrir kínverskir Tíbetmunkar að byggja þúsund önnur annars staðar í heiminum. Og meira að segja í Tíbet eru Tíbetmunkar að kenna Kínverjum þannig að ég held að hægt og bítandi hverfi allt til betri vegar í Tíbet sem og annars staðar.“

### Ekki skal verja trú með vopnum

Víða hefur borist á banaspjót til þess að verja ákveðna trú eða þjóð. Það er gryfja sem Tíbetmunkar vilja síst af öllu falla í, segir hann. „Við segjum að ef þú vilt gera trú okkar gott skaltu tileinka þér það sem hún boðar, ekki berjast fyrir hana,“ segir hann. „Ég hef einnig orðið var við það, sérstaklega hjá þeim nemendum sem aldnir eru upp í kristnum gildum, að þeir halda traustataki í sektarkenndina. En sektarkenndin er með öllu tilgangslaus. Við verðum að lifa ábyrgu lífi og ef okkur verður á þurfum við að horfast í augu við það, bæta fyrir það og einsetja okkur að stíga ekki aftur sama villusporið.“

> Að vera lama þýðir það að þú getur ekki gift þig og stofnað fjölskyldu enda lítum við svo á að mannkynið allt sé stóra fjölskyldan okkar.



**GUNNAR L. FRIÐRIKSSON** Nuddarinn finnur hér fyrir skriðþunga þúsund ára hefðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Vilja starfrækja klaustur á Íslandi

Hugleiðslu- og friðarmiðstöðin á Grensásvegi er í samstarfi við Tíbetmunkaklaustrið í Skotlandi. Þar kemur fólk saman tvisvar í viku og hugleiðir samkvæmt hefðum Tíbetmunka. Einn þeirra sem þar heldur til er Gunnar L. Friðriksson nuddari.

„Það sem hrífur mig mest er að það er lagt svo mikið upp úr því að fylgja í einu og öllu hinni svokölluðu Kagyu-línu tíbetsks búddisma sem er að minnsta kosti þúsund ára gömul. Þannig að mér finnst ég finna fyrir skriðþunga aldanna, þetta er eins og að sitja við enda skriðjökuls og finna hvernig þessi þúsund ára kraftur mjakar þér áfram. Þannig að þetta er ekki eitthvert prógram sem einhver maður úti í bæ hefur lært einhvers staðar og ákvað að brydda upp á.“

Hann segir enn fremur að þó þetta sé Tíbet-búddismi komi margir sem kjósi að ganga ekki þeirri trú á hönd. Gunnar þekkir Lama Yeshe Losal Rinpoche af góðu einu en hann fór í klaustrið til hans í Skotlandi, ásamt konu sinni Helenu Bragadóttur, og fóru þau á átta daga námskeið á vegum þess á skosku eyjunni Holy Island.

Það voru hjónin Dagmar Vala Hjörleifsdóttir og Halldór Jónsson sem komu Hugleiðslu- og friðarmiðstöðinni á koppinn sem nú er á sínu níunda starfsári. Upphafið má þó rekja til Malaví þar sem þau hjón unnu við þróunarstörf. „Þar kynntist ég manni að nafni Rob Nairn sem er hugleiðslukennari,“ rifjar hún upp. „Hann er reyndar lærður afbrotasálfræðingur en svo var honum bent á að hætta þeim starfa og snúa sér eingöngu að hugleiðslukennslu. Hann gerði það og seldi allar sínar eigur og fór að ferðast um heiminn til að kenna og það hefur hann gert nú í þrjátíu ár.“

Dagmar var undir handleiðslu hans og kynntist þá bræðrunum í Samyé Lingklaustrinu í Skotlandi. „Ég leit alltaf á mig sem nemanda en einn daginn var mér sagt að nú skyldi ég fara að byrja að kenna þetta. Ég hló bara. En svo þegar ég var búin að hlæja í eitt ár byrjaði ég að kenna. Fyrst vorum við hjónin með þetta heima, þá var bara tekið úr lás og fólkið kom inn að hugleiða en stofan var fljót að fyllast svo við keyptum húsnæðið á Grensásvegi. Það húsnæði er reyndar löngu sprungið utan af okkur svo við erum farin að leita að nýju húsnæði. Við erum líka að leita að húsi úti á landi til að starfrækja Tíbetmunkaklaustur hér á landi.“

Þau hjón eru með hugleiðslunámskeið en svo eru Gunnar og Helena með námskeið þar sem þau kenna núvitund en það kennir fólki meðal annars að halda hugarró í hinu daglega lífi. Dagmar Vala segir að hugleiðslufundirnir sem séu á föstudagsmorgnum og miðvikudagskvöldum standi öllum opnir. „Við erum alltaf að,“ segir hún, „það hefur ekki fallið miðvikudagur úr frá upphafi sama hvað hátíðardaga og tilstand áhrærir.“



**DAGMAR VALA HJÖRLEIFSDÓTTIR** Hér leiðir Dagmar Vala hugleiðslu í Hugleiðslu- og friðarmiðstöðinni.


ILVA
einfaldlega betri kostur
30-80%
AFSLÁTTUR
RÝMINGAR-
SALA
RÝMUM FYRIR
HAUSTLÍNUNNI
NÝTT KORTATÍMABIL
VISA Lán
- VAXTALAUST
Bjóðum uppá
vaxtalaust
lán til 6 mánaða
ILVA
sendum um allt land
ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is - laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30
© ILVA Ísland 2012



PROENZA SCHOULER

MAISON MARTIN MARGIELA

CHLOÉ READY

## ÁBERANDI YFIRHAFNIR:

Yfirhafnir gegna lykilhlutverki í hausttískunni og því meiri um sig því betri. Mikið var um síðar, efnismiklar kápur í fatalínum helstu tískuhúsanna.



MIU MIU

PRADA

MARY KATRANTZOU

## BUXUR

Flík vetrarins eru buxur en þar er fjölbreytileikinn allsráðandi í sniðum. Víðar buxur og þröngar og leðrið kemur sterkt inn.



MUGLER



YVES SAINT-LAURENT

HERMÈS

# DRAMATÍSKT HAUST

Nú þegar sólin er farin að lækka á lofti og sumarflíkurnar að mestu horfnar úr verslunum landsins er ekki úr vegi að skoða hvaða tískubólur verða vinsælastar á komandi vetri. Litadýrðin og munstrin halda áfram og buxur verða í aðalhlutverki. **Álfrún Pálsdóttir** tók saman.

## Í STÍL:

Í haust og vetur er um að gera að vera óhræddur við að klæðast fatnaði í stíl, sama mynstur að ofan og neðan er skemmtileg ný tískubóla.



ACNE

ALEXANDER MCQUEEN

BURBERRY PRORSUM

## ÁHERSLA Á MIITTIÐ:

Breiða mittisbeltið kemur inn á nýjan leik í vetur og það má gjarna vera ansi áberandi.



PROENZA SCHOULER

BALMAIN

MARCHESA

## ÚTSAUMUR:

Flíkur með fallegum útsaumuðum myndum, á borð þær sem finna má á gömlum púðum frá ömmu, verða vinsælar í haust. Smáatriðin skipta máli.

# Til hamingju með daginn!

## Í dag munu um 13 þúsund manns hlaupa á götum borgarinnar í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka.




## Truflun á umferð vegna Reykjavíkurmaraþons

**Líkt og undanfarin 28 ár er nauðsynlegt að loka götum á meðan Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka fer fram. Búast má við truflun á umferð meðan á hlaupi stendur og því þurfa hlauparar og bílstjórar að gæta varúðar.**

## Lokun á götum frá kl. 05.00 til 15.00

- Amtmannsstígur
- Bjarkargata
- Fríkirkjuvegur
- Geirsgata
- Hafnarstræti
- Kalkofnsvegur
- Kringlumýrarbraut norðan Borgartúns
- Skálholtsstígur vestan Laufásvegar
- Skothúsvegur
- Skólastræti
- Sóleyjargata
- Sæbraut að Laugarnesvegi/Dalbraut
- Tjarnargata
- Tryggvagata
- Vonarstræti
- Þingholtsstræti norðan Amtmannsstígs

## Einstefna frá kl. 08.00 til 14.00

- Austur Eiðsgranda
- Austur Mýrargötu
- Austur Sæbraut milli Laugarnesvegar og Dalbrautar
- Vestur Ægisíðu og Nesveg

## Lokanir á götum frá kl.00.00 til 15.00

- Lækjargata milli Vonarstrætis og Bankastrætis
- Amtmannsstígur við Lækjargötu

## Truflun á umferð frá kl. 08.00 til 12.00

- Skothúsvegur
- Suðurgata að Melatorgi
- Lynghagi
- Suðurströnd
- Lindarbraut
- Norðurströnd
- Hringtorg vestast á Hringbraut
- Ánanaust
- Hringtorg við enda Mýrargötu
- Fiskislóð
- Grunnslóð
- Grandavegur
- Suðurgata
- Hringbraut við Melatorg
- Austast á Vesturgötu
- Gatnamót Borgartúns og Kringlumýrarbrautar
- Vestast á Klettagörðum
- Gatnamót Suðurlandsbrautar og Reykjavegar
- Engjavegur við Fjölskyldugarð
- Álfheimar við Glæsibæ
- Skeiðarvogur við Suðurlandsbraut og Stjörnugróf við Traðarland

## Takmarkaður fjöldi bílastæða. Tökum strætó!

29 ÁRA REYKJAVÍKUR MARAÞON ÍSLANDSBANKA
18. ÁGÚST 2012

**Upplýsingar á www.marathon.is**


REYKJAVÍKURMARAÞON
Íslandsbanki · vita · asics · POWERADE ION4 · Barilla · SUZUKI · margt smátt · ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR

# KRÓNAN

**Nýtt kortatímabil!**

# KJÚKLINGA-VEISLA!

**1798** kr. kg
Krónu ferskar kjúklingabringur, magnkaup

**1239** kr. kg
Krónu með lime og rósmarín

**479** kr. kg
Móa kjúklingavængir

**669** kr. kg
Krónu blandaðir kjúklingabitar

**898** kr. kg
Móa kjúklingaleggir

GOTT VERÐ

**799** kr. kg
Krónu heill kjúklingur

2 í pk.

**589** kr. pk.
Holta kjúklingaborgari með brauði, 2 stk.

**719** kr. kg
Móa kjúklingakjuðar

40% afsláttur

**2309** kr. kg
Verð áður ~~3849~~ kr. kg
Ungnautapiparsteik

**659** kr. pk.
Krónu bragðarefur, 1,33 l

**159** kr. stk.
Powerade Mountain Blast, 500 ml

4 í pk.

Red Bull, 4 x 250 ml — 789 kr./pk.
Red Bull, sykurlaus, 250 ml — 229 kr./stk.

Safnaðu AUKAKRÓNUM í öllum verslunum krónunnar

EXPO • www.expo.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl


FLOTTAR SKÓLATÖSKUR
FRÁBÆRT VERÐ!
795 kr. stk.
Mimo skólataska með leikfimitösku
9490 kr. stk.
Explore skólatöskur
1299 kr. stk.
Explore pennaveski
795 kr. stk.
Skólataska
399 kr. stk.
Reikningsbók, A4 rúðustrikuð
399 kr. stk.
Stílabók, A4 línustrikuð
399 kr. pk.
Vinnub.blöð, A4, línu- og rúðustr.
499 kr. stk.
Gormabók, A4 línustrikuð, 80 bls.
149 kr. stk.
Plastmappa, A4, 5 litir
249 kr. pk.
Milliblöð, 5 lita
449 kr. pk.
Milliblöð, 10 lita
295 kr. pk.
Áherslutúss, 4 litir í pk.
295 kr. pk.
Fallblýantur með aukablýi
12 í pk.
12 í pk.
179 kr. stk.
Boxy strokleður
399 kr. pk.
2 HB blýantar í pk.
699 kr. pk.
HB blýantur og yddari í pk.
395 kr. pk.
Maped trélitir, 12 í pk.
595 kr. pk.
Maped tússlitir, 12 í pk.
699 kr. stk.
Click Correct leiðréttingapenni
KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna
Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

■ MANCHESTER UNITED

## Titlaleysi sæmir United ekki



89 stig hefðu dugað Manchester United til sigurs öll keppnistímabilin í ensku úrvalsdeildinni ef frá er talið það síðasta. Ótrúlegur árangur hjá liði sem glímdi við meiðslavandræði sem aðeins Arsene Wenger kannast við, auk þess sem liðið þótti spila vel undir pari. Tímabilið var það fyrsta bikarlausa frá því 2004-2005 og því tímabil vonbrigða hjá félagi sem hefur verið nánast óstöðvandi undanfarna tvo áratugi.

Markvarðarstaðan er enn áhyggjuefni hjá United og sömu sögu má segja um bakvarðarstöðurnar þar sem Patrice Evra má muna sinn fífil fegurri og enginn virðist augljós fyrsti kostur hægra megin. Endurkoma Nemanja Vidic eftir átta mánaða fjarveru er fagnaðarefni enda um jafnbesta varnarmann deildarinnar að ræða.

Með kaupunum á Robin van Persie stendur liðið vel að vígi sóknarlega enda með fjóra frábæra framherja og er þá Dimitar Berbatov ótalinn. **Shinji Kagawa** er kærkomin viðbót í sköpunarferlið á miðjunni en hvort honum tekst að láta til sín taka svo tekið verði eftir á sínu fyrsta tímabili á Old Trafford kemur í ljós.



**MEISTARAEFNI** Belginn Vincent Kompany, fyrirliði Manchester City, lyftir bikarnum eftir ótrúlegan lokadag ensku úrvalsdeildarinnar í maí síðastliðnum. Liðið hefur farið sér óvenju hægt á leikmannamarkaðnum í sumar en hópurinn er þó sá sterkasti í deildinni. NORDICPHOTOS/AFP

■ CHELSEA

## Hazard loksins mættur



Eina liðið sem telja má líklegt til að veita Manchester-risanum keppni fram í rauðan dauðann er Evrópumeistaralið Chelsea. Segja má að martröð hafi orðið að ótrúverðugum draumi þegar Lundúnaliðið fagnaði ekki aðeins sigri í ensku bikarkeppninni heldur kom langþráður Meistaradeildarbikar í hús. Allt féll með Chelsea á vormánuðum og varð til þess að bráðabirgðastjórinn Roberto Di Matteo fékk tveggja ára samning.

Didier er farinn en tveir afar spennandi leikmenn mættir á svæðið. Belginn **Eden Hazard** er loksins mættur í ensku úrvalsdeildina en besti leikmaður frönsku deildarinnar undanfarin tvö ár fær samkeppni frá Brasilíumanninum og jafnaldra sínum Oscar í skapandi hlutverki í sóknarleik Chelsea. Þá má ekki gleyma því að Chelsea á inni Fernando Torres sem mun dæla inn mörkum um leið og sjálfstraustsstankurinn fyllist.

# Sá enski byrjar að rúlla

Keppni í ensku úrvalsdeildinni í knattspyrnu hefst á nýjan leik í dag eftir þriggja mánaða sumarfrí. Þrjú lið þykja líklegust til afreka þótt stuðningsmenn Arsenal, Liverpool og Tottenham séu því eflaust ósammála. *Kolbeinn Tumi Daðason* velti fyrir sér stöðu mála í vinsælustu knattspyrnudeild í heimi.

Manchester City landaði sínum fyrsta Englandsmeistaratitli í 44 ár með dramatískasta mögulega hætti í maí. Tvö mörk í viðbótartíma tryggðu liðinu sigur í lokaumferð sem seint verður leikin eftir. Meistaratitillinn vannst á markatölu þar sem 6-1 útisigur á erkifjandanum og nágrannanum United gerði gæfumuninn.

Almennt er talið erfiðara fyrir lið að verja titil heldur en að vinna hann en því gæti verið öfugt farið hjá City. Þrátt fyrir að liðið hafi farið lítinn á leikmannamarkaðnum samanborið við undanfarin ár er leikmannahópur félagsins án nokkurs vafa sá sterkasti í deildinni. Með tveimur stórum titlum á tveimur árum hefur skapast sigurhefð á Etihad-leikvanginum sem hefur aðeins aukið sjálfstraust og trú stjarnanna í ljósbláa búningnum.

Mikilvægi fyrirliðans Vincents Kompany varð augljóst á síðustu leiktíð er hann var frá vegna meiðsla. Liðið má illa við fjarveru hans og ef Roberto Mancini þarf að styrkja liðið á einhverjum vígstöðvum er það í hjarta varnarinnar. Fá veikleikamerki er að finna á sóknarleik liðsins þar sem Sergio Aguero fer fremstur í flokki. Ef Carlos Tevez og Mario Balotelli einbeita sér að því sem þeir fá borgað fyrir er erfitt að sjá nokkuð lið skáka City.

■ ARSENAL, TOTTENHAM OG LIVERPOOL

## Gætu háð baráttu um þriðja sætið í deildinni

Það er orðinn árviss viðburður að Arsenal selji fyrirliða og einn sinn heitast elskaða leikmann í aðdraganda tímabilsins. Í fyrra var það Cesc Fabregas og nú Robin van Persie. Dagsetningin, 15. ágúst, var sú sama en munurinn er sá að Arsene Wenger virðist hafa reynt að fylla í skarðið í tíma. Lukas Podolski og Olivier Giroud munu skora mörk en kaupin á Santi Cazorla eru síst minna spennandi. Vondu fréttirnar eru þær að Alex Song virðist á förum auk þess sem óvíst er hvenær Jack Wilshere verður klár í slaginn. Upphaf tímabilsins gæti því reynst Lundúnaliðinu erfitt en stuðningsmönnum liðsins er vafalítið ofarlega í huga hörmunarbyrjun liðsins á síðustu leiktíð.

Tottenham býður í ár upp á framhaldsmyndina „André Villas-Boas í enska boltanum“. Portúgalski stjórinn var rekinn vandræðalega snemma frá Chelsea í fyrra og mátti svo horfa upp á eftirmann sinn og aðstoðarstjóra skrá sig í sögubækur félagsins og hjörtu stuðningsmanna. Hversu langan tíma Villas-Boas fær með Tottenham skal ósagt látið en forverar hans af meginlandinu, ef Martin Jol er settur innan sviga, hafa ekki notið mikillar þolinmæði. Liðið hefur skemmtilega blöndu enskra og erlendra leikmanna en vantar sárlega heimsklassa framherja í viðbót við Jermain Defoe. Fólk ætti ekki að láta sér bregða þó Gylfi Þór Sigurðsson verði í aukahlutverki til að byrja með enda samkeppnin á miðju Tottenham hörð þó óhjákvæmileg brottför Luka Modric mýki hana.

Stuðningsmenn Liverpool horfa enn eitt haustið bjartsýnisaugum á tímabilið. Nýr ungur stjóri er í brúnni, Luis Suarez, búinn að semja til enn lengri tíma og menn hættir að eyða orku í að þvertaka fyrir að kaupin á Andy Carroll hafi verið mistök. Stjórinn Brendan Rodgers hefur fengið tvo fyrrum liðsmenn sína með í ævintýrið og engin launung að Liverpool hefur á að skipa flottu byrjunarliði. Frammistaða Stevens Gerrard á EM gaf fögur fyrirheit og endurkoma hins áður hataða en síðar dáða Lucas á miðjunni er ekki síður til þess að auka á eftirvæntinguna. Árangur Liverpool á síðustu leiktíð getur ekki orðið verri og aldrei að vita nema spennandi tími sé fram undan undir stjórn ungs knattspyrnustjóra með hugmyndafræði um hvernig eigi að spila fótbolta.



**MEISTARADEILDARSÆTI?** Ítalinn Fabio Borini, nýr framherji hjá Liverpool, og hinn enski Kyle Walker hjá Tottenham verða væntanlega í eldlínunni í vetur.

## ÍSLENDINGAR Í ÚRVALSDEILDINNI

### Íslendingaleysi

Vegna aukinna verkefna vantar okkur einnig sjúkraliða, félagsliða og almenna starfsmenn í framtíðarstarf í heimaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Við leitum að jákvæðum einstaklingum sem eru lagnir í mannlegum samskiptum og hafa ánægju af því að sinna fólki sem þarf aðstoðar við, hvort sem um er að ræða fötlun, öldrun, tímabundinn eða varanlegan sjúkleika. Viðkomandi verður að hafa bíl til afnota.

Umsóknarfrestur er til og með 28. ágúst nk. Umsóknir skilist með rafrænum umsóknum á www.sinnum.is.

Sinnum er fyrirtæki á velferðarsviði sem sérhæfir sig í alhliða heimaþjónustu, hreingerningu, aðhlynningu, heimahjúkrun og hvíldardvöl ásamt daglegum rekstri á sjúkrahóteli LSH.

**sinnum**
heimaþjónusta

Sími 770 2221 – 546 7000
www.sinnum.is

# Viltu vinna í litríkri og skemmtilegri verslun?

A WORLD OF INSPIRATION – the PIER – FOR YOUR HOME

## Verslunin The Pier leitar að:

**Starfskrafti til afgreiðslu og lagerstarfa** í verslunina á **Smáratorgi.**

**Hæfniskröfur:**
- Skipulagshæfni og drifkraftur
- Rík þjónustulund
- Reynsla af sölustörfum
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Stundvísi

**Hugmyndaríkum fagurkera** sem vill bætast í samhentan starfsmannahóp á **Korputorgi.**

**Hæfniskröfur:**
- Næmt auga fyrir framsetningu og útstillingum
- Rík þjónustulund
- Reynsla af sölustörfum
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Stundvísi

**Við leitum einnig að:**

Glaðlyndum og þjónustulunduðum starfsmönnum í helgar- og hlutastörf í allar 3 verslanirnar (Smáratorg, Korputorg og Glerártorg).

**Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.**

Áhugasamir sendi umsóknir fyrir klukkan 17.00 **þriðjudaginn 22. ágúst 2012** á netfangið krumma@pier.is

Haft verður samband við alla sem sækja um eftir að umsóknarfrestur rennur út.

# ÍSTAK

*Framkvæmdagleði í fyrirrúmi*



## MÆLINGAMENN

ÍSTAK óskar eftir að ráða mælingamenn til starfa. Um er að ræða landmælingar á framkvæmdasvæðum fyrirtækisins á Íslandi og í Noregi.
Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sambærilegum störfum.

## TRÉSMIÐIR

ÍSTAK óskar eftir að ráða trésmiði til starfa. Um er að ræða fjölbreytt verkefni við framkvæmdir á Íslandi og í Noregi.
Viðkomandi þurfa að geta hafið störf fljótlega.

## KRANASTJÓRI

ÍSTAK óskar eftir að ráða kranastjóra til starfa við framkvæmdir hér á landi. Um er að ræða stjórnun á bílkrana, vörubílum með krana auk annarra tilfallandi verkefna.
Viðkomandi þurfa að geta hafið störf fljótlega.

## MÓTTÖKURITARI

ÍSTAK hf. óskar eftir móttökuritara til starfa á aðalskrifstofu fyrirtækisins að Bugðufljóti 19, Mosfellsbæ. Um er að ræða fullt starf sem felst í móttöku og símavörslu auk ýmissa tilfallandi verkefna á skrifstofu.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Gott vald á dönsku eða öðru norðurlandamáli
- Rík þjónustulund
- Góð tölvukunnátta
- Kurteisi og snyrtileg framkoma
- Færni í samskiptum og þægilegt viðmót

## SJÚKRAFLUTNINGAMAÐUR – BÚÐARHÁLS

Vegna framkvæmda við Búðarhálsvirkjun óskar ÍSTAK eftir að ráða starfsmann með réttindi til sjúkraflutninga. Viðkomandi mun auk þess sinna almennum störfum á verkstað.

**Umsóknarfrestur um störfin er til og með 26. ágúst næstkomandi.**

**Upplýsingar um störfin eru veittar á skrifstofu ÍSTAKS, Bugðufljóti 19, 270 Mosfellsbæ og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00.
Sækja skal um störfin á www.istak.is – undir „Starfsumsókn".**

**ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 500 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.
ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.**

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Frístundaleiðbeinendur og stuðningsfulltrúar

Hafnarfjarðarbær óskar eftir að ráða frístundaleiðbeinendur og stuðningsfulltrúa til starfa með börnum á frístundaheimilum í Hafnarfirði. Vinnutími er frá 13.00 - 17.00.

**Menntunar og hæfniskröfur:**

### Frístundaleiðbeinendur:

- Uppeldismenntun æskileg en ekki skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum

### Stuðningsfulltrúar:

- Reynsla eða menntun sem nýtist í starfi æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum

***Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 20. ágúst.***

Umsóknum skal skilað í þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar merktar **„Starfsfólk – börn og ungmenni“** eða með rafrænum hætti á lindah@hafnarfjordur.is

Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um þessi störf.

Nánari upplýsingar um störfin veita Linda Hildur Leifsdóttir og Erla Björk Hjartardóttir. Senda má fyrirspurnir á lindah@hafnarfjordur.is og erlabh.@hafnarfjordur.is eða hafa samband við skrifstofu æskulýðsmála í síma 585-5500.

**Skrifstofa æskulýðs- og tómstundamála.**

pwc

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki á sviði endurskoðunar, reikningsskila, fyrirtækjaráðgjafar, skatta- og lögfræðiráðgjafar.
Sjá nánar á **www.pwc.is**.

# Bókari á Akureyri

PwC óskar að ráða bókara til starfa á skrifstofu félagsins á Akureyri. Náin samvinna er á milli skrifstofa PwC á Akureyri, Húsavík og Reykjavík og saman þjóna þær fjölbreyttum viðskiptavinahópi félagsins á Norður- og Austurlandi.

**Starfssvið:**

- Bókhald, skráning, afstemmingar, reikningsskil, uppgjör og aðstoð við endurskoðun
- Virðisaukaskattskil, launavinnsla o.fl.

**Menntun og hæfniskröfur:**

- Viðurkenndur bókari eða önnur haldgóð menntun á sviði bókhalds
- Reynsla af sambærilegu starfi á endurskoðunarskrifstofu er mikill kostur

Leitað er að framsæknum og dugmiklum einstaklingi sem hefur áhuga á að starfa í öflugu þekkingarsamfélagi PwC víðs vegar um heiminn.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Upplýsingar veitir:**
Þórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 26. ágúst nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

# Rennismiður

Við leitum að rennismið til að starfa í öflugu teymi sem smíðar málm- og plasthluti í vélar og vinnslukerfi til matvælavinnslu.

**Starfssvið:**

- Smíða málm- og plasthluti í vélar til matvælavinnslu
- Forrita fræsara og tölvurennibekki
- Starfa með hönnuðum og öðrum framleiðslusellum
- Gæðaeftirlit

**Hæfniskröfur:**

- Próf í rennismíði
- Reynsla af CNC er skilyrði
- Reynsla af CAM er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 28. ágúst.
Einungis er tekið við umsóknum á heimasíðu Marel, **www.marel.com/jobs**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Logi Einarsson, logi.einarsson@marel.com, í síma 563 8000.

# Vélahönnuður

Vélahönnuð vantar á iðnaðarsetur alifuglavinnslu (Poultry Industry Center) í hönnun vélbúnaðar fyrir söluverkefni.

**Starfssvið:**

- Hönnun á vinnslubúnaði, færiböndum og tækjum til kjúklingavinnslu
- Viðhald og endurhönnun núverandi tækja og lausna
- Samskipti við verkefnastjóra og framleiðslu

**Hæfniskröfur:**

- Tæknimenntun á vélasviði, s.s í véliðnfræði, véltæknifræði, vélaverkfræði eða sambærilegu
- Þekking á teikniforritum eins og 3D Solid Works er mikill kostur
- Góð enskukunnátta
- Hæfni í samskiptum og rík þjónustulund

Umsóknarfrestur er til og með 1. september.
Einungis er tekið við umsóknum á heimasíðu Marel, **www.marel.com/jobs**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þorkell Halldórsson, thorkell.halldorsson@marel.com, í síma 563 8000.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 4000 manns í fimm heimsálfum, þar af um 460 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

www.marel.com




marel

SKÓGARBÆR

Árskógum 2, Breiðholti / Mjódd

## Hjúkrunarheimilið Skógarbær Eldhús

Matartækni/starfsmann vantar í 90% starf í eldhús/matsal Skógarbæjar, um er að ræða vaktavinnu. Við leitum eftir einstaklingi sem kann að baka, elda, talar íslensku, er heilsuhraustur, jákvæður og hefur góða framkomu og samskiptahæfileika.

Upplýsingar um Hjúkrunarheimilið Skógarbæ eru á heimsíðu okkar skogar.is.
Ef nánari upplýsinga er óskað þá sendið tölvupóst til olga@skogar.is
Umsóknir sendist með tölvupósti til olga@skogar.is

Olga Gunnarsdóttir
Næringarrekstrafræðingur
Forstöðumaður eldhúss

FROST

## Vélvirkjar takið eftir!

Við óskum eftir að ráða vélvirkja til starfa í Garðabæ. Starfið fellst í að þjónusta bæði minni og stærri kælikerfi.

Gerð er krafa um að viðkomandi sé hress og eigi auðvelt með að vinna með öðrum.

Það er kostur ef viðkomandi hefur reynslu af vinnu við kælikerfi.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá á frost@frost.is

Upplýsingar um starfið er að finna á

**www.frost.is**

## Húsvörður – Staðarhaldari

**Húsfélagið að Lönguhlínu 2 í Garðabæ vill ráða húsvörð - staðarhaldara í hlutastarf (20-30%).**
Verkefni staðarhaldara eru almenn þrif á sameign, umhirða um lóð, bílastæði og bílageymslu auk minniháttar viðhalds og endurbóta.

Staðarhaldari þarf að vera laghentur og útsjónarsamur og hafa auga fyrir því sem betur má fara. Í húsinu eru 48 íbúðir í þremur stigagöngum ásamt bílgeymslu.

**Skriflegar umsóknir berist:**
Eignaumsjón hf. Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík eða afgreidsla@eignaumsjon.is
Umsóknarfrestur er til og með 26. ágúst 2012.

ALÞINGI

**Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir sérfræðingi í alþjóðamálum í stöðu alþjóðaritara.**
Staðan er til eins árs.
Sjá nánar á starfatorg.is.



FRÍSTUNDAHEIMILI
GRUNNSKÓLAR
LEIKSKÓLAR

VILTU MÓTA **FRAMTÍÐINA** MEÐ OKKUR?

Við leitum að fólki á öllum aldri af báðum kynjum, með margs konar menntun og reynslu.

## SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ REYKJAVÍKURBORGAR

óskar eftir fólki til starfa í vetur við fjölbreytt störf með börnum og unglingum. Undir sviðið heyrir meðal annars rekstur leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar.

Hlutverk skóla- og frístundasviðs er að veita börnum og ungmennum í Reykjavík bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

**Í boði eru bæði heilsdagsstörf og hlutastörf.**

**Nánari upplýsingar á www.reykjavik.is/storf**



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Starfsmenn í plastdeild

**Plastdeild** (extrusion deild) framleiðir plastfilmur úr polýetýlen sem eru notaðar til framleiðslu áprentaðra og óáprentaðra umbúða.
Unnið er á þrískiptum vöktum 5 daga vikunnar.

## Vaktstjóri í plastdeild

**Starfslýsing:**
- Fylgjast með framleiðslu og gæðamálum.
- Vaktstjóri ber **ábyrgð** á að filmur séu innan tilskyldra framleiðslumarka.
- Vaktstjóri ber **ábyrgð** á að hámarka nýtingu efna.
- Vaktstjóri ber **ábyrgð** á merkingu framleiðsluvara ofl.

**Hæfniskröfur:**
- Tölvukunnátta æskileg.
- Reynsla af plastiðnaði er kostur.
- Samviskusemi, stundvísi og reglusemi.
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð.
- Grunnkunnátta í íslensku og ensku nauðsynleg.
- Lyftararéttindi æskileg.

## Starfsmaður í plastdeild

**Starfslýsing:**
Starfsmaður í plastdeild aðstoðar vaktstjóra við hin ýmsu verk t.d.:
- Byrja framleiðslur.
- Innpökkun á tilbúnum rúllum.
- Frágang efnis ofl.

**Hæfniskröfur:**
- Samviskusemi, stundvísi og reglusemi.
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð.
- Grunnkunnátta í íslensku og ensku nauðsynleg.
- Reynsla af plastiðnaði er kostur.
- Lyftararéttindi æskileg.

**Upplýsingar um störfin veitir Arnar Þórisson framleiðslustjóri plastdeildar í síma 897 8813. Umsóknir þurfa að berast fyrir 23. ágúst n.k. á netfangið arnar@plastprent.is eða á skrifstofu Plastprents. Umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu Plastprents www.plastprent.is**

Plastprent
Sérfræðingar í umbúðalausnum

GÆÐAKERFI VOTTAÐ VOTTUN HF. ÍST ISO 9001
BRC PACKAGING CERTIFICATED

Plastprent er leiðandi fyrirtæki á umbúðamarkaði á Íslandi og hefur í yfir 50 ár þjónað öllum sviðum atvinnulífsins. Hjá fyrirtækinu starfar öflugur og samhentur hópur starfsmanna sem þjóna viðskiptavinum bæði innanlands og erlendis.

# *Sérfræðingur* óskast til starfa í hlutabréfateymi Stefnis

Stefnir hf., dótturfélag Arion banka, er stærsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins með um 340 milljarða króna í virkri stýringu. Félagið var stofnað árið 1996. Stefnir hefur á að skipa þaulreyndu starfsfólki með yfir 10 ára starfsreynslu á fjármálamarkaði að meðaltali. Hjá Stefni starfa 17 sérfræðingar í fjórum teymum. Hlutverk félagsins er að stýra fjármunum í eigu viðskiptavina með hagsmuni þeirra að leiðarljósi. Stefnir þjónar jafnt einstaklingum sem fagfjárfestum. Félagið hefur allt frá upphafi verið í fararbroddi í þróun á nýjum tegundum sjóða.

Stefnir rekur stærstu erlendu og innlendu hlutabréfasjóði landsins. Í hlutabréfateyminu starfar metnaðarfullur hópur sjóðstjóra með mikla þekkingu á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum. Innlendir hlutabréfasjóðir félagsins eru leiðandi meðal sjóða á innlendum fjármálamarkaði og meðal stærstu hluthafa í skráðum félögum landsins. Erlendir hlutabréfasjóðir Stefnis hafa fengið hæstu einkunn fyrir góðan árangur frá erlendum matsfyrirtækjum á borð við Morningstar og Lipper.

---

**Ábyrgðarsvið og helstu verkefni:**

- Greiningarvinna tengd erlendum og innlendum hlutabréfamörkuðum
- Greining og almenn verkefni tengd mati á fjárfestingartækifærum
- Upplýsingagjöf og skýrslugerð til viðskiptavina
- Önnur skyld verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi s.s. í verkfræði, hagfræði eða viðskiptafræði
- Framhaldsnám sem nýtist í starfinu er æskilegt
- Þekking og reynsla af greiningu fjárfestingarkosta er æskileg
- Þekking og reynsla af störfum á innlendum eða erlendum fjármálamarkaði er kostur
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og geta til að vinna í hópi
- Frumkvæði í starfi og hæfni til að vinna sjálfstætt

---

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Fullum trúnaði heitið.

Nánari upplýsingar veitir **Arnór Gunnarsson**, forstöðumaður hlutabréfateymis Stefnis hf., netfang: **arnor.gunnarsson@stefnir.is**

Umsækjendur sendi starfsumsókn og ferilskrá á netfangið arnor.gunnarsson@stefnir.is

**Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst 2012.**
www.stefnir.is

STEFNIR

www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144



Veðurstofa Íslands

# Sérfræðingur í sjávarflóðafræðum

Veðurstofa Íslands auglýsir tímabundna stöðu sérfræðings í sjávarflóðafræðum hjá snjóflóðasetri Veðurstofunnar á Ísafirði. Um er að ræða eins árs verkefni með möguleika á framlengingu. Veðurstofa Íslands er opinber stofnun og heyrir undir umhverfisráðuneytið. Hjá stofnuninni starfa um 130 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 120 manns við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið.

Viðfangsefni Veðurstofu Íslands eru eðlisþættir jarðarinnar: Loft, vatn, snjór og jöklar, jörð og haf. Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla, úrvinnsla og miðlun upplýsinga. Starfsemin fer fram á fjórum sviðum: *Eftirlits- og spásviði, Athugana- og tæknisviði, Fjármála- og rekstrarsviði* og *Úrvinnslu- og rannsóknasviði* og fellur starfið undir síðastnefnda sviðið. Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar www.vedur.is

Á snjóflóðasetri Veðurstofunnar á Ísafirði starfa nú sjö manns. Setrið er í Vestrahúsinu á Ísafirði þar sem Háskólasetur Vestfjarða er einnig til húsa sem og fjölmargar aðrar rannsóknastofnanir og fyrirtæki. Vinnustaðurinn er því fjölmennur og lifandi.

**Starfssvið**
- Öflun gagna og hönnun gagnasafns um sjávarflóð á Íslandi
- Áætlanagerð um annars vegar gerð líkanareikninga og hins vegar skammtíma- og langtímaspár um sjávarflóð við strendur Íslands
- Samstarf við Háskólasetur Vestfjarða um uppbyggingu námskeiða, kennslu og hugsanlega leiðbeiningu nemenda við meistaranámsbraut

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf og framhaldsmenntun á sviði raunvísinda og/eða verkfræði
- Farsæl reynsla á sviði úrvinnslu mæligagna
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í teymisvinnu
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni og nákvæmni
- Kunnátta í íslensku mikilvæg
- Reynsla af forritun og/eða líkanagerð er kostur
- Reynsla af kennslu er kostur

*Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags.*

*Nánari upplýsingar um starfið veita **Harpa Grímsdóttir (harpa@vedur.is)** og **Borgar Ævar Axelsson (borgar@vedur.is)**.*

*Umsókn um starfið skal fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.*

*Umsóknir skulu berast **Borgari Æ. Axelssyni** í tölvupósti á netfangið **borgar@vedur.is***

*Umsóknarfrestur er til og með **10. september 2012**.*

*Gildi Veðurstofunnar eru **þekking, áreiðanleiki, framsækni og samvinna**. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.*

www.vedur.is
522 6000

BÍLALEIGA AKUREYRAR Höldur Europcar

Þínar þarfir - okkar þjónusta

## Umsjónarmaður dekkjaverkstæðis
## Framtíðarstarf í Reykjavík

Við leitum að fjölhæfum og metnaðarfullum einstakling sem getur sýnt frumkvæði í starfi og unnið sjálfstætt.

### Hæfniskröfur:

- Reynsla í umfelgun, dekkjaviðgerðum og birgðahaldi hjólbarða.
- Grunn tölvukunnátta.
- Stundvísi.
- Þjónustulund.
- Meirapróf kostur.

**Umsóknir ásamt ferilskrá sendist til:**
atvinna@holdur.is fyrir 26. ágúst næstkomandi.

Höldur ehf / Bílaleiga Akureyrar er stærsta bílaleiga landsins með meira en 2400 bíla í rekstri þegar mest er og sextán afgreiðslustaði um allt land. Hjá fyrirtækinu starfar afar samhentur hópur um 130 starfsmanna að því sameiginlega markmiði að veita viðskiptavinum bestu mögulegu þjónustuna á íslenskum bílaleigumarkaði, ávallt með lipurð og sveigjanleika að leiðarljósi.

## Við leitum að bestu sölu- og markaðsfulltrúum landsins!

Ef þú ert hress, opinn, árangursdrifinn og hugmyndaríkur einstaklingur í leit að nýjum áskorunum, þá erum við að leita að þér. Endilega sendu okkur umsókn og við munum hafa samband við þig.

**Menntunar - og hæfniskröfur:**
Þú þarft að vera eldri en 20 ára
Hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði
Gerð er krafa um öguð og sjálfstæð vinnubrögð
Reynsla af sölu eða markaðsstarfi er kostur

**Við bjóðum:**
Góð laun fyrir rétta aðila
Markvissa starfsþjálfun
Möguleika á vexti innan fyrirtækisins
Skemmtilegt starfsumhverfi

Hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Sendu umsóknina á **atvinna@hringtorg.is**

HRINGTORG



# Sérfræðingur viðhaldsáætlana

Norðurál óskar eftir að ráða tækni-, iðn- eða vélfræðing í starf sérfræðings viðhaldsáætlana

**Verksvið og ábyrgð**
- Gerð áætlana um viðhald til lengri og skemmri tíma
- Skipulagning verka, gerð viðhaldsleiðbeininga með áherslu á öryggi, umfang verks og helstu verkþætti
- Þátttaka í öflugum viðhaldshópi sem sér um viðhald á raf- og vélbúnaði álversins
- Umsjón vikulegra áætlanafunda með fulltrúum framleiðslu- og rekstareininga
- Utanumhald og greining lykiltalna

**Hæfniskröfur**
- Tæknifræðingur, Iðnfræðingur eða Vélfræðingur
- Sveinspróf í raf- eða vélvirkjun, reynslu af viðhaldi á almennum raf- og vélbúnaði er æskilegt
- Góðir samskiptahæfileikar og hæfni til að vinna í hópi
- Góð öryggisvitund og vilji til að ná árangri
- Góð kunnátta í ensku og almenn tölvuþekking æskileg
- Þekking á SAP tölvukerfi er kostur

**Frestur til að skila inn umsóknum er til kl. 16:00 föstudaginn 24. ágúst n.k.**
Nánari upplýsingar veitir Ólafur Arnar Friðriksson deildarstjóri viðhaldsáætlana sem einnig tekur á móti umsóknum með tölvupósti á netfangið: olafurf@nordural.is.

Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál. Öllum umsóknum verður svarað.

NORÐURÁL Century ALUMINUM

*Hagsýni - Liðsheild - Heilindi*

Norðurál er eitt stærsta iðnfyrirtæki á Íslandi. Fjöldi starfsmanna er á sjötta hundrað og árleg framleiðslugeta fyrirtækisins um 280 þúsund tonn af hágæða áli.
Hjá Norðuráli starfar fólk með afar fjölbreytta menntun og bakgrunn. Áhersla er lögð á jafna möguleika karla og kvenna til vinnu. Norðurál er í eigu Century Aluminum.

## Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.




Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

vísir

## ÖRYGGISVÖRÐUR
## SECURITY GUARD

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu öryggisvarðar lausa til umsóknar.

**Umsóknarfrestur er til og með 24. ágúst 2012.**
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins:
http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security Guard. The closing date for this postion is **August 24, 2012.** Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:
http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

Please send your application and resumé to :
reykjavikvacancy@state.gov

TE & KAFFI

## Framleiðslustarf

**Starfslýsing:**
- Almenn störf í kaffiframleiðslu.
- Dagleg pökkun, lagervinna og tiltekt á vörum til viðskiptavina.

## Lager/áfylling

**Starfslýsing:**
- Almenn störf á lager.
- Áfyllingar, eftirlit og pantanir í matvörubúðum.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af lagerstörfum eða framleiðslu æskileg.
- Samskiptahæfni og jákvætt hugarfar.
- Eldri en 25 ára.
- Áhugi á te og kaffi
- Stundvísi
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð.
- Dugnaður og metnaður í starfi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Góðir skipulagshæfileikar

Um framtíðarstörf er að ræða og æskilegt að starfsmenn geti hafið störf sem fyrst.
Umsóknir sendist á atvinna@teogkaffi.is

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Sérfræðilæknir á bráðasviði Landspítala

Laust er til umsóknar afleysingastarf sérfræðilæknis á bráðamóttöku Landspítala í Fossvogi. Um er að ræða afleysingu til a.m.k. 6 mánaða og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst. Til greina kemur að bjóða starfið í eitt ár. Starfið getur t.d. hentað lækni sem hefur áhuga á endurmenntun á sviði bráðalækninga. Starfshlutfall er 100% eða skv. samkomulagi.

Starfssvið bráðamóttöku spannar allar almennar bráðalækningar. Bráðamóttakan hefur viðurkenningu til að veita framhaldsmenntun í bráðalæknisfræði sem metin er til allt að tveggja ára af sérfræðinámi.

### Helstu verkefni og ábyrgð
» Móttaka og meðferð sjúklinga með bráð veikindi eða slys
» Þátttaka í kennslu í samvinnu við yfirlækni
» Önnur verkefni í samráði við yfirlækni

### Hæfnikröfur
» Sérfræðiviðurkenning innan læknisfræðinnar
» Samskiptahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum

### Nánari upplýsingar
» Umsóknarfrestur er til og með 1. september næstkomandi
» Umsókninni skulu fylgja vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
» Upplýsingar veitir Elísabet Benedikz - ebenedik@landspitali.is - s. 543 1000

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun




*Hagstofa Íslands er sjálfstæð stofnun sem gegnir forystuhlutverki á sínu sviði, samhæfir opinbera hagskýrslugerð á Íslandi og er virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi. Hagstofan sinnir rannsóknum og safnar, vinnur og miðlar áreiðanlegum hagtölum sem lýsa samfélaginu. Stofnunin stuðlar að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum með því að tryggja öllum sama aðgang að upplýsingum.*

## Gæðastjóri

**Óskað er eftir að ráða gæðastjóra til starfa á Hagstofu Íslands. Um er að ræða nýtt starf innan stofnunarinnar og er mikilvægt að aðili hafi góða reynslu og þekkingu á tölfræði, auk þess að hafa þekkingu á eða innsýn í aðferðir gæðastjórnunar.**

**Starfssvið**
- ✓ Ábyrgð á gæðastjórnun innan Hagstofu Íslands.
- ✓ Forysta um uppbyggingu gæðastjórnunar.
- ✓ Umsjón með fræðslu í gæðamálum.
- ✓ Umsjón með gerð leiðbeininga og gæðaskýrslna.
- ✓ Stjórnun og þátttaka í ýmsum verkefnum.
- ✓ Þátttaka innlendu og alþjóðlegu gæðastarfi.

**Hæfniskröfur**
- ✓ Háskólapróf á framhaldsstigi sem nýtist í starfi.
- ✓ Góð almenn tölfræðikunnátta er nauðsynleg.
- ✓ Góð almenn þekking á aðferðum gæðastjórnunar.
- ✓ Reynsla af tölfræðilegri úrvinnslu æskileg.
- ✓ Góð samstarfs- og samskiptahæfni.
- ✓ Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð.

Hagstofa Íslands

Umsóknarfrestur er til og með **10. september 2012**. Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að sá sem ráðinn verður geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags. Öllum umsækjendum verður svarað og þeim tilkynnt um ráðstöfun starfsins. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

*Póstáritun* Hagstofa Íslands, starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík
*Netfang* starfsumsokn@hagstofa.is
*Upplýsingar* Ólafur Arnar Þórðarson *[olafur.thordarson@hagstofa.is]*




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 60692 08/12

## VERKEFNASTJÓRI Í TÆKNIÞJÓNUSTU

Laust er til umsóknar starf verkefnastjóra (Project Manager) í tækniþjónustu Icelandair á Keflavíkurflugvelli.

**STARFSSVIÐ**
- Stýring verkefna sem snúa að móttöku, viðhaldi og afhendingu á flugvélum
- Eftirfylgni á veittri tækniþjónustu til viðskiptavina
- Samningagerð
- Stýring umbótaverkefna
- Greining tækniupplýsinga flugvéla

**HÆFNISKRÖFUR**
- Háskólamenntun á sviði verkfræði, viðskiptafræði eða flugvirkjamenntun
- Þekking af tímastjórnun eða verkefnastjórnun er æskileg
- Reynsla af sambærilegu starfi eða starfi sem snýr að tækniþjónustu flugvéla
- Reynsla af samningagerð er kostur
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg

**Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

**Nánari upplýsingar veita:**
Hafliði Jón Sigurðsson | hafldi@its.is
Steinunn Una Sigurðardóttir | unasig@icelandair.is

**+ Umsóknir óskast fylltar út á www.icelandair.is/umsokn eigi síðar en 26. ágúst 2012.**

ICELANDAIR

## SPORTÍS



Sportís ehf. leitar að hressum einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á heilsurækt, almennu heilbrigði og er opinn fyrir nýjungum á því sviði.

Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund og vera lipur í mannlegum samskiptum. Markmið okkar er að veita bestu fáanlegu þjónustu við viðskiptavini okkar. Þekking, reynsla og áhugi eru lykilorðin í okkar starfi.

Starfið felur í sér val á vörum, sölu og framsetningu, markaðs- og kynningarmál og þjónustu við viðskiptavini.

Allar frekari upplýsingar veita Skúli Björnsson skuli@sportis.is og Kristinn Kristjánsson, kristinn@sportis.is

Æskilegt er að viðkomandi geti hafi störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu okkar www.sportis.is

Umsóknarfrestur til og með 23.ágúst 2012.

Sportís ehf. var stofnað árið 1983 og er ein stærsta sportvöruheildsala landsins með umboð fyrir nokkur af bestu vörumerkjum heims í íþróttafatnaði og skóm.



Levi's® UNITED COLORS OF BENETTON.

### Við leitum að verslunarstjóra fyrir Levi´s Store og öðrum fyrir Benetton.

Óskað er eftir drífandi og þjónustulunduðum einstaklingum. Jákvæðni, hæfni í mannlegum samskiptum, faglegur metnaður og dugnaður eru skilyrði. Um er að ræða framtíðarstörf. Einungis 20 ára og eldri koma til greina.

**Starfssvið**
- Sala
- Starfsmannastjórn og þjálfun
- Lagerstjórn
- Aðstoð við innkaup
- Uppgjör
- Uppsetning og útstilling vöru

**Hæfniskröfur**
- Þekking og reynsla úr verslunargeiranum er æskileg (samt ekki skilyrði)
- Þjónustulund
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Sölutækni
- Áhugi á tísku

Vinnutími er til 19.00 alla virka daga, og vinna aðra hverja helgi. Bæði störfin henta jafnt konum sem körlum.

**Umsóknafrestur er til 24. ágúst.**
Umsóknir sendist á lilja@denim.is

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

### Starf sérfræðings við gerð samgönguáætlana

Innanríkisráðuneytið auglýsir eftir sérfræðingi til starfa á skrifstofu innviða til að verkefnastýra og vinna að gerð samgönguáætlunar. Starfið krefst mikils samráðs við hagsmunaaðila og borgarana.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi, verkfræði kostur
- Að minnsta kosti þriggja ára starfsreynsla
- Þekking á gerð kostnaðaráætlana kostur
- Reynsla af stefnumótun kostur
- Talnagleggni
- Góð tök á íslensku og ensku
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt sem og í hóp
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Drifkraftur, metnaður og skipulagshæfileikar

**Helstu verkefni:**
- Ábyrgð á gerð verkáætlunar, undirbúningi og gerð samgönguáætlunar
- Umsjón með umhverfismati samgönguáætlunar
- Eftirfylgni samgönguáætlunar og framkvæmd hennar
- Formennska og þátttaka í ýmsum starfshópum sem tengjast samgönguáætlun

Um fullt starf er að ræða. Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra. **Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurbergur Björnsson skrifstofustjóri í síma 545 9000.**

Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um auglýst starf. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum.

Umsóknarfrestur er til 2. september nk. Umsóknum skal skila rafrænt á vefsíðu ráðuneytisins: http://www.innanrikisraduneyti.is/raduneyti/storf/. Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má senda umsókn til ráðuneytisins að Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

### Microsoft Dynamix Ax sérfræðingur

Er að leita mér að nýjum vinnustað til langframa. Hef 30 ára reynslu af forritun, vandamálagreiningu, þjónustu og rekstri viðskiptahugbúnaðar, síðustu 8 árin í öllum útgáfum af Microsoft Dynamics Ax. Hef reynslu af rekstri umfangsmikilla tölvudeilda, umsjón gagnagrunna, þjónustu og viðhalds. Áætla að hefja vinnu á nýjum stað í byrjun næsta árs. Áhugasamir sendi nauðsynlegar upplýsingar inná -> box@frett.is merkt **„Ax sérfræðingur" fyrir 30. ágúst nk.**

### Geislavarnir ríkisins

#### Fulltrúi

Geislavarnir ríkisins óska eftir að ráða fulltrúa til starfa. Um er að ræða fjölbreytt starf sem krefst áhuga og metnaðar í starfi. Áhersla er lögð á frumkvæði og sjálfstæði, vönduð og áreiðanleg vinnubrögð, jákvæðni og góða samskiptafærni.

Helstu verkefni eru fjármál, skjalavistun og útgáfa.

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Stúdentspróf
- Mjög góð íslenskukunnáttu og gott vald á ensku
- Góð almenn tölvukunnátta
- Reynsla af bókhaldsvinnu er nauðsynleg og reynsla af fjárhagskerfi ríkisins æskileg

Um er að ræða 80 – 100 % framtíðarstarf og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 1. september 2012. Umsóknir skulu berast til: Geislavarnir ríkisins, Rauðarárstíg 10, IS-150 Reykjavík, eða rafrænt á netfangið starfsumsokn@gr.is.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar um starfið og stofnunina er að finna á heimasíðunni www.gr.is. Einnig veitir Elísabet Dolinda Ólafsdóttir, s: 440 8208 (edo@gr.is) nánari upplýsingar um starfið.

Starf auglýst til umsóknar:

### Forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja

**Óskað er eftir öflugum stjórnanda í stöðu forstöðumanns nýs Þekkingarseturs Suðurnesja sem staðsett er að Garðvegi 1 í Sandgerði.**

Meginhlutverk Þekkingarsetursins er að stuðla að rannsóknum og vera miðstöð rannsóknastarfs og rannsakenda í náttúrufræðum og tengdum greinum á Suðurnesjum. Setrinu er jafnframt ætlað að stuðla að margvíslegri háskólakennslu og fræðslustarfsemi og efla tengsl atvinnulífs, rannsókna- og fræðastarfs á svæðinu. Þannig skal stefnt að auknu frumkvöðlastarfi og nýsköpun, ásamt eflingu náttúrutengdrar ferðaþjónustu.

**Forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja ber m.a. ábyrgð á:**
- öflun styrkja úr samkeppnissjóðum og utanumhald um styrkumsóknir,
- stefnumótun og útfærslu á starfsemi Þekkingarsetursins,
- fjármálum og rekstri,
- þróun samstarfsverkefna,
- starfsmannamálum,
- tengslum við innlenda og erlenda aðila.

**Umsækjendur skulu hafa:**
- háskólamenntun á framhaldsstigi sem nýtist í starfi,
- hæfni, þekkingu og reynslu á rannsóknaumhverfi,
- reynslu af stjórnun og stefnumótun,
- frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum,
- leiðtogahæfileika,
- góða samskiptahæfni,
- gott vald á mæltu og rituðu máli, bæði á íslensku og ensku, og hæfileika til að setja fram efni á skýran hátt.

Með umsókn skal fylgja kynningarbréf auk yfirlits um námsferil og fyrri störf (CV).

Umsóknir skulu merktar **„Þekkingarsetur Suðurnesja"** og berast á rafrænu formi til Sandgerðisbæjar á netfangið: sandgerdi@sandgerdi.is. **fyrir 1. september.**

Öllum umsóknum verður svarað.

Hjallatún

## Laus staða hjúkrunarfræðings:

**Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa við Dvalar- og hjúkrunarheimilið Hjallatún í Vík.**
Um er að ræða 80 % stöðu verkefnisstjóra 2 sem vinnur dagvaktir, kvöldvaktir og bakvaktir eftir samkomulagi. Laun eru samkvæmt launasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

## Laus staða sjúkraliða:

**Sjúkraliði óskast einnig til starfa við Hjallatún.**
Um er að ræða vaktavinnu og starfshlutfall er samkomulag. Laun eru samkvæmt launasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Sjúkraliðafélags Íslands.

Allar nánari upplýsingar veitir Guðlaug Guðmundsdóttir hjúkrunarforstjóri í s. 868 1181 / hjallatun@vik.is

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Kennarastöður við Foldaskóla

**Foldaskóli óskar eftir að ráða kennara í 100% starf. Kennslugreinar eru danska og samfélagsfræði á unglingastigi ásamt umsjón með bekk.**

**Foldaskóli óskar eftir að ráða umsjónarkennara í 4. bekk**

**Hæfniskröfur**
- Kennarapróf
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Faglegur metnaður
- Reynsla og áhugi á að starfa með börnum

**Helstu verkefni**
- Annast kennslu nemenda í samráði við skólastjórnendur og foreldra
- Vinna að þróun skólastarfs með stjórnendum og samstarfsmönnum
- Stuðla að velferð nemenda í samstarfi við foreldra og annað fagfólk

**Umsóknarfrestur er til 1. september 2012.**

Laun eru samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og KÍ.
Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Allar frekari upplýsingar gefur skólastjóri Foldaskóla, Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson í síma 540 7600 eða netfangið kristinn.breidfjord.gudmundsson@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Námsflokkar Hafnarfjarðar-Miðstöð símenntunar

### Náms- og starfsráðgjafi

Námsflokkar Hafnarfjarðar - miðstöð símennunar, NH-MS, auglýsa eftir kraftmiklum og lausnahugsandi einstaklingi í starf **náms- og starfsráðgjafa.**

**Starfssvið:**
- Efla starfsemina með sköpun og öflun nýrra verkefna á sviði framhalds- og símenntunar
- Persónuleg þjónusta og ráðgjöf við einstaklinga, m.a. upplýsingagjöf um nám, störf og raunfærnimat ásamt leiðsögn við gerð ferilskrárar og starfsleit
- Standa fyrir og leiðbeina á námskeiðum
- Auka tengsl og samstarf við stofnanir, fræðsluaðila, fyrirtæki og atvinnulíf
- Vinna að framgangi stofnunarinnar í samræmi við lög um framhaldsfræðslu og stefnu fræðsluþjónustu Hafnarfjarðar

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Hafa lokið viðurkenndu námi í náms- og starfsráðgjöf
- Starfsreynsla æskileg
- Leiðtogahæfni, sjálfstæði í vinnubrögðum, sveigjanleiki og frumkvæði í starfi
- Lipurð í samskiptum
- Geta séð og komið í framkvæmd nýjum hugmyndum um fjölbreytt verkefni
- Góð íslensku- og enskukunnátta, jafnt töluð sem rituð

**Lýsing á starfsseminni:**
Námsflokkar Hafnarfjarðar - miðstöð símennunar NH-MS http://www.nhms.is/ hefur það megin hlutverk að bjóða almenningi tækifæri til að efla grunnmenntun og stuðla þannig að aukinni þátttöku fólks í námi, tómstundum og starfi. Námsflokkarnir hafa starfað frá árinu 1971 og eru reknir af Hafnarfjarðarbæ.

Upplýsingar um starfið veitir Theodór Hallson, skólastjóri NH-MS teddi@hafnarfjordur.is s: 5855860.

Umsóknir, ásamt ítarlegri starfsferilsskrá og kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið, berist fræðsluþjónustu Hafnarfjarðar, Strandgötu 6, 220 Hafnarfjörður fyrir 24. ágúst nk. Einnig má senda umóknir á netfangið teddi@hafnarfjordur.is

**Sviðsstjóri fræðsluþjónustu Hafnarfjarðar**

SKÓLAR
HEILBRIGÐ SÁL Í HRAUSTUM LÍKAMA

## Laus störf í leikskólum hjá Skólum ehf

Allir leikskólar Skóla ehf. starfa eftir Heilsustefnunni og leggja ríka áherslu á heilsueflingu, jákvæðan skólabrag og öflugt lærdómssamfélag þar sem samvinna og gleði ríkir. Því leitum við að samstarfsfólki sem:

- Er tilbúið til að tileinka sér starfsaðferðir leikskólans
- Hefur áhuga á heilsueflingu, umhverfismennt og umhyggjusömum samskiptum
- Er tilbúið til að taka þátt í öflugri starfsþróun
- Er stundvíst, samviskusamt og leggur sig fram um að velja sér jákvæð viðhorf í dagsins önn.

**Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um!**

### Heilsuleikskólinn Kór Kópavogi

Auglýsir eftir:
- **Þroskaþjálfa**
- **Leikskólakennara og/eða uppeldismenntuðum starfsmanni í 100% stöðu**

Heilsuleikskólinn Kór er 6 deilda leikskóli með um 124 börn.



**Nánari upplýsingar veitir:**
Bjarney K. Hlöðversdóttir leikskólastjóri, sími 570-4940.
Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á http://www.skolar.is/Starf/

### Heilsuleikskólinn Hamravellir Hafnarfirði

Auglýsir eftir:
- **Stuðningsfulltrúa í 100% stöðu**
- **Fagstjóra í Listasmiðju í 75% stöðu**
- **Leikskólakennara og/eða uppeldismenntuðum starfsmanni í 100% stöðu**

Heilsuleikskólinn Hamravellir er 5 deilda leikskóli með um 120 börn.



**Nánari upplýsingar veitir:**
Ragnheiður Gunnarsdóttir leikskólastjóri, sími 424-4640.
Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á http://www.skolar.is/Starf/

***Heilsuleikskólar Skóla eru:***
*Hamravellir Hafnarfirði, Háaleiti Ásbrú Reykjanesbæ, Kór Kópavogi, Krókur Grindavík og Ungbarnaleikskólinn Ársól Reykjavík.*

# Nokkur sæti laus



„Að gera daglegt líf fólks þægilegra fyrir sem flesta" er sú hugmyndafræði sem við hjá IKEA höfum að leiðarljósi. Við leitum nú að fólki sem hefur áhuga á að vinna með okkur eftir þeirri hugmyndafræði. Við vinnum saman að því að bjóða alltaf upp á breitt vöruúrval, góða og hagnýta hönnun og lágt vöruverð sem flestir ráða við.

IKEA er rótgróið fyrirtæki þar sem 230 manns starfa innan um hönnun á heimsvísu.
Stuðlað er að heilbrigði og vellíðan starfsmanna auk virkrar starfsþróunar og símenntunar.

Erum að ráða í fjölbreytt störf í versluninni. Kynntu þér málið á www.IKEA.is

IKEA®

© Inter IKEA Systems B.V. 2012



# TÆKNIFRÆÐINGUR

**Tæknifræðingur óskast til starfa í eignaumsýslu Arion banka.**

Eignaumsýsla Arion banka er hluti af deildinni *Fasteignir og rekstur* og annast viðhald á eignum og umsjón með nýjum framkvæmdum bankans.

**Helstu verkefni:**

- Greining á verkefnum
- Skipulag og áætlanagerð
- Verkefnastjórnun varðandi viðhald og nýframkvæmdir
- Samskipti við verktaka, hönnuði og iðnaðarmenn
- Eftirlit með framkvæmdum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Tæknifræðingur eða byggingafræðingur
- Hæfni til að stýra verkefnum
- Reynsla af stjórnun viðhalds fasteigna

**Nánari upplýsingar veitir Gunnar Jóakimsson,** forstöðumaður Fasteigna og reksturs hjá Arion banka í síma 444 8866. Netfang gunnar.joakimsson@arionbanki.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 27. ágúst, 2012.** Umsækjendur sæki um starfið á vefsíðu bankans, www.arionbanki.is.

Fullum trúnaði er heitið og umsóknum verður svarað þegar ráðið hefur verið í starfið.

Arion banki

Capacent Ráðningar

## VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

**Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra.**
**Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

GARÐUR

## Sérkennari óskast til starfa í Gerðaskóla í Garði

Óskað er eftir kennara með sérkennaramenntun og/eða reynslu af sérkennslu.Mikilvægt er að viðkomandi sé jákvæður, metnaðarfullur, tilbúinn í breytingar og samstarfsfús. Í Gerðaskóla eru um 200 nemendur og allar aðstæður til fyrirmyndar,
Nánari upplýsingar gefa skólastjórnendur í síma 422-7020, umsóknir skal senda í netfangið: skarphedinn@gerdaskoli.is
**eigi síðar en 22. ágúst nk.**

# Lögmaður

Starf lögmanns við embætti ríkislögmanns er laust til umsóknar. Viðkomandi mun aðallega sinna málflutningsstörfum fyrir hönd íslenska ríkisins, sbr. lög nr. 51/1985, um ríkislögmann.
Umsækjendur þurfa að hafa réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi. Æskilegt er að umsækjandi hafi einnig reynslu af málflutningi og/eða reynslu af opinberri stjórnsýslu.

Launakjör eru miðuð við kjarasamning Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins.

Umsóknum, með upplýsingum um menntun og starfsferil, þarf að skila til embættis ríkislögmanns Hverfisgötu 6 í Reykjavík eigi síðar en 10. september næstkomandi. Miðað er við að ráðið verði í starfið frá og með 1. október.

Skrifstofa embættisins og ríkislögmaður veita allar nánari upplýsingar í síma 545 8490.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Netfang; postur@rlm.stjr.is

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Hjúkrunarfræðingar Skurðlækningasvið Landspítala

Störf hjúkrunarfræðinga á skurðlækningadeild 12G og hjarta-, lungna- og augnskurðdeild 12E eru laus til umsóknar. Starfshlutfall er 80-100% vaktavinna. Störfin eru fjölbreytt og krefjandi og eru laus frá 1. september eða eftir nánara samkomulagi.

Í boði er góð einstaklingsaðlögun undir leiðsögn reyndra hjúkrunarfræðinga og frábært starfsumhverfi sem býður upp á möguleika til að dýpka þekkingu.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

» Hjúkrunarfræðingur ákveður, skipuleggur og veitir hjúkrunarmeðferð í samráði við skjólstæðinga og ber ábyrgð á meðferð, samkvæmt starfslýsingu.

**Hæfnikröfur**

» Íslenskt hjúkrunarleyfi
» Faglegur metnaður
» Góð samskiptahæfni
» Sjálfstæði í vinnubrögðum

**Nánari upplýsingar**

» Umsóknarfrestur er til og með 1. september 2012.
» Upplýsingar veita Elín María Sigurðardóttir, deildarstjóri á 12G netfang elinmsig@landspitali.is, sími 543 7343 og Kolbrún Gísladóttir, deildarstjóri á 12E netfang kolbgisl@landspitali.is, sími 543 7084.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

Nákvæmni • Notagildi • Nýsköpun

# *Umsjónarmaður tölvukerfis*

LANDMÆLINGAR ÍSLANDS

## *hjá Landmælingum Íslands á Akranesi*

Laust er til umsóknar starf umsjónarmanns tölvukerfis hjá Landmælingum Íslands (LMÍ). Í starfinu felst m.a. rekstur á netþjónum stofnunarinnar, umsjón með afritun gagna og uppbygging á vefþjónustum.

***Starfssvið:***

- Vinna við rekstur tölvukerfis LMÍ, aðallega netþjóna og ytri þjónustur.
- Vinna við vefþjónustur til að veita aðgang að gögnum LMÍ.
- Umsjón með öryggisafritun á gögnum LMÍ í samvinnu við þjónustuaðila.
- Vinna við ýmsar sértækar hugbúnaðarlausnir fyrir LMÍ.

***Hæfniskröfur:***

- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi.
- Reynsla af forritun, kerfisstjórnun og vefþjónustum.
- Þekking á landfræðilegum upplýsingakerfum og ESRI hugbúnaði er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og skipulögðum vinnubrögðum.
- Frumkvæði, sjálfstæði og nákvæmni í starfi.

*Umsóknarfrestur er til **26. ágúst** næstkomandi og skulu umsóknir er greina frá menntun og reynslu berast til Landmælinga Íslands fyrir þann tíma. Gert er ráð fyrir að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Um er að ræða 100% starf og eru laun samkvæmt kjarasamningi opinberra starfsmanna og viðkomandi stéttarfélags.*
*Nánari upplýsingar um starfið veitir Jensína Valdimarsdóttir, starfsmannastjóri í síma **430 9000** eða með tölvupósti: **jensina@lmi.is**. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin.*

Landmælingar Íslands eru ríkisstofnun staðsett á Akranesi. Meginhlutverk hennar er að sinna landmælingum og vinnslu landupplýsinga ásamt vinnu við innleiðingu INSPIRE tilskipunarinnar og laga um grunngerð fyrir stafrænar landupplýsingar á Íslandi. Hjá stofnuninni vinna 28 starfsmenn með hæfni sem byggir á öflugri liðsheild og hópavinnu. Landmælingar Íslands eru stofnun ársins 2012.

STOFNUN ÁRSINS 2012

PÓSTURINN/©2012

**LANDMÆLINGAR ÍSLANDS**
Stillholti 16-18 - 300 Akranes - Sími 430 9000 - www.lmi.is

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Kennarar | Iðnskólinn í Hafnarfirði | Hafnarfjörður | 201206/095 |
| Sérfræðingur | Alþingi | Reykjavík | 201208/055 |
| Sérfræðingur í sjávarflóðafræðum | Veðurstofa Íslands | Ísafjörður | 201208/054 |
| Sérfræðingur í matvælaeftirliti | Matvælastofnun | Selfoss | 201208/053 |
| Lögmaður | Ríkislögmaður | Reykjavík | 201208/052 |
| Sérfræðilæknir | LSH, bráðasvið | Reykjavík | 201208/051 |
| Sjúkraliði | LSH, hjartadeild | Reykjavík | 201208/050 |
| Hjúkrunarfræðingar | LSH, skurðlækningadeild 12G | Reykjavík | 201208/049 |
| Hjúkrunarfræðingur | LSH, L4 Landakoti | Reykjavík | 201208/048 |
| Skrifstofustjóri, fjármálastjóri | Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ | Molfellsbær | 201208/047 |
| Stuðningsfulltrúi á sérnámsbraut | Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ | Molfellsbær | 201208/046 |
| Sérfræðingur | Háskóli Íslands, Hagfræðistofnun | Reykjavík | 201208/045 |
| Verkefnastjóri | Háskóli Íslands, hugvísindasvið | Reykjavík | 201208/044 |
| Bókari | Sjúkratryggingar Íslands | Reykjavík | 201208/043 |
| Veiðieftirlitsmaður | Fiskistofa | Stykkishólmur | 201208/042 |
| Fulltrúi | Geislavarnir ríkisins | Reykjavík | 201208/041 |
| Iðjuþjálfi | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201208/040 |
| Skrifstofustarf, afleysing | Menntaskólinn við Hamrahlíð | Reykjavík | 201208/039 |
| Yfirlögfræðingur | Fjármálaeftirlitið | Reykjavík | 201208/038 |
| Iðjuþjálfi, sjúkraþjálfari | Sjúkratryggingar Íslands | Reykjavík | 201208/037 |
| Lögfræðingur | Innanríkisráðuneytið | Reykjavík | 201208/036 |
| Sérfræðingur | Innanríkisráðuneytið | Reykjavík | 201208/035 |
| Þjóðskjalavörður | Þjóðskjalasafn Íslands | Reykjavík | 201208/034 |




Einar Ágúst, kerfisfræðingur

# Við leitum að metnaðarfullum sérfræðingum í netkerfum

Fyrirtækjasvið Símans leitar að sérfræðingum í rekstri netkerfa. Starfið felst í uppsetningu og rekstri netkerfa af öllum stærðum, auk ráðgjafar til viðskiptavina og samstarfsfólks.

Um er að ræða framtíðarstarf fyrir einstaklinga sem vilja koma að uppbyggingu og rekstri netkerfa og vaxa í starfi sem sérfræðingar.

**Menntun og reynsla:**

- Cisco CCNA gráða
- Reynsla af Cisco beinum og deilum (router/switch)
- Skilningur á VoIP/Wifi/WAN tækni
- Þekking á Linux/Unix kerfum er kostur

**Persónueiginleikar:**

- Skipulagshæfileikar og öguð vinnubrögð
- Samskiptalipurð, glaðlyndi og aðlögunarhæfni
- Frumkvæði og framsýni
- Vinnusemi og vilji til þess að vinna að breytingum

Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst 2012

Fyrirspurnir berist til Rögnu Margrétar Norðdahl (ragnam@skipti.is).
Aðeins er tekið á móti umsóknum í gegnum www.siminn.is.

Við höfum gildi Símans að leiðarljósi í störfum okkar og erum skapandi, áreiðanleg og lipur.

Síminn

ENNEMM / SÍA / NM53758

KJÖTBANKINN
FERSKLEIKI FAGMENNSKA

## BÍLSTJÓRI ÓSKAST

Metnaðarfullt og rótgróið matvælafyrirtæki í Hafnarfirði óskar eftir að ráða til sín bílstjóra í fullt starf. Starfið felst í útkeyrslu á höfuðborgarsvæðinu, umsjón sendiferðabifreiðar, afgreiðslu pantana, þjónustu við viðskiptavini og annað tilfallandi eftir þörfum.

Við leitum að jákvæðum og samviskusömum einstaklingi sem býr yfir skipulagshæfni, nákvæmni og lipurð í samskiptum og er tilbúinn að ráðast með okkur í ný og spennandi verkefni.

Reynsla af störfum úr matvælaiðnaði er kostur en ekki skilyrði. Æskilegt er að viðkomandi sé reyklaus.

Umsóknir ásamt ferilskrá með mynd óskast sendar á kjotbankinn@kjotbankinn.is. Nánari upplýsingar um starfið veitir Matti í síma 565-2011, eða á tölvupósti; matti@kjotbankinn.is.

KJÖTBANKINN
FERSKLEIKI FAGMENNSKA

## AFGREIÐSLUSTJÓRI ÓSKAST

Metnaðarfullt og rótgróið matvælafyrirtæki í Hafnarfirði óskar eftir að ráða til sín afgreiðslustjóra í fullt starf. Starfið felst í tiltekt og afgreiðslu pantana, almennum lagerstörfum, gæðaeftirliti samkvæmt gæðakerfi fyrirtækisins, þjónustu við viðskiptavini og annað tilfallandi eftir þörfum.

Við leitum að jákvæðum og drífandi einstaklingi sem býr yfir skipulagshæfni, frumkvæði og nákvæmni og er tilbúinn að ráðast með okkur í ný og spennandi verkefni.

Reynsla af sambærilegum störfum er æskileg. Óskandi er að viðkomandi sé reyklaus.

Umsóknir ásamt ferilskrá með mynd óskast sendar á kjotbankinn@kjotbankinn.is. Nánari upplýsingar um starfið veitir Matti í síma 565-2011, eða á tölvupósti; matti@kjotbankinn.is.

## Starf á tannlæknastofu

Aðstoð óskast á tannlæknastofu á höfuðborgarsvæðinu.
Um er að ræða fullt starf alla virka daga frá 9:00-17:00.
Viðkomandi þarf að geta byrjað sem fyrst.
Umsóknir og ferilskrá ásamt meðmælum má senda á netfangið: tannveg.umsoknir@gmail.com

» Ráðningarþjónusta

# Verkefnastjóri

Verkfræðistofa á höfuðborgarsvæðinu sem vinnur með upplýsinga- og rafmagnsverkefni óskar eftir að ráða verkefnastjóra. Um fullt starf er að ræða.

Verkefnastjóri ber ábyrgð á öllum þjónustu-, hönnunar- og smíðaverkum sem unnin eru af öðrum starfsmönnum og undirverktökum fyrirtækisins og starfar mjög náið með framkvæmdastjóra félagsins.

Fyrirtækið hefur sinnt ýmsum verkefnum á sviði sjálfvirkra skráninga, mælinga, myndavéla, stýringa, gagnasamskipta, kerfisuppsetningar og reksturs, samkeyrslu kerfa o.fl., flokkað á fagmáli sem System integrator, Auto-Id.

### » Helstu verkefni

· Stjórnun og mannaforráð
· Starfsmannamál
· Samskipti við samstarfsaðila (birgja og undirverktaka)

### » Menntunar- og hæfniskröfur

· Menntun á sviði tækni-, kerfis-, eða rafmagnsfræði
· Þekking á iðntölvum og sjálfvirkri skráningu
· Þekking á uppbyggingu tölvukerfa
· Þekking á rafmagnsteikningum
· Reynsla í notkun CRM kerfa
· Þekking á SharePoint æskileg en ekki skilyrði
· Hæfni í mannlegum samskiptum
· Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
· Kunnátta í einu Norðurlandamáli æskileg

# Forritari

Einnig er leitað að öflugum forritara til starfa við hugbúnaðarþróun hjá sama fyrirtæki. Um fullt starf er að ræða.

### » Hæfniskröfur

· Menntun og/eða reynsla á sviði hugbúnaðargerðar
· Þekking á .NET, C# og Visual Basic
· Þekking á Windows, CE og Windows Mobile
· Hæfni í mannlegum samskiptum
· Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

**Nánari upplýsingar um störfin er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um störfin þar.**

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

# VINNA

## Í „ The Viking“

Sölufólk óskast í minjagripaverslunina „The Viking“ Tungumálakunnátta nauðsynleg. Framtíðarstörf. Vaktavinna. Hlutastörf möguleg. Áhugasamir hafi samband.

Sendið umsókn og ferilskrá á netfangið: gummi1945@gmail.com

„TheViking“ Minjagripaverslun

Laugavegi 1 og Hafnarstræti 1-3

aktu taktu

## VERSLUNAR STJÓRI

Verslunarstjóri er leiðtogi á sínum stað. Starfsmaður sér um og er ábyrgur fyrir öllum rekstri staðarins og starfsfólkinu sem starfar þar, er fremstur meðal jafningja, tekur þátt í öllum daglegum störfum og sér um verslunina eins og heimili.

*EIGINLEIKAR STARFSMANNS ERU:*

- *Minnst 35 ára*
- *Með stúdentspróf eða iðnnám*
- *Með „mömmu“ eiginleika*
- *Nákvæmni og ögað vinnubrögð*
- *Reynsla af heimilisrekstri*
- *Reynsla af svipuðu starfi æskileg en ekki skilyrði*
- *Metnaður og áhugi*
- *Mikil ábyrgðartilfinning og sjálfstæði í vinnubrögðum*
- *Mannblendni og umburðarlyndi*

*VINNUTÍMI ER:*
*Mánudagar – föstudagar 9-17*

Fáðu nánari upplýsingar hjá Herwig: ***atvinna@foodco.is***
Umsóknir: http://umsokn.foodco.is

**TRAUST FYRIRTÆKI**
**JÁKVÆÐUR STARFSANDI**
**SAMKEPPNISHÆF LAUN**

# www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

## Kirkjukór Háteigskirkju auglýsir eftir söngfólki !

Kórinn er í örum vexti og æfir á þriðjudögum kl. 17:30-19:30.
Meðal verkefna í vetur eru Gloria eftir Vivaldi og Litla orgelmessan eftir Haydn í samstarfi við tvo aðra kóra.

Áhugasamir hafi samband við Kára Allansson kantor kirkjunnar.
kari@hateigskirkja.is

## Kammerkór Háteigskirkju auglýsir örfáar lausar stöður !

Kammerkórinn er skipaður menntuðum atvinnusöngvurum og starfar að mestu á verkefnagrundvelli.
Áhugasamir hafi samband við Kára Allansson kantor kirkjunnar.
kari@hateigskirkja.is

## Heilsuleikskólinn Urðarhóll

### Vilt þú vinna með metnaðarfullu og skapandi fólki ?

- **Laus er staða deildarstjóra á eldri deild.**

Starfið felur í sér að halda utan um stefnu skólans „Næringu, hreyfingu og listsköpun," vera leiðandi í útinámi og umhverfismennt auk annarra starfa samkvæmt starfslýsingu.

Á deildinni er metnaðarfullt fólk sem hefur m.a. unnið þróunarverkefnin „**Breytt og fjölbreytt tónlistarstarf**" og „**Leikur að bókum.**" Verkefnin eru fastur þáttur í starfi deildarinnar ***www.bornogtonlist.net*** og ***www.leikuradbokum.net***

Í leikskólanum starfar öflugur faghópur, foreldrasamstarf er gott og við höfum skýra starfsmannastefnu. Ef þú ert leikskólakennari með leiðtogahæfileika gefst tækifærið núna að ganga í lið með okkur.

Umsóknarfrestur er til 24. ágúst n.k. ***www.kopavogur.is*** - laus störf. Nánari upplýsingar eru á vef Kópavogsbæjar auk þess er hægt að hafa samband við Sigrúnu Huldu Jónsdóttur, leikskólastjóra í síma 840 2686

***www.kopavogur.is***

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

# Kennari

**Verzlunarskóli Íslands óskar að ráða enskukennara í hlutastarf komandi skólaár.**

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í viðkomandi grein.
- Reynsla af kennslu á framhaldsskólastigi æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

**Við bjóðum:**
- Góða vinnuaðstöðu.
- Góðan starfsanda á framsæknum vinnustað.

Nánari upplýsingar gefur Þorkell Diego yfirkennari thorkell@verslo.is, eða í síma 5 900 600.

**Umsóknarfrestur er til 25. ágúst** og skal senda umsóknir ásamt ferilskrá til Verzlunarskóla Íslands, Ofanleiti 1, 103 Reykjavík eða á netfangið thorkell@verslo.is.

Verzlunarskóli Íslands er framhaldsskóli með um 1240 nemendur. Skólinn er bekkjarskóli en nemendur ljúka prófum í viðkomandi námsáfanga um jól og vor. Nemendur geta valið á milli fjögurra mismunandi brauta og útskrifast með stúdentspróf af öllum brautum. Einnig býður Verzlunarskólinn upp á fjarnám. Verzlunarskólinn er mjög tækniväddur og er aðstaða til náms og kennslu öll hin besta.

BÍLAMÁLUN SIGURSVEINS

## Réttingamaður óskast

Bílamálun Sigursveins óskar eftir vönum réttingamanni til starfa sem fyrst, góð laun fyrir duglegann mann. Umsókn sendist á bilamalun@bilamalun.is og upplýsingar eru í síma 5685360/ 5681981

STEIKHÚSIÐ
HAMARSHÚSIÐ • TRYGGVAGATA 4-6 • 101 REYKJAVÍK
SÍMI 561 11 11 • WWW.STEIK.IS

*Ert þú reynslubolti í þjónustu?*

Steikhús vort leitar nú að að hæfu og glaðlyndu fólki í kvöld og helgarstarf. Hefur þú ríka þjónustulund og reynslu af framreiðslustörfum?



Áhugasamir sendi rafpóst með helstu upplýsingum á steik@steik.is

# Vantar þig vinnu?



Ég er fertug, gift kona og móðir með hreyfihömlun sem þarfnast aðstoðar við flestar athafnir daglegs lífs og óska eftir persónulegri aðstoðamanneskju á aldrinum 18-40 ára til starfa.

Þeir sem starfa hjá mér starfa eftir hugmyndafræðinni um sjálfsstætt líf og stuðla þar með að tækifærum mínum til þátttöku í samfélaginu og auka lífsgæði mín. Æskilegt er að umsækjandi hafi bílpróf þar sem ég hef eigin bíl til umráða. Viðkomandi þarf einnig að vera barngóður.

Jákvæðni, sveigjanleiki og virðing er lykillinn að farsæld í þessu samstarfi.

Frábært tækifæri og góð reynsla fyrir nema sem stefna á að vinna með fötluðum s.s. þroskaþjálfa.

Fyrirspurnir, umsóknir og ferilskrá ásamt meðmælum má senda á netfangið: asdisjenna@simnet.is en einnig er hægt að hringja í síma 775-7377. **Umsóknarfrestur er til 25. ágúst.**

Ásta Sól
Ásdís Jenna Ástráðsdóttir

Reykjavíkurborg



# Skipulagsfulltrúi

**Borgarstjórinn í Reykjavík auglýsir starf skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar laust til umsóknar.**

**Hlutverk og ábyrgðarsvið**
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar starfar á skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkurborgar en mun tilheyra nýju umhverfis- og skipulagssviði frá 1. janúar árið 2013. Meðal helstu verkefna Umhverfis- og skipulagssviðs eru skipulagsmál, umhverfismál, umsjón fasteigna Reykjavíkurborgar, framkvæmdir, heilbrigðiseftirlit og byggingareftirlit.

Skipulagsfulltrúi starfar skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Hann hefur m.a. umsjón með skipulagsgerð, gefur út framkvæmdaleyfi og hefur eftirlit með þeim framkvæmdum. Skipulagsfulltrúi ber ábyrgð á gerð skipulagsáætlana, embættisafgreiðslum í umboði skipulagsráðs og eftirfylgni á stefnumótun og ákvörðunum ráðsins.

**Menntun og hæfniskröfur**
- Umsækjendur skulu hafa framhaldsmenntun á háskólastigi í skipulagsfræði, arkitektúr eða skyldum greinum skv. ákvæðum skipulagslaga nr.123/2010.
- Umsækjendur skulu hafa heimild ráðherra til starfsheitisins samkvæmt lögum um löggildingu starfsheita sérfræðinga í tækni-og hönnunargreinum nr. 8/1996.
- Umsækjendur skulu hafa sérhæft sig á sviði skipulagsmála með námi eða vinnu í a.m.k. 2 ár.
- Reynsla af stjórnun og þekking á starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu er æskileg auk leiðtogahæfileika, frumkvæði í starfi, framsýni og skipulagsfærni.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti á íslensku, ensku og einu norrænu tungumáli.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Sviðstjóri umhverfis- og skipulagssviðs er næsti yfirmaður skipulagsfulltrúa. Um laun og starfskjör fer samkvæmt reglum um réttindi og skyldur stjórnenda hjá Reykjavíkurborg og ákvörðun kjaranefndar Reykjavíkurborgar.

**Umsókn skal**
færa inn á heimasíðu Reykjavíkurborgar, ***www.reykjavik.is/storf***, fyrir 10. september nk.

**Upplýsingar**
um starfið veitir Ólöf Örvarsdóttir, skipulagsstjóri Reykjavíkurborgar ***olof.orvarsdottir@reykjavik.is*** eða Bjarni Þór Jónsson, skrifstofustjóri ***bjarni.th.jonsson@reykjavik.is*** í síma 411 1111.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynjanna í störfum og því að vinnustaðir borgarinnar endurspegli fjölbreytileika reykvísks samfélags. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar í síma 4 11 11 11 eru veittar allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og símasamband við starfsmenn einstakra sviða og deilda.



Sveitarfélagið ÁRBORG

## Rekstur líkamsræktarstöðvar í nýrri viðbyggingu við Sundhöll Selfoss

Sveitarfélagið Árborg auglýsir eftir samstarfsaðila vegna reksturs líkamsræktarstöðvar í nýrri viðbyggingu við Sundhöll Selfoss sem stendur til að reisa. Helstu forsendur eru:

- Stærð gólfflatar fyrir líkamsræktarstöð getur verið allt að 1200 fm.
- Möguleiki er á sameiginlegri afgreiðslu og/eða búningsklefum

Ekki er um bindandi tilboð að ræða heldur viðræður um eignar- og rekstrarform en sveitarfélagið vill að mögulegur rekstraraðili geti tengst hönnunarferlinu frá upphafi.

Áhugasamir sendi tölvupóst á Ástu Stefánsdóttur, framkvæmdastjóra Sveitarfélagsins Árborgar, asta@arborg.is eða hafi samband í síma 480-1900 fyrir 31.ágúst nk.
Sveitarfélagið Árborg áskilur sér rétt til að hafna öllum aðilum.

# ÓSKAST TIL LEIGU

## 15303 - Fullbúið skrifstofuhúsnæði óskast á leigu fyrir umboðsmann barna

Ríkissjóður óskar eftir að taka á leigu skrifstofuhúsnæði fyrir umboðsmann barna. Miðað er við að húsnæðið verði tekið á leigu til 5 ára, fullbúið til notkunar, án lauss búnaðar. Gerð er krafa um staðsetningu á póst¬númerasvæðinu 101, 103, 105 eða 108. Til staðar þarf að vera gott aðgengi, næg bílastæði og góð tengsl við almenningssamgöngur.

Húsrýmisþörf stofnunarinnar er áætluð um 135 fermetrar og er um að ræða hefðbundið skrifstofuhúsnæði.

Frekari upplýsingar um þær kröfur sem húsnæðið verður að uppfylla verða aðgengilegar á heimasíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is þriðjudaginn, 21. ágúst, 2012.

Fyrirspurnir varðandi verkefni 15303 skulu sendar á netfangið utbod@rikiskaup.is og verða svör birt á vef Ríkiskaupa.

Fyrirspurnarfrestur rennur út 24. ágúst 2012, en svarfrestur er til og með 28. ágúst 2012.

Leigutilboðum þar sem fram kemur stærð, ástand og staðsetning húsnæðis, ásamt leiguverði, skal skila til Ríkiskaupa, Borgartúni 7, 105 Reykjavík, **eigi síðar en þriðjudaginn 4. september 2012.**

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

## Fasteignir

# Glæsilegt einbýli í Vesturbænum



Einstaklega glæsilegt einbýlishús við Ásvallagötu í Reykjavík er til sölu. Húsið er 176,6 m2 að stærð, tvær hæðir, ris auk manngengs háalofts. Sér inngangur er á jarðhæð og auðvelt fyrir handlagna að gera þar sér íbúð en á jarðhæð er m.a. baðherbergi og eldhús. Aðalhæðin skiptist í forstofu, þrjár stofur og eldhús. Á efri hæð er baðherbergi, hjónaherbergi og auk tveggja annarra herbergja.

Tvennar svalir (austur og suður) eru á húsinu auk þess sem lítill garðskúr er á baklóð. Húsið er byggt árið 1926.

**Nánari upplýsingar fást hjá Guðrúnu Helgu Brynleifsdóttur hrl., skiptastjóra, gudrun@lr.is, eða í síma 515-7400.**



# Ertu í stuði?

Hófst þú nám í rafiðngrein,
raf- eða rafvélavirkjun, rafveituvirkjun eða
rafeindavirkjun en laukst því ekki?

Ertu að starfa við þær greinar þrátt fyrir að hafa ekki lokið sveinsprófi?
Hefur þú hug á að ljúka því námi sem þú hófst?

Kynningarfundur verður á Stórhöfða 27 mánudaginn 20. ágúst 2012 kl. 17:00.
(Gengið inn Grafarvogs megin)

"Ertu í stuði?" er verkefni sem ætlað er að finna leiðir til að meta þá færni sem þátttakendur hafa aflað sér í námi og starfi.
Markmiðið er að þátttakendur ljúki sveinsprófi.

**Nánari upplýsingar er hægt að fá á heimasíðu Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins www.fsraf.is eða í síma 580 5252**

## Auglýsing um próf til viðurkenningar bókara

Með vísan til laga nr. 145/1994 um bókhald, er fyrirhugað að halda próf til viðurkenningar bókara 2012 sem hér segir:

- Skattskil og upplýsingatækni 15. október - prófið hefst kl. 15 og stendur til kl. 18
- Reikningshald 3. desember – prófið hefst kl. 15 og stendur til kl. 18
- Raunhæft verkefni 10. desember - prófið hefst kl. 14 og stendur til kl. 19

Um efnissvið prófanna vísast til 3. gr. reglugerðar nr. 535/2012 um próf til viðurkenningar bókara og prófefnislýsingu birta á heimasíðu efnahags- og viðskiptaráðuneytisins www.evr.is

Próftökugjald fyrir hvert próf er kr. 25.000.

Próftökustaðir: Endurmenntun Háskóla Íslands, Opni háskólinn í HR
og Menntaskólinn í Kópavogi.

Væntanlegir prófmenn skulu skrá sig til prófs á netfang prófnefndar profnefndbokara@evr.is eða símleiðis í efnahags- og viðskiptaráðuneytið í síma 5458800, velja próftökustað og greiða próftökugjald í síðasta lagi fjórum vikum fyrir hvern auglýstan prófdag.

Tilkynning um greiðslu próftökugjalds skal senda á netfang prófnefndar profnefndbokara@evr.is og skal fylgja nafn prófmanns og kennitala, heimilisfang, tölvupóstfang og staðfesting um að fullnægt sé skilyrðum 43. gr. laga nr.145/1994 ásamt kvittun fyrir greiðslu prófgjalds. Greiða skal prófgjald inn á reikning ríkissjóðs: 0001-26-025017, kt. 540269-6459.

*Reykjavík 18. ágúst 2012.*

*Prófnefnd viðurkenndra bókara*

Kópavogsbær

# ÚTBOÐ

**Kópavogsbær óskar eftir tilboðum í:**

**Endurgerð á göngu- og hjólastíg meðfram Hafnarfjarðarvegi í Kópavogi.**

Í útboðinu fellst breikkun á göngu- og hjólastíg meðfram Hafnarfjarðarvegi frá Borgarholtsbraut að undirgöngum undir Hafnarfjarðarveg við Kópavogsdal.

Útboðsgögn verða seld í Þjónustuveri Kópavogsbæjar

Fannborg 2 (1.hæð) frá og með þriðjudeginum 21. ágúst 2012 á kr 5.000.

Þegar útboðsgögn eru keypt skal skrá samskiptaaðila bjóðanda í útboði.

Tilboðum skal skila fyrir kl.: 11:00 5. september 2012 til þjónustuvers Kópavogs, Fannborg 2 (1. hæð).

# ÚTBOÐ

## F.h. Strætó bs.

*er óskað eftir tilboðum frá verktökum í akstur almenningsvagna fyrir Samband sveitarfélaga í Eyjarfirði og Þingeyjarsýslum: Akureyri – Sigurfjörður og Akureyri – Húsavík – Þórhöfn.*

Útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Útboðsgögn á geisladiski verða seld á 5.000 kr. frá 21. ágúst 2012 í þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík.

*Tilboðum skal skila eigi síðar en:*
*Kl. 11:00 þann 5. október 2012 til Eyþings - Sambands sveitarfélaga í Eyjarfirði og Þingeyjarsýslum, Strandgötu 29, 600 Akureyri.*

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# ÚTBOÐ

## Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- *Kaup á mælistöð og tækjum til mælinga á loftgæðum, útboð nr. 12837.*
- *Reglubundið viðhald pípulagna 2012 – Hverfi 1, 2 og 3, útboð nr. 12879*
- *Reglubundið viðhald pípulagna 2012 – Hverfi 4 og 5, útboð nr. 12880.*
- *Reglubundið viðhald pípulagna 2012 – Hverfi 6 og 7, útboð nr. 12881*
- *Reglubundið viðhald pípulagna 2012 – Hverfi 8, 9 og 10, útboð nr. 12882.*

Allar nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod.

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

## Brekkuás 3
221 Hafnarfjörður
Glæsilegar íbúðir.

**Stærð: 107 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 2008**
**Fasteignamat: 0**

RE/MAX Lind




**Opið hús mánud.20 ágúst, 18:30-19:00** | **Verð: 25.900.000**

Opið hús í íbúð 204, sér inngangur af svölum. Lyfta í húsinu. Vandaðar Brúnás innréttingar, granít borðplötur og sólbekkir, AEG tæki. Eikar parket á stofu, eldhúsi og herbergjum, flísar á forstofu, baðherbergi og þvottahúsi.
Vandað var til byggingar hússins og allur frágangur til fyrirmyndar.
Aðeins 4.íbúðir eftir!
Einnig til sýnis 2ja og 4ra herberbergja íbúðir!

Jóhanna Íris
Sölufulltrúi
**662 1166**
johanna@remax.is

Sigríður Guðna
Sölufulltrúi
**663 3219**
sigga@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Bragavellir 17
230 Reykjanesbær
Stórglæsilegt einbýli.

**Stærð: 286,1 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 1991**
**Fasteignamat: 43.650.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind




**Opið hús sunnudag 19.ágúst 16:00-16:30** | **Verð: 67.000.000**

Einstaklega glæsilegt og vandað einbýli á tveimur hæðum. Tvöfaldur bílskúr sem auðvelt er að nýta sem íbúð. Neðri hæð: Forstofa, innangengt í bílskúr, gesta wc, miðrými, stofa og borðstofa, elshús með hvítri innréttingu, þvottahús innaf eldhúsi.
Efri hæð: stjónvarpsstofa, 4 svefnherbergi(tvö mjög stór), baðherbergi með sturtu og stóru baði.
Fallegur garður. Afar vönduð eign í grónu og rólegu hverfi, stutt í góðan skóla.
Eign sem svo sannarlega er vert að skoða.

Jóhanna Íris
Sölufulltrúi
**662 1166**
johanna@remax.is

Sigríður Guðna
Sölufulltrúi
**663 3219**
sigga@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Hamarsbraut 3
220 Hafnarfjörður
Sjarmerandi hús í fallegu hverfi.

**Stærð: 139,0 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 1907**
**Fasteignamat: 24.100.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind




**Opið hús mánudag 20.ágúst 18:30-19:00** | **Verð: 38.900.000**

Mikið endurnýjað einbýli ásamt sérstæðum bílskúr (byggður árið 2010) á frábærum stað. Húsið sjálft er 4ra herbergja á tveimur hæðum. Neðri hæð: Flísalögð forstofa, gesta wc, eldhús með ljósri innréttingu, þvottahús, Stofa og borðstofa, parket á stofu og eldhúsi. Efri hæð: Miðrými með lausum fataskáp, 3 svefnherbergi, flísalagt baðherbergi. Frágangur á garði til fyrirmyndar, pallur í kringum húsið.
Sérstæður bílskúr, sem auðvelt er að gera íbúð, 20 fm. milliloft.

Jóhanna Íris
Sölufulltrúi
**662 1166**
johanna@remax.is

Sigríður Guðna
Sölufulltrúi
**663 3219**
sigga@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Daggarvellir 7
221 Hafnarfjörður
Smekkleg íbúð í litlu fjölbýli.

**Stærð: 120,1 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2004**
**Fasteignamat: 23.200.000**

RE/MAX Lind




**Opið hús sunnudag 19.ágúst 17:30-18:00** | **Verð: 31.900.000**

Einstaklega falleg íbúð á efri hæð, í fjögurra íbúða fjölbýli.
Flísalögð forstofa. Rúmgóð stofa, hnotu parket. Flísalagt eldhús með fallegri hvítri háglans innréttingu, borðkrókur. þrjú rúmgóð svefnherbergi, tvö með fataskáp, hnotu parket. Baðherbergi flíslagt hólf í gólf, stór sturta og bað, falleg innrétting, handklæðaofn. Flísalagt þvottahús er innan íbúðar. Sér geymsla við hlið íbúðar, og sameiginleg hjólageymsla. Góður skóli í göngufæri og stutt í alla þjónustu.

Jóhanna Íris
Sölufulltrúi
**662 1166**
johanna@remax.is

Sigríður Guðna
Sölufulltrúi
**663 3219**
sigga@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Tjarnarmýri 9
170 Seltjarnarnes
Fallegt íbúð og glæsilegt útsýni.

**Stærð: 86,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1993**
**Fasteignamat: 21.400.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind




**Opið hús mánudag 20 ágúst 17:30-18:00.** | **Verð: 28.900.000**

Komið er inn í parketlagt hol með rúmgóðum skápum. Samliggjandi stofa og borðstofa í björtu rými með stórum glugga. Eldhús með hvítri innréttingu og eikarparketi. Gengið er út á rúmgóðar flísalagðar suður svalir með útsýni að Álftanesi.
Tvö rúmgóð svefnherbergi, bæði með skápum og eikarparketi. Baðherbergi með sturtubaðkari, hvítri innréttingu, hvítum flísum í hólf og gólf og tengi fyrir þvottavél. Íbúðin er sú eina á hæðinni.
Stórt stæði í bílageymslu fylgir íbúðinni.

Jóhanna Íris
Sölufulltrúi
**662 1166**
johanna@remax.is

Sigríður Guðna
Sölufulltrúi
**663 3219**
sigga@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Ásakór 7
203 Kópavogur
Falleg 3ja herbergja íbúð.

**Stærð: 89,3 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 2006**
**Fasteignamat: 17.800.000**

RE/MAX Lind




**Opið hús mánudag 20 ágúst 17:30-18:00** | **Verð: 24.500.000**

Flísalögð forstofa með fataskáp. Flíslalagt þvottahús innaf forstofu. Eldhús með fallegri eikar innréttingu, eldunareyja með morgunverðarborði, stál háfur yfir eyju. Opið úr eldhúsi inn í rúmgóða stofu, parket á gólfi, útgengi á stórar svalir. Tvö rúmgóð svefnherbergi með fataskápum.
Sér geymsla í sameign, ásamt sameiginlegri hjólageymslu.
Virkilega sjarmerandi eign á fallegum stað í nánd við ósnortna náttúru.

Jóhanna Íris
Sölufulltrúi
**662 1166**
johanna@remax.is

Sigríður Guðna
Sölufulltrúi
**663 3219**
sigga@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Sunnuvegur 12
220 Hafnarfjörður
Skipti möguleg á einbýli

**Stærð: 161,3 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 1954**
**Fasteignamat: 25.500.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Alpha




**Mánudaginn 20. ágúst kl. 18:30 - 19:00** | **Verð: 39.900.000**

Falleg og rúmgóð efri sérhæð og ris ásamt bílskúr við Tjörnina í Hafnarfirði. Sjón er sögu ríkari. Á aðalhæð er hol, eldhús, borðstofa, baðherbergi og tvö svefnherbergi. Í risi er stofa, sjónvarpshol og eitt svefnherbergi.
Seljendur skoða skipti á einbýlishúsi á höfuðborgarsvæðinu.

Allar nánari upplýsingar veitir Haukur Hauksson í S: 699-2900 eða á haukur@remax.is.

Haukur Hauksson
Sölufulltrúi
**699-2900**
haukur@remax.is

Reynir Logi Ólafsson
Lögg. fast. hdl.
**4777777**
reynir@remax.is

**RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is**

## Sumarhús í smíðum
270 Mosfellsbær
Gott verð - frábært tækifæri

**Stærð: 40 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 2012**
**Fasteignamat: 0**

RE/MAX Lind



**Nánari upplýsingar í síma 824 4031** | **Verð: 4.650.000**

Íslensk framleiðsla á hagstæðu verði.Húsið er fullbúið að utan þ.e. öll klæðning komin, gluggar glerjaðir og opnanleg fög með læsingum. Útihurðir með þriggja punkta læsingum og glerjaðar. Þakjárn komið á og þakkantur klæddur. Húsið er klætt viðhaldsfrírri báruálklæðningu og dökkri viðarklæðningu.Lofthæðin er 2,45. Húsið er fokhelt að innan þ.e. óeinangrað og lofta- ,veggja- og gólfklæðning fylgir ekki með. Húsið stendur við Kiwanishúsið í Mosfellsbæ. Sjá nánar á www.sumarhusid.com

Kristín
Sölufulltrúi
**8244031**
kristin@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

## Hjallabrekka 22
200 Kópavogur
Óskað er eftir tilboðum í húsið

**Stærð: 207,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 1965**
**Fasteignamat: 36.800.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Alpha




**Mánudaginn 20. ágúst kl. 17:30 - 18:00** | **Verð: 0**

Einbýlishús á einni hæð með bílskúr á fallegum stað í grónu hverfi í Kópavogi. Fjögur svefnherbergi, rúmgóð stofa og borðstofa, flísalagt baðherbergi, eldhús að hluta opið inn í borðstofu.

Óskað er eftir tilboðum í húsið.

Allar nánari upplýsingar veitir Haukur Hauksson í S: 699-2900 eða á haukur@remax.is

Haukur Hauksson
Sölufulltrúi
**699-2900**
haukur@remax.is

Reynir Logi Ólafsson
Lögg. fast. hdl.
**4777777**
reynir@remax.is

**RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is**

## Fannborg 5
200 Kópavogur
Rúmgóð íbúð á góðum stað

**Stærð: 100 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1980**
**Fasteignamat: 18.600.000**

RE/MAX Alpha



**Stutt í alla þjónustu** | **Verð: 19.700.000**

REMAX Alpha kynnir: Rúmgóð íbúð í Fannborg 5 - önnur hæð
Íbúðin er mikið til upprunaleg. Rúmgóð stofa með útgang að stórum suður-svölum. Eldhúsið er dúklagt og inn af því er þvottahús. Hjónaherbergið er dúklagt og þar er gott skápapláss. Stór bílageymsla er við húsið. Hægt er að bæta við aukaherbergi. Stór íbúð á góðum stað í Kópavogi þar sem stutt er í alla þjónustu. Upplýsingar veitir Davíð Ólafsson í síma 897 1533 eða david@remax.is og Reynir Logi lögg.fast. í síma 477 7777

Davíð Ólafsson
Sölufulltrúi
**897 1533**
david@remax.is

Reynir Logi Ólafsson
Lögg. fast. hdl.
**4777777**
reynir@remax.is

**RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is**



RE/MAX

Gunnar Sverrir
862 2001

Ástþór Reynir
899 6753

## Mávanes 18
210 Garðabær
Fallegt hús á góðum stað

Stærð: 312 fm
Fjöldi herbergja: 8
Byggingarár: 1966
Fasteignamat: 64.650.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Senter




**Opið hús mánudag kl 19.00 -19.30**

**Verð: 95.000.000**

Fallegt, vel skipulagt og vandað hús á tveimur hæðum á frábærum stað.
Útsýni til sjávar er á milli húsa úr stofum. Aðalhæð hússins er 194,9fm, bílskúrinn er 49,2fm og skráð rými í kjallara er 67,9fm. Auk þess er í kjallara 125fm óskráð rými. Í húsinu eru 6 svefnherbergi. Húsið er í góðu ástandi og er nýlega málað að utan. Kopar þakkantur er á öllu húsinu og dúkur á þaki er í lagi. Lóðin er stór, ræktuð og skjólsæl með góðum veröndum og stéttum. Hiti er í innkeyrslu og göngustígum.

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

## Dimmuhvarf 19
203 Kópavogur
Glæsilegt einbýli í rólegu hverfi

Stærð: 262,1 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 2007
Fasteignamat: 64.000.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Senter




**Opið hús mánudaginn kl 18.00 - 18.30**

**Verð: 79.900.000**

Fallegt einbýlishús við Elliðavatn. 4 svefnherbergi og tvær stofur. Vönduð tæki í eldhúsi, innrétting frá HTH með eyju og granítborðplötum. Hjónasvítan er mjög vegleg. Innaf henni er fataherbergi og salerni með sturtu og gufubaði. Stór þökulagður garður með steyptri verönd og timburpalli. Leyfi er fyrir byggingu gestahúss eða hesthúss á lóðinni. Mikil lofthæð og vönduð gólfefni í þessu fallega húsi á góðum og barnvænum stað. Stutt er í skóla og þjónustu.

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

## Grænlandsleið 11
113 Reykjavík
Sérhæð með fallegu útsýni

Stærð: 152,1 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2005
Fasteignamat: 30.400.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Senter




**Opið hús mánudaginn kl 18.00 - 18.30**

**Verð: 40.900.000**

Sérhæð á fallegum útsýnisstað. Úr anddyri er gengið í opið rými sem skiptist í bjarta borðstofu, samliggjandi eldhúsi og stofu sem er rúmgóð með útgengt á verönd í suður. Þvottahús með geymslulofti. Baðherbergi er með vandaðri innréttingu, baðkari og sturtuklefa. Barnaherbergi eru tvö og er annað þeirra með millilofti sem nýtist vel sem leikrými. Hjónaherbergi er rúmgott með fataherbergi. Mikil lofthæð er í öllu húsinu. Skólar, þjónusta, fallegar gönguleiðir og golfvöllur eru í göngufæri.

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

## Ennishvarf 18
203 Kópavogur
Fallegt einbýli á Vatnsenda

Stærð: 164,4 fm
Fjöldi herbergja: 4
Byggingarár: 2004
Fasteignamat: 40.350.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Senter




**Opið hús mánudaginn kl 17.00 - 17.30**

**Verð: 49.900.000**

Húsið skiptist í forstofu, stofu, borðstofu, sólstofu, eldhús, tvö svefnherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús, bílskúr og geymslu. Gólfhiti er í húsinu og lóðin er frágengin. Að austanverðu er steinsteypt verönd og grasflöt en að vestanverðu er lóðin hellulögð að hluta. Eldhúsið er rúmgott með góðri U-laga innréttingu. Stofan, borðstofan, eldhúsið og sólstofan mynda eitt samfellt rými. Í sólstofunni er heitur pottur og fallegt útsýni. Úr sólstofunni er gengið út á steinsteypta verönd og út í garð

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

## Fífusel 22
109 Reykjavík
Raðhús með möguleika á auka íbúð

Stærð: 242,8 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1980
Fasteignamat: 33.350.000

RE/MAX Senter




**Opið hús mánudaginn kl 17.00 - 17.30**

**Verð: 37.900.000**

RE/MAX SENTER kynnir: Snyrtilegt raðhús á þremur hæðum með stæði í bílageymslu og möguleika á auka íbúð í kjallara.
Á miðhæð hússins er forstofa með gestasalerni ásamt eldhúsi og stórri stofu þar sem útgengt er á suðursvalir. Á efri hæðinni eru fjögur svefnherbergi. Þar er einnig hol og rúmgott baðherbergi. Í kjallaranum er stofa/herbergi,geymsla með glugga og herbergi inn af eldhúsi.
Stutt er í flest alla þjónustu, leikskóla og skóla

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

## Dalhús 99
112 Reykjavík
Glæsilegt raðhús á góðum stað

Stærð: 188,4 fm
Fjöldi herbergja: 6
Byggingarár: 1990
Fasteignamat: 38.700.000
Bílskúr: Já

RE/MAX Senter




**Opið hús þriðjudag kl 18.00 - 18.30**

**Verð: 53.900.000**

Húsið er á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr á góðum stað í Grafarvoginum. Snyrtilegt hús með fallega ræktuðum garði og sólpalli með heitum potti. Bílskúr er 26fm með sjálfvirkum hurðaopnara. Stofa, borðstofa og eldhús með vönduðum tækjum og nýlegri innréttingu. Flísalagt baðherbergi með sturtu og baðkari. 4 svefnherbergi með fataskápum og er eitt þeirra með útgengi út á svalir. Barnaherbergin eru öll með millilofti. Aðkoma að húsinu er góð og hiti er í hellulögðum bílastæðum.

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

## Lækjasmári 8
201 Kópavogur
Vinsæl staðsetning

Stærð: 97,3 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2000
Fasteignamat: 22.150.000

RE/MAX Senter




**Opið hús mánudaginn kl 18.00 - 18.30**

**Verð: 28.600.000**

Falleg björt og rúmgóð íbúð með stæði í bílageymslu í snyrtilegu lyftuhúsi, vel staðsett nálægt þjónustu og íþróttamannvirkjum. Komið er inn í hol/anddyri,  gengið er þaðan inn í herbergin og flísalagt baðherbergi. Eldhús með snyrtilegri viðar innréttingu, eldhús er opið inn í stofu. Tvö rúmgóð herbergi eru í íbúðinni. Útgengi er úr stofu út á stórar flísalagðar yfirbyggðar svalir að hluta. Gott útsýni er úr íbúðinni. Góð leiksvæði eru fyrir utan húsið og stutt í alla þjónustu.

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

## Vatnshlíð 9
311 Borgarnes
Fallegur bústaður við Þverárhlíð

Stærð: 52,2 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1999
Fasteignamat: 8.195.000

RE/MAX Senter



**Mjög góð staðsetning**

**Verð: 15.400.000**

Fallegur bústaður sem er haganlega fyrirkomið. Húsinu fylgir rúmlega 51,5 fm verönd og heitur pottur, rampur fyrir hjólastól er við bústaðinn. Geymsluskúr er á lóðinni og leyfi er fyrir byggingu á 30fm gestahúsi. Mikið skóglendi er á svæðinu, margar gönguleiðir og stutt er í berjamó þar sem aðallega eru bláber. Helgafellsvatn er í um 350 m fjarlægð, þar er hægt að stunda veiði og tómstundir. Staðsettur 110km frá RVK eða um það bil 1,5 klst í akstri.

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

## Skógarás 7
110 Reykjavík
Auðveld kaup

Stærð: 65,6 fm
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1985
Fasteignamat: 13.950.000

RE/MAX Senter




**Opið hús mánudaginn kl 19.00 - 19.30**

**Verð: 17.500.000**

Falleg 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með afgirtri verönd. Falleg íbúð á góðum stað,þar sem stutt er í skóla,útivistarsvæði og tómstundaiðkun. Gengið er inn í hol og þaðan inn í önnur herbergi í íbúðinni. Eldhús er með viðar innréttingu og flísar á gólfi. Rúmgóð stofa sem einnig er notuð sem borðstofa. Baðherbergi er með flísar á gólfi, sturtu og baðkar og snyrtilega innréttingu. Þvottahús er sameiginlegt í kjallara. Geymsla er inní íbúð. Elliðaárdalur, Víðidalur og Árbæjarlaug eru í göngufæri.

Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
8622001
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
899 6753
arg@remax.is

RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is

# ÁLAKVÍSL 130
110 Reykjavík
FÍN ÍBÚÐ Á TVEIMUR HÆÐUM

**Stærð: 115,1 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 1987**
**Fasteignamat: 22.800.000**

RE/MAX Alpha




**OPIÐ HÚS ÞRIÐJUD.21.08.KL.18-18:30**

**Verð: 28.500.000**

EFRI HÆÐ OG RIS Í ÁLAKVÍSL 130.
FÍN 115 M2 ÍBÚÐ Á EFRI HÆÐ, SÉR INNGANGUR. TVÖ BÍLASTÆÐI. GÓLFFLÖTUR ÍBÚÐARINNAR ER TÖLUVERT STÆRRI EN FERMETRARNIR GEFA TIL KYNNA ÞAR SEM EFRI HÆÐIN ER NOKKUÐ UNDIR SÚÐ OG RISLOFT ER EKKI INNI Í FERMETRAFJÖLDA EN þAR ER VEL HÆGT AÐ GERA FJÓRÐA HERBERGIÐ.VERIÐ VELKOMIN Í OPIÐ HÚS!



Kristín Ólafsdóttir
Sölufulltrúi
**892-9400**
kiddy@remax.is

Reynir Logi Ólafsson
Lögg. fast. hdl.
**4777777**
reynir@remax.is

**RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is**

# BJÖRTUSALIR 8
201 Kópavogur
FALLEG ÍBÚÐ Í SALAHVERFI

**Stærð: 153,1 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 2000**
**Fasteignamat: 27.750.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Alpha




**OPIÐ HÚS MÁNUD.20.08.KL.18-18:30**

**Verð: 37.900.000**

FALLEG 4 HERB.SAMT. 153 M2 ÍBÚÐ + BÍLSKÚR Í SALAHVERFINU Í KÓPAVOGi!!!
ÞETTA ER FRÁBÆR EIGN Á EFTIRSÓTTUM STAÐ MEÐ FALLEGU ÚTSÝNI. VANDAÐAR INNRÉTTINGAR OG GÓLFEFNI,ÞRJÚ RÚMGÓÐ HERBERGI,SNYRTILEG SAMEIGN OG BÍSKÚR. VERIÐ VELKOMIN Í OPIÐ HÚS MÁNUD.20.ÁGÚST KL.18-18:30



Kristín Ólafsdóttir
Sölufulltrúi
**892-9400**
kiddy@remax.is

Reynir Logi Ólafsson
Lögg. fast. hdl.
**4777777**
reynir@remax.is

**RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is**

# Erluás 25
221 Hafnarfjörður
Glæsilegt einbýli í Áslandi

**Stærð: 234,2 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 2003**
**Fasteignamat: 46.000.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind




**Opið hús mán. 20 ágúst frá kl 18:00 til 18:30**

**Verð: 62.700.000**



Nánari lýsing:
Komið er inn í rúmgóða forstofu, fataskápur með rennihurð, flísar á gólfi. Þaðan er komið inn í flísalagt hol. Á vinstri hönd er gestasnyrting. Innangengt í bílskúr frá holi. Gengið upp flísalagðar tröppur inn í eldhús með góðum borðkrók. Eldhúsið er einstaklega bjart og fallegt með hvítri innréttingu, lítið búr, flísar á gólfi. Útgengt í garð frá eldhúsi. Frá eldhúsi er gengið upp parketlagðar tröpppur í bjarta stofu / borðstofu, parket á gólfi. Úr stofu er útgegnt á vestur-svalir með miklu útsýni. Inn af stofu er sér herbergisgangur, parket á gólfi. Útgegnt í garð frá ganginum. Rúmgott hjónaherbergi, flísar á gólfi. Tvö góð barnaherbergi með fataskáp, flísar á gólfi. Baðherbergið er allt hið glæsilegasta, hornbaðkar, hvít innrétting, flísar á gólfi. Gott flísalagt þvottaherbergi. Á móti þvottaherbergi er stór fataskápur. Bílskúrinn er mjög rúmgóður. Hiti í bílapani að hluta til.
Húsið er að mestum hluta með innfeldri lýsingu sem er fjarstýrð. Glæsileg eign með fallegu útsýni.
Verið velkomin í opið hús. Benedikt sýnir eignina s: 661 7788 / 7772211



Benedikt Ólafsson
Sölufulltrúi
**6617788**
bo@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

# Mýrarás 4
110 Reykjavík
FALLEGT EINBÝLI Á EINNI HÆÐ

**Stærð: 224,1 fm**
**Fjöldi herbergja: 6**
**Byggingarár: 1984**
**Fasteignamat: 51.350.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Alpha




**OPIÐ HÚS MIÐV.DAGINN 22.08 KL.18-18:30**

**Verð: 54.800.000**

Einstaklega vel skipulagt og vel staðsett einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr í Selás-Árbæ teiknað af Kjartani Sveinssyni. Falleg eign í barnvænu umhverfi. Húsið samanstendur af 4 svefnherb. fataherb. 2 baðh. sjónv.hol. stofa, borðstofa, eldhús, þvottahús, forstofa og jeppavænn bílskúr. Bjart og skemmtilegt hús í mjög góðu standi en komið er að gólfefnaskiptum í stofu,borðstofu og eldhúsi. Suður sólpallur hefur verið endurnýjaður. Uppl.veitir Þórdís í síma 8621914 eða thordis@remax.is



Þórdís Davíðs
Sölufulltrúi
**8621914**
thordis@remax.is

Reynir Logi Ólafsson
Lögg. fast. hdl.
**4777777**
reynir@remax.is

**RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is**

# Naustabryggja 18
Bryggjuhverfinu í Grafarvogi
í nálægð við hafið og náttúruna

**Stærð: 101,8 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 2002**
**Fasteignamat: 20.750.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind



**Pantið tíma í skoðun í síma 663 2300**

**Verð: 26.900.000**

Falleg og vönduð 101,8 fm 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í fallegu fjölbýli á góðum stað í Bryggjuhverfinu í Grafarvogi. Komið er inn í opið og bjart alrými með stórri stofu og rúmgóðu eldhús með góðu skápaplássi. Vandaðar mahony innréttingar í allri íbúðinni. Mjög vönduð og falleg íbúð í nálægð við hafið og náttúruna sem hentar áhugasömu útivistarfólki sérlega vel. Allar frekari upplýsingar veitir Þórey Ólafsdóttir sölufulltrúi/viðskiptafræðingur í síma 663 2300 eða thorey@remax.is.



Þórey Ólafsdótti
Sölufulltrúi
**663 2300**
thorey@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

# Nýr og **byltingarkenndur** fasteignavefur




- **Byltingarkennd leitarvél. Notaðu google map.**
- **Gríðarlega öflug leitarvél fyrir kaupendur og leigjendur.**
- **Fjölbreyttari, einfaldari hraðari, nákvæmari og skemmtilegri fasteignaleit.**

**www.RE/MAX®.is**

# Hofakur 7

210 Garðabær

Stórglæsileg íbúð í Akralandi

**Stærð: 152,7 fm**
**Fjöldi herbergja: 4-5**
**Byggingarár: 2006**
**Fasteignamat: 29.500.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Senter




**Sunnudaginn kl. 18.00-18.30**

**Verð: 49.000.000**





Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
**7772882**
thora@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**4144700**
arg@remax.is



RE/MAX Senter kynnir stórglæsilega og vandaða eign í Akralandinu. Nánari lýsing: forstofu með innfelldum skápum, á hægri hönd eru tvö rúmgóð barnaherbergi bæði með skápum. Opinn gangur tengir svefnherbergin við þvottahús með innréttingu og vaski, glæsilega innréttað baðherbergi, flísalagt í hólf og gólf með stórum sturtuklefa, innrétting með granít borðplötu, tveim vöskum og vönduðum blöndunartækjum frá Tengi. Eldhús með glæsilegri sprautulakkaðri innréttingu með granít-borðplötum og vönduðum tækjum frá Siemens. Eldhúsið er vel skápum búið og hugsað fyrir nútímaþörfum þar sem raflagnir eru tengdar inn í skápa og lýsing vel hönnuð. Stofur eru tvískiptar, borðstofa með gluggum í n-vestur og hinsvegar sjónvarps- og dagstofa í suður með útgengi á svalir og góðu útsýni. Hjónaherbergi er rúmgott með skápum, þar er tengt fyrir sjónvarpi og síma. Innviðir íbúðarinnar eru hannaðir af Guðbjörgu Magnúsdóttur arkitekt. Allar innréttingar og skápar í íbúðinni eru sérsmíðaðar og lýsing hönnuð af Lumex.

Allar frekari upplýsingar um eignina veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

# Hjálmakur

210 Garðabær

Glæsilegt og afar vandað hús

**Stærð: 343 fm**
**Fjöldi herbergja: 6**
**Byggingarár: 2007**
**Fasteignamat: 68.750.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Senter



**Bókið skoðun hjá Þóru**

**Verð: 0**





Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
**7772882**
thora@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**4144700**
arg@remax.is



RE/MAX Senter kynnir stórglæsilegt og afar vandað einbýlishús í Akralandinu. Nánari lýsing; Forstofa er opin og rúmgóð með skápum og innréttingum. Gestasnyrting er flísalögð. Eldhús er vel innréttað með góðu vinnuplássi, stórri eyju með eldavélaaðstöðu og glæsilegum háf. Úr eldhúsi er gengið út á verönd mót suðri. Stofan er stór (50 fm) með fallegum arni, gert ráð fyrir borðstofu og setustofu, þaðan er gengið út á afgirta verönd (vestur). Sjónvarpsherbergi er glæsilega innréttað með rennihurðum fyrir. Svefnherbergisgangur er með 2 stór herbergi með skápum, baðherbergi er baðkari er flísalagt í hólf og gólf, hjónaherbergi er stórt með miklum skápum, innbyggt rými fyrir sjónvarp og sér baðherbergi með sturtu. Úr hjónaherbergi er gengið út á svalir (suður). Á neðri hæð er stórt herbergi með skápum, baðherbergi með sturtu, geymsla (ca 8 fm), sér inngangur/forstofa með skápum. Bílskúr er tvöfaldur, flísalagður með hillum.  Mjög var vandað til við val innréttinga,lýsingar og efnisval.

Allar frekari upplýsingar um eignina veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

# Grenigrund 10

200 Kópavogur

Notalegt einbýli í grónu umhverfi

**Stærð: 191,1 fm**
**Fjöldi herbergja: 5**
**Byggingarár: 1952**
**Fasteignamat: 34.900.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Senter



**Sunnudaginn 19 ágúst kl. 16.00-16.30**

**Verð: 42.900.000**





Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
**7772882**
thora@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**4144700**
arg@remax.is



RE/MAX Senter kynnir notalegt fjölskylduhús í afar grónu umhverfi Kópavogsmegin í Fossvoginum.

Um er að ræða einbýlishús með 4 svefnherbergjum ásamt tvöföldum bílskúr og stórum grónum garði. Nánari lýsing: Forstofa með fataskáp og flísum, þvottahús með innréttingu, vaski innréttingum og hillum auk sturtuklefa. Baðherbergi er uppgert fyrir ca 10 árum, flísalagt í hólf og gólf með eikar-innréttingu og baðkari. Opið hol tengist eldhúsi, stofu og svefnherbergi, þaðan er stigi upp á efri hæðina. Í holi er tengi fyrir sjónvarp. Eldhúsið er vel innréttað með eikarinnréttingu, miklu skápaplássi og borðkrók. Inn af eldhúsi er rúmgott búr/geymsla með miklu hilluplássi. Stofan er rúmgóð og rúmar vel bæði borðstofu og dagstofu, hún snýr mót suðri. Hjónaherbergi er rúmgott með skápum. Efri hæð skiptist í 3 herbergi, tvö undir súð með skápum, þriðja herbergið er rúmgott - var áður hluti of opnu rými efri hæðar sem nýttist sem hol, auðvelt að breyta til baka. Garðurinn er gróinn og skjólsæll. Bílskúr er tvöfaldur (48,5 fm).

Allar frekari uppl. um eignina veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

# Huldubraut 54

200 Kópavogur

Parhús á stórkostlegum útsýnisstað

**Stærð: 184,2 fm**
**Fjöldi herbergja: 5-6**
**Byggingarár: 1990**
**Fasteignamat: 37.050.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Senter




**Sunnudaginn 19. ágúst kl. 17.00-17.30**

**Verð: 49.900.000**





Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
**7772882**
thora@remax.is



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**4144700**
arg@remax.is



RE/MAX Senter kynnir fallegt og skemmtilega hannað hús með stórbrotnu útsýni.

Nánari lýsing; komið er inn í flísalagða forstofu, rúmgott forstofuherbergi og gesta-snyrting eru á hægri hönd, en á vinstri hönd er innangengt í bílskúr (20,5 fm) sem skipt er upp í geymslu með hillum og herbergi/geymslu. Gengið er upp nokkur þrep á pall þar sem er stórt og vel innréttað eldhús, opin borðstofa, sólstofa og seturými. Stofan sem er á næsta palli hefur mikla lofthæð, þar eru gluggar í norður og vestur og mikið útsýni yfir í Öskjuhlíðina og út Kópavoginn, yfir hluta stofunnar er skemmtilega útfærður og afgyrtur pallur eða svalir. Á efsta palli hússins er rúmgott hjónaherbergi með skápum, svefnherbergi með skápum og stórt baðherbergi sem flísalagt í hólf og gólf með baðkari og sturtu, innréttingu og skápum, þar er ágæt aðstaða fyrir þvottavél og þurrkara.

„Við vorum fengnir til að vinna að aðalskipulagi Reykjavíkur, sem var ætlað að gefa vexti borgarinnar ákveðinn ramma og opna fyrir útbreiðslu byggðar í austurátt.

Í þessu skipulagi voru Sæbraut, Kringlumýrarbraut og Miklabraut hugsaðar sem stórar æðar sem myndu opna fyrir stærra svæði í Reykjavík,“ segir Hammer.

Hann bendir á að aðalskipulagið hafi verið unnið á uppgangs- og umbrotatímum.

„Á sjötta og sjöunda áratugnum fóru Íslendingar að þéna vel á sjávarútveginum og þessir miklu fjármunir sem streymdu inn í landið, urðu til þess að fólk vildi byggja fleiri hús og stofna nýjar verslanir,“ segir Hammer.

Hammer telur fjárfesta oft einblína á miðborgarsvæði til uppbyggingar og það sé brýnt að beina þeim annað.

„Fjárfestar hugsa gjarnan á hefðbundnum nótum og halda oft að það sé aðeins hægt að fjárfesta í miðbænum. En ef allir fjárfesta í miðbænum mun miðbærinn að endingu hverfa undir stór hús og víðfeðm bílastæði. Miðbærinn getur aldrei uppfyllt þær þarfir um fermetrapláss sem nútímaborg hefur.“

Þarna myndist þörf fyrir ný byggingarsvæði sem bera betur stórhýsi.

### Beina fjárfestum frá bænum

„Það er ákaflega mikilvægt að beina fjármagninu að nýjum stöðum, stöðum sem eru spennandi og huggulegir. Á þann hátt er hægt að vernda borgarrými eins og miðbæinn, sem svæði með ákveðinn byggingarstíl sem hefur í för með sér lakara aðgengi fyrir bíla,“ segir Hammer.

Hann bendir á að í aðalskipulaginu sem hann vann á sínum tíma hafi verið unnið út frá þessum hugmyndum.

„Við vildum skipuleggja Reykjavík þannig að hægt væri að bjóða upp á ný svæði til að byggja upp verslunar- og þjónustukjarna. Þetta varð síðar að raunveruleika með tilkomu Kringlunnar. Kringlan létti miklu álagi af miðbænum en það var einmitt það sem við lögðum upp með. Með þessari nýjung gat fólk keyrt alveg upp að húsi til að versla. Það létti á kröfunum um frekari bílastæði í miðbænum,“ segir Hammer.

### Miðbærinn tengdist höfninni

Teymið sem Hammer vann með setti einnig fram tillögur að framtíðarskipulagi miðborgarinnar.

„Við lögðum til að miðbærinn og höfnin myndu tengjast betur í framtíðinni en þau gerðu. Hugmyndin var að lyfta Geirsgötunni upp á aðra hæð, svo hægt væri að ganga úr miðbænum, undir umferðina og niður að höfn. Við sjáum ákveðin merki um þetta enn á þaki pakkhússins norðan við Tollhúsið.“

Þakið er hannað sem fjögurra akreina vegur. Vegurinn átti að taka við umferð af Sæbraut og leiða hana á Mýrargötu án þess að hindra umferð gangandi vegfarenda að höfninni.

„Það hefði verið gaman að sjá miðbæinn og höfnina vaxa betur saman. Slík tenging hefur reynst vel annars staðar og aukið gæði miðbæjarsvæða ýmissa borga því höfnin er spennandi staður,“ segir Hammer og lætur sig dreyma.

„Þannig væri kannski hægt að ganga verslunar- og göngugötur sem lægju niður að höfn. Þar væri síðan hægt að fara út að borða á fiskveitingastöðum með útsýni yfir höfnina. En höfnin hefur aldrei fengið tækifæri til að vaxa saman við miðbæinn. Bærinn snýr bakinu í höfnina og hún er hálfpartinn lokuð af, fyrst með þungri umferð á Geirsgötu, svo með stórhýsum eins og Tollhúsinu, Hafnarhúsinu þar sem Listasafn Reykjavíkur er nú og fleiri háum dökkgráum byggingum. Stutt frá þessum húsum er svo Vesturgata, sem skartar fallegri röð af timburhúsum. Andstæðurnar skera í augun,“ segir Hammer.




**Í MIÐBÆNUM JØRGEN HAMMER** Jørgen Hammer dvaldi á Hótel Vík þegar hann vann að aðalskipulagi Reykjavíkur á árunum 1968 til 1971. Hótelið gamla var í rauða reisulega húsinu sem er fyrir aftan Hammer á myndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Nokkur heilræði

Hammer segist ekki vilja setja sig á háan hest og koma með tillögur að betra fyrirkomulagi í bænum enda sé miðborgarskipulag afar flókið fyrirbæri. Hann hefur hins vegar nokkur góð og almenn ráð sem hann er tilbúinn til að veita.

„Mér finnst mjög mikilvægt að haldið sé í gamlar hefðir. Í hinum alþjóðlega heimi er fólk farið að upplifa sömu hlutina aftur og aftur og víðar og víðar um allan heim. Við sjáum alls staðar sömu bílana, svipaðar byggingar og sömu hamborgarana og pitsurnar.

Þegar við komum sem ferðamenn á nýja staði viljum við sjá eitthvað nýtt, eitthvað spennandi og framandi. Frá mínum sjónarhóli eru staðir framandi þar sem tekist hefur að halda í gamlar hefðir og menningu. Slíkir þættir eiga hins vegar verulega undir högg að sækja,“ segir Hammer og nefnir tvö dæmi.

### Los Angeles og Santa Fe

„Í Bandaríkjunum hefur fólk haft lítinn vilja til að stýra bæjarásýnd, byggingamagni og arkitektúr í sumum borgum. Þar eru til nokkur dæmi um borgir þar sem fjármagnsöfl hafa haft mikil áhrif á yfirbragð og ásýnd bæja. Útkoman er oft og tíðum há og stór hús á stöðum sem þóttu hvað skemmtilegastir og mest spennandi. En þessum stóru byggingum fylgdi mikill fjöldi bílastæða og allt í einu varð ekkert eftir sem var spennandi og skemmtilegt.

Líttu til dæmis á Los Angeles. Þar er miðbærinn einn leiðinlegasti staður sem hægt er að hugsa sér. Allt lífið færðist annað, til dæmis á Venice Beach niður við ströndina.“

Hammer segir Santa Fe í Nýju-Mexíkó vera andstæðuna við þetta en þar hefur verið lögð áhersla á sérstöðuna í byggingarlist.

„Í Santa Fe hafa menn sett ákveðnar kröfur um að allar byggingar í bænum þurfi að fylgja byggingarhefðum púebló-indíána í takt við menningararfinn. Þar mega húsin ekki vera nema fjórar hæðir og þau eiga öll að vísa til ákveðinnar byggingarhefðar.

Vegna þessa hefur myndast ákveðið samræmi í bænum og fyrir vikið upplifir maður staðinn sem framandi og spennandi. Santa Fe er líka mjög vinsæll ferðamannastaður í Bandaríkjunum, enda er borgin ólík öllum öðrum.“

### Enga íhaldssemi

Hammer telur mikilvægt að rækt við ræturnar og þjóðararfinn leiði ekki til íhaldssemi. Byggingarlist þurfi að þróast eins og allt annað.

„Mér finnst mikilvægt að ég hljómi ekki eins og ég sé íhaldssamur, því þegar ég tala um að halda þurfi í gamla menningu og siði er ég ekki að tala fyrir íhaldssemi. Ég vil ekki að við endum sem eitthvert Árbæjarsafn. Við þurfum á endurnýjun að halda, en við verðum gera það með tilvísun í gamlar hefðir, þannig að fólk sem kemur til landsins finni fyrir því að hér vinni fólk á annan hátt en annars staðar og finnist landið sérstakt og framandi.“

Hann segir þetta alls ekki óþekkt á Íslandi.

„Þetta er eins og með íslenskuna. Þið segið ekki „computer“ heldur tölva og þið segið geisladiskur en ekki „cd“. Þessa hugsun þurfið þið að tileinka ykkur í byggingarstíl í ríkari mæli. Gott dæmi um byggingu þar sem þetta er gert er Fontana við Laugarvatn. Staðurinn er hannaður þannig að húsið vísar í gamlar íslenskar hefðir, þar sem notað er torf og grjót að einhverju leyti í bygginguna. Þetta fær mann til að hugsa: „Spennandi!“ Og svona hughrif fá fólk líka til að vilja koma aftur til landsins.“

### ÆVIÁGRIP

Jørgen Hammer kom til Íslands árið 1968 og vann að aðalskipulagi Reykjavíkur á árunum 1968-1971.

Þá starfaði Hammer fyrir verkfræðifyrirtækið Anders Nyvig, sem veitti ráðgjöf í borgar- og umferðarskipulagi. Hammer er menntaður verkfræðingur en bætti við sig fjögurra ára listnámi eftir útskrift.

Til viðbótar við aðalskipulag Reykjavíkur hefur Hammer einnig komið að aðalskipulagi í Þórshöfn í Færeyjum. Hann lagði einnig grunninn að tilhögun almenningssamgangna í Borgundarhólmi, þar sem hann býr í dag.

Hammer starfar sem einn ræðismanna Íslands.

Athugið!
Næsti umsóknarfrestur er til 15. september 2012

Tækniþróunarsjóður
Styrkir til nýsköpunar

- Tækniþróunarsjóður heyrir undir iðnaðarráðherra og starfar samkvæmt lögum nr. 75/2007 um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.
- Tækniþróunarsjóður fjármagnar nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs.
- Sjóðurinn styrkir nýsköpunarverkefni sem geta aukið samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.
- Umsækjendur geta verið fyrirtæki, einstaklingar, rannsóknastofnanir og háskólar.
- Forsenda fyrir aðkomu sjóðsins er að fyrir liggi vel mótuð hugmynd um hagnýtt gildi og líklegan ávinning sem þróun viðkomandi verkefnis getur leitt til.

**Nánari upplýsingar um sjóðinn eru á www.rannis.is**

Tækniþróunarsjóður
IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ
rannís

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# EITT ÞAÐ BESTA FRÁ

# Panasonic




**Panasonic TXL42E5Y**

## 159.990

ÁÐUR **189.990**

## ÖRÞUNNUR IPS LED HÁGÆÐA SKJÁR

**Háskerpu upplausn fyrir hámarks upplifun af Blu-ray diskum, leikjatölvum eða háskerpu sjónvarpsútsendingum**

**150Hz Backlight scanning**
Clear Panel myndsían fjarlægir óæskilegt ljós úr skjánum sem tryggir bjartari og meiri myndgæði. 150Hz tæknin skilar allri hreyfingu frábærlega til áhorfandans.

**VIERA Connect**
Viera Connect færir þér Internetið á stóran skjá beint heim í stofu og gerir þér kleift að njóta efnis á mörgum mismunandi formum ásamt því að halda sambandi við vini á Facebook eða Twitter og vera í sambandi gegnum Skype. Einnig er hægt að spila leiki án þess að nota tölvu.

**VrealLIVE örgjörvi**
Velkomin í veröld SmartTV með VIERA og Vreal Live. Myndvinnsluörgjörvinn er hannaður til að tryggja bæði hraða og nákvæma netvirkni ásamt bestu mögulegu myndgæðum.

**V-Audio Surround**
V-Audio Surround er fjölrása hljóðstilling sem skilar Surround hljómgæðum úr innbyggðum hátölurum tækisins.

**Media spilari**
Settu í SD minniskort úr myndavél, upptökuvél eða snjallsíma eða tengdu USB minnislykil við sjónvarpið og Media Player kemur sjálfkrafa upp til að skoða og spila allt margmiðlunarefni.

**VIERA Remote App Support**
Stjórnaðu sjónvarpinu með snjallsímanum þínum óháð því hvort tækið er byggt á Android eða Apple stýrikerfi. Viera Remote App gefur þér möguleika á að senda margmiðlunarefni úr símanum þínum yfir í VIERA sjónvarpið.

IPS LED · BRILLIANT CONTRAST · 150Hz Back Light Scanning · Vreal LIVE · CLEAR PANEL · social networking TV · USB x2 · HDMI x4 · FULL HD 1920X1080p

V-Audio Surround · dlna CERTIFIED · Media Player · SMART VIERA · Made for iPhone · WiFi Ready

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

Official 3D Equipment Partner
Panasonic

# Krossgáta

**Lárétt**

1. Helvítis súkkulaðikaka (11)
9. Sé það níð mun ég styrkjast (6)
13. Guðdómleg kýr skýrir ríkidæmi býflugna (8)
14. Í fýlueggi finnur maður ólundarfugla (11)
15. Það má víst sleppa enninu í þessum liðamótum (6)
16. Kolluverkur varir skamma stund (8)
17. Tja, graðir og ruglaðir skulu bræddir (9)
19. Hér hefst ferð Beach Boys til Cocomo (5)
20. Þjóð eystra er sem kusk í kringum nisti (7)
22. Kærleikskrókur ofan varar (9)
23. Ætli Atli ati finnska glervöru? (7)
25. Blanda drykk fyrir kjána (4)
26. Meðvitund um plott (6)
27. Það er grand að túra á slíkum bíl (2)
28. Ræðir hvort vit vafrar (9)
29. Má bjóða þér steik af fullorðnu, kæri landi? (9)
32. Sonur ristur í ræmur (12)
34. Hin 12 ára Dolores má ekki ryk sjá (6)
35. Sá gleypi að snyrta skegg doktor Ægis (9)
36. Get búist við að það sé best (5)
37. Heiðaland er efni frétta (6)
39. Mannlaus karlabrautin og moldríka liðið (15)
41. Með styrk og fljótfærni mun dallurinn birtast (6)
42. Rifrildisskræða er innlegg í umræðu (8)
43. Lem fjármálagaurana (12)

**Lóðrétt**

1. Heyri þyt rústa með þeim mislynda (8)
2. Æst leiðrétta Skuld (10)
3. Svartur blaðagalgopi er hvorki hundur né spaði (9)
4. Sunguð sem fuglar um golfpinnafjör (6)
5. Fær rangar til baka og segir ljótt (6)
6. Finnið X (3)
7. Inngönguþreifingar vegna þátttöku fyrir trétölur (15)
8. Einhverjar passar ör í önnum Hörpu (11)
9. Skákstig fyrir rafmagnsljósasveit (3)
10. Gróparker geymir lygnar (7)
11. Aur fyrir kraftinn gefur dugnaðinn (8)
12. Fer í dópvímu fyrir ho-ho-hold? (10)
18. Marri kóngur við saltan sjó (7)
21. Hraðsuða bræðir Snæfinn snöggt (8)
24. Þegar iðrun leggst við stillt verður það óglatt (9)
25. Mikilvægt að maður noti lungun (10)
26. Maukar tá í virkjun (11)
27. Háskaleikirnir drepa alla hunda í vist (11)
30. Ekkert skipulag margfaldar með minnst einu núlli (9)
31. Út og angur framkalla magasár (9)
33. Vilja alls ekki sleppa metingnum (8)
38. Teljið étandi hópa (5)
40. Fangaði frið (4)





Lausnarorð síðustu viku var
**STÚDENTSPRÓF**

FORLAGIÐ

## Vegleg verðlaun

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Sumarhús með sundlaug frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Ástríður Þorsteinsdóttir, Reykjavík,** og getur hún vitjað vinningsins í afgreiðslu 365, Skaftahlíð 24.




## Lausnarorð

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist mikilvægt fyrirbæri sem fær mann til að halda að sólarhringurinn hafi snúist við. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 22. ágúst næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „18. ágúst“.




**Í ÞÁ TÍÐ:** Árið 1977

# Stephen Biko handtekinn

**Mannréttindafrömuðurinn lést stuttu síðar eftir pyntingar lögreglu.**

Á þessum degi fyrir réttum 35 árum, hinn 18. ágúst árið 1977, var suðurafríski mannréttindafrömuðurinn Stephen Biko handtekinn af lögreglu í borginni Port Elizabeth. Tæpum mánuði síðar fannst Biko nakinn og hlekkjaður fyrir utan sjúkrahús í Pretoríu, nær dauða en lífi eftir miklar misþyrmingar. Hann lést degi síðar vegna heilablæðingar en varð strax einn af helstu píslarvottum réttindabaráttu þeldökkra Suður-Afríkumanna gegn aðskilnaðarstefnu stjórnvalda, Apartheid.



STEVE BIKO

Biko hóf ungur afskipti af mannréttindamálum og var meðal annars rekinn úr gagnfræðaskóla fyrir vikið. Á háskólaárum sínum hélt hann áfram að sinna þeim málum og vakti athygli fyrir framgöngu sína. Árið 1968, þá 22ja ára gamall, stofnaði Biko Stúdentasamtök Suður-Afríku, sem síðar urðu að Samvitundarhreyfingu svartra (BCM).

Eftir því sem vegur hans jókst innan frelsishreyfingarinnar fóru stjórnvöld að hafa afskipti af honum. Árið 1973 var Biko bannað að tjá sig opinberlega og þar að auki var fjölmiðlum bannað að vitna í orð hans.

Þrátt fyrir hömlurnar sem þessar aðgerðir settu Biko áttu hann og BCM stóran þátt í að skipuleggja mótmæli sem urðu síðar að uppreisninni í Soweto árið 1973, sem var barin niður með vopnavaldi. Það varð til þess að stjórnvöld hertu enn á aðgerðum gegn Biko. Hann var margoft handtekinn og þurfti að dúsa í fangaklefa, oft mánuðum saman, án dóms og laga.

Það var svo þennan örlagaríka dag sem Biko var numinn á brott við vegartálma lögreglu. Ástæða handtökunnar var meint brot á hryðjuverkalögum. Við yfirheyrslur næstu daga beitti lögregla pyntingum þar sem Biko var meðal annars barinn með kylfum og hlekkjaður upp við gluggarimla í fangelsinu.

Hinn 11. september var Biko settur hlekkjaður og helsár í lögreglujeppa og ekið með hann að fangelsinu í Pretoríu til aðhlynningar, en hann lést af sárum sínum degi síðar. Krufning leiddi í ljós að banamein hans hafði verið heilablæðing. Lögregla hélt því fram að meiðsl Bikos væru eftir misheppnaða sjálfsmorðstilraun og síðar það ár voru hinir grunuðu lögreglumenn hreinsaðir af öllum sakargiftum.

Á annan tug þúsunda sóttu jarðarför Bikos og hann varð að táknmynd baráttunnar gegn Apartheid.

Árið 1997 gáfu fimm fyrrverandi lögreglumenn sig fram við sannleiksnefnd Suður-Afríku og játuðu að hafa orðið Biko að bana. Þeim varð ekki að ósk sinni um sakaruppgjöf, en árið 2003 tilkynntu stjórnvöld að þeir yrðu ekki saksóttir þar sem brotin voru fyrnd.

Biko var því miður einn af fjölmörgum sem mættu örlögum sínum með þessum hætti. Að minnsta kosti 59 manns létust í haldi suðurafrísku lögreglunnar, þeir síðustu árið 1990. - þj


OPIÐ ALLA
HELGINA
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
ÍS FYRIR ALLA
VERÐ VÖRN
SENDUM FRÍTT
OPIÐ ALLA HELGINA 18-19 ÁGÚST
ÍS
FYRIR ALLA
LJÚFFENGUR EMMESS ÍS Í BOÐI MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
emmessís
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
LAUGARDAG
11:00 - 18:00
SUNNUDAG
13:00 - 17:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900
acer ASUS DELL hp lenovo packard bell SAMSUNG SONY TOSHIBA

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**GYLFI Þ. GÍSLASON RÁÐHERRA** (1917-2004) andaðist þennan dag.

*„Sá einn er sannur maður sem kann að njóta hvors tveggja í jafn ríkum mæli, félagsskapar og einveru.“*

## Merkisatburðir

**1945** Svavar Guðnason listmálari sýndi verk sín í Listamannaskálanum og var þetta fyrsta sýning á Íslandi þar sem öll verkin voru abstrakt.

**1954** Minnismerki um Skúla Magnússon landfógeta var afhjúpað í gamla kirkjugarðinum við Aðalstræti í Reykjavík.



**1961 Grasagarður Reykjavíkur var formlega opnaður.**

**1966** Jóhannes S. Kjarval tók fyrstu skóflustungu að myndlistarhúsi á Miklatúni (sem fyrir 1964 hét Klambratún og hefur endurheimt það nafn).

**1988** Endurbótum lauk á Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju.

**1990** Listaverkið Sólfar eftir Jón Gunnar Árnason var afhjúpað við Sæbraut í Reykjavík.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýju við andlát elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ÖNNU G. HALLSDÓTTUR**
**frá Gríshóli,**
**Efstasundi 94, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Hjúkrunarheimilinu Skjóli.

**Þorbjörg Kristvinsdóttir**
**Höskuldur Kristvinsson**
**Hallur Kristvinsson**
**Katla Kristvinsdóttir**
**Bjarni B. Sveinsson**
**Barbara J. Kristvinsson**
**Sigrún Einarsdóttir**
**Jóhann Thoroddsen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför

**SVERRIS GUÐBRANDSSONAR**
**Hafnarbraut 31, Hólmavík.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunarinnar á Hólmavík og taugadeildar Landspítalans í Fossvogi.

**Guðbrandur Sverrisson**
**Þórður Sverrisson**
**Matthildur Guðbjörg Sverrisdóttir**
**Aðalbjörn Guðm. Sverrisson**
**Björn Halldórs Sverrisson**
**Ragnar Rúnar Sverrisson**
**Heiðrún Rósa Sverrisdóttir**
**og fjölskyldur.**
**Lilja Þóra Jóhannsdóttir**
**Ingibjörg Elísa Fossdal**
**Ingimundur Benediktsson**
**Analita Gonzales**
**Helga Berglind Gunnarsdóttir**
**Dýrfinna Petra Hansdóttir**
**Ragnar Guðm. Gunnarsson**








Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990




RITSTJÓRINN „Ég hef verið nánast óslitið í blaðamennsku í þrjátíu og fimm ár – er að verða með elstu körlum í þeirri grein,“ segir Jónas. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

JÓNAS HARALDSSON, RITSTJÓRI FRÉTTATÍMANS: ER SEXTUGUR Í DAG

# Þær fara með mig í rúmið

„Þegar ég varð fertugur fór ég til Prag, fimmtugur stakk ég af til Portúgals en nú ætla ég að hafa smálegt „sammenkomst“ fyrir mína nánustu,“ segir Jónas Haraldsson, ritstjóri Fréttatímans, spurður um afmælishald því hann er sextugur í dag. Kveðst líka svo heppinn að hitta á afmælisdag Reykjavíkur. „Í æsku var flaggað á strætisvögnunum þennan dag og nú er meiri háttar hátíð með flugeldasýningu, ég tek minn skammt af þessum herlegheitum.“

Landsmenn þekkja Jónas sem blaðamann og ritstjóra en vita kannski ekki allir hvaðan hann er sprottinn. „Ég er Reykvíkingur, alinn upp í Langagerðinu í hópi fimm systkina,“ upplýsir hann. „Þarna í Smáíbúðahverfinu var fullt af börnum og unglingum á þeim tíma og mikið fjör. Þar var ágætur íþróttakennari sem Árni Njálsson heitir. Ef hann nennti ekki að kenna sprikl í leikfimi var skipt í lið sem var auðvitað miklu skemmtilegra. Ég var aldrei neinn afreksmaður í íþróttum en við guttarnir spiluðum fótbolta alls staðar, höfðum gjarnan bílskúrshurðir fyrir mark og trjágróður átti erfitt uppdráttar í hverfinu því við skutum niður allar plöntur í uppvexti.“

Jónas varð stúdent frá Menntaskólanum í Hamrahlíð árið 1972 í hópi Stuðmanna og fleira fjörugs fólks sem enn hittist á fimm ára fresti. Síðan lá leiðin í Háskóla Íslands í félagsfræði og eftir háskólann beint í blaðamennsku. „Ég sótti um hjá nafna mínum Kristjánssyni á Dagblaðinu sem þá var tveggja ára og hef verið nánast óslitið í blaðamennsku í þrjátíu og fimm ár – er að verða með elstu körlum í þeirri grein. Hún er þó ekki góð þeim sem komast á virðulegan aldur því þeir eru yfirleitt settir út á Guð og gaddinn sem ég tel óskynsamlegt því mikilvægt er að halda reynslu inni á ritstjórnum og færa þekkingu frá þeim eldri til hinna yngri.“

Jónas hefur gaman af að ferðast um Ísland og finnst allir fjórðungar fallegir, hver með sínum hætti. „Við hjónin eigum okkar kot í sveit og okkur til gleði sækja bæði börn og barnabörn þangað líka. Ég var smali vestur við Breiðafjörð, í Múlasveit. Þar þekki ég hverja þúfu og þar ætlum við systkinin að koma okkur upp öðru koti. Ég er ekki mikið að rækta heldur nýt þess að vera úti í náttúrunni eins og hún er. Þó fullt sé af berjum þá nenni ég ekki að tína þau, vil bara að fuglarnir njóti þeirra.“

Jónas segir þau hjón líka eiga margar utanlandsferðir að baki, svo sé frúnni fyrir að þakka. Slíkar ferðir hefur hann gert að yrkisefni í helgarpistlum sínum eins og fjölmargt annað sem tilheyrir lífi venjulegrar fjölskyldu. „Ég held að margir sjái sjálfa sig í svipuðum aðstæðum og ég lýsi í mínum pistlum, þó sumt sé þar byggt á hæpnum forsendum því ég hef skáldaleyfi,“ segir Jónas. „Þessi pistlar snúast dálítið um samskipti kynjanna og yfirleitt hefur konan betur á endanum. Það er kannski þess vegna sem konur lesa þá oft og hafa svolítið gaman af. Sumar segjast meira að segja fara með mig í rúmið – það er að segja pappírinn, ekki sjálfan mig!“ gun@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 18. ÁGÚST 1786

# Reykjavík fékk kaupstaðarréttindi

Reykjavík fékk kaupstaðarréttindi þennan dag árið 1786, ásamt Grundarfirði, Ísafirði, Akureyri, Eskifirði og Vestmannaeyjum. Þeir sem settust að í þessum kaupstöðum fengu ókeypis borgararétt og lóð, byggingarstyrk og undanþágu frá gjöldum til ríkisins í tuttugu ár. Þessa gátu menn, sem voru þegnar annarra ríkja, orðið aðnjótandi ef þeir settust að í íslenskum kaupstað og áttu þrjú þúsund ríkisdala virði. Þó var það skilyrði sett að þeir sem stofnuðu verslun ættu tilskilið magn varnings, ef marka má bókina Öldin átjánda sem Jón Helgason tók saman og Iðunn gaf út árið 1961.

Þetta ár voru Íslendingar 38 þúsund en Reykvíkingar töldust 167. Húsin í Reykjavík voru þá 39 talsins.





Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HJÖRDÍS M. JÓHANNSDÓTTIR**
**Skipholti 43, Reykjavík,**

lést föstudaginn 10. ágúst sl.
Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 24. ágúst kl. 15.00.

**Benedikt Harðarson**
**Gylfi Harðarson**
**Hilmar Harðarson**
**Hörður Harðarson**
**Áslaug Þóra Harðardóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**
**Stella S. Sigurðardóttir**
**Þorgerður L. Diðriksdóttir**
**Eva Jóhannsdóttir**
**Ingólfur Arnarsson**



Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**GUÐRÚNAR ÓLAFSDÓTTUR**
**Lækjasmára 4, Kópavogi.**

**Halldór Ólafsson**
**Inga Ólafsdóttir**
**Sigrún Ólafsdóttir**
**Ómar Örn Ólafsson**
**Gunnar Ólafsson**
**Ólafur Jóhann Ólafsson**
**barnabörn og langömmubarn.**
**Gyða Þórisdóttir**
**Guðmundur Jónsson**
**Guðmundur Ingi Ásmundsson**
**Sigurbjörg Alda Guðmundsdóttir**
**Brynhildur Ásgeirsdóttir**
**Sigríður Einarsdóttir**

# SJÁÐU

ENN FLEIRI SJÓNVARPSSTÖÐVAR **FRÍTT MEÐ ÁSKRIFT**

ÞRJÁR **NÝJAR** SJÓNVARPSSTÖÐVAR




STÖÐ 2 **BÍÓ**




STÖÐ 2 **GULL**




STÖÐ2 **KRAKKAR**




POPP **TÍVÍ**

# MARGFALT

FLEIRI MÖGULEIKAR MEÐ **NETFRELSI ÞÆTTIR OG KVIKMYNDIR EFTIR PÖNTUN**



Nýtt

28 DAGA **FRELSI**



Nýtt

KVIK**MYNDIR**



Nýtt

FRÆÐSLU**EFNI**



Nýtt

KLASSÍSKT
**ÍSLENSKT**




Nýtt

BARNA**EFNI**




Nú fylgja þrjár nýjar stöðvar, Popptíví, Stöð 2 Gull og Stöð 2 Krakkar frítt með áskrift að Stöð 2 ásamt Stöð 2 bíó.  Þjónusta við áskrifendur hefur einnig margfaldast með stórauknu framboði af efni á Netfrelsi Stöðvar 2. Þar má nú horfa hvenær sem er og hvar sem er á alla nýjustu þættina og bíómyndirnar af Stöð 2 og Popptíví í 28 daga eftir frumsýningu, vel valda innlenda þætti úr safni stöðvar 2, úrval af talsettu barnaefni og vandað fræðsluefni beint í sjónvarpið þitt, símann, tölvuna eða spjaldtölvuna.

ALLT ÞETTA FYRIR
**254 KR.** Á DAG

**MARGFALT
SKEMMTILEGRI**

# Hrútasæði í verðlaun

„Hér er stórhátíð því hið árlega Íslandsmeistaramót í hrútadómum er haldið í dag og hefst klukkan tvö," segir Jón Jónsson, þjóðfræðingur og ferðabóndi á Kirkjubóli við Steingrímsfjörð, um hrútaþuklið sem fer fram á Sauðfjársetrinu í Sævangi. Keppt er í tveimur flokkum. Í öðrum keppa vanir menn en hinn flokkurinn er fyrir óvana og hrædda, að sögn Jóns. Þeir sem eru vanir að stiga hrúta keppa um Íslandsmeistaratitil og eiga Strandamenn titil að verja þetta árið því Guðbrandur Sverrisson á Bassastöðum sigraði í fyrra. En hvað gera hinir óvönu og hræddu? „Þeir dæma út frá allt öðru en þeir vönu gera og án þess að koma nokkuð við skepnuna. Þurfa bara að raða hrútunum frá eitt til fjögur og þar skiptir rökstuðningurinn máli. Það kemur oft eitthvað skemmtilegt út úr því, jafnvel kveðskapur," segir Jón og fullyrðir að fólk sem enga tengingu hafi við sauðfjárrækt skemmti sér oft hið besta. „En svo er þetta alvara fyrir bændurna, þeir gefa stig fyrir höfuðlag, fætur, hvernig hryggvöðvinn liggur og alls konar atriði."

Jón segir vegleg verðlaun í boði. Fyrir utan farandverðlaunagrip sem gerður er úr hvalbeini og rekaviði hafa fyrirtæki eins og hótel og veitingastaðir gefið vinninga, auk þess eru listmunir og handverk í verðlaun og meira að segja ávísun á hrútasæði þegar að fengitíma kemur.

Fleira verður til skemmtunar og fróðleiks á hátíðinni, til dæmis rúningur með gamla laginu og akstur með krakka í dráttarvélakerrum. Kjötsúpa er á borðum í hádeginu og dýrindis kaffihlaðborð allan daginn. Jón tekur fram að veitingarnar séu seldar en enginn aðgangseyrir sé að skemmtuninni. Sauðfjársetrið er tíu ára í ár. Það er kona Jóns, Ester Sigfúsdóttir á Kirkjubóli, sem veitir því forstöðu um þessar mundir. Þar er opin sýning allt sumarið og oft eitthvað um að vera þar fyrir utan og koma vel á annað þúsund manns árlega í heimsókn. gun@frettabladid.is



**SPEKINGSLEG** Sverrir Guðbrandsson heldur í einn af hinum kollóttu hrútum Strandamanna. Aftan við standa Guðbrandur Sverrisson, Ragnar Bragason, Þórey Ragnarsdóttir og Barbara Guðbjartsdóttir.
MYND/JÓN JÓNSSON

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 18. ágúst**

### Tónleikar

**21.00** Söngkonan Jussanam da Silva heldur tónleika með Agnari Má Magnússyni í ráðhúsi Þorlákshafnar.

### Leiklist

**21.00** Ferðaleikhúsið að Baldursgötu 37 sýnir nýja uppfærslu á Light Nights. Þjóðsögur og margvíslegt íslenskt efni er á dagskrá en leiksýningin er flutt á ensku. Aðgangseyrir er frá kr. 1.500 til 2.500.

### Sýningar

**14.00** Gunn Nordheim Morstøl opnar myndlistasýningu í Mjólkurbúðinni í listagilinu á Akureyri.

**16.00** Listakonurnar Anna Hallin, Harpa Dögg Kjartansdóttir og Valgerður Guðlaugsdóttir opna sýningu í Galleri Ágúst. Sýningin er sett upp í tilefni af fimm ára starfsafmæli safnsins.

**19.00** Jóna Hlíf Halldórsdóttir opnar sýninguna Kjarni í ÞOKU sem er staðsett í kjallara Hríms hönnunarhúss við Laugaveg 25.

### Hátíðir

**10.00** Menningarnótt verður haldin hátíðleg í Reykjavík. Þema hátíðarinnar að þessu sinni er Gakktu í bæinn. Dagskrá má finna á vefsíðunni menningarnott.is.

### Dansleikir

**23.00** Stórdansleikur með hljómsveitinni Span verður á Café Árhúsum á Hellu. Miðaverð er kr. 1.500.

### Tónlist

**15.00** Tropicalia, sveit söngkonunnar Kristínar Bergsdóttur, spilar á þriðju tónleikum jazztónleikaraðar veitingastaðarins Munnhörpunnar í Hörpu. Aðgangur er ókeypis.

**19.15** Glysrokkhljómsveitin Diamond Thunder spilar á skemmtistaðnum Dillon.

**20.00** Menningarnæturtónleikar X977, Ellefunar og Tuborg fara fram á Ellefunni. Fram koma Ásgeir Trausti, Ultra Mega Technobandið Stefán, Smutty's 302, Agent Fresco og Kiriyama Family auk Geira Sæm. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Elton John Tribute tónleikar verða haldnir á Græna Hattinum Akureyri. Miðaverð er kr. 1.500.

**22.00** Ljótu hálfvitarnir halda tónleika á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 2.500.

**23.00** Hljómsveitin Homo and the sapiens heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Markaðir

**12.00** Íbúasamtök Laugardals halda sinn árlega útimarkað á Laugatorgi á horni Laugalækjar og Hrísateigs. Á markaðnum má kaupa allt milli himins og jarðar og boðið er upp á skemmtilegar uppákomur.

### Útivist

**14.00** Fuglavernd mun leiða fuglaskoðun um friðlandið í Vatnsmýrinni alla laugardaga í sumar. Gangan hefst við Norræna húsið og er þátttaka ókeypis.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Sunnudagur 19. ágúst**

### Leiklist

**21.00** Ferðaleikhúsið að Baldursgötu 37 sýnir nýja uppfærslu á Light Nights. Þjóðsögur og margvíslegt íslenskt efni er á dagskrá en leiksýningin er flutt á ensku. Aðgangseyrir er frá kr. 1.500 til 2.500.

### Opið Hús

**13.00** Bærinn Krókur á Garðaholti í Garðabæ er opinn á sunnudögum í sumar. Krókur er lítill bárujárnsklæddur burstabær sem var endurbyggður úr torfbæ árið 1923. Hann er staðsettur ská á móti samkomuhúsinu á Garðaholti og stutt frá Garðakirkju. Aðgangur er ókeypis.

### Uppákomur

**13.00** Sveitasælan verður í algleymingi á Árbæjarsafni. Gestum býðst innsýn inn í horfinn heim gömlu sveitastarfanna og fá tækifæri til að aðstoða heimilisfólkið í gamla bænum við störf sín.

### Dansleikir

**23.00** Dansleikur Félags eldri borgara verður haldinn í Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassík leikur létta danstónlist. Aðgangseyrir er kr. 1.500 fyrir félaga FEB í Reykjavík en kr. 1.800 fyrir aðra gesti.

### Tónlist

**14.00** Alexandra Chernyshova sópran og Monika Abendroth hörpuleikari spila á tónleikum í Hóladómkirkju. Aðgangur er ókeypis.

**14.00** Björg Þórhallsdóttir sópransöngkona, Elísabet Waage hörpuleikari og Hilmar Örn Agnarsson organisti spila á tónleikum á tónlistarhátíð í Strandakirkju í Selvogi. Jafnframt fer fram árleg uppskerumessa í kirkjunni í umsjá sr. Baldurs Kristjánssonar sóknarprests.

**16.00** Andrea Jónsdóttir leikur lög af hljómplötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

**16.00** Elíza kemur fram á sumartónleikaröð á heimili Uni og Jóns Tryggva í Merkigili á Eyrarbakka. Aðgangur er ókeypis en frjáls framlög eru vel þegin.

**16.00** Arnhildur Valgarðsdóttir mun töfra fram seiðandi tóna úr flyglinum á Gljúfrasteini. Hún flytur tónlist eftir hinn tékknesta Leos Janácek. Miðaverð er kr. 1.000.

**17.00** Kvartettinn Kvika flytur þjóðlög, sönglög og sálma í Kaldalóni Hörpu.

### Leiðsögn

**15.00** Ólöf K. Sigurðardóttir leiðir gesti um sýningu Hreins Friðfinnssonar, Hús, í Hafnarborg. Aðgangur er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

---

✝

**KRISTJÁN SIGURÐSSON**
**til heimilis að Skarðshlíð 16c, Akureyri,**

andaðist á Fjórðungssjúkrahúsi Akureyrar þann 4. ágúst síðastliðinn. Jarðarförin hefur farið fram frá Lundarbrekku í Bárðardal í kyrrþey að ósk hins látna.

**Ragnhildur G. Guðmundsdóttir**
**og börn hins látna.**

---

✝



Innilegar þakkir þeim sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**GUÐMUNDAR ÞORSTEINSSONAR**
**lengst af til heimilis**
**á Fornhaga 15,**

sem lést á Droplaugarstöðum 27. júlí.

**Sigþrúður Guðmundsdóttir** **Birgir Guðjónsson**
**Kristján Guðmundsson** **Auður Andrésdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**SIGURSTEINN GUÐBRANDSSON**
**Dalbraut 14, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum Landakoti sunnudaginn 12. ágúst. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 21. ágúst kl. 13.00.

**Kristín Þórðardóttir**
**Erna Sigríður Sigursteinsdóttir**
**Haraldur Sigursteinsson** **Erla Ívarsdóttir**
**Garðar Sigursteinsson** **Elín Margrét Hárlaugsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**GERÐUR SIGURÐARDÓTTIR**
**kennari,**
**frá Sleitustöðum í Skagafirði,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Skjóli þriðjudaginn 14. ágúst. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni að Hólum í Hjaltadal laugardaginn 25. ágúst kl. 14.00.

**Ragnhildur Björk Sveinsdóttir** **Eiríkur Oddur Georgsson**
**Þorgerður Hulda Frisch** **Peter Frisch**
**Hugrún Ösp Reynisdóttir** **Ólafur Kjartansson**
**Trausti Eiríksson,** **Helga Dagný Arnarsdóttir**
**Sverrir Ragnar og Lena Sóley.**

---

✝



Við sendum innilegustu þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**ÞORSTEINS BERENTS SIGURÐSSONAR**
**fv. flugumferðarstjóra,**
**Hlaðhömrum 2, Mosfellsbæ.**

**Ingunn Sigurðardóttir**
**Sigrún Þorsteinsdóttir** **Ólafur Sigurðsson**
**Jón Ólafur Þorsteinsson**
**Þorsteinn Ingi Kristjánsson**
**Kristín Eva Kristjánsdóttir**
**Arnar Berent Sigrúnarson**
**Katla Dimmey Þorsteinsdóttir**
**Daníel Berent Rink**

---

✝



Hinn elskulegi og kæri bróðir okkar, móðurbróðir okkar og frændi,

**GÍSLI KRISTMUNDSSON**
**Efri-Brunnastöðum, Vatnleysuströnd,**

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi, Garði, 13. ágúst sl. verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 21. ágúst kl. 15.00.

**Elín Kristín Kristmundsdóttir**
**Anna Scheving Kristmundsdóttir**
**Hallgrímur Kristmundsson**
**Virgill Scheving Einarsson**
**Hannesína Schecing Skarphéðinsdóttir**
**Svanur Scheving Skarphéðinsson** **Brynja Hafsteinsdóttir**
**Kristmundur Skarphéðinsson** **Ingunn Lúðvíksdóttir**
**Elín Kristín Scheving Skarphéðinsdóttir**
**og börn.**

---

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**DROPLAUGAR HELLAND**
**Vogatungu 13, Kópavogi.**

**Birgit Helland** **Hreinn Frímannsson**
**Arndís Inga Helland** **Óskar Þormóðsson**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Elsku eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og systir,

**ELÍSABETH ELSA HANGARTNER ÁSBJÖRNSSON**

andaðist í Freiburg, Þýskalandi, mánudaginn 13. ágúst.

**Guðmundur Karl Ásbjörnsson**
**Rannveig D. Guðmundsdóttir, Andreas Becher,**
**Natalía Ásdís Andreasdóttir, Margrit Hangartner,**
**Christa Jaeger**

---

✝



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför

**MARGRÉTAR ÓLAFSDÓTTUR**
**Hörðukór 5.**

Sérstakar þakkir færum við yndislegu starfsfólki heimahlynningar og líknardeildar Landspítalans í Kópavogi.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ólafur Þórðarson, Ragnar Pétursson og Hlín Pétursdóttir**

---

✝



Elskulegur bróðir og frændi,

**BIRGIR HELGI ÞÓRHALLSSON**
**Kirkeveien 57**
**Ósló,**

lést 19. júlí á Diakonhjemmet Sykehus í Ósló. Bálför hefur farið fram í kyrrþey frá Berger Kirke.

**Fyrir hönd barna og annarra vandamanna í Noregi,**
**Hrefna, Karl, Helgi og Selma Haraldsbörn**
**systkinabörn hins látna og fjölskyldur.**

# SPENNAN MAGNAST!

BERLINGSKE TIDENDE

## Mögnuð saga,

hlaut Glerlykilinn 2010
sem besta norræna
glæpasagan

Frá höfundi bókanna
Konan í búrinu og
Veiðimennirnir



JUSSI ADLER-OLSEN









Eftir höfund
bókarinnar
Líf og limir

ELSEBETH EGHOLM

„Egholm leyfir frábærri frásagnargáfu sinni að leika lausum hala á einkar trúverðugu sögusviði. Það virkar.“
EKSTRA BLADET

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTA
ÍSLANDSNAUT
2298 KR. KG
ÍSLANDSNAUT: TVÆR NAUTAKÓTILETTUR
NAUTA Veisla
Nautaborgarar 4 stk. m/brauði
FERSKIR NAUTAVEISLU 4 STK. NAUTGRIPAHAM-BORGARAR MEÐ BRAUÐI
695 KR. PK
EINIBERJAKRYDDAÐ FERSKT LÚXUS LAMBALÆRI
1359 KR.KG
Einiberjakryddað LÚXUS LAMBALÆRI
ÁN MSG
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTAHAKK
100% KJÖT
1295 KR. KG
FERSKT NAUTGRIPAHAKK
3998 KR. KG
ÞÝSK FROSIN NAUTALUND
4x1.5L
Coca-Cola
698 KR. 6 LTR
COKE-KIPPA 4 FL. 1.5 LTR
Mango
FROSNIR MANGÓBITAR 1 KG
498 KR
2798 KR. KG
FROSIN LÚÐA FRÁ NOREGI
jordbær
STRAWBERRIES
JORDGUBBAR
1200 g
FROSIN JARÐARBER 1.2 KG
459 KR
Glow
GLOW-VÖRUR FYRIR MENNINGARNÓTT
7UP
Coca-Cola light
Coca-Cola
98 KR. 500 ML
198 KR. 2 LTR
OPNUM KL.10
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
TÍMA
779 KR. KG
NÝ UPPSKERA FRÁ USA
RAUÐ OG GRÆN VÍNBER
559 KR. 500 GR
NÝ UPPSKERA
BELGÍSK JARÐARBER
500 GR ASKJA
198 KR. KG
NÝJAR
ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU
598 KR. 290 GR
NÝ UPPSKERA
AMERÍSK BLÁBER
290 GR ASKJA
379 KR. KG
NÝTT ÍSLENSKT KÍNAKÁL
398 KR. KG
NÝTT ÍSLENSKT BLÓMKÁL
Vanillu ís
Súkkulaði ís 2
JARÐARBERJA ÍS 2 LÍTRAR
BÓNUS ÍS 2 LTR
359 KR
VANILLU - SÚKKULAÐI- JARÐARBERJA
459 KR. KG
íslenskt grænmeti
NÝTT ÍSLENSKT SPERGILKÁL
159 KR. KG
RAUÐ VATNSMELÓNA FRÁ SPÁNI
239 KR.KG
NÝ UPPSKERA APPELSÍNUR FRÁ ARGENTÍNU
198 KR. 250 ML
EURO SHOPPER ÞEYTIRJÓMI
BÓNUS VÖFFLUR
298 KR. 475 G
BÓNUS VÖFFLUMIX
475 GR
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**NORRÆNA HÚSIÐ** Fjörkálfur er barnasýning með sögumanni og lifandi tónlist í klassískum búningi sem verður sýnd í Norræna húsinu á menningarnótt, í dag 18. ágúst, bæði klukkan 12 og 14. Hún er um 30 mínútur að lengd og einkum ætluð fimm til tíu ára fólki.

## Konráð og félagar á ferð og flugi

5

Teikningar og texti Bragi Halldórsson

„Eitthvað er þetta kunnuglegur fiskur," sagði Konráð. „Mér finnst eins og ég hafi séð hann einhversstaðar," bætti hann við hugsi. „Hann lítur ekki út eins og neinn fiskur sem ég hef borðað að minnstakosti," sagði Kata. „Nei," sagði Konráð. „Ég held að ég hafi bara séð mynd af honum í bók." Kata horfði íbyggin á fiskinn. „Ég veit hvar ég hef séð mynd af honum. Það er búið að vera að fjalla um hann í fréttum." Konráð horfði undrandi á Kötu. „Fylgist þú með fréttum?" Konráði fannst Kata ekki líkleg til þess. „Það er margt sem þú veist ekki um mig," sagði Kata og glotti.



Getur þú hjálpað Kötu og Konráði að muna hvað þessi fiskur heitir? Heitir hann:

A Túnfiskur
B Makríll
D Bláfiskur





## BRANDARAKISTAN

**Tvær kýr sátu uppi í tré og prjónuðu mjólkurfötu. Hestur flaug hjá. Önnur kýrin spurði: „Sástu þetta?"**
**„Nei," svaraði hin.**
**Hesturinn flaug aftur hjá og enn spyr sú fyrri:**
**„Sástu núna?"**
**„Já, hann hlýtur að eiga hreiður hér í grennd."**

**Kona gengur inn í fataverslun og ávarpar afgreiðslumanninn:**
**- „Eigið þið hér til ósýnilegar buxur?"**
**- „Já, við vorum einmitt að fá sendingu af ósýnilegum buxum í dag."**
**- „Einmitt, já. Get ég fengið að sjá þær?"**

**Einu sinni voru tvær appelsínur að labba yfir brú. Önnur þeirra datt út í ána.**
**- „Hjálp, hjálp, hjálp!"**
**- „Bíddu aðeins! Ég þarf bara að skera mig í báta!"**

# FJÖGURRA ÁRA HANNAR DÚKKUFÖT OG TÖSKUR

**Vaka Sif Tjörvadóttir er fjögurra ára gömul stelpa sem býr í Vesturbænum í Reykjavík, með litlu systur, henni Freyju, mömmu og pabba. Þó hún sé ekki eldri en þetta er hún löngu farin að hanna föt og fylgihluti fyrir dúkkurnar sínar.**

„Ég skoða bara eitthvað efni sem mamma mín á og teikna svo mynd. Ef hún á ekki svoleiðis efni þá kaupir hún það bara. Svo saumar mamma það sem ég teikna," segir Vaka Sif Tjörvadóttir sem, þrátt fyrir að vera ekki nema fjögurra ára gömul, hefur hannað bæði flíkur og fylgihluti fyrir dúkkurnar sínar.

Vaka á ekki langt að sækja hæfileikana en mamma hennar, Guðrún Ásdís, er sjálf hönnuður og hefur meðal annars sérhæft sig í að hanna og sauma töskur af ýmsum stærðum og gerðum. Frá því að Vaka var pínulítil hefur hún fylgst náið með mömmu sinni og deilir meira að segja vinnustofu með henni, þar sem hún hefur sína eigin vinnustöð.

Vaka hannaði nýverið tvær glæsilegar töskur, með ýmsum nákvæmum smáatriðum, sem mamma hennar bjó til í Barbiestærð. Vaka er einmitt að leika sér með Barbie-dúkkuna sína þegar blaðamaður og ljósmyndari kíkja í heimsókn til hennar þar sem hún býr með litlu systur sinni, mömmu og pabba í Vesturbænum í Reykjavík. „Mér finnst skemmtilegast að leika mér með þessa Barbie-dúkku og mér finnst gaman að setja hana í þessa gullskó hérna," segir Vaka og sýnir okkur hvernig maður fer að því að klæða dúkkuna. Barbie-dúkkurnar hennar Vöku eru nokkuð heppnar, því þær eiga sitt eigið hús í herberginu, sem þær mæðgur eru einmitt að leggja lokahönd á, en það bjuggu þær til sjálfar. Inni í því er rúm, skápur og fleiri sniðug húsgögn sem þær mæðgur hafa dundað sér við að búa til. Næst á dagskrá er að klæða húsið að utanverðu og Vaka sýnir ákveðin og stolt hvernig klæðningin lítur út.



**FREYJA OG VAKA** Hér er Vaka Sif með Barbie-dúkkuna sína. Fyrir aftan hana situr litla systir, Freyja, sem fylgist af forvitni með öllu því sem stóra systir tekur sér fyrir hendur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Ég skoða bara eitthvað efni sem mamma mín á og teikna svo mynd. Svo saumar mamma það sem ég teikna.



Litla systir hennar Vöku, hún Freyja, sem er tveggja ára gömul, hefur líka gaman að leika sér með Barbie-dótið. Hún er samt ekki alveg búin að læra að taka til eftir sig og það kemur fyrir að hún skemmi hlutina. En Vaka tekur það oftast ekki nærri sér, því hún veit að litla systir gerði þetta óvart og svo getur hún alltaf búið til eitthvað nýtt.

Næst ætlar Vaka að hanna peysu á sjálfa sig: „Veistu hvað! Mamma ætlar að prjóna á mig ullarpeysu!" segir hún og tekur fram að það verði samt Vaka sjálf sem ákveði hvernig peysan á að vera. Hún er ekki búin að klára hönnunina enn þá, en er þó búin að ákveða að peysan skuli verða bleik á litinn.




## Bókaormur vikunnar

**Hvað heitir þú fullu nafni?** Melkorka Fanný Kristófersdóttir.

**Hvað ertu gömul?** Tíu ára.

**Lestu mikið?** Já, já, mest tímaritið Júlíu og skemmtilegar bækur.

**Hvenær lærðir þú að lesa?** Í 1. bekk.

**Hvað er skemmtilegt við að lesa bækur?** Það er svo skemmtilegt að lesa skemmtilegar bækur.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Heiða, bók sem mamma átti sem stelpa og gaf mér.

**Hvers lags bækur þykja þér skemmtilegastar?** Spennandi, skemmtilegar og fyndnar eins og Fíasól, Dagbók Kidda klaufa og Joody Moody.

**Hvaða bók lastu síðast og hvernig var hún?** Joody Moody og hún var fyndin.

**Í hvaða hverfi býrð þú?** Staðarhverfi í Grafarvoginum.



**Í hvaða skóla gengur þú?** Kelduskóla/Korpuskóla.

**Hvaða námsgrein er skemmtilegust?** Textíll.

**Hver eru þín helstu áhugamál?** Hundar, tónlist og að lakka neglurnar.



Dorma-gæði!
Full búð af vönduðum vörum
á Dorma-verði!
Fyrir þínar bestu stundir!
SHAPE
BY NATURE'S BEDDING
Aðeins kr.
34.754,-
í 12 mánuði*
STÆRÐ 2X90X200
STILLAN-
LEGT
SHAPE
BY NATURE'S BEDDING
Aðeins kr.
14.477,-
í 12 mánuði*
STÆRÐ 160X200
HJÓNA-
RÚM
Dorma-verð
Shape dýnur
Stærð cm. Dýna Með botni
80x200 58.900,- 83.900,-
90x200 65.900,- 97.900,-
120x200 85.900,- 121.900,-
140x200 99.900,- 143.900,-
160x200 114.900,- 163.900,-
180x200 129.900,- 181.900,-
* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.
Heilsudýna sem:
Lagar sig fullkomlega að líkamanum
24 cm þykk heilsudýna
Engin hreyfing
AloaVera áklæði
5 ára ábyrgð!
Milano hægindastóllinn fyrir notalega ólympíu-sigra!
Hægindastóll
kr. 39.900,-
FJÓRIR
LITIR
Hvítur
Latte
Svartur
Brúnn
OPIÐ
Holtagörðum
Virka daga frá kl. 10-18
Laugard. frá kl. 11-16
DORMA
– býður góða nótt
Pöntunarsími
☎ 512 6800
www.dorma.is

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** íþrótt, **6.** frá, **8.** efni, **9.** farvegur, **11.** kringum, **12.** laust bit, **14.** framvegis, **16.** tveir eins, **17.** þjálfa, **18.** eyrir, **20.** pfn., **21.** könnun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þungi, **3.** pot, **4.** reiðufé, **5.** fálm, **7.** fáskiptinn, **10.** gras, **13.** útsæði, **15.** kviður, **16.** skaði, **19.** holskrúfa.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** golf, **6.** af, **8.** tau, **9.** rás, **11.** um, **12.** glefs, **14.** áfram, **16.** tt, **17.** æfa, **18.** aur, **20.** ég, **21.** próf.

**LÓÐRÉTT: 1.** farg, **3.** of, **4.** lausafé, **5.** fum, **7.** fálátur, **10.** sef, **13.** fræ, **15.** magi, **16.** tap, **19.** ró.






# Lífs míns langa plastskeið

**BAKÞANKAR**
**Brynhildar Björnsdóttur**



Grillveisla í garðinum síðsumars með góðum vinum. Kjötið rifið úr umbúðunum, grænmetið þrifið upp úr pokunum og öllu skellt á. Borðað af diskum, drukkið úr glösum, matur skorinn í bita og stunginn með gaffli. Hrært í glösum með röri og kaffibollanum með teskeið. Og stóri munurinn á þessari veislu og veislunni sem sama fólk hélt fyrir tuttugu árum: það þarf ekkert að vaska upp! Plast er stórkostleg uppfinning.

**VIÐ** lifum á tímum þar sem það að draga olíu úr iðrum jarðar, flytja hana langar leiðir á olíuhreinsunarstöð og þaðan í verksmiðju, nota alls kyns skaðleg efni og fullt af vatni til að breyta henni í plast, lita plastið með enn fleiri skaðlegum efnum, móta það (sem hnífapör eða glös til dæmis), pakka því inn í meira plast, flytja það langar leiðir og nota til þess meiri olíu, keyra út í búð (enn meiri olía), kaupa plastið og setja í þriðja plastið, nú með höldum, bera heim, nota í tíu mínútur, henda í ruslið og ruslinu síðan í ruslatunnuna þaðan sem plastskeiðin okkar berst út í náttúruna þar sem hún eyðist seint og um síðir, kannski aldrei: allt þetta er talið minni fyrirhöfn en að vaska upp.

**PLAST** eyðist kannski einhvern tíma í lífríkinu en það gerist bæði hægt og illa. Á Vísindavefnum stendur að flest plastefni brotni mjög lítið niður í náttúrunni þó þau eyðist á mjög löngum tíma fyrir áhrif sólarljóss. Og mörg plastefni tætast niður í örsmáar einingar sem smjúga inn í lífríkið gegnum þörunga og smádýr í sjónum en enda líka í maga sjávarfugla, skjaldbaka og fiska þar sem eiturefnin í þeim geta til dæmis valdið hormónatruflunum. Plastið og mengunin sem tengist því gengur síðan upp fæðukeðjuna og hefur á endanum áhrif á mannfólkið líka. Rannsóknir hafa sýnt að þessi plastmengun hefur áhrif á að minnsta kosti 267 dýrategundir í Kyrrahafinu einu saman. Báðum megin við tíu mínútna notkun á einni plastskeið er rask á náttúrujafnvægi sem teygir sig margar aldir í báðar áttir, og til skammtíma: vesen, mengun og rusl.

**ÞAÐ** er langt síðan uppþvottavélin var fundin upp og slík finnst á flestum heimilum. Það er alveg ástæðulaust að leggja heilu vistkerfin í rúst til þess að sleppa við að skola og raða í nokkrar mínútur og taka svo úr og raða löngu eftir að veislan er búin. Það eru takmörk fyrir því hvað má leyfa sér að finnast leiðinlegt að vaska upp.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




MYNDIN SEM HEFUR SLEGIÐ ÖLL MET
VINSÆLASTA MYND ALLRA TÍMA Á ÍSLANDI, AF ÞEIM SEM ERU HVORKI Á ENSKU NÉ ÍSLENSKU
græna ljósið -betra bíó
★★★★
„Bætir, hressir og kætir."
- Haukur Viðar Alfreðsson, Fréttablaðið
★★★★
„Heillandi leikur og falleg saga."
- Helgi Snær Sigurðsson, Morgunblaðið
BYGGÐ Á SANNRI SÖGU
François Cluzet Omar Sy
Intouchables
SÝND Í HÁSKÓLABÍÓI, LAUGARÁSBÍÓI OG BORGARBÍÓI AKUREYRI
50 ÞÚSUND GESTIR!
Vertu vinur okkar og þú gætir unnið miða!
Facebook.com/graenaljosid
Twitter.com/graenaljosid

markhonnun.is

# netto
Kræsingar & kostakjör



40% AFSLÁTTUR

Kjötbankinn

**USA** NAUTAGRILLSTEIK
**1.799**
ÁÐUR **2.998** KR/KG

# BESTU **TILBOÐIN**



**PLÓMUR**
500 G ASKJA
50% AFSLÁTTUR
**199**
ÁÐUR **398** KR/PK



**KJÚKLINGUR**
OKKAR - FERSKUR
**694**
ÁÐUR **798** KR/KG



**ÝSUFLÖK**
OKKAR - FROSIN
**987**
ÁÐUR **1.299** KR/KG



**X-TRA KAFFI**
400 GR
100 KR AFSLÁTTUR
**289**
ÁÐUR **389** KR/PK



**PEPSI/PEPSI MAX**
330 ML
34% AFSLÁTTUR
**65**
ÁÐUR **99** KR/STK



**EASY UPPÞVOTTALÖGUR**
500 ML
2FYRIR1
**199** KR/2STK
ÁÐUR **398** KR/2STK

**www.netto.is**

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |




**BRAZIL** GRÍSAVÖÐVI

# 1.198

ÁÐUR 1.498 KR/KG

# Í NETTÓ

PIZZUR
NICE'N EASY



39% AFSLÁTTUR

**298**

ÁÐUR 489 KR/STK

GLÓALDIN
SAFI - 1L




**169**

ÁÐUR 225 KR/STK

GULRÓTARBRAUÐ
BAKAÐ Á STAÐNUM*



50% AFSLÁTTUR

**299**

ÁÐUR 598 KR/STK

ldir ekki um Nettó Salavegi

NÝBAKAÐ

TALENT ELDHÚSRÚLLUR
4 STK




40% AFSLÁTTUR

**179**

ÁÐUR 298 KR/PK

COOP SALERNISPAPPÍR
16 STK




**869**

ÁÐUR 1.198 KR/PK

COMFORT TAUMÝKIR
750 G




**299**

ÁÐUR 399 KR/STK

**Tilboðin gilda 16. - 19. ágúst**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# menning

menning@frettabladid.is



**MARGRÉT SARA GUÐJÓNSDÓTTIR** dansar aðalhlutverkið í verki Gisele Vienne og Dennis Cooper, This is how you will disappear, á Salzburger Festspiele, tónlistar- og leiklistarhátíðinni í Austurríki. Sýningar fara fram í dag, 18. ágúst, og þann 19., 20. og 22. ágúst.



**LANDSLAGSVERK** Valerie Boyce opnar sýningu sína í Galleríi Fold í dag.

## Valerie Boyce í Fold

Franska listakonan Valerie Boyce opnar sýningu á landslagsmálverkum sínum í Galleríi Fold í dag, laugardag, klukkan 13.

Boyce stundaði nám við École Nationale Supérieure des Beaux Arts de Paris og School of Visual Arts í New York. Hún hefur haldið einkasýningar og tekið þátt í samsýningum í Frakklandi, Bandaríkjunum og Íslandi.

Boyce málar landslag og raðar upp tímapunktum í verkum sínum sem saman mynda ferli og frásögn af umhverfinu.

Sýningin stendur til 2. september.



**TÓVINNA** Philippe Ricart sýnir og segir frá ullarvinnslu á menningarnótt.

## Ullarvinnsla og eldsmiðir

Minjasafn Reykjavíkur býður gestum að spreyta sig á ullarvinnslu á menningarnótt í tengslum við Landnámssýninguna í Aðalstræti. Philippe Ricart stendur fyrir tóvinnunni, sýnir og segir frá.

Er þetta gert í tengslum við sýninguna Hinar nýju innréttingar, sem var opnuð í desember á síðasta ári í tilefni af 300 ára fæðingarafmæli Skúla Magnússonar. Áhersla verður lögð á þær breytingar sem fólust í rekstri Innréttinganna þegar ný verkfæri bárust til landsins sem höfðu áhrif á tóvinnu landans.

Þá koma eldsmiðir í heimsókn til fornleifafræðinga á Alþingisreitnum og ýmislegt fleira.




# Í UPPHAFI SKYLDI Ð-IÐ SKOÐA

**Þótt flestar bækur séu fullar af bókstöfum fá fæstir bókstafir skrifaða um sig heila bók. Í ð-ástarsaga, sem kemur út á vegum Crymogeu í haust, er saga samnefnds bókstafs rakin í máli og myndum.**



**STEFÁN PÁLSSON** Hélt lengi vel að rithháttur og stafsetning snerist um málfræði en komst að því að pólitík og sögulegar tilviljanir skipta ekki síður máli.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Þetta var dauðafæri. Þegar maður skrifar bók um bókstafinn ð er ekki annað hægt en að setja hann í titilinn og valda uppnámi meðal bókasafnsfræðinga," segir Stefán Pálsson sagnfræðingur um væntanlega bók, ð-ástarsaga, þar sem saga þessa óvenjulega bókstafs er rakin.

Stefán skrifaði bókina að undirlagi Kristjáns B. Jónassonar, útgefanda hjá Crymogeu.

„Kristján hafði komist í kynni við þrjá leturhönnuði, Gunnar Vilhjálmsson, Steinar Farestveit og Anton Kaldal, sem höfðu stúderað stafinn ð út frá leturhönnun, en meðal leturhönnuða er þetta frægur gallagripur. Ástæðan fyrir því að margir leturhönnuðir hafa horn í síðu bókstafsins ð er sú að upphaflega er þetta handskrifaður stafur sem var síðar troðið inn í stafakerfi nútímalatínu og fellur þess vegna ekki inn í kerfið með góðu móti."

Hugmyndin var sú að gera bækling fyrir erlenda hönnuði en síðan kveiktu menn á að þetta væri efni í alþýðlegra sagnfræðirit og þá var Stefán kallaður til. Hann játar að sér hafi ekki litist á blikuna þegar Kristján kynnti efnið fyrir honum.

„En þetta var svo skrítið að það var ekki hægt að slá þetta út af borðinu."

### Runa af pólitískum tilviljum

Stefán hafði ekki kynnt sér málsögu sérstaklega þegar hann hófst handa og hélt, eins og margir, að uppbygging stafrófa og ritmála lyti fyrst og fremst málfræðilegum lögmálum.

„Fljótlega áttar maður sig hins vegar á að það er heilmikil pólitík í þessu. Í rauninni byggist þessi saga, að Íslendingar taki upp þennan sérstaka staf, á runu pólitískra tilviljana. Þrír einstaklingar bera öðrum fremur ábyrgð á því, allir úr ólíkum áttum og enginn þeirra Íslendingur."

Sá fyrsti var Alfreð mikli, sem sameinaði Engilsaxa á 9. öld.

„Á miðöldum voru þjóðir Evrópu með eigið talmál út um allar trissur en ritmál var fágætt – menntaðir menn skrifuðu á latínu. Þegar Alfreð var að burðast við að sameina Engilsaxa gerði hann það með tungumálinu og lét búa til engilsaxneskt ritmál. Þar verða til nokkrir sér-engilsaxneskir stafir, til dæmis þ og ð."

Í upphafi ritaldar á Íslandi á 12. öld var ekki notast við þ og ð en þeirra fer að verða vart á 13. öld, að enskri og norskri fyrirmynd að því er Stefán telur, og er notað jöfnum höndum næstu tvö hundruð árin.

Eftir að Normannar taka völdin í Bretlandi verða breytingar á ritmálinu þar í landi vegna franskra áhrifa, þ og ð er skipt út fyrir th. Í Noregi verður hljóðkerfisbreyting sem veldur því að ð dettur líka út þar.

„Íslendingar virðast lepja þessar breytingar upp og hætta að skrifa ð eftir um 200 ár, án þess að það hafi orðið nein hljóðkerfisbreyting."

### Inn í prentöldina

Þetta hefði vel getað orðið endapunktur bókstafsins ð væri það ekki fyrir væringar milli kaþólsku kirkjunnar og mótmælenda á Englandi á 16. öld.

„Áhrifavaldur númer tvö," segir Stefán, „er maður að nafni Matthew Parker, biskup í Kantaraborg, sem Elísabet Englandsdrottning skipaði. Hann tekur við veigamesta embætti þegar mótmælendur eru að festa sig í sessi og hrinda kaþólskunni endanlega úr landi."

Í þeirri viðleitni að búa til nýja sjálfsmynd sem væri laus undan áhrifum páfagarðsins í Róm fóru Englendingar að endurskrifa söguna og lögðu ríka áherslu á staðbundin ensk áhrif.

„Þá fer mönnum eins og Parker að finnast ofboðslega mikilvægt að endurprenta gömlu engilsaxnesku handritin með upphaflegu stöfunum. Parker lagði mikinn kostnað í það að láta búa til sérstök prentmót fyrir þessa stafi og þar með komast þessir stafir inn í prentöld."

### Áhrif Rasks

Aðgerðir Parkers og ensku kirkjunnar höfðu óvænt áhrif á Íslandi tveimur öldum síðar.

„Fyrir vikið gerist það, að þegar danskur maður með Íslandsdellu fær þá hugmynd að það sé mjög mikilvægt að taka ð upp að nýju í íslensku ritmáli, er það fræðilegur möguleiki. Ef það hefði líka verið spurning um að búa til táknin er líklegt að það hefði orðið of stór biti."

Daninn var vitaskuld Rasmus Rask, sem er í veigamiklu hlutverki í bók Stefáns.

„Rask er heillandi persóna í Íslandssögunni; undrabarn sem lærir íslensku á táningsaldri og skrifar fyrstu vísindalegu, málfræðilegu lýsinguna á íslensku rúmlega tvítugur. Í kjölfarið heimsækir hann Ísland, hefur frumkvæði að því að stofna Hið íslenska bókmenntafélag og verður mjög mikið

> ð-ið er svona furðulegt í laginu af því að það er uppvakningur. Hefði notkun þess aldrei lagst af má reikna með að það hefði rést úr boganum og það liti bara út eins og d með striki.

„átorítet" í íslensku menningarlífi; skrifar kennslubækur og stafsetningarorðabækur og verður mjög mótandi fyrir það hvernig tungumálið er fastsett. Það sem skiptir enn meira máli er að hann er potturinn og pannan í Bókmenntafélaginu í Danmörku og sú stafsetning sem félagið notar í útgáfu sinni verður öðrum fyrirmynd á Íslandi."

### Efasemdir um ð

Stefán segir merkilegt að bera saman minninguna um Rask á Íslandi og í Danmörku.

„Á Íslandi var hann lengi vel sveipaður hetjuljóma sem maðurinn sem bjargaði tungumálinu frá glötun. Í Danmörku er hann talsvert minna þekktur en vinir hans þar í landi líta á ævi hans fyrst og fremst sem sögu glataðra tækifæra."

Rask hafi verið svo mikils metinn á Íslandi að menn hafi horft fram hjá því að undir lok ævi sinnar hafi hann glímt við talsverða andlega erfiðleika. Það hafi til dæmis ekki verið einboðið að fallast á hugmynd hans um endurupptöku ð-sins.

„Þegar hann fær dellu fyrir því að koma þessum staf fyrir aftur er greinilegt að íslenskum félögum hans finnst það ekki sérlega skynsamleg hugmynd. Sennilega var meirihluti félagsmanna á því að hafa ð-ið í fornritunum en nota það ekki í nútímamáli. Rask sótti þetta hins vegar mjög stíft og maður fær það á tilfinninguna að menn hafi ákveðið að láta þetta eftir karlinum í ljósi fyrri starfa fyrir landið."

### Hluti af sjálfsmynd

Eftir að ð var orðið að opinberum rithætti í Skírni og útgáfum Bókmenntafélagsins festi það sig fljótt í sessi á Íslandi og varð fyrr en varði hreinlega hluti af sjálfsmynd Íslendinga.

„Mjög fljótlega eftir að fyrstu Vestur-Íslendingarnir fluttu til Kanada, ákváðu þeir að kaupa prentsmiðju og gefa út blað. Þá þurfti að snúa öllu við því það fundust ekki prentmót fyrir þ og ð í Vesturheimi, sem var ómögulegt í hugum Íslendinganna."

Stefán nefnir að hefði notkun ð-sins aldrei lagst af hér á landi liti það líklega öðruvísi út en við eigum að venjast.

„ð-ið er svona furðulegt í laginu af því að það er uppvakningur. Hefði notkun þess aldrei lagst af má reikna með að það hefði rést úr boganum og það liti bara út eins og d með striki. Rétttrúnaðarmönnum í leturgerð þætti það strax skárri tilhugsun. Svo eru hinir sem segja að þetta sé einmitt hluti af fegurðinni, til dæmis í handskrift. Við höfum ekki lagst í miklar rannsóknir á handskrift en það er ýmislegt sem bendir til að Íslendingar noti ð-ið öðrum bókstöfum fremur til að bregða á leik."

bergsteinn@frettabladid.is

# Opið hús á Menningarnótt

**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS**



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

BAKHJARLAR:

VÍS GAMMA



Sinfóníuhljómsveit Íslands býður á tvenna tónleika á Menningarnótt í Eldborgarsal Hörpu. Ókeypis er á tónleikana og allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir. Boðið verður upp á fjölskyldutónleika með Maxa, músinni knáu og síðdegistónleika með fjölbreyttri klassík. Hægt er að sækja aðgöngumiða í miðasölu Hörpu.

## Maxímús Músíkús

Kl. 14:00

**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri
**Valur Freyr Einarsson** sögumaður

Ævintýrið *Maxímús Músíkús heimsækir hljómsveitina* er einstakt og hjartnæmt tónlistarævintýri um mús sem villist inn á æfingu hjá sinfóníuhljómsveit. Flutt verður m.a. *Bolero* eftir Maurice Ravel og *Á Sprengisandi* eftir Sigvalda Kaldalóns.

## Klassík fyrir alla

Kl. 17:00

**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstjóri
**Jóhann Már Nardeau** einleikari

Jóhann Már Nardeau trompetleikari er einleikari með hljómsveitinni í fjölbreyttri og aðgengilegri klukkustundarlangri dagskrá þar sem heyra má verk eftir Elgar, Adams og Bizet.

Miðasala » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Miðasala í anddyri Hörpu » Sími: 528 5050 » Opið 10-18 virka daga og 12-18 um helgar

# Stórsveitin flytur í Hörpu

Hátíðarstemning ríkti í Hörpu í gær þegar Stórsveit Reykjavíkur marseraði inn í tónlistarhúsið klukkan 12 á hádegi. Þar mun hljómsveitin framvegis eiga fast aðsetur, við hlið Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Íslensku óperunnar.

Stórsveit Reykjavíkur var stofnuð í febrúar árið 1992. Aðalhvatamaður að stofnun hljómsveitarinnar var Sæbjörn Jónsson og var hann jafnframt aðalstjórnandi Stórsveitarinnar fram til ársins 2000. Síðan þá hefur sveitin starfað án fasts aðalstjórnanda en fengið til liðs við sig fjölmarga innlenda og erlenda stjórnendur.

Stórsveitin hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin 2005 sem djassflytjandi ársins og 2011 fyrir djassplötu ársins. Í heild hefur sveitin sent frá sér fimm geisladiska í eigin nafni og sinnt fjölbreyttum verkefnum. **- hhs**





**VELKOMINN!** Steinunn Birna, tónlistarstjóri Hörpu, býður Sigurð Flosason, saxófónleikara og stjórnarformann Stórsveitar Reykjavíkur, velkominn í húsið en Stórsveit Reykjavíkur mun eiga fast aðsetur í Hörpu framvegis. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is



Helgarferðir

með VITA í haust









DUBLIN
ÍRLANDI

Dublin á Írlandi er einstök borg sem hefur unnið hug og hjörtu margra Íslendinga í gegnum árin, enda er varla annað hægt en að hrífast af umhverfinu, menningunni og lífsgleði innfæddra.

Verð frá 79.840 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 í tvíbýli
á hótel Camden Court í 4 nætur.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 89.840 kr.

25. - 29. okt.
4 nætur

MADRID
SPÁNI

Madrid er borg menningar og listar, fótbolta og mannlífs, og það fram á rauða nótt. Borg sem kemur skemmtilega á óvart með breiðstræti sín, öngstræti, göngugötur, listasöfn og svo að sjálfsögðu H&M.

Verð frá 102.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 í tvíbýli
á hótel Husa Princesa í 3 nætur.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 112.900 kr.

11. - 14. okt.
3 nætur

SEVILLA
SPÁNI

Sevilla er höfuðborg Andalúsíu. Þróttmikil og lifandi borg með sjarmerandi göngugötum, tapas-börum, iðandi mannlífi og flottum verslunum. Risastór El Corte Ingles vöruhús og auðvitað H&M.

Verð frá 89.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 í tvíbýli
á hótel Novotel í 3 nætur.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 99.900 kr.

5. – 8. okt.
3 nætur

EDINBORG
SKOTLANDI

Fallegasta borg Skotlands og umfram allt einstaklega þægileg. Gott að versla og allt í göngufæri. Heillandi borgarstæði, fallegar byggingar og tignarlegur Edinborgarkastali.

Verð frá 79.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar

á mann m.v. 2 í tvíbýli
á hótel Mercure Edinburgh City
(áður Mount Royal) í 3 nætur 4. okt.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 89.900 kr.

4. og 18. okt., 1. og 15. nóv.
3 eða 5 nætur

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 60704 08/12

Öll verð eru á mann í tvíbýli. Ef bókað er á skrifstofu bætist við 1.500 króna bókunargjald.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið


Dans ★★★★☆

**Dansdúettar**

Gaflaraleikhúsið

Inga Huld Hákonardóttir, Rósa Ómarsdóttir, Védís Kjartansdóttir og Louis Combeud

## Leikur að hreyfingum, tónum og tali

Sífellt fleiri íslenskir dansnemendur fara í háskólanám í dansi þar sem þeir öðlast aukna færni sem dansarar en ekki síður læra þeir kúnstina að baki góðri dansköpun. Sýningin Dans dúettar er dæmi um afrakstur þessa en þar láta nýútskrifaðir danslistamenn úr dansskólanum P.A.R.T.S. í Brussel, þau Inga Huld Hákonardóttir, Rósa Ómarsdóttir, Védís Kjartansdóttir og Louis Combeaud, ljós sitt skína í tveimur einkar áhugaverðum dúettum.

Fyrri dúettinn, Out of the Body, verk þeirra Rósu og Ingu Huldar, er einfaldur og hversdagslegur en vel og nákvæmlega unninn. Það var samið í samstarfi við belgísku óperuna La Monnaie sem hluti af viðburðinum DansXmusic og frumflutt með tónlistarmönnum úr óperunni. Í verkinu bjóða stelpurnar upp á staðbundnar hreyfingar, endurteknar í sífellu sem smám saman mynda eina samfellda heild í bland við tónlist og orð. Framsetningin, sérstaklega í upphafi, minnti nokkuð á kröftugan kúndalíni-jógatíma með tilheyrandi endurtekningum, möntrum og útskýringum á tilvist þess sem verið var að gera. Orðin höfðu mikilvægu hlutverki að gegna í sýningunni en ekki sem sjálfstætt fyrirbæri heldur runnu þau ljúflega inn í hreyfiferlana og kóreógrafíuna. Tónlist Stravinskys, Elegy for viola, var órjúfanlegur hluti verksins enda kveikjan að dansköpuninni. Stígandinn var góður í verkinu og samhæfing dansaranna eftirtektarverð en að stórum hluta hreyfðu dansararnir sig algjörlega samtaka eða þá í fullkominni andstöðu við hvor aðra. Stutt var í húmorinn þó að engin svipbrigði sæjust á andliti dansaranna.

Verk Védísar og Louis, Natural order is a special case, hófst á söng. Dansararnir komu sér fyrir á mismunandi stöðum á gólfinu og sungu í þjóðlegum stíl. Smátt og smátt létu hreyfingar á sér kræla og tónlist úr hátölurum flæddi um salinn. Fram undan var svo verk sem kom sífellt á óvart. Leikur dansaranna við hvort annað og tónlistina var spennandi og skemmtilegur og hélt fullri athygli áhorfandans. Það var ekki síst áhugavert hvernig dansararnir notuðu hljóð og hrynjandi frá eigin hreyfingum til að bæta inn í hljóðmyndina. Hreyfingin var tónlist á köflum. Einn af lokaköflunum, þegar manni leið eins og verið væri að horfa á tölvuleikjafígúrur sem urðu að fylgja tónlistinni eftir til að missa ekki líf, kom líka mjög vel út. Hreyfiforði verksins var krefjandi og sýndi líkamlegan styrk og færni dansaranna. Dansinn sýndi líka ánægju þeirra af því sem þau voru að gera. Dansverkið er útskriftarverkefni höfundanna síðan í júní en hefur síðan þá verið sýnt víða eins og í Belgíu, Hollandi, Þýskalandi, Portúgal, Rússlandi og Tyrklandi. Íslenskir áhorfendur eru því hér að fá innsýn í það sem er í gangi í evrópskum dansheimi.

Tónlistin skipaði mikilvægan sess í báðum dúettunum, ekki aðeins sú sem kom frá hátölurunum heldur einnig sú sem dansararnir sköpuðu sjálfir með hreyfingum sínum, andardrætti, söng eða tali. Tengsl dansaranna voru í báðum tilfellum sterk en nánast algjörlega án snertinga. Engin sviðsmynd var í dúettum kvöldsins, aðeins einföld lýsing – sem í seinna verkinu virtist eitthvað klikka á smá kafla – en hún varpaði skuggum af dönsurunum á vegginn á skemmtilegan hátt. Það voru því fyrst og fremst hreyfingarnar sem glöddu áhorfendur og leikur þeirra við tóna og tal. **Sesselja G. Magnúsdóttir**

**Niðurstaða:** Bæði verkin voru vönduð og vel gerð.



**BERRY OG MARTINEZ** Bandaríska leikkonan vill flytja til Frakklands.

# Vill flytja til Frakklands

Bandaríska leikkonan Halle Berry hefur í hyggju að flytja til Frakklands með dóttur sína Nahla. Olivier Martinez, unnusti Berry, er franskur að ætt.

Fyrst þarf leikkonan að fá leyfi frá dómstólum en hún hefur átt í harðri forræðisdeilu við barnsföður sinn Gabriel Aubry. Hann mun ekki vera sáttur við áform hennar og óttast að hann missi sambandið við dótturina. Á síðunni TMZ segir að Berry ætli að færa rök fyrir því hjá dómstólum að hún verði að flytja í burtu vegna ágengni ljósmyndara og hættunnar sem þeim mæðgum stafar af henni.

# Trúlofaði sig í sumarfríi

**Þáttastjórnandinn Jimmy Kimmel trúlofaðist kærustu sinni, handritshöfundinum Molly McNearny, á meðan þau voru í fríi í Suður-Afríku.**

**Kimmel og McNearny hafa verið saman frá árinu 2009 og kynntust við gerð sjónvarpsþátta Kimmels þar sem McNearny starfar sem handritshöfundur.**

**People.com staðfesti orðróminn nýverið, en trúlofunin átti sér stað í Krüger-þjóðgarðinum í Suður-Afríku.**

# Hjartsláttur á nýrri plötu

Hjartsláttur sonar Matts Bellamy, forsprakka Muse, heyrist á nýrri plötu hljómsveitarinnar, The 2nd Law. Sonurinn heitir Bingham og fæddist í júlí síðastliðnum. Móðirin er leikkonan Kate Hudson.

Bellamy tók hjartsláttinn upp og kom honum fyrir í laginu Follow Me. Í viðtali við Rolling Stone sagði Bellamy að það gæti komið aðdáendum Muse á óvart að á plötunni sé bæði hefðbundið rokk og elektrópopp. „The 2nd Law myndi hljóma eins og þrjár ólíkar hljómsveitir hefðu tekið hana upp ef rödd mín heyrðist ekki á henni.“



**MATT BELLAMY** Söngvarinn tók upp hjartslátt sonar síns.




# Samgleðst Aniston

Brad Pitt á að hafa slegið á þráðinn til hinnar nýtrúlofuðu Jennifer Aniston og óskað henni til hamingju með trúlofunina.

Justin Theroux, kærasti Aniston, bar upp bónorðið á afmælisdegi sínum á föstudaginn en þau hafa verið saman í rúmt ár. Samkvæmt heimildum Perez Hilton á Pitt að hafa hringt stutt símtal til Aniston og spurt í stríðni hvort hann ætti að taka frá brúðkaupsdaginn. Þau eiga að hafa hlegið saman og hann sagst virkilega samgleðjast henni og Justin. Það er gott að vita þar sem þau hafa sjaldan samband núorðið. Pitt og Aniston skildu í janúar 2005 eftir framhjáhald hans með Angelinu Jolie. Nú er síðarnefnt par á leið í hnapphelduna að öllum líkindum um helgina á heimili þeirra í Suður-Frakklandi.



**SAMGLEÐST** Brad Pitt samgleðst sinni fyrrverandi Jennifer Aniston og Justin Theroux með trúlofunina.

# Hræddur við kynlífsatriði

Shia LaBeouf er logandi hræddur við að byrja að vinna í nýjustu mynd sinni The Nymphomaniac sem Daninn Lars Von Trier leikstýrir. Um erótíska dramamynd er að ræða þar sem leikararnir munu stunda raunverulegt kynlíf. „Hann er hættulegasti náungi sem ég hef komist í tæri við,“ sagði Lebouf um Lars Von Trier. „Ég er logandi hræddur.“

Með önnur hlutverk fara Charlotte Gainsbourg, Stellan Skarsgård, Nicole Kidman og Willem Dafoe. Að sögn Lebouf stóð það skýrum stöfum í handritinu að kynlífið verði raunverulegt og að allt „ólöglegt“ verði skyggt svo það sjáist ekki í bíó.



**HRÆDDUR** Shia LaBeouf er logandi hræddur við að hefja tökur á nýjustu mynd sinni.





**OPIN RÝMI**
Kl. 13:00 - 13:30 Maxímús á vappi um Hörpu
Kl. 13:30 - 14:30 Leiðsögn um listaverk Hörpu (skráning í miðasölu Hörpu)
Kl. 14:00 - 22:00 Mikkalína Glass Art
Kl. 14:00 - 21:00 Bókmenntahátíð í Reykjavík
Kl. 14:00 - 18:00 Reykjavík Dance Festival kynnir A Series of Event
Kl. 14:30 - 15:00 Lókal Alþjóðleg leiklistarhátíð
Kl. 15:30 - 16:00 Lókal Alþjóðleg leiklistarhátíð
Kl. 14:00 - 22:00 HönnunarMars
Kl. 14:00 - 22:00 Food and Fun
Kl. 15:00 - 16:00 Leiðsögn um listaverk Hörpu (skráning í miðasölu Hörpu)

**KALDALÓN**
Kl. 14:00 - 14:30 Stuttfilmurin Mare (2011)
Kl. 14:30 - 15:20 Riff - Reykjavík International Film Festival
Kl. 16:00 - 16:40 Myrkir Músíkdagar 2013
Kl. 17:00 - 17:50 Færeyjafjör: Hanus G. Johansen
Kl. 19:00 - 19:40 Færeyjafjör: Lena og Niclas
Kl. 20:00 - 21:30 Heimspeki hjartans

**NORÐURLJÓS**
Kl. 15:00 - 15:45 Blúshátíð Reykjavíkur
Kl. 16:00 - 16:20 Lagaleiðangur Ingibjargar Þorbergs
Kl. 17:30 - 18:00 Airwaves - Caterpillarmen
Kl. 18:00 - 18:30 Airwaves - Úlfur Úlfur
Kl. 18:30 - 19:00 Airwaves - Kiriyama Family
Kl. 19:00 - 19:30 Airwaves - The Vintage Caravan
Kl. 20:00 - 21:00 Opnunarhátíð Jazzhátíðar Reykjavíkur

**ELDBORG**
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS - OPIÐ HÚS Á MENNINGARNÓTT!
Sinfóníuhljómsveit Íslands býður á tvenna tónleika á Menningarnótt í Eldborgarsal Hörpu.
Ókeypis er á tónleikana og allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir.
Hægt verður að sækja aðgöngumiða í miðasölu.
Kl. 14:00 - 15:00 Maxímús Músíkús
Kl. 17:00 - 18:00 Fjölbreytt klassík

**HÖRPUHORN**
Kl. 13:30 - 14:20 Tónlistarhátíð unga fólksins
Kl. 15:00 - 15:50 Tónlistarhátíð unga fólksins
Kl. 16:30 - 17:30 Tónlistarhátíð unga fólksins
Kl. 18:00 - 19:00 Ýlir býður upp á klassíska tónlist

**NORÐURBRYGGJA**
Kl. 14:30 - 15:30 Þína skál Reykjavík
Kl. 16:30 - 17:00 Svingpjattar og vampírfés
Kl. 17:30 - 18:00 Nýju skáldin í bænum

**ÚTISVIÐ**
Kl. 11:00 - 17:00 Íslenski Cadillac-klúbburinn - bílasýning á útisvæði
Kl. 13:00 - 14:00 Krúserbandið
Kl. 15:00 - 17:00 Sumarjazz Munnhörpunnar - Tropicaliasveit Kristínar
Kl. 17:00 - 19:30 **Undiraldan**
Kl. 17:00 Captain Fufanu
Kl. 17:15 Halleluwah (Sölvi Blöndal og Tiny)
Kl. 17:30 Oyama
Kl. 18:00 Dream Central Station
Kl. 18:30 Mr. Silla
Kl. 19:00 Boogie Trouble

**SILFURBERG**
Kl. 10:00 - 19:30 Utanríkisráðuneytið og Íslandsstofa bjóða öllum í Expó-skálann á Menningarnótt



# popp

popp@frettabladid.is



**9 LEIK- OG SÖNGKONAN** Jennifer Lopez og kærastinn hennar Casper Smart hafa verið saman í níu mánuði. Fregnir herma að Lopez vilji gera hlé á sambandinu vegna þess að hún veit ekki alveg hvert það stefnir.



**DÓMARI** Britney er nýr dómari í X-Factor. NORDICPHOTOS/GETTY

## Britney hörð í X-Factor

Poppstjarnan Britney Spears er nýjasti dómarinn í amerísku sjónvarpsþáttunum X-Factor og er samkvæmt kynningarmyndbandi nokkuð hörð í horn að taka í dómarasætinu. Þar segir stjarnan, sem hefur verið lýst sem hörðum dómara, hreint út við einn ungan mann: „Ég vil vita hver hleypti þér á svið.“ Með henni í dómnefnd eru Demi Lovato, L. A. Reid og Simon Cowell sem situr við hlið Britney. Keppendur þurfa greinilega að vara sig á síðastnefnda tvíeykinu þótt poppstjarnan taki fram að hún noti uppbyggjandi gagnrýni.

## *Holmes flytur úr húsi Cruise*

Katie Holmes ku hafa flutt allt sitt dót úr sameiginlegu húsi hennar og Toms Cruise í Los Angeles. Flutningamenn voru á fullu í vikunni samkvæmt heimildum Daily Mail sem segir þetta vera vísbendingu um að Holmes sé tilbúin til að taka næstu skref í lífinu eftir óvæntan skilnað við Cruise í júní.

Þrátt fyrir að ekki hafi verið gott á milli hjónana fyrrverandi fyrst eftir skilnaðinn í sumar segja talsmenn þeirra að bæði verði viðstödd fyrsta skóladag dóttur þeirra Suri síðar í þessum mánuði.

Mæðgurnar eru fluttar til New York þar sem þær búa í lúxusíbúð í Chelsea-hverfinu með nágranna á borð við Marc Jacobs og söngvarann Lance Bass.

# Litríkt tískutákn

**Blaðakonan og tískutáknið Anna Piaggi lést þann 7. ágúst síðastliðinn. Piaggi átti að baki langan feril sem blaðamaður hjá ítalska Vogue og var þekkt fyrir litríkan og sérstæðan fatastíl sinn.**

Sköpunargleði Piaggi fékk lausan tauminn í Vogue þar sem hún skrifaði um tísku og myndskreytti með myndblendi á opnusíðu í tímaritinu. Hún notaði lengi vel eldrauða ritvél af tegundinni Olivetti Valentine við störf sín. Piaggi átti gott safn fata, hatta og skófatnaðar og árið 2006 var haldin sýning með fötum hennar í Victoria og Albert-safninu í London. Samkvæmt sýningaskránni átti Piaggi þá 2.865 kjóla og 265 skópör.





**LITRÍK** Anna Piaggi á leið á tískusýningu Missoni þann 19. júní í fyrra. NORDICPHOTOS/GETTY



**Á SÝNINGARPALLINUM** Piaggi gekk sýningarpallinn hjá Missoni tískuhúsinu síðasta sumar.



**FALLEGAR FLÍKUR** Sýning með flíkum Önnu Piaggi var sett upp í London árið 2006. Hér má sjá brot úr fataskáp tískutáknsins.


## FEÐGAFLOKKAR Í VATNASKÓGI

Fyrir syni frá 7 ára, feður og jafnvel afa

24. til 26. ágúst
31. ágúst til 2. september

FAÐIR – SONUR Í VATNASKÓGI

Frábær möguleiki að vera saman í Vatnaskógi
Bátar – íþróttir – skógarferðir – leikir – Vatnaskógarkvöldvökur – kapellan – íþróttahúsið – hoppukastalarnir – smíðastofan og allt hitt.



KFUM KFUK

Skráning og upplýsingar:
Þjónustumiðstöð KFUM og KFUK Holtavegi 28 s. 588-8899 og á www.kfum.is


Bíó ★★★☆☆

**Hrafnhildur**

Leikstjórn: Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir

## Áfram Hrafnhildur!



Í þessari áhugaverðu heimildarmynd fáum við að fylgjast með Hrafnhildi, ungri stúlku sem fæddist í líkama drengs, en er nú í miðju kynleiðréttingarferli og hefur undanfarin ár lifað sem kona. Áður hét hún Halldór og gekk í gegnum allar þær andlegu raunir sem maður getur ímyndað sér að fylgi því að búa í röngum líkama.

Hrafnhildur er heillandi karakter, listhneigð og hæfileikarík, og eru atriðin tengd saman með verkum eftir hana sjálfa. Þetta er óþvingað og kemur skemmtilega út. Viðtölin við aðstandendur hennar eru bæði fyndin og falleg, en besta sena myndarinnar er tvímælalaust þegar Hrafnhildur rekst á gamla vinkonu sem hefur ekki hugmynd um þessa líkamlegu breytingu.

Það er RÚV-kempan Ragnhildur Steinunn sem leikstýrir og er þetta frumraun hennar fyrir aftan myndavélina. Ekki er hægt að sjá annað en að hún sé jafnvíg báðum megin vélar og nálgast hún viðfangsefnið af bæði virðingu og varkárni. Þó dregur varkárnin á stöku stað úr áhrifamættinum og ekki er staldrað við óþægilega hluti á borð við ónærgætna föðurbræður, þjáninguna sem leiddi til fíkniefnaneyslu og hina lamandi óvissu þegar Hrafnhildi er tjáð að mögulega fái hún ekki að fara í hina langþráðu aðgerð. Í stað þess er klippt yfir í næstu senu eða hoppað mánuði fram í tímann.

Þessi 70 mínútna langa mynd hefði vel þolað að vera ögn lengri, og líklega hagnast eilítið á því líka. Þrátt fyrir það er vel hægt að mæla með Hrafnhildi og ég er handviss um að leikstýran á fullt inni.

Haukur Viðar Alfreðsson

**Niðurstaða:** Falleg frumraun sem allir hafa gott af að sjá.

# oasis






Biker Faux Jacket

**15.990.-**

st 8-16



Stripe Tee Top

**3.990.-**

st xs-l



Cherry Jean

**„margir litir - flott snið“**

**11.990.-**

st 8-16

**ATH.** Verslun í Smáralind opnar eftir helgi

oasis Kringlan 553-5111
Smáralind 554-7980

# lífsstíll

lifsstill@frettabladid.is



**3 EGGJARAUÐUR Í VIKU** er hámark fyrir fólk sem þjáist af háu kólesteróli og hjartasjúkdómum. Dr. David Spence við háskólann í Vestur-Ontario í Kanada segir að mikil neysla á eggjarauðum geti verið jafn skaðleg hjartveikum og reykingar.

## Óþekkir hrjóta

**HEILSA** Börn á leikskólaaldri sem hrjóta eru töluvert líklegri til að eiga við agavandamál að stríða ef marka má nýja rannsókn frá Háskólanum í Ohio. Í rannsókninni kemur einnig fram að börn sem koma úr fátækari fjölskyldum eru líklegri til að hrjóta, og eins börn sem voru höfð á brjósti í mjög stuttan tíma eða alls ekki neitt. Einnig er talið að börn sem koma af heimilum þar sem mikið er reykt eigi erfitt með að sofa hljóðlaust.



**HRJÓTA** Börn sem hrjóta eru líklegri til að verða óþekk.

## Unnu klósettkeppni

**TÆKNI** Hópur svissneskra vísindamanna og ástralskra hönnuða bar sigur úr býtum í klósettsamkeppni sem stofnun Bills Gates og eiginkonu hans Melindu stóð fyrir í Seattle.

Samkeppnin snerist um að búa til framtíðarklósett sem þarf ekki að nota vatn eða rafmagn til að sturta niður. Um 2,6 milljarðar manna hafa ekki aðgang að almennilegri klósettaðstöðu og því var ákveðið að ráðast í samkeppnina til að bæta hreinlætisaðstöðu víða um heim. Sigurklósettið var knúið áfram af sólarorku og sigurlaunin hljóðuðu upp á um tólf milljónir króna. „Við gætum ekki verið ánægðari með viðbrögðin sem við fengum,“ sagði Bill Gates við BBC.



**BILL GATES** Stofnandi Microsoft stóð fyrir klósettsamkeppninni.

Píanóskóli
Þorsteins Gauta
Ármúli 38 Rvík. S.5516751 og 6916980
pianoskoli@gmail.com
pianoskolinn.is
Innritun hafin á haustönn.
Einkatímar á píanó.
Hljómborðsnámskeið.
Byrjendur og lengra komnir.
Börn og fullorðnir.



**FYRIR ALLA** Tommi segir fólk ekki þurfa að vera í sérstaklega góðu formi til að byrja í parkour. Hér má sjá hann í miðju stökki í myndbandinu fyrir Red Bull-keppnina. MYND/SIGURÐUR SVANSSON, RED BULL ÍSLAND

# MEIRA LÍFSSTÍLL EN ÍÞRÓTT

**Parkour er jaðarsport sem hægt er að æfa hvar sem er. Iðkendur íþróttarinnar hlaupa á hundruðum.**

**ÍÞRÓTTIR** „Fyrir mér er parkour það að nota umhverfið sem maður hefur í kringum sig til að leika sér,“ segir Tommi Þ. Guðmundsson, parkour-iðkandi með meiru.

Parkour er jaðarsport sem í hugum marga snýst um að hlaupa upp veggi, hoppa yfir grindverk og fara í heljarstökk fram af húsþökum en að sögn Tomma er það miklu meira. „Í stuttu máli snýst parkour um að komast á milli staða á sem áhrifaríkastan hátt og skemmta sér í leiðinni. Það er hægt að æfa hvar sem er því það eina sem þú þarft ert þú sjálfur og þægileg föt,“ segir Tommi. Hann segir alla sem hafa áhuga á geta byrjað að stunda sportið og að ekki þurfi að vera í sérstaklega góðu formi til þess að byrja. „Ég hafði aldrei æft neitt þegar ég byrjaði en maður kemst alveg í form við að stunda þetta,“ segir hann. „Ég mæli samt ekki með að fólk byrji á því að hoppa fram af húsþökum,“ bætir hann við og hlær. Aðspurður hvort ekki sé mikið um meiðsli segir hann svo ekki vera. „Ég hef aldrei slasað mig alvarlega á þessu. Eftir því sem maður lærir meira þá lærir maður sjálfkrafa að beita líkamanum betur sem auðveldar til dæmis allar lendingar,“ segir hann.

Hægt er að æfa parkour á nokkrum stöðum hérlendis og þar á meðal er Fimleikafélagið Björk. Óli Tómas Freysson er yfirþjálfari þar og segir hann parkour vera lífsstíl frekar en íþrótt. „Það skiptir ekki máli hver er bestur heldur snýst þetta um að koma saman og leika sér,“ segir hann. Óli er spretthlaupari en byrjaði í parkour fyrir tveimur árum. „Við fáum frí frá æfingum í september og erum þá hvött til að fara í aðrar íþróttir á meðan til að halda okkur í formi. Ég hafði prufað alls konar hluti áður en ákvað að skella mér í parkour og varð strax ástfanginn af því og hef ekki getað hætt,“ segir hann. Hann telur iðkendur hérlendis hlaupa á hundruðum en svo virðist sem þeir séu helst strákar undir þrítugu. Hann segir sportið þó vera alveg jafn mikið fyrir konur og hvetur þær til að prufa að mæta á æfingu.

Algengt er að sjá iðkendur að leik við Stjórnarráðið þegar mikið er í gangi í miðbænum og eru því allar líkur á að hægt verði að líta listina með eigin augum þar í dag í tilefni menningarnætur í Reykjavík.

tinnaros@frettabladid.is

### KEPPT Í PARKOUR

Engar keppnir hafa verið haldnar í parkour á Íslandi en keppt er í íþróttinni um allan heim.

Red Bull á Íslandi styrkti Tomma í gerð á myndbandi til að taka þátt í alþjóðlegri Red Bull-keppni sem haldin verður á Santorini á Grikklandi í september. Nokkur hundruð myndbönd voru send inn og komust þrír strákar og þrjár stelpur í aðalkeppnina. Tommi var því miður ekki meðal þeirra sem komust í gegn, en í umsögn um myndband hans var sérstakt hrós veitt fyrir að tengja íþróttina við náttúrufegurð Íslands. Myndbandið er hægt að skoða á heimasíðunni http://vimeo.com/45996595 og hægt er að skoða fleiri myndbönd af honum á síðunni youtube.com/tommigud.



GRUNNSKÓLAR REYKJAVÍKUR
SKÓLASETNING HAUSTIÐ 2012

Grunnskólar Reykjavíkur verða settir miðvikudaginn 22. ágúst.

Nánari tímasetningar mætinga fyrir nemendur í 2. – 10. bekk og boðun 1. bekkinga er að finna á heimasíðum skólanna. Þar eru einnig frekari upplýsingar um upphaf almennrar kennslu og innkaupalistar. Einnig er hægt að fá upplýsingar hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar í síma 411 1111, 411 7007 og á www.skolarogfristund.is

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



**SÆÐI** Valhnetur hafa góð áhrif á sáðfrumur karla samkvæmt rannsókninni.

## Hnetur styrkja sæði

**HEILSA** Með því að borða tvær handfyllir af valhnetum á dag geta ungir karlmenn aukið styrkleika sáðfruma sinna. Þetta kemur fram í rannsókn sem var birt í tímaritinu Biology of Reproduction.

Samkvæmt rannsókninni jukust gæði sáðfrumanna, bæði hvað lögun snerti og hreyfanleika, hjá þeim sem bættu valhnetum við mataræði sitt í tólf vikur. Alls tóku 117 karlar á aldrinum 21 til 35 ára þátt í könnuninni.

Talið er að fitan í hnetunum hafi hjálpað til við breytingarnar sem urðu á sáðfrumunum. Samkvæmt vef BBC er ekki vitað hvort þessar upplýsingar geti leitt til þess að frjósemi karla verði meiri.

## Teknir í tollinum

**TÍSKA** Tollverðir lögðu hald á tuttugu þúsund eftirlíkingar af skóm Christians Louboutain í Los Angeles á dögunum. Talið er að verðmæti skónna hlaupi á milljörðum íslenskra króna.

Skórnir komu með skipi frá Kína og er talið að þeir hafi átt að fara í sölu á vefverslun en í staðinn verður skónum fargað.

Hönnun Louboutain er vinsæl og auðþekkt á rauðum skósóla. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Louboutain verður fyrir hönnunarstuldi en fyrirtækið hefur sagt fölsurunum stríð á hendur með því að útbúa heimasíðu þar sem taldar eru upp þær 3000 vefverslanir sem selja eftirlíkingar.



**HÖNNUNARSTULDUR** 20 þúsund pörum af fölskum Louboutain skóm var fargað í L.A.


Allt sem þú þarft er ást og...
CAFÉ
MEZZO
SECOND FLOOR
SOYA
SUSHI / MAKIBAR
SECOND FLOOR
ADESSO
crepes & súpubar
SECOND FLOOR
REYKJAVIK WALK
TIME FLIES
A Cinematic Adventure
Northern Lights
History tour
IÐA
LÆKJARGÖTU 2A - IÐUHÚSINU REYKJAVÍK




Andrés Önd

Arion banki

# sport

sport@frettabladid.is



**STUÐNINGSMENN KR OG STJÖRNUNNAR** ætla að taka daginn snemma og hita upp fyrir bikarúrslitaleikinn sem hefst klukkan 16.00. KR-ingar hittast á Rauða Ljóninu klukkan 12.00 og svo verða rútuferðir á völlinn klukkan 15.00. Silfurskeiðin verður aftur á móti á Ölveri frá klukkan 13.00 og svo verður skrúðganga í Laugardalinn þaðan.

# FULLKOMINN STAÐUR FYRIR MIG

**„Við héldum að við gætum aldrei fengið Van Persie," sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, þegar Robin Van Persie var kynntur sem leikmaður Manchester United í gær. Van Persie fær treyju númer 20 og spilar væntanlega fyrsta leikinn með sínu nýja liði á móti Everton á mánudagskvöldið.**

**FÓTBOLTI** Hollenski framherjinn Robin Van Persie skrifaði undir fjögurra ára samning við Manchester United í gær og hitti síðan blaðamenn eftir að hafa farið á fyrstu æfingu sína með nýju félögunum. Eflaust trúðu ekki margir í fyrstu fréttunum af komu Van Persie á Old Trafford þegar þær láku fyrst út enda ekki á hverjum degi sem fyrirliði og markakóngur eins af stóru klúbbunum er seldur til erkifjendanna.

Arsene Wenger, stjóri Arsenal, reyndi allt sem í sínu valdi stóð til að halda Van Persie hjá Arsenal en Hollendingurinn var búinn að ákveða sig að fara og vildi umfram allt komast til Sir Alex Ferguson. Samningaviðræður Manchester United og Arsenal tóku langan tíma en Wenger gat ekki annað á endanum en samþykkt gott tilboð United í Van Persie.

### Wenger vildi selja hann til PSG

Frá því að Wenger tók við sem knattspyrnustjóri Arsenal árið 1996 hefur hann aldrei selt leikmann til Manchester United. „Ef ég á að vera heiðarlegur þá reyndum við að komast hjá því að þetta gerðist. Ef ég hefði mátt ráða þá hefðum við selt hann til félags utan Englands, til dæmis til PSG," sagði Arsene Wenger í viðtali við frönsku sjónvarpsstöðina TF1, en franski stjórinn sér bjarta hlið á brotthvarfi Robin van Persie.

„Hann skilur eftir sig skarð sem aðrir fá nú tækifæri til þess að fylla," sagði Wenger.

Robin Van Persie var með 30 mörk og 14 stoðsendingar í 38 leikjum með Arsenal á síðustu leiktíð og skoraði þremur mörkum meira en næstmarkahæsti maðurinn Wayne Rooney nýr liðsfélagi hans. Það er því örugglega ekki fyrir viðkvæma stuðningsmenn Arsenal að sjá Van Persie hlaupa um í búningi Manchester United.

„Við héldum að við gætum aldrei fengið Van Persie og það var enginn möguleiki að sjá þetta gerast fyrir sex mánuðum," sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United. „Ég hélt að Arsenal ætlaði ekki að sleppa honum en við stukkum á þetta um leið og við fréttum að hann ætlaði ekki að skrifa undir nýjan samning. Þetta hefur tekið sinn tíma," sagði Ferguson.

### Engin leiðindi í gangi

„Arsene (Wenger) vissi að strákurinn vildi fara og hann vissi líka að hann vildi koma til okkar. Það gerði þetta aðeins auðveldara en þó ekki í að ákveða kaupverðið. Wenger gæti rekið pókerskóla í Govan. Hann fékk fínt verð fyrir leikmanninn en við erum líka ánægðir með að hafa náð að klára þetta mál. Arsene hefur staðið sig vel í þessu máli frá fyrstu viðræðum," sagði Ferguson.

Robin Van Persie var sjálfur í skýjunum þegar hann hitti blaðamenn. „Það eru engin leiðindi í gangi, hvorki hjá mér eða hjá Arsenal. Arsenal er hluti af mínu lífi og félagið hefur reynst mér vel. Við vorum ekki sammála um framtíðina og svona er bara lífið," sagði Robin Van Persie á blaðamannafundinum.

### Hlustaði á litla strákinn inn í sér

„Þegar ég þarf að taka erfiðar ákvarðanir í mínu lífi þá hlusta ég á litla strákinn inni í mér. Þessi litli strákur öskraði Manchester United. Hjá Manchester United snýst allt um fótboltann og þetta er fullkominn staður fyrir mig," sagði Van Persie.

„Það er mikil áskorun fyrir mig að spila með þessum leikmönnum. Það eru allir tilbúnir til að hjálpa mér og þetta er eins og koma inn í stóra fjölskyldu. Þetta er samt stærsta áskorunin á mínum fótboltaferli," sagði Van Persie sem myndar nú magnað framherjapar með Wayne Rooney. Saman skoruðu þeir 57 mörk og gáfu 21 stoðsendingu í ensku úrvalsdeildinni á síðustu leiktíð.

ooj@frettabladid.is



**MÆTTUR Á OLD TRAFFORD** Robin Van Persie fær hér góð ráð frá stjóranum Sir Alex Ferguson á sinni fyrstu æfingu með United-liðinu í gær. NORDICPHOTOS/GETTY



**BIRGIR LEIFUR** Hefur gengið vel í Horsens. NORDICPHOTOS/GETTY

Birgir keppir í Danmörku:

## Er á meðal efstu manna

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson, atvinnukylfingur úr GKG, er á meðal efstu manna fyrir lokakeppnisdaginn í Áskorendamótaröð Evrópu. Keppt er í Horsens í Danmörku en um er að ræða næststerkustu atvinnumótaröð Evrópu.

Birgir lék á 69 höggum í gær, eða þremur höggum undir pari, og er hann samtals á átta höggum undir pari. Klas Eriksson frá Svíþjóð er efstur en hann er á ellefu höggum undir pari.

Birgir tapaði aðeins einu höggi í gær er hann fékk skolla á 17. braut. Á móti kom að hann fékk fugl á 1., 7., og 10. braut. Hann er í 8.-10. sæti en fyrir ofan hann eru tveir kylfingar á níu höggum undir pari og svo eru fjórir á tíu höggum undir pari.

Mótið er hluti af Áskorendamótaröð Evrópu og er þetta þriðja mótið hjá Birgi á þessu tímabili í Áskorendamótaröðinni.

Hann endaði í 26. sæti á fyrsta mótinu en komst ekki í gegnum niðurskurðinn á því næsta.

Birgir Leifur mun bæta stigastöðu sína verulega á þessu móti þar sem hann er í góðri stöðu fyrir lokahringinn en Birgir var í 225. sæti peningalistans í Áskorendamótaröðinni fyrir þetta mót.

- seth








**SJÓÐHEITUR** Arnar Snær lék stórkostlegt golf í gær og setti glæsilegt vallarmet. MYND/VALUR JÓNATANSSON

Arnar Snær og Guðrún Brá efst í Kiðjaberginu:

## Vallarmet hjá Arnari

**GOLF** Arnar Snær Hákonarson úr GR setti nýtt og glæsilegt vallarmet á Kiðjabergsvelli í gær er hann lék á 66 höggum af hvítum teigum, eða fimm höggum undir pari vallar, á fyrsta hring á Eimskipsmótaröðinni, Securitasmótinu. Guðrún Brá Björgvinsdóttir úr Keili er í efsta sæti í kvennaflokki en hún lék á 72 höggum eða einu höggi yfir pari vallar.

Arnar Snær bætti gamla vallarmetið um tvö högg, en það var í eigu Birgis Leifs Hafþórssonar og Örvars Samúelssonar. Arnar Snær lék skollalausan hring – fékk fimm fugla og þrettán pör og var þetta jafnframt besti hringurinn hans á ferlinum. Andri Þór Björnsson úr GR er á -3 í öðru sæti, Einar Haukur Óskarsson úr GK kemur þar á eftir á -2 í þriðja sæti.

Arnar Snær sagði þetta skor gefa honum aukið sjálfstraust fyrir næstu tvo hringi, en hann hefur aldrei náð að sigra á Eimskipsmótaröðinni.

Guðrún Brá er með fjögurra högga forskot en Karen Guðnadóttir úr GS er á +3 og Ingunn Gunnarsdóttir úr GKG er á +4.

„Ég spila bara mitt golf og vona að það dugi til," sagði þessi unga og efnilega golfkona sem var Íslandsmeistari unglinga einmitt á Kiðjabergsvelli í síðasta mánuði. Hún setti þá einnig vallarmet er hún lék á 68 höggum.

- seth

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

# HLAUPARAR
# TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN!

VITA er stoltur styrktaraðili Reykjavíkurmaraþons.




## SÓL / GOLF / SKÍÐI / BORGIR / ENSKI BOLTINN
## GÖNGU- OG HJÓLAFERÐIR / HÓPA- OG KÓRAFERÐIR

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 60705 08/12

Hjá VITA getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum. Auk þess eru veittir 2.500 Vildarpunktar fyrir allar keyptar ferðir í leiguflugi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins.



VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA er lífið

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is



**BJARNI JÓHANNSSON** Hefur unnið tvo af þremur bikarúrslitaleikjum sínum sem þjálfari. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Frumraun liða í bikarúrslitum:

## Bjarni er eini gullþjálfarinn

**FÓTBOLTI** Bjarni Jóhannsson, þjálfari Stjörnunnar, getur gert þriðja félagið að bikarmeisturum í dag þegar Stjarnan mætir KR í úrslitaleik Borgunarbikarsins. Bjarni gerði Eyjamenn að bikarmeisturum 1998 og Fylkir vann sinn fyrsta titil undir hans stjórn árið 2001.

Fyrir ellefu árum voru Fylkismenn að spila fyrsta bikarúrslitaleikinn í sögu félagsins og Bjarni Jóhannsson er eini þjálfarinn sem hefur gert lið að bikarmeisturum í frumraun sinni í bikarúrslitum síðan farið var að spila úrslitaleikina á Laugardalsvellinum árið 1973.

Frá 1973 hafa átta félög bæst í hóp þeirra sem hafa spilað til úrslita í bikarkeppni karla og sjö þeirra hafa þurft að sætta sig við silfrið, þar á meðal Þórsarar í úrslitaleiknum í fyrra.

Fjögur önnur félög, sem höfðu leikið til úrslita í bikarnum fyrir árið 1973, töpuðu einnig í sínum fyrsta bikarúrslitaleik í Laugardalnum en það eru ÍA (1974), ÍBV (1980), KR (1989) og FH (1991). - óój

**Frumraun félaga í bikarúrslitum frá 1973**

| | |
|---|---|
| Keflavík 1973 | tap fyrir Fram |
| Víðir 1987 | tap fyrir Fram |
| KA 1992 | tap fyrir Val |
| Grindavík 1994 | tap fyrir KR |
| Leifur 1998 | tap fyrir ÍBV |
| **Fylkir 2001** | **sigur á KA** |
| Fjölnir 2007 | tap fyrir FH |
| Þór Ak. 2011 | tap fyrir KR |
| Stjarnan 2012 | ??? |

# BARÁTTA BRETANNA UM BIKARINN

Skagamennirnir fyrrverandi, Gary Martin og Mark Doninger, verða á ferð með sínum nýju félögum, KR og Stjörnunni, í bikarúrslitaleiknum í dag. Þessir miklu félagar, sem yfirgáfu ÍA í júlí, segjast vera mun hamingjusamari í borginni en þeir voru á Akranesi. Þeir ætla sér báðir stóra hluti í leiknum í dag.

**FÓTBOLTI** Þegar þeir Gary Martin og Mark Doninger yfirgáfu Akranes í síðasta mánuði voru þeir ekki vinsælustu mennirnir á Akranesi. Þeir höfðu heldur ekki farið leynt með þá skoðun sína að þeim leiddist uppi á Skaga og þyrftu breytingu á sínum högum.

Hana fengu þeir og báðir hafa blómstrað með sínum nýju liðum. Annar hvor þeirra mun svo standa uppi sem bikarmeistari í dag.

„Ein af ástæðunum fyrir því að ég fór í Stjörnuna var möguleikinn á að komast í bikarúrslit. Það gekk eftir og ég get ekki beðið,“ segir Doninger og brosir út í annað.

Það er ekki hægt að segja annað en að tímabilið hafi verið mikill rússíbani hjá þeim félögum. Þeir taka undir það.

„Ef þú hefðir sagt við okkur fyrir nokkrum vikum uppi á Akranesi að við myndum spila bikarúrslitaleik á móti hvor öðrum hefðum við sagt að þú værir bilaður,“ segir Doninger og Martin hlær honum til samlætis og hristir hausinn.

Martin var að spila ágætlega uppi á Akranesi en Doninger fann sig ekki í sumar. Hann hefur aftur á móti verið óstöðvandi síðan hann kom til Stjörnunnar og skorar nánast í hverjum leik.

„Það vita margir hvað var í gangi en ég vil ekki tala um það. Ég er að spila með betri leikmönnum hjá Stjörnunni en hjá ÍA. Ég þarf bara að tímasetja hlaupin mín rétt. Þetta er miklu auðveldara og leikstíll Stjörnunnar hentar mér miklu betur. Það var allt of mikill „kick and run“-bolti upp á Akranesi,“ segir Doninger.

Þó svo Martin hefði spilað vel uppi á Skaga þá var lítið um bros og hann sendi stuðningsmönnum ÍA meira að segja einu sinni tóninn er hann skoraði. Var með skilaboð á nærbolnum sínum um að honum væri sama um hvað fólkið í stúkunni segði um hann.

„Rúnar hefur gefið mér tækifæri til þess að spila fremst, þar sem ég vil vera. Ég er þakklátur fyrir það og legg hart að mér. Ég hef spilað vel og er farinn að brosa aftur. Ég er mjög hamingjusamur í KR og hef gaman af hverri æfingu. Brosi mun meira en ég gerði enda ekkert tilefni til að hafa áhyggjur af.“

Eins og sjá má á tölfræðinni sem fylgir greininni hefur þeim gengið vel upp á síðkastið en liðum þeirra hefur reyndar ekki gengið eins vel í stigasöfnun á sama tíma. Einhverjir hafa viljað túlka það á neikvæðan hátt en þeir gefa lítið fyrir það.

„ÍA fékk sjö stig en KR fimm og Stjarnan fjögur. Það má ekki gleyma því að ÍA tók öll tólf fyrstu stigin á tímabilinu með mig og Mark í liðinu. Þeir standa sig því ekkert betur.



**Gary Martin og Mark Doninger í sumar**

**Gary Martin** og **Mark Doninger** hafa báðir skorað mun meira síðan þeir fóru frá ÍA en hér fyrir neðan má sjá samanburð á markaskorun leikmannanna í sumar.

| SAMAN UPPI Á SKAGA: | SÍÐAN ÞEIR FÓRU AF SKAGANUM: |
|---|---|
| Gary Martin - 3 mörk í 12 leikjum | Gary Martin með KR - 4 mörk í 5 leikjum |
| Mark Doninger - 1 mark í 8 leikjum | Mark Doninger með Stjörnunni - 5 mörk í 5 leikjum |
| **Samanlagt: 4 mörk í 20 leikjum** | **Samanlagt: 9 mörk í 10 leikjum** |

Okkur gengur betur og er alveg sama hvað fólk segir,“ segir Martin ákveðinn.

Síðustu dagarnir fram að bikarúrslitaleik eru oft lengi að líða en ekki hjá hamingjusömu Bretunum í Reykjavík.

„Dagarnir fljúga hjá og maður er í fótbolta fyrir þessa daga og slíkan leik,“ segir Doninger en ætlar hann að tækla vin sinn fái hann tækifæri til þess í dag?

„Ég veit það ekki. Það verður að koma í ljós,“ segir Doninger sposkur. „Ætli ég reyni ekki bara að halda mig fjarri honum. Mark er harður,“ bætir Gary við og hlær dátt.

> Ég sagði við Mark í gríni að ég væri líklega lélegasti maðurinn í liðinu hjá KR.
>
> GARY MARTIN LEIKMAÐUR KR

Þeir félagar eru sammála um að leikurinn verði skemmtilegur á að horfa og búast jafnvel við markaflóði.

„Leikurinn gæti vel farið í framlengingu í stöðunni 3-3 eða 2-2. Bæði lið kunna að sækja og eru með fullt af góðum sóknarmönnum. Þetta verður örugglega skemmtilegt,“ segir Doninger en Stjörnunni hefur ekki gengið eins vel að verjast í sumar og KR.

„Ég hlakka til þess að spila þennan leik. Ég er í frábæru liði og það er magnað að spila með strákum eins og Óskari Erni. Þeir eru svo góðir að ég sagði við Mark í gríni að ég væri líklega lélegastur í liðinu,“ sagði hinn síbrosandi Martin og bætti við.

„Við erum báðir miklir keppnismenn og það verður ekkert gefið í leiknum. Við ætlum báðir að vinna.“ henry@frettabladid.is


Ótrúleg kjör!

Stökktu til

Costa del Sol

21. ágúst

Frá aðeins kr. 69.900 í 7 nætur

7 nátta ferð - ótrúleg kjör!

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á allra síðustu sætunum 21. ágúst í 7 nætur til eins allra vinsælasta sólaráfangastaðar Íslendinga, Costa del Sol.. Þú bókar flugsæti og gistingu og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Fjölbreytt önnur sértilboð jafnframt í boði. **Ath. takmarkaður fjöldi sæta og gistingar í boði - verð getur hækkað án fyrirvara.**

**Kr. 69.900** - 7 nátta ferð
Verð m.v. 2 - 4 í herbergi / stúdíó / íbúð. **Sértilboð 21. ágúst.**

**Roc Flamingo**
**Frá kr. 79.900** í 7 nætur með allt innifalið
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í fjölskylduherbergi.
Netverð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 99.800 á mann. 21. ágúst í viku.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


Gary Martin gerði ýmislegt til að drepa tímann uppi á Akranesi:

## Pakkaði tvisvar ofan í tösku því ég hafði ekkert betra að gera

**FÓTBOLTI** Þeir Gary Martin og Mark Doninger bjuggu saman á Akranesi í um tvö ár. Bíllausir og nánast aðeins með félagsskap hvors annars. Það reyndist þeim ekki alltaf auðvelt.

„Annað árið var ekkert að gera hjá okkur nema fara heim eftir æfingar. Ég pakkaði tvisvar ofan í tösku bara að gamni mínu. Svona mikið leiddist mér,“ segir Martin og viðurkennir að þeir hafi verið orðnir hálfþunglyndir. „Við töluðum ekki um annað en að fara heim til Englands og það var líka komið á það stig að við þoldum ekki hvorn annan og gátum vart talað saman á stundum,“ segir Martin en þeir eru samt fínir félagar í dag og tala saman nær daglega. Umgangurinn á milli er þó minni enda hafa þeir verið að kynnast mörgu nýju fólki.

„Það er mjög gaman í borginni og við erum þannig týpur að við þurfum að vera í kringum annað fólk. Einangrunin á ekki vel við okkur og það er ekkert leyndarmál að okkur líður betur og það sést líka á okkar leik og öllu fasi,“ segir Martin og Doninger tekur af honum orðið.

„Það er gaman að hanga með strákunum í Stjörnuliðinu. Fara í bíó, á kaffihús, golf eða spila póker. Það er allt í einu eitthvað að



**HRESSIR Í HÖFUÐBORGINNI** Martin og Doninger una sér vel á höfuðborgarsvæðinu og líður talsvert betur þar en uppi á Akranesi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

gera og ég kann við samheldnina í Stjörnuhópnum. Þar standa allir saman og hjálpa hver öðrum. Það hefur verið vel tekið á móti mér. Það er auðveldara að spila betur og njóta leiksins þegar manni líður betur utan vallar eins og það er hjá mér núna.“

Martin þarf ekki að spila aftur upp á Skaga í sumar en næsti leikur Stjörnunnar í deildinni er uppi á Skaga.

„Ég hlakka til þess að spila þar aftur. Gaman að mæta gömlum félögum og vonandi verður tekið vel á móti mér. Ég gaf allt sem ég gat er ég spilaði með ÍA og það er að stórum hluta mér og Gary að þakka að liðið komst upp. Vonandi verða móttökurnar fínar.“ - hbg




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > Ted Danson

„Ein helsta ástæðan fyrir því að þáttaröðin Cheers gekk svona vel voru allir frábæru leikararnir sem léku í henni. Það er í rauninni lykillinn á bak við allar góðar þáttaraðir.“

***Leikararnir í hinni nýju gamanþáttaröð Teds, Bored to Death, eru ekki af verri endanum. Það verður því áhugavert að sjá hvort þeir nái álíka vinsældum og Cheers-þættirnir. Bored to Death er sýnd á Popptíví í kvöld klukkan 21.40.***



# dagskrá
sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

### > Stöð 2 kl. 20.05
### Dallas

Það er komið að dramatískum lokaþætti af Dallas. Það er neyðarástand í Ewing-fjölskyldunni og þá reynir á fjölskylduböndin. Gömul leyndarmál koma upp á yfirborðið og Christopher kemst að því að allir hafa eitthvað að fela, jafnvel fólkið sem stendur honum næst. Aðdáendur Dallas þurfa ekki að örvænta því það hefur þegar verið ákveðið að gera aðra þáttaröð.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Morgunandakt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Góðan daginn, mannkynssaga **09.00** Fréttir **09.03** Alltaf að rífast **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Útvarpsleikhúsið: Hulin augu **11.00** Guðsþjónusta í Hóladómkirkju **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Víðsjá **14.00** Kúrsinn 238 **15.00** Húslestrar á Listahátíð 2012 **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **17.25** Á hælum hvítu kanínunnar **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skorningar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óskalögin **19.40** Fólk og fræði **20.10** Tónlistarklúbburinn **21.05** Tilraunaglasið **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Tónleikur **23.15** Sagnaslóð **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.55 Ævintýri Merlíns** (e)
**11.40 Melissa og Joey** (14:30) (e)
**12.00 Hanna Montana: Bíómyndin** (Hannah Montana: The Movie) Miley Stewart fer heim til Tennessee þegar vinsældir persónu hennar eru farnar að stjórna lífi hennar.
**13.40 Golfið** (4)
**14.10 Carlos Kleiber: Minningartónleikar** Upptaka frá tónleikum Fílharmóníusveitar Vínarborgar í Ljubljana í júní 2010.
**16.05 Elizabeth Taylor** (e)
**17.20 Póstkort frá Gvatemala** (6:10)
**17.30 Skellibær**
**17.40 Teitur**
**17.55 Krakkar á ferð og flugi** (e)
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Innlit til arkitekta** (5:8) (Arkitektens hjem)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Pétur Wigelund Kristjánsson**
**20.30 Berlínarsaga (1:6)** (Die Weissensee Saga) Saga um tvær fjölskyldur í Austur-Berlín á níunda áratug síðustu aldar. Önnur er höll undir Stasi en í hinni er andófsfólk.
**21.20 Sunnudagsbíó - Skassið tamið** (The Taming of the Shrew) Bíómynd frá 1967 byggð á leikriti Williams Shakespeares.
**23.25 Wallander – Lekinn** (Wallander) Sænsk sakamálamynd frá 2006. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**06.10 Rain man**
**08.20 The Invention Of Lying**
**10.00 Prelude to a Kiss**
**12.00 The Sorcerer's Apprentice**
**14.00 The Invention Of Lying**
**16.00 Prelude to a Kiss**
**18.00 The Sorcerer's Apprentice**
**20.00 Rain man**
**22.10 Right at Your Door**
**00.00 Robin Hood**
**02.15 The Kovak Box**
**04.00 Right at Your Door**
**06.00 The Hoax**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**12.00 Nágrannar**
**13.20 Nágrannar**
**13.45 2 Broke Girls** (15:24)
**14.10 Up All Night** (3:24)
**14.40 Drop Dead Diva** (11:13)
**15.30 Wipeout USA** (18:18)
**16.20 Masterchef USA** (13:20)
**17.05 Grillskóli Jóa Fel** (6:6)
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.15 Frasier** (20:24)
**19.40 Last Man Standing** (8:24)
**20.05 Dallas** (10:10) Glænýir og dramatískir þættir þar sem þeir Bobby, J.R., Sue Ellen, Lucy og Ray snúa aftur. Tuttugu ár eru liðin frá því við skildum við Ewing-fjölskylduna og synir bræðranna, þeir John Ross og Christopher, eru hér í forgrunni og sem fyrr er það baráttan um yfirráð í Ewing olíufyrirtækinu sem allt hverfist um.
**20.50 Rizzoli & Isles** (10:15) Önnur þáttaröðin um leynilögreglukonuna Jane Rizzoli og lækninn Mauru Isles sem eru afar ólíkar en góðar vinkonur sem leysa glæpi Boston-mafíunnar saman. Mauru líður hins vegar betur meðal þeirra látnu en lifandi og er með mikið jafnaðargeð.
**21.35 Mad Men** (2:13) Fimmta þáttaröðin þar sem fylgst er með daglegum störfum og einkalífi auglýsingapésans Dons Drapers og kollega hans í hinum litríka auglýsingageira á Madison Avenue í New York. Samkeppnin er hörð og óvægin, stíllinn settur ofar öllu og yfirborðsmennskan alger.
**22.20 Treme** (7:10) Mögnuð dramaþáttaröð frá HBO þar sem fylgst er með sögu fjölda fólks sem á það eitt sameiginlegt að búa í Treme-hverfinu í New Orleans eftir að fellibylurinn Katrína reið þar yfir.
**23.20 60 mínútur**
**00.05 The Daily Show: Global Edition** (26:41)
**00.30 Suits** (10:12)
**01.15 Pillars of the Earth** (2:8)
**02.10 Boardwalk Empire** (8:12)
**03.00 Nikita** (7:22)
**03.40 American Pie: The Book of Love**
**05.10 Dallas** (10:10)
**05.55 Fréttir**

## 2 SPORT *besta sætið*

**09.35 OK búðarmótið**
**10.10 Kings Ransom** Heimildamynd um sölu íshokkístjörnunnar Wayne Gretzky frá Edmonton Oilers til L.A. Kings árið 1988.
**11.05 Borgunarbikar kk: Stjarnan - KR**
**12.55 Einvígið á Nesinu**
**13.45 Pepsi deild kvk: Breiðablik - Þór/KA**
**15.35 Rory McIlroy á heimaslóðum** David Feherty heimsækir golfarann.
**16.20 La Liga Report**
**16.50 Spænski boltinn. Real Madrid - Valencia** BEINT
**18.50 Spænski boltinn: Barcelona - Real Sociedad** BEINT
**21.00 Spænski boltinn: Real Madrid - Valencia**
**22.45 Spænski boltinn: Barcelona - Real Sociedad**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**08.35 Newcastle - Tottenham**
**10.25 Arsenal - Sunderland**
**12.15 Wigan - Chelsea** BEINT
**14.45 Man. City - Southampton** BEINT
**17.00 Sunnudagsmessan**
**18.15 WBA - Liverpool**
**20.05 Sunnudagsmessan**
**21.20 Wigan - Chelsea**
**23.10 Sunnudagsmessan**
**00.25 Man. City - Southampton**

## 2 GULL

**18.15 Doctors** (4:175)
**19.00 The Block** (1:9)
**19.45 So You Think You Can Dance** (9:15)
**21.05 Masterchef USA** (13:20)
**21.50 Who Do You Think You Are?** (2:7)
**22.35 So You Think You Can Dance** (9:15)
**23.55 Masterchef USA** (13:20)
**00.40 Who Do You Think You Are?** (2:7)
**01.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## POPP TÍVÍ

**19.00 Simpson-fjölskyldan**
**19.45 Íslenski listinn**
**20.10 Sjáðu**
**20.35 Mike & Molly** (1:24)
**20.55 The New Adventures of Old Christine** (6:21)
**21.15 Better Of Ted** (10:13)
**21.40 Bored to Death** (5:8) Nýir bráðfyndnir gamanþættir með Ted Danson, Jason Schwartzman og Zach Galifianakis úr Hangover myndunum. Jonathan Ames, ungur, ráðvilltur rithöfundur í Brooklyn, er á tímamótum í lífi sínu. Hann gengur í gegnum erfið sambandsslit, að hluta til vegna drykkju sinnar, getur ekki klárað aðra skáldsögu sína og rífst of mikið við yfirmann sinn. Í stað þess að horfast í augu við raunveruleikann ákveður Jonathan að fara frekar inn í fantasíuheim sinn og setur atvinnuauglýsingu á Netið þar sem hann auglýsir krafta sína sem einkaspæjari.
**22.10 Suburgatory** (1:22) Ný gamanþáttaröð um raunir unglingsstúlku sem er ósátt við flutning úr borg í úthverfi.
**22.35 I Hate My Teenage Daughter** (1:13) Bandarísk gamansería um tvær vinkonur sem komast að því að dætur þeirra eru orðnar alveg eins og stelpurnar sem gerðu líf þeirra óbærilegt í menntaskóla.
**22.55 Mike & Molly** (1:24)
**23.15 The New Adventures of Old Christine** (6:21)
**23.35 Better Of Ted** (10:13)
**00.00 Bored to Death** (5:8)
**00.20 Suburgatory** (1:22)
**00.45 I Hate My Teenage Daughter** (1:13)
**01.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## 2 krakkar

**09.00 iCarly** (21:25) (22:25)
**09.50 Tricky TV** (2:23)
**10.15 Dóra könnuður**
**10.35 Áfram Diego, áfram!**
**11.00 Doddi litli og Eyrnastór**
**11.35 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**12.00 Disney Channel**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**13.30 Rachael Ray** (e)
**15.45 One Tree Hill** (5:13) (e)
**16.35 Mr. Sunshine** (5:13) (6:13) (e)
**17.15 The Bachelor** (12:12) (e)
**18.45 Monroe** (2:6) (e)
**19.35 Unforgettable** (17:22) (e)
**20.25 Top Gear** (2:6) (e)
**21.15 Law & Order: Special Victims Unit** (1:24) Sakamálaþættir um kynferðisglæpadeild innan lögreglunnar í New York borg.
**22.00 The Borgias** (1:10) Þættir um valdamestu fjölskyldu ítölsku endurreisnarinnar, Borgia ættina.
**22.50 Crash & Burn** (4:13)
**23.35 Teen Wolf** (11:12) (e)
**00.25 Psych** (15:16) (e)
**01.10 Camelot** (10:10) (e)
**02.00 Crash & Burn** (4:13) (e)
**02.45 The Borgias** (1:10) (e)
**03.35 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.10** Wyndham Championship - PGA Tour 2012 (3:4) **11.40** Golfing World **12.30** Wyndham Championship - PGA Tour 2012 (3:4) **17.00** Wyndham Championship - PGA Tour 2012 (4:4) **22.00** Inside the PGA Tour (33:45) **22.25** Wyndham Championship - PGA Tour 2012 (4:4) **02.00** ESPN America

## N4

**Endursýnt efni frá liðinni viku.**

## ÍNN

**14.00** Heilsuþáttur Jóhönnu **14.30** Golf fyrir alla 3 **15.00** Frumkvöðlar **15.30** Eldhús meistranna **16.00** Hrafnaþing **17.00** Græðlingur **17.30** Svartar tungur **18.00** Björn Bjarnason **18.30** Tölvur tækni og vísindi **19.00** Fiskikóngurinn **19.30** Veiðivaktin **20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakista **21.30** Perlur úr myndasafni **22.00** Hrafnaþing **23.00** Motoring **23.30** Eldað með Holta

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |






SKÓSPRENGJA
OPIÐ UM HELGINA
ásamt öðrum tilboðum
50% - 90%
AFSLÁTTUR
laugardag
milli kl. 11 og 16
sunnudag
milli kl. 13 og 17
VÖRUR FRÁ:
STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND
ecco
Kringlan - Smáralind
Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind
skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND
Nýtt kortatímabil
Þú finnur okkur á: facebook
Toppskórinn
Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

## > Stöð 2 Sport 2 kl. 13.45
## Enska úrvalsdeildin

***Veislan er að byrja hjá aðdáendum enska boltans. Fyrsta umferðin í ensku úrvalsdeildinni er á dagskrá um helgina og verður leikur West Brom og Liverpool sýndur á aðalrásinni og í HD. Klukkan 16.15 verður síðan skipt yfir til Newcastle þar sem Gylfi Sigurðsson leikur fyrsta deildarleik sinn í treyju Tottenham. Á Stöð 2 Sport er bikarúrslitaleikur KR og Stjörnunnar sýndur og hefst upphitun klukkan 15 en leikurinn sjálfur kl. 16.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞORGILS JÓNSSON EFAST UM LÆRDÓM SJÓNVARPSINS
# Þegar trú mín á dómskerfinu dó

Það er ekki ofsögum sagt að ég hafi horft mikið á sjónvarp sem barn. Þó að á bernskuheimili mínu hafi aðeins ríkiskassinn verið í boði og ekki einu sinni vídeótæki lengi framan af.

Ég meðtók því mestallan minn fróðleik um heiminn og fólkið sem í honum býr í gegnum þá síu sem sjónvarpsskjárinn er. Og í einfaldleika æsku minnar meðtók ég margt sem ég sá þar sem raunsanna spegilmynd af lífinu.

Síðar rann upp fyrir mér að sjónvarpið, minn gamli vinur og lærimeistari, hafði leitt mig á villigötur. Hvergi var blekkingin þó eins alltumlykjandi eins og varðandi framgang réttlætisins. Módelið var sumsé að Derrick og hans kollegar leystu jafnvel flóknustu glæpamál á mettíma. Hinn seki játaði sekt sína frammi fyrir guði og mönnum og málið var dautt. Ef svo ólíklega vildi til að lögreglan tók feil voru riddarar réttlætisins, lögmenn á borð við Ben Matlock og Perry Mason, til staðar til að hreinsa nafn hinna ranglega ákærðu. Gott ef þeir pumpuðu ekki upp játningu hins sanna illvirkja í kaupbæti, með klókum spurningum í réttarsal.



Ég man bara eftir einum þætti þar sem Matlock tapaði. Skjólstæðingurinn var líka sekur. Sjálfur Matlock var plataður en réttlætið sigraði!

Síðar rann upp fyrir mér að sekir sleppa oft og aðrir eru ranglega dæmdir. Dómskerfið er meingallað! Skítt með staðalmyndir um útlit og líkamsbygginguu. Staðalmynd réttlætisins í mínum huga var miklu lengra frá veruleikanum.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.36** Bæn **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **08.00** Morgunfréttir **08.05** Fyrr og nú **09.00** Fréttir **09.03** Út um græna grundu **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Kvika **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Til allra átta **14.40** Góður matur - gott líf **15.10** Í garðinum **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Íslendingasögur **16.25** Albúmið **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Ekkert liggur á: Þemakvöld Útvarpsins - Höfuðborg Íslands- Reykjavík **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**

**10.55 Popppunktur** (4:8) (Hjólreiðamenn - Bílafólk) (e)

**12.00 Ævintýri Sharpay** (Sharpay´s Fabulous Adventure) Ung stúlka fer til New York og ætlar sér frægð og frama en hundurinn hennar verður á undan til að fá hlutverk.

**13.30 Ferð að miðju jarðar** (1:2) (Journey to the Center of the Planet) (e)

**14.30 Séra frú Agnes** (e)

**15.00 Carla Bruni** (Carla Bruni) Heimildamynd um forsetafrú Frakklands.

**15.45 Allt er list** (Everything is Art) (e) Nokkrir fremstu hönnuðir okkar tíma skoðaðir.

**16.30 Tracy Ullman lætur móðan mása** (State of the Union) (e)

**17.00 2012** (1:6) (Twenty Twelve) (e)

**17.30 Ástin grípur unglinginn** (46:61) (The Secret Life of the American Teenager)

**18.15 Táknmálsfréttir**

**18.25 Með okkar augum** (e)

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.40 Ævintýri Merlíns** (2:13)

**20.30 Tónaflóð** Bein útsending frá tónleikum á menningarnótt í Reykjavík.

**23.10 Löghlýðni borgarinn** (The Law Abiding Citizen) Maður tekur að sér að framfylgja réttlætinu þegar morðingi ættingja hans er látinn laus. Atriði eru ekki við hæfi barna.

**01.00 Sherlock** (3:3) (e) Atriði í myndunum eru ekki við hæfi ungra barna.

**02.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Four Weddings And A Funeral**

**10.00 Austin Powers in Goldmember**

**12.00 Astro boy**

**14.00 Four Weddings And A Funeral**

**16.00 Austin Powers in Goldmember**

**18.00 Astro boy**

**20.00 Aliens in the Attic**

**22.00 Tin Cup**

**00.10 2 Days in Paris**

**02.00 Get Shorty**

**04.00 Tin Cup**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**11.15 Glee** (18:22)

**12.00 Bold and the Beautiful**

**13.20 Bold and the Beautiful**

**13.45 The Big Bang Theory** (16:24)

**14.05 Mike & Molly** (1:23)

**14.30 How I Met Your Mother** (19:24)

**14.55 Two and a Half Men** (1:24)

**15.20 ET Weekend**

**16.10 Íslenski listinn**

**16.40 Sjáðu**

**17.10 Pepsi mörkin**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.49 Íþróttir**

**18.56 Lottó**

**19.04 Ísland í dag - helgarúrval**

**19.29 Veður**

**19.35 Wipeout USA** (18:18) Stórskemmtilegur skemmtiþáttur og nú í bandarísku útgáfunni þar sem buslugangurinn er gjörsamlega botnlaus og glíman við rauðu boltana aldrei fyndnari. Hér er á ferð ómenguð skemmtun sem ekki nokkur maður getur staðist og er því sannkallaður fjölskylduþáttur.

**20.20 All About Steve** Skemmtileg gamanmynd með Söndru Bullock, Bradley Cooper og Tomas Hayden Church um misvel heppnaða tilraun rómantíska krossgátuhöfundarins Mary til að sækjast eftir hylli kvikmyndatökumannsins Steve.

**22.00 Bangkok Dangerous** Hörkuspennandi mynd með Nicolas Cage í hlutverki leigumorðingja.

**23.40 The Chamber** Mögnuð mynd með úrvalsleikurum sem gerð er eftir metsölubók Johns Grishams. Ungur lögfræðingur fer til Mississippi til að taka að sér mál dæmds kynþáttahatara sem á að taka af lífi fyrir að hafa myrt tvö gyðingabörn þremur áratugum áður. Hinn dæmdi er afi unga lögfræðingsins og málið hreyfir við viðkvæmum fjölskyldumálum úr fortíðinni.

**01.30 Thirteen** Margverðlaunuð og óþægilega raunsönn mynd um líf unglingsstúlkna í Bandaríkjunum sem villst hafa af leið. Söguna skrifar þrettán ára stúlka og hún fjallar einmitt um þrettán ára áhrifagjarna stúlku sem byrjar á því að gera saklausa uppreisn gegn móður sinni en leiðist út í óreglu til þess eins að geta fallið inn í hópinn.

**03.05 Aliens**

**05.20 Two and a Half Men** (1:24)

**05.40 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**09.50 Pepsi deild kk: Breiðablik - FH**

**11.40 Pepsi mörkin**

**12.50 Pæjumót TM** Sýnt frá mótinu.

**13.40 KF Nörd** Rómantíkin knýr dyra. Sýn verður brugðið á einkalíf strákanna og sérstaklega fylgjst með Gulla sem býður stúlku á stefnumót. Hann fær mikla aðstoð við undirbúning þess og við fylgjumst með því hvernig honum vegnar.

**14.20 Tvöfaldur skolli**

**15.00 Borgunarbikarkeppni kk: Stjarnan - KR** BEINT

**18.15 Einvígið á Nesinu**

**19.05 Borgunarbikar kk:Stjarnan - KR**

**20.55 Íslandsmótið í höggleik** Útsending frá lokahringnum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**11.50 Premier League - Preview of the Season 2012/13**

**12.45 Premier League World 2012/13**

**13.15 Premier League Preview Show 2012/13**

**13.45 WBA - Liverpool** BEINT

**16.15 Newcastle - Tottenham** BEINT Þetta er fyrsti úrvalsdeildarleikur Gylfa Sigurðssonar fyrir Tottenham.

**18.30 Arsenal - Sunderland**

**20.20 West Ham - Aston Villa**

**22.10 QPR - Swansea**

**00.00 Fulham - Norwich**

**Í BEINNI Á HLIÐARRÁSUM**

**Sport 3 - 13.50** Arsenal - Sunderland
**Sport 4 - 13.53** West Ham - Aston Villa
**Sport 5 - 13.53** QPR - Swansea
**Sport 6 - 13.53** Fulham - Norwich

## krakkar

**09.00 iCarly** (1:25) (2:25)

**09.45 Tricky TV** (1:23)

**10.10 Dóra könnuður**

**10.35 Áfram Diego, áfram!**

**11.00 Doddi litli og Eyrnastór**

**11.34 Mörgæsirnar frá Madagaskar**

**12.00 Disney Channel**

## POPP TÍVÍ

**19.00 Simpson-fjölskyldan**

**19.45 Íslenski listinn**

**20.10 Sjáðu**

**20.35 The Good Guys** (16:20) Nýir þættir sem bæði eru hlaðnir spennu og gríni um löggu af gamla skólanum, Jack, og nútímalega lögreglumanninn, Dan. Jack fer alltaf eftir bókinni og er af þeim sökum fastur í vonlausri stöðu hjá lögreglunni. Félagi hans, Dan, er bæði drykkfelldur og slóði en heldur starfi sínu hjá lögreglunni vegna hetjudáðar sem hann framdi mörgum árum áður.

**21.20 Human Target** (5:12) Ævintýralegir spennuþættir um mann sem er hálfgerð ofurhetja og tekur að sér erfið verkefni sem enginn annar getur leyst. Grínspenna í anda Chuck, Lois og Clark og Quantum Leap. Þættirnir koma úr smiðju McG sem er einmitt maðurinn á bak við Chuck og Charlie's Angels myndirnar en þættirnir eru byggðir á vinsælum myndasögum.

**22.00 Chuck** (6:19)

**22.40 Material Girl** (1:6) Dramatískir gamanþættir um ungan fatahönnuð sem dreymir um frægð og frama en það eru margvísleg ljón í veginum í átt til velgengni.

**23.30 Covert Affairs** (5:11)

**00.10 The Good Guys** (16:20)

**00.55 Human Target** (5:12)

**01.35 Chuck** (6:19)

**02.20 Material Girl** (1:6)

**03.10 Covert Affairs** (5:11)

**03.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## GULL

**18.15 Doctors** (3:175)

**19.00 Glee** (18:22)

**19.45 Drop Dead Diva** (11:13)

**20.30 Suits** (10:12)

**21.15 The Closer** (15:21)

**22.00 Rizzoli & Isles** (9:15)

**22.45 Bones** (7:13)

**23.30 Glee** (18:22)

**00.15 Drop Dead Diva** (11:13)

**01.00 Suits** (10:12)

**01.45 The Closer** (15:21)

**02.30 Rizzoli & Isles** (9:15)

**03.15 Bones** (7:13)

**04.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**12.50 Rachael Ray** (e)

**14.20 Design Star** (7:9) (e)

**15.10 Rookie Blue** (5:13) (e)

**16.00 Rules of Engagement** (5:15) (e)

**16.25 First Family** (1:2) (e)

**17.55 The Biggest Loser** (15:20) (e)

**19.25 Minute To Win It** (e)

**20.10 The Bachelor** (12:12) Rómantískur raunveruleikaþáttur þar sem piparsveinninn Brad Womack snýr aftur sem The Bachelor.

**21.40 Teen Wolf** (11:12) Bandarísk spennuþáttaröð um táninginn Scott sem bitinn er af varúlfi eitt örlagaríkt kvöld.

**22.30 A Few Good Men** Stjörnum prýdd kvikmynd frá árinu 1992 sem fjallar um kærulausa lögmanninn Daniel Kaffee sem er fenginn til að verja tvo landgönguliða sem ákærðir eru fyrir morð á liðsfélaga sínum. Með önnur hlutverk fara Demi Moore, Kevin Pollak, Kevin Bacon og Jack Nicholson.

**00.50 Jimmy Kimmel** (e)

**02.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **06.45** Wyndham Championship - PGA Tour 2012 (2:4) **09.45** Inside the PGA Tour (33:45) **10.10** Wyndham Championship - PGA Tour 2012 (2:4) **13.10** Golfing World **14.00** Wyndham Championship - PGA Tour 2012 (2:4) **17.00** Wyndham Championship - PGA Tour 2012 (3:4) **22.00** Golfing World **22.50** Wyndham Championship - PGA Tour 2012 (3:4) **02.00** ESPN America

## N4

**Endursýnt efni frá liðinni viku.**

## ÍNN

**17.00** Motoring **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Motoring **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur **22.00** Björn Bjarnason **22.30** Tölvur tækni og vísindi **23.00** Fiskikóngurinn **23.30** Veiðivaktin **00.00** Hrafnaþing

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


ÁTTU VON Á GESTUM?

TILBOÐSDAGAR Í ÁGÚST



Senseo 2ja sæta svefnsófi
ÁGÚST-TILBOÐ Kr. 329.600,-
Verð áður 412.000,-

Breidd: 187 cm
Dýpt: 95 cm
Heilsudýna: 140x200 cm
Frá vegg: 240 cm

25% afsláttur í ágúst



Breidd: 268 cm, Dýpt: 95 cm
Tunga: 163 cm
Frá vegg: 240 cm
Heilsudýna: 140x200 cm

Senseo tungusófi
ÁGÚST-TILBOÐ Kr. 446.250,-
Verð áður 595.000,-

Betra BAK

Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477 • www.betrabak.is



TÓNAFLÓÐ
STÓRTÓNLEIKAR RÁSAR 2
VIÐ ARNARHÓL Á MENNINGARNÓTT
20.30
EIVØR
21.05
RETRO STEFSON
21.40
KK BAND
22.20
JÓNAS SIGURÐSSON
OG RITVÉLAR FRAMTÍÐARINNAR
vodafone
EXTON
Ljós - Hljóð - Mynd
ÍSLENSKT TÓNLISTARSUMAR 2012
MENNINGAR NÓTT
18.08·2012
Í BEINNI ÚTSENDINGU Á
RÁS 2
RÚV
RÚV HD

## PERSÓNAN



**Nafn:** Gunnar Nelson.
**Aldur:** 24 ára.
**Starf:** Atvinnuíþróttamaður.
**Foreldrar:** Haraldur Dean Nelson, pabbi minn, vinnur hjá Mjölni, og mamma mín, Guðrún Hulda Gunnarsdóttir, vinnur við umönnun á Hrafnistu.
**Fjölskylda:** Fyrir utan foreldra mína eru það systir mín, María Dögg Nelson, og kærastan mín, Auður Ómarsdóttir.
**Búseta:** Á Sogavegi.
**Stjörnumerki:** Ljón.

Gunnar Nelson skrifaði nýlega undir samning við samtökin UFC og skipuleggur Mjölnir ferðir út á fyrsta bardaga hans í september.

# Ólafur og Bruce Willis í stiklu

„Það er svolítið „kúl“ að vera með Willis þarna,“ segir Ólafur Arnalds.

Tónlist hans hljómar í nýrri kynningarstiklu fyrir vísindatryllinn Looper sem verður frumsýndur í Bandaríkjunum í september. Hollywood-stjarnan Bruce Willis fer með aðalhlutverkið í myndinni ásamt Joseph Gordon-Levitt og koma þeir báðir við sögu í stiklunni. Undir hasarnum hljómar svo lag Ólafs sem hann samdi upphaflega fyrir dansverk breska ballettthöfundarins Wayne McGregor. „Þetta kom rosa vel út,“ segir Ólafur, sem hefur áður samið tónlist við stiklur en aldrei fyrir svona dýra mynd. Hann virðist vera búinn að koma ár sinni vel fyrir borð í Hollywood því stutt er síðan hann átti lag í myndinni vinsælu The Hunger Games.

Spurður út í mögulegt samstarf hans og bresku leikkonunnar Emmu Watson, sem er stödd hér á landi við tökur á stórmyndinni Noah, varð heldur fátt um svör hjá Ólafi. Watson hefur lýst yfir aðdáun sinni á tónlist Ólafs á Twitter-síðu sinni og orðrómur er uppi um að hún vilji syngja lag eftir hann. „Við erum búin að hittast og spá í músík,“ segir hann en með henni á landinu er vinur hennar Ben Hammersley. „Hann er rosalega fær tónlistarmaður.“

Ólafur segir Watson vera rosalega fína manneskju. „Hún er mjög jarðbundin og það er ekkert vesen á henni. Þetta er ósköp eðlileg stelpa.“ **- fb**



**SAMAN Í STIKLU** Tónlist Ólafs Arnalds hljómar í nýrri stiklu við mynd Bruce Willis, Looper.





Fögnum fantasíum kvenna

▼ dónalegar
▼ rómantískar
▼ hamslausar
▼ forboðnar
▼ blíðar

Frábær bók fyrir helgina!

JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu


SIGURÐUR MÁR HELGASON: BÝ ENN ÞÁ TIL KOLLINN FRÁ A TIL Ö

# Eftirlíking af Fuzzy skýtur upp kollinum í Danmörku

Dönsk hönnunarstofa sem nefnist Lop Furniture framleiðir kolla sem þykja furðu líkir Fuzzy-kollinum sem hannaður var árið 1970 af Sigurði Má Helgasyni. Vöruhönnuðurinn Svana Lovísa Kristjánsdóttir heldur úti blogginu Svartáhvítu og vakti hún fyrst athygli á málinu á síðu sinni á miðvikudag.

Sigurður Már hafði ekki heyrt af málinu þegar Fréttablaðið hafði samband við hann og gat þar af leiðandi lítið tjáð sig um það. Hann segir Fuzzy-kollinn þó að mestu hafa fengið að vera í friði frá því hann leit fyrst dagsins ljós.

„Ég veit að fólk hefur gert svona kolla handa börnum sínum en annars hefur hann að mestu verið látinn í friði. Ég veit um eitt dæmi þar sem danskt fyrirtæki var með svipaðan koll á sölusýningu og það var spurt hvort um íslenska kollinn væri að ræða, ég veit ekki hvort það var sami aðili og er hér á ferð,“ segir hann.

Fuzzy-kollurinn hefur farið víða og nýverið keypti The American Scandinavian Foundation í New York einn slíkan af Sigurði Má. Þó Sigurður sé orðinn sjötíu og þriggja ára er hann langt því frá hættur að skapa og var hann meðal þátttakenda í Hönnunarmars í ár þar sem hann sýndi lampa úr gleri og viði. „Ég er ekki hættur og bý enn þá til kollinn frá a til ö. Velgengni hans er eins og mesta lygasaga.“

„Eftirlíkingar hafa alltaf verið til en nú fyrst er þetta að verða vandamál,“ segir Svana Lovísa sem gerði hönnunarstuld að umfjöllunarefni lokaritgerðar sinnar frá LHÍ. Hún tekur fram að mikill munur sé á því þegar fólk föndrar eftirlíkingu til einkanota og að framleiða eftirlíkingu til almennrar sölu. „Þetta er tvennt ólíkt. Hið síðarnefnda er ólöglegt og sýnir um leið mikið virðingarleysi fyrir vinnu annarra.“

**sara@frettabladid.is**



**VINSÆLL KOLLUR** Sigurður Már Helgason hannaði kollinn Fuzzy árið 1970. Danskt fyrirtæki að nafni Lop Furniture hannar koll sem þykir furðu líkur Fuzzy.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### LÍKT EFTIR ÍSLENSKRI HÖNNUN

- Árið 2010 hannaði söngkonan Beyoncé buxur fyrir tískumerki sitt Dereon sem þóttu afskaplega líkar buxum frá E-label, sem söngkonan keypti í Topshop sama ár.
- Umdeild regnhlíf hönnuðarins Sruli Recht dúkkaði upp í sölu á netinu sem hönnun annars manns í desember árið 2010.
- Í janúar árið 2010 flutti mbl.is frétt af því að bíræfnir hönnunarþjófar höfðu stolið hönnun hinnar íslensku skegghúfu eftir Vík Prjónsdóttur og hafið fjöldaframleiðslu á henni.
- Herðatrénu Krumma, sem hannað er af Ingibjörgu Hönnu, hefur einnig verið stolið og eftirlíkingin seld á samskiptasíðunni Facebook.

# Þekktir hlaupa maraþon

Góð þátttaka verður í Reykjavíkurmaraþoninu í dag og mun stór hluti þjóðarinnar reima á sig hlaupaskóna og taka þátt til styrktar ýmsum málefnum. Í gær höfðu safnast hátt í 34 milljónir og láta þekktar persónur sitt ekki eftir liggja.

Jón Gunnar Geirdal markaðsmaður var í fimmta sæti yfir þátttakendur í söfnuninni í gær með 358 þúsund krónur til styrktar Rjóðrinu með tíu kílómetra hlaupi sínu. Sjónvarpsmaðurinn Björn Bragi Arnarsson var ekki langt undan en hann hleypur heilt maraþon í fyrsta sinn á ævinni. Markmið hans var að safna hálfri milljón fyrir Krabbameinsfélagið og ætlaði hann að bæta við hundrað þúsund krónum úr eigin vasa ef takmarkið myndi nást. Í gær höfðu safnast 302 þúsund krónur og átti hann því nokkuð í land. Leikarinn Friðrik Friðriksson hleypur einnig 42 kílómetra og hafði safnað 94 þúsund krónum í gær fyrir Duchenne-samtökin á Íslandi. Íslenski rithöfundurinn og blaðamaðurinn Mikael Torfason hleypur öllu styttra eða tíu kílómetra og hafði safnað 94 þúsund krónum fyrir Umhyggju. Ekki má gleyma parinu Þorbjörgu Öldu Marinósdóttur, markaðsstjóra Skjásins, og Karli Sigurðssyni, borgarfulltrúa Besta flokksins. Þorbjörg, betur þekkt sem Tobba Marinós, hafði safnað 21 þúsundi fyrir Stígamót og skákaði kærastanum sem var með 13 þúsund til styrktar Krafti. **- hþt**



**HLAUPA TIL GÓÐS** Tobba Marinós og Björn Bragi Arnarsson eru á meðal þeirra er hlaupa til góðs í dag.

# ÚTSÖLULOK Á SUNNUDAG

## *Enn meiri afsláttur!*



**HUDDLE myndarammi frá UMBRA**
**Verð nú: 4.450 kr.**
Verð áður: 8.900 kr.
50% afsláttur



**SPEED leðursófi**
**Verð nú: 94.800 kr.**
Verð áður: 158.000 kr.
40% afsláttur



**RETRO leðurstóll**
**Verð nú: 69.000 kr.**
Verð áður: 115.000 kr.
40% afsláttur



**SMALLTIME borðklukka frá UMBRA**
**Verð nú: 4.250 kr.**
Verð áður:8.500kr.
50% afsláttur



**VINTAGE myndaalbúm frá UMBRA**
**Verð nú: 3.250 kr.**
Verð áður: 6.500kr.
50% afsláttur



**VINTAGE skenkur**
**Verð nú: 79.500 kr.**
Verð áður: 159.000 kr.
50% afsláttur



**SKINNKOLLAR**
ÝMSAR GERÐIR
**Verð frá 27.000 kr.**
Verð áður frá: 45.000 kr.
40% afsláttur

habitat

TEKK COMPANY

**KAUPTÚNI 3 – SÍMI 564 4400**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Vinsælust hjá Írum



Little Talks, slagari Of Monsters and Men, trónir á toppi írska vinsældarlistans þessa vikuna. Í síðustu viku sat lagið í fjórða sæti en hefur unnið á. Einnig er íslenska sveitin efst í skoðanakönnun vefsíðu Grammy-tónlistarverðlaunanna. Þar eru netverjar beðnir um að velja sitt uppáhaldsmyndband og er greinilegt að Little Talks er búið að slá í gegn á heimsvísu því 84 prósent atkvæða eru myndbandi þeirra í hag. Ætli **Nanna Bryndís Hilmarsdóttir** fái að taka við Grammy-verðlaunum á næstunni?

### Crowe vill spila í kvöld



**Russell Crowe** upplýsti á Twittersíðu sinni í gær að hann leitaði að tónleikastað í Reykjavík til að troða upp ásamt vini sínum, leikaranum og tónlistarmanninum Alan Doyle, á menningarnótt. Crowe er margt til lista lagt, en hann hefur leikið með hinum ýmsu rokkhljómsveitum í gegnum tíðina, samhliða því að vera einn vinsælasti kvikmyndaleikari heims. Netheimar loguðu í gær eftir færslu Crowe og haft var eftir Jakobi Frímanni Magnússyni, formanni stjórnar menningarnætur, á Vísi að stjórnin hefði gantast með að fá að hita upp fyrir félagana, þar sem tónlistarmenn væru þar í hverju sæti. Höfuðborgarstofa og stjórnin eru öll af vilja gerð til að finna tónleikastað fyrir Crowe og Doyle, þó hvorugur hafi haft samband.

**- hþt, sv**

### Mest lesið vísir

1. Næstum því undarlegt atvik í Kömbunum
2. Crowe leitar að tónleikastað fyrir Menningarnótt
3. Sat í fangelsi í 49 ár
4. Crowe mun fá pláss á Menningarnótt
5. Börkur sat einn að upptökum á Hrauninu





FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS





**DOKUMENT** blaðabakki
B29×D35, H25cm
Silfurlitt **1.390,-**



**795,-**

**BRÄDA** fartölvustandur
B42×D31, H9cm. Svart



**IKEA 365+** plastbox m/loki
0,7L. L17×B17, H6cm
Hvítt/rautt **495,-**



**DRÖNA** kassi
B33×D38, H33cm
Ýmsir litir **995,-**

© Inter IKEA Systems B.V. 2012

# Klár í skólann?



**ANTIFONI** vinnulampi H50cm
Silfurlitt **5.790,-**
*Fæst einnig í svörtu*



**1.990,-/stk.**

**LEKMAN** kassar B33×D37,
H33cm. Rautt eða gegnsætt
*Fæst einnig í bláu*



**KVISSLE**
bókastoðir
D16,5×H22
og D21×H14cm
Hvítt
**895,-/2 í setti**



**SPONTAN**
blaðarekki
B33×D9, H78cm
**1.790,-**



**1.290,-/2 í pk.**

**KNUFF** tímaritahirslur B9×D24, H31
og B10×D25, H31cm. Birkikrossviður



**KASSETT** kassar m/loki
B16×D26, H15cm
Ýmsir litir **995,-/2 í pk.**



**KNÖS** skrifborðsmotta B70×D51cm
Svart **4.990,-**



**95,-/stk.**

**LÅGIS** músarmottur
Svart eða rautt



**VÄGGIS** tafla B58×H39cm
Birki/korkur **995,-**



**RAFSA** áherslupennar L14cm
Ýmsir litir **95,-/6 í pk.**

**Ókeypis máltíð fyrir börnin**



Börn, tólf ára og yngri, fá að velja sér einn ókeypis rétt af barnamatseðli




IKEA®

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**